8



Hafa ekki undan að framleiða íslenskt kalksalt

32–34



Þjónusta verði snögg, fagleg og aðgengileg

44–45



Nýsköpun grunnur að því að ungt fólk geti byggt framtíð á heimaslóðum

Bændablaðið

24. tölublað 2020 • Fimmtudagur 17. desember • Blað nr. 577 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Matvælastefna fyrir Ísland:

Markmiðið að gæði og öryggi séu tryggð í framleiðslu og framboði á matvælum

Í nýrri matvælastefnu fyrir Ísland segir að stefnunni sé ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Stefnan nær til ársins 2030.

Tveggja ára mikil vinna liggur að baki gerðar Matvælastefnunnar og samkvæmt kynningu á henni er hún sú fyrsta sinnar gerðar hér á landi. Markmið stefnunnar eru mörg og margþætt og snerta þætti eins og verðmætasköpun, neytendur, ásýnd og öryggi, lýðheilsu og umhverfi. Í kynningunni segir að markmið stefnunnar sé að gæði og öryggi séu tryggð í framboði og framleiðslu á matvælum, almenningur hafi aðgang að hollum og öruggum matvælum, að matvælaframleiðsla sé sjálfbær, að verðmætasköpun verði aukin með bættum framleiðsluaðferðum, vöru-, og þjónustuþróun og nýsköpun og að þekking, hæfni og áhugi á matvælum verði efld á öllum námsstigum.

Þar segir einnig að samkeppnishæfni verði bætt með stöðugu starfsumhverfi fyrirtækja, skilvirkum innviðum og stuðningi við nýsköpun. Fræðsla til neytenda um matvæli og tengsl mataræðis við lýðheilsu verði aukin. Upplýsingar um uppruna, framleiðsluhætti, innihald og umhverfisáhrif matvæla verði aðgengileg neytendum. Að rannsóknir og þróun verði öflugur bakhjarl matvælaframleiðslu og samstarf stofnana sé öflugt og að ímynd íslenskra matvæla endurspegli markmið um sjálfbærni, gæði og hreinleika.



Vala Pálsdóttir.



Sigurður Eyþórsson.

Framleiðum um 830 þúsund tonn af matvælum

Í viðtali við Guðrúnu Huldu Pálsdóttur í þættinum Fæðuöryggi á hlaðvarpi Bændablaðsins fer Vala Pálsdóttir, formaður verkefnastjórnar um mótun matvælastefnu fyrir Ísland, yfir forsendur Matvælastefnunnar, meginþætti hennar og hver áhrif hennar munu verða næstu tíu árin. Vala segir meðal annars að stefnan sé unnin út frá íslenskum aðstæðum en ekki heimfærð að erlendri fyrirmynd.

„Við hófum vinnuna á að skoða allt sem tengist matvælakeðjunni hér á landi og lykilniðurstöður voru að við erum að framleiða um 830 þúsund tonn af matvælum og stærstur hluti af því er sjávarfang sem fer til útflutnings. Af þessum 830 þúsund tonnum fara um 220 þúsund tonn á innanlandsmarkað en við flytjum inn um 290 þúsund tonn af matvælum, bæði til neyslu og sem hráefni í innlenda framleiðslu.“

Vala segir að samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust frá versluninni eru um 45% af almennri dagvöru vörur sem framleiddar eða búnar eru til hér á landi.

„Staða íslenskrar iðnaðar- og matvælaframleiðslu er því sterk.“

Matvælastefnan mikilvæg fyrir landbúnað

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands og fulltrúi í verkefnisstjórn um gerð Matvælastefnunnar, segir að gerð matvælastefnu sé nýmæli hér á landi og að hann fagni gerð hennar.

„Ég lít svo á að gerð matvælastefnunnar sé mikilvæg fyrir landbúnað í landinu. Í henni er dregið skýrt fram að okkur sé ekki sama hvernig matvæli eru framleidd hér á landi og mörkuð stefna hvernig sú framleiðsla á að vera. Hún tekur einnig á því hvernig á að nýta og dreifa matvælum, að þau séu örugg og hvernig eigi að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar.“

Að sögn Sigurðar er þetta í fyrsta skipti, eftir því sem best er vitað, sem opinber stefnumótun hérlendis tekur mið af því að fæðuöryggi sé jafnframt þjóðaröryggi.

„Einnig kemur fram í Matvælastefnunni veruleg breyting sem felst í því að koma á almennilegu rekjanleikakerfi sem nær í gegnum alla virðiskeðjuna og eitthvað sem við hjá Bændasamtökunum höfum talað fyrir lengi. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að það er ekki hægt að framleiða allan mat hér á landi en á sama tíma vilja neytendur vita hvaðan maturinn kemur. Það má aldrei leika vafi á því.

Nú þegar stefnan liggur fyrir er það undir stjórnvöldum og öðrum sem að Matvælastefnunni koma að ýta henni áfram í samræmi við framkvæmdaáætlunina sem henni fylgir.“ */VH*

FRÉTTIR

Bændablaðið:

Verðbreytingar um áramót

Um áramót breytist verðskrá auglýsinga og áskrifta hjá Bændablaðinu. Verðlagsbreytingar haldast í hendur við vísitölubreytingu á ársgrundvelli. Verð á dálksentimetra í hefðbundnum auglýsingum hækkar úr 1.650 krónum í 1.700 krónur.

Áskriftarverð fyrir árgang blaðsins, **alls 24 tölublöð og Tímarit Bændablaðsins**, verður 11.600 krónur með virðisaukaskatti en gjalddagar verða tveir á ári. Eldri borgarar og öryrkjar fá afslátt af áskrift en árgjaldið til þeirra verður 7.600 krónur m. vsk.

Verðskrá 2021

- Áskrift 11.600 kr. m. vsk.
- Áskrift, eldri borgarar og öryrkjar 7.600 kr. m. vsk.
- Smáaugl. m. mynd 5.900 kr. m. vsk.
- Smáaugl. 2.500 kr. m. vsk.
- Smáaugl. á netinu 1.200 kr. m. vsk.
- Dálksentímetri 1.700 kr. án vsk.
- Dálksentímetri, síða 3 og baksíða,1.900 kr. án vsk.
- Dálksm. á fréttas. 2.650 kr. án vsk.
- Dálksm. svarthvítt 1.400 kr. án vsk.
- Tímagjald fyrir uppsetningu augl. 9.000 kr. án vsk.
- Niðurfellingargjald 15% af bruttóverði auglýsingar.

/TB

Risavaxin kýr verður nýtt kennileiti í Eyjafjarðarsveit:

Gaman að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu

– segir Beate Stormo, eld- og járnsmiður og bóndi á Kristnesi

Beate Stormo, járn- og eldsmiður og bóndi í Kristnesi, hefur lokið við að gera módel af nýju kennileiti fyrir Eyjafjarðarsveit, þriggja metra hárri kú og fimm metra langri. Hún er að að sanka að sér efnivið og hyggst hefjast handa við að setja risakúna saman heima á hlaði þegar aðeins fer að vora. Hugmyndir eru uppi um að koma risakúnni fyrir við Sólgarð og að það verði gert í tengslum við Handverkshátíð sem haldin er árlega á Hrafnagili í ágústmánuði.

Ferðamálafélag Eyjafjarðar hefur forgöngu um þetta verkefni. Kýrin á að minna gesti sveitarfélagsins á mikilvægi mjólkurframleiðslu í sveitarfélaginu og hversu stór hluti þeirrar mjólkur sem framleiddur er á Íslandi á uppruna sinn í sveitarfélaginu.

„Það verður virkilega gaman og spennandi að takast á við þetta verkefni," segir Beate, sem ekki hefur áður unnið við verkefni af þessari stærðargráðu. Hún segist því með sanni hoppa vel út fyrir þægindarammann við smíði á risakusunni. Hún hafi einkum einbeitt sér að fínni vinnu, gert smáa hluti á borð við teskeiðar, ostahnífa og snaga, svo dæmi séu tekin.

Aðstaða úti á hlaði

Beate hyggst nýta tímann yfir hörðustu vetrarmánuðina til að sanka að sér efnivið og koma sér upp aðstöðu heima á hlaði í Kristnesi.

„Ég ætla svo að byrja að setja verkið saman þegar fer að vora og aðeins að hlýna. Þetta er svo stórt verk að ég verð að vera úti við smíðina," segir hún. „Ég renni í raun blint í sjóinn með hversu mikinn tíma tekur að vinna þetta verkefni. Ég hef aldrei áður unnið við verk af þessari stærð en er að reyna að gera mér grein fyrir umfanginu í huganum."

Beate fær aðstoð næsta sumar við að setja verkið saman, eldsmiðir, bæði íslenskir og erlendir, hafa boðið fram aðstoð. Einn kemur frá Sviss og þá dvelur stúlka frá Eistlandi, lærður eldsmiður, á Kristnesi í vetur.

„Og svo kemur fólk úr greininni héðan frá Íslandi til mín í júní og ég heyri að menn eru spenntir að taka þátt í þessu með mér," segir hún.



Beate Stormo, eld- og járnsmiður og bóndi á Kristnesi, með módelið af risakusunni. Stefnt er að því að þetta nýja kennileiti Eyjafjarðarsveitar verði tilbúið næsta sumar og vígt í tengslum við Handverkshátíð sem þar er haldin árlega. Myndir / MÞÞ



Kýrin verður engin smásmíði, þrír metrar á hæð og fimm metrar á lengd.

Sótt í sagnabrunn um kýr

Beate segir að hún hafi sótt í sagnabrunn um kýr við hönnun verksins, m.a. sögur úr norrænni goðafræði og fleiri þekktar fornsögur norrænar þar sem kýr koma við sögu. Þá nefnir hún að Davíð Stefánsson hafi ort lofkvæði um kýr sem hún nýti í verkið. Valgerður Bjarnadóttir sagnakona er henni innan handar í leit að heppilegum tilvitnunum sem verða letraðar á verkið, og verða þær 13 talsins. */MÞÞ*

Frumvarp um hálendisþjóðgarð:

Hálendisþjóðgarður 30% af Íslandi og stærsti þjóðgarður Evrópu

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um hálendisþjóðgarð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjóðlendur í sameign þjóðarinnar innan miðhálendislínu verði gerðar að þjóðgarði. Á miðhálendinu eru ein stærstu óbyggðu víðerni Evrópu og ómetanlegar náttúru- og menningarminjar. Frumvarpið er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Talsverð umræða hefur orðið um stofnun þjóðgarðsins og ekki allir sammála um ágæti hans og óttast að stofnun hans muni setja skorður á nýtingu lands á hálendinu. Stjórn margra sveitarfélaga sem liggja að væntanlegum þjóðgarði hafa lýst áhyggjum yfir að þjóðgarðurinn hefti rétt sveitarfélaganna til sjálfsstjórnar. Aðrir segja að með stofnun þjóðgarðsins skapist ótal ný tækifæri í ferðaþjónustu.

Á Facebook eru tvær fylkingar áberandi um málið. Önnur fylkingin merkir mynd af sér „HÁLENDISÞJÓÐGARÐUR? JÁ TAKK" en þeir sem er andsnúnir eða í efa um tillöguna eins og hún er lögð fram með orðum sem Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, lét falla á þingi um þá sem eru mótfallnir og kallaði „ÖRLÍTINN GRENJANDI MINNIHLUTA".

Samkvæmt frumvarpi er gert er ráð fyrir að hálendisþjóðgarður nái yfir um 30% af Íslandi. Um helmingur svæðisins nýtur nú þegar verndar og má þar nefna Vatnajökulsþjóðgarð, Hofsjökul og Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Landmannalaugar og Hveravelli. Kveðið er á um hálendisþjóðgarð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Samtal um sátt hefur mistekist

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitastjórnarráðherra segir að samtal um sátt hafi mistekist við það fólk sem býr næst þjóðgarðinum og hefur sinnt afréttinum sínum, hvort sem er í gegnum sveitarstjórn eða sinnt verkefnum, til að mynda landgræðslu, endurbyggingu menningarverðmæta, náttúruvernd, veiðifélögum, smalamennsku eða öðrum nytjum. Samtalið hefur einnig mistekist um að tryggja frjálsa för þannig að gangandi, hjólandi, ríðandi og akandi geti ferðast eins og nú um miðhálendið án takmarkana. Mikilvægt er að takmarka ekki umferð hjá einum hópi frekar en öðrum.

Hálendisþjóðgarður er stór og metnaðarfull hugmynd

Bændablaðið sendi fyrirspurn á Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra um viðbrögðin við frumvarpinu og hvort hann teldi að það færi óbreytt í gegnum þingið. Í svari Guðmundar segir að það séu gerðar einhverjar breytingar á langflestum stjórnarfrumvörpum í meðförum þingsins og að hann eigi von á að svo verði líka með þetta frumvarp.

Hvað varðar viðbrögð sveitarfélaga sem eiga land að miðhálendinu segir Guðmundur að hann hafi átt mjög gott samtal við fulltrúa sveitarfélaga. „Haustið 2019 heimsótti ég allar sveitarstjórnir sem land eiga að miðhálendinu, ég kynnti síðan frumvarpið á átta stöðum á landinu í byrjun árs, og síðar áttum við í ráðuneytinu líklega yfir tíu fundi með fulltrúum sveitarfélaga til að ná sátt um skipulagsvaldið. Viðbrögð sveitarfélaganna við tillögum mínum varðandi skipulagsvaldið voru í langflestum tilvikum mjög góð og ég tel okkur hafa fundið góða lendingu þar. Það eru samt sem áður uppi skiptar skoðanir í þessu máli. Hér er líka um að ræða afar umfangsmikið mál og mikil verðmæti í húfi. Ég hvet sveitarfélögin til að líta til tækifæranna sem felast í stofnun hálendisþjóðgarðs, fyrir vernd náttúrunnar, uppbyggingu atvinnutækifæra, ekki síst á láglendi og aukin störf heima í héraði. Reynslan af öðrum þjóðgörðum sýnir að þeim fylgir efnahagslegur ávinningur."

Talsvert er um almenna gagnrýni á frumvarpið í samfélaginu og svo sértækari gagnrýni um að þetta muni stoppa veiðar, beit og jafnvel akstur um hálendið?

„Hálendisþjóðgarður er stór og metnaðarfull hugmynd. Hún felur í sér stofnun þjóðgarðs á 30% landsins, á þjóðlendum sem eru sameign þjóðarinnar. Ég tel að með þjóðgarði náist heildaryfirsýn, utanumhald og aukið fjármagn fyrir svæðið sem muni styrkja það góða starf sem víða er unnið á hálendinu í dag í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Hálendisþjóðgarður mun ekki koma í veg fyrir veiðar og beit á hálendinu og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hefðbundin nýting geti haldið áfram. Hún þarf þó líkt og annars staðar að vera sjálfbær og í samræmi við önnur lög. Hvað varðar akstur um hálendið, þá er það í höndum sveitarfélaga í dag að ákveða hvaða slóðar enda inni á skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Með tilkomu hálendisþjóðgarðs eykst formleg aðkoma útivistarfélaga, nytjaréttarhafa og ferðaþjónustu að stefnumótun svæðisins. Þessir aðilar munu halda atkvæðisrétti í umdæmisráðum og einnig fá atkvæðisrétt í stjórn hálendisþjóðgarðs, sem þau hafa ekki í Vatnajökulsþjóðgarði. Þannig munu þeir geta haft áhrif á stjórnunar- og verndaráætlanir, þar sem er einmitt fjallað um umferðarrétt, aðgengi, nytjar og takmarkanir á einstökum svæðum. Þeir sem mestar áhyggjur hafa haft af því að hálendinu verði lokað eða nytjar ekki heimilaðar með tilkomu þjóðgarðs munu hafa meiri áhrif á stefnumótun á svæðinu en nú gildir í Vatnajökulsþjóðgarði.

Frumvarpið tekur skýrt fram að almenningi er heimil för um hálendisþjóðgarð og dvöl á svæðinu. Kveðið er á um að akstur utan vega sé bannaður, en heimilt að aka á jöklum og snævi þakinni jörðu ef jörð er frosin, líkt og gildir á öllu landinu í dag. Ráðherra fær heimild til að setja reglur um dvöl, umgengi og umferð í þjóðgarðinum líkt og í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Ráðherra er hins vegar ekki heimilt að loka öllu hálendinu eins og skilja mætti af umræðunni, enda eitt markmiða þjóðgarðsins að auðvelda almenningi að kynnast svæðinu. Ég hef auk þess engan áhuga á að loka hálendinu fyrir fólki. Ég deili ást og væntumþykju þess fólks sem hefur skoðun á þessu svæði og hvernig eigi að stýra því og ég á mínar bestu stundir uppi á hálendi Íslands. Ég myndi því aldrei vilja svipta aðra möguleikum á svipuðum upplifunum, en ég tel samt að reglur þurfi að gilda sem einhver takmörkun getur fylgt." */VH*



Sleipnir hestaflutningar ehf

- Fyrirtæki með góð viðskiptasambönd og dygga viðskiptavini.
- Bíll og 10 hesta vel innréttaður flutningsvagn með myndavélum.
- Flott atvinnutækifæri fyrir öflugan einstakling eða par.

Upplýsingar í s. 847-5800 eða netfanginu slhestaflutningar@gmail.com


Knowledge grows

Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

FRÉTTIR

Íslenskt snakk hlýtur alþjóðleg verðlaun fyrir umbúðahönnun

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Bifröst Foods hreppti á dögunum gullverðlaun á verðlaunahátíðinni London Design Awards. Verðlaunin fékk fyrirtækið fyrir umbúðahönnun á Fish & Chips heilsusnakkinu sem nýlega kom í verslanir á Íslandi.

Fish & Chips pokinn samanstendur af sjötíu grömmum af íslenskum kartöfluflögum og þrjátíu grömmum af íslenskum harðfiski. Á vef viðburðarins kemur fram að verðlaunin séu veitt fyrir hugmyndaríka og vel útfærða hönnun umbúða, texta, myndmáls, lita og fleiri þátta sem stuðla að jákvæðri tengingu milli vörunnar og væntanlegra viðskiptavina fyrirtækisins.

Góð viðurkenning

Að sögn Rúnars Ómarssonar, forsvarsmanns fyrirtækisins, hefur það nú skipað sér á bekk með Bifröst Foods og þar með á bekk með PepsiCo, Doritos og fleiri stórfyrirtækjum sem fengið hafa útnefningu undanfarin ár. Hann segir óvanalegt að nýstofnað fyrirtæki hljóti verðlaun sem þessi. „Þetta er góð viðurkenning á því starfi sem fram hefur farið í fyrirtækinu, auk þess sem verðlaunin vekja áhuga endursöluaðila og neytenda á fyrirtækinu og vörunni. Verðlaunin eru viðurkenning á hugviti okkar, markaðsrannsóknum, vöruþróun sem staðið hefur í tvö ár og útfærslu umbúðanna sem við unnum í samstarfi við Birgi Ómarsson hjá Kaktus auglýsingastofu. Þau auka við áhuga innlendra sem erlendra dreifingar- og smásöluaðila á vörum okkar sem er auðvitað mikilvægt nú á fyrstu skrefum í sölu á vörunni.

Mögulega auka verðlaunin líkurnar á að fyrirtækið fái einhvern stuðning úr stoðkerfi nýsköpunar á Íslandi, en fram undan er stórt verkefni sem snýst um að hagnýta þann áhuga sem við finnum fyrir vörunni víðs vegar um heiminn,“ segir Rúnar.

Heilsusnakk úr íslensku hráefni

Bifröst Fish & Chips er heilsusnakk úr íslensku hráefni. Hráefninu í kartöfluflögurnar væri annars hent því lögunin á því mætir ekki kröfum markaðarins og því stuðlar slík nýting að minni matarsóun í íslenskri kartöflurækt.

Í hverjum hundrað gramma poka eru sjötíu grömm af kartöfluflögum og þrjátíu grömm af frostþurrkuðum íslenskum bitafiski. Tvær bragðtegundir eru í boði sem stendur; ein með salti og pipar og önnur með salti og ediki – sem er hin upprunalega breska útgáfa fish & chips. „Hugmyndin á bak við vöruna var að búa til hollt og umhverfisvænt snakk úr náttúrulegu, íslensku hráefni. Frá upphafi hefur verið horft á möguleikann á alþjóðlegri markaðssetningu. Harðfiskur er 84 prósent prótein og sannkallað súper-fæði, eins og Íslendingar vita best. Það hefur hins vegar gengið misvel að þróa harðfiskinn og markaðssetja utan Íslands. Kartöfluflögur eru ódýrara hráefni og þekktasta snakk í heimi. Með réttum aðferðum má blanda þessu tvennu saman og fá út frábært, náttúrulegt og heilsusamlegt snakk eða skyndimáltíð. Viðtökurnar hafa verið framar vonum hér á Íslandi og mikill áhugi frá ýmsum heimshornum gerir verkefnið mjög spennandi,“ segir Rúnar.



Fish & Chips snakkið frá Bifröst Foods er nýkomið í sölu í verslunum Hagkaups og í Melabúðinni, auk nokkurra sérhæfðari sölustaða; reiðhjólaversluninni Markið og Kaffi kyrrð í Borgarnesi.

/smh

Z STÁLGRINDARHÚS

Þaulreynd hús við Íslenskar aðstæður
Stuttur afgreiðslutími
BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is


Eva Margrét Jónudóttir við mælingar á sláturstað í Birkihlíð. Myndir / Matís

Hryggirnir úr örslátrunarverkefni Matís marktækt mýkri og safaríkari:

Gildi verkefnisins ótvírætt fyrir bændur og neytendur

– segir skýrsluhöfundur skýrslunnar sem aldrei kom út

Arnljótur Bjarki Bergsson var einn af starfsmönnum Matís sem komu að örslátrunarverkefni Matís í Skagafirði haustið 2018, þegar lömbum var slátrað heima á bænum Birkihlíð og afurðirnar bornar saman við lambakjötsafurðir sem slátrað var á hefðbundinn hátt í sláturhúsi. Samkvæmt minnispunktum sem Arnljótur hefur tekið saman um tilraunina voru hryggir, sem voru látnir hanga lengur en almennt tíðkast í sláturhúsum, marktækt mýkri, meyrari og safaríkari en hryggir sem keyptir voru í stórmarkaði.

Arnljótur segir að mælingar hafi sýnt að magn örvera á heimaslátruðu skrokkunum hafi verið vel undir viðmiðunarmörkum.

Skýrsla um verkefnið hefur ekki verið gefin út, en að sögn Arnljóts er mikilvægt að hún komi út, því hún leiði í ljós upplýsingar úr tilraun sem aldrei áður hefur verið gerð en skipti máli varðandi möguleika sauðfjárbænda til aukinnar verðmætasköpunar með þróun atvinnugreinarinnar. Ákvað hann því að taka saman minnispunktana og hugleiðingu til að varpa betur ljósi á niðurstöður verkefnisins, en ekki hafi tekist að fá skýrsluna gefna út eftir að Sveinn Margeirsson var settur af sem forstjóri Matís og Oddur M. Gunnarsson tók við. Arnljóti var sagt upp störfum tæpu ári eftir tilraunina, en hann fór fyrir sviðinu sem hýsti verkefnið og tilraunina sem skýrslan fjallaði um. Segir hann að hún hafi nánast verið tilbúin til útgáfu frá því í júní 2019.



Arnljótur Bjarki Bergsson, fyrrverandi starfsmaður Matís og einn af skýrsluhöfundum skýrslu um örslátrunarverkefnið sem aldrei kom út.

Mikilvægi matvælaöryggis

Arnljótur segir einnig að gildi örslátrunarverkefnisins felist í nokkrum atriðum sem voru sérstaklega skoðuð í tilrauninni í Birkihlíð.

„Takmörkun á viðskiptum með afurðir sem slátrað er heima á býli, frekar en í sláturhúsi, hefur verið skýrð með óvissu um hvort afurðirnar séu öruggar til neyslu. Tilraun, þar sem lömbum var slátrað utan viðurkennds sláturhúss, var framkvæmd. Afurðirnar voru rannsakaðar út frá mikilvægi matvælaöryggis með hliðsjón af því hvort neysla afurðanna myndi stofna neytendum í hættu. Niðurstöður mælinga sýndu að afurðir tilraunarinnar voru öruggar til neyslu. Þá var kannað hvort munur væri á gæðaþáttum kjötsins, svo sem meyrni, og hvort nýta mætti gögn sem skráð eru í gagnagrunn af bændum sem upplýsingar fyrir neytendur.“

Örugg leið ef rétt er staðið að málum

Allt þetta, segir Arnljótur, sýnir að örslátrun heima á bæjum geti verið alveg örugg leið – ef rétt er staðið að málum – auk þess að gefa bændum möguleika á að auka verðmæti afurða sinna og neytendum kost á gegnsæjum viðskiptum með sauðfjárafurðir.

Sveinn kom einnig að verkefninu en var nýlega sýknaður í Héraðsdómi Norðurlands vestra fyrir brot á lögum um slátrun og sláturafurðir, í tengslum við örslátrunarverkefnið.

Oddur sagði í svari við fyrirspurn Bændablaðsins í september á síðasta ári, að ástæða þess að skýrslan hefði ekki verið gefin út væri sú að hún væri ekki tilbúin til útgáfu, verkefnið væri ófjármagnað og því lægi vinna við það niðri um það leyti sem Arnljótur var leystur frá störfum. Í viðtali við Bændablaðið í janúar á þessu ári sagði Oddur að auk þess sem ekki hafi verið til fjármagn til að ljúka skýrslugerðinni hefðu skýrsludrögin ekki staðist kröfur Matís, ályktanir hefði verið dregnar sem sérfræðiálit segðu að gengu ekki upp. Tilraunin gæfi mjög takmarkaðar upplýsingar og alveg ómarktækar sem vísindalegar niðurstöður sem hægt væri að draga ályktanir út frá. „Það er alveg sama hvað við mælum mikið örveruflóru á skrokkum eða meyrnimælum, það hefur ekkert með heimaslátrun að gera eða öryggi hennar,“ sagði Oddur.

Lítið gert úr starfsmönnum Matís

Arnljótur segir orð Odds óheppileg og hvimleið, sem hann hafi reynt að leiða hjá sér, því að með þessum orðum geri Oddur í það minnsta lítið úr starfi þeirra níu starfsmanna Matís sem komu að verkefninu, tilrauninni og skýrslugerðinni. „Hvorki vinna starfsmanna Matís í skynmatshóp og þaðan af síður þeirra er sinna örverumælingum er ómarktæk. Fylgt var stöðluðum vinnubrögðum og aðferðafræði sem hefði verið viðurkennd við skýrslugerð af þessu tagi. Skýrslan var ekki prófritgerð. Skýrslur sem Matís hefur gefið út eru misjafnar að lengd og umbroti; þær skýra frá verkefnum og í einstaka tilfellum frá einstaka tilraunum, til þeirra eru ekki gerðar sömu kröfur og til ritrýndra vísindagreina.

Þó tilraunin yrði varla endurtekin af hálfu Matís undir stjórn Odds, má samt skýra frá því sem gert var og kom út úr tilrauninni. Með rekjanleika í huga er rétt að segja frá því sem gert var óháð niðurstöðum, þannig er stuðlað að því að upplýsingar séu aðgengilegar. Óþarfi sé að gera málið stærra en efni standi til,“ segir Arnljótur.

/smh


Gleðilega hátíð
JÓNSSON & LEMACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.200 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Teygjanlegt vegakerfi

Aukin áhersla sem nú er lögð á uppbyggingu vegakerfisins er sannarlega þakkarverð, ekki síst eftir trassaskap í fjölda ára við að byggja upp og viðhalda þessu mikilvæga innviðakerfi landsins. Það er því dapurlegt að ár eftir ár skuli vera fréttir af því að slitlag á löngum vegaköflum sé eitt vaðandi olíusull vegna meðvitaðrar ákvörðunar um ónothæfa framkvæmd við lagningu slitlags.

Það er grafalvarlegt mál að þeir sem fara með framkvæmd vegamála í landinu skuli komast upp með að bjóða landsmönnum upp á stórhættulega efnasamsetningu á slitlagi sem tilkomin er út af einhverjum furðulegum umhverfisverndarrökum.

Það vita það allir sem vilja vita að tæknin við að nota bik við að binda steinefni í slitlag vega, byggir á þeim eiginleikum biksins að það harðni eftir að það er lagt. Til að gera bikið nothæft til útlagningar var blandað í það „white spirit“ sem er ekki ósvipað terpentínu. Það gufar fljótt upp og við það harðnar bikið. Í þeirri viðleitni að gerast ofur umhverfisvænir töldu „sérfræðingar“ pólitíkusum og öðrum trú um að hægt væri að nota jurta- eða dýrafituolíu til að mýkja bikið fyrir útlagningu í stað terpentínu. Það sem „sérfræðingarnir“ létu ekki fylgja röksemdafærslu sinni var að þegar feitri jurta- eða dýrafituolíu er blandað í bik, þá veldur það því að bikið verður alltaf seigfljótandi vegna þess að olían gufar ekki upp eins og white spirit. Þarna ræður ríkjum einföld efnafræði.

Samkvæmt glænýjum upplýsingum sem Bændablaðinu bárust frá Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar, þá er augljóst hvað er að gerast við það sem kallað er blæðingu vega. Það er nánast alfarið hætt að nota white spirit við lagningu vegklæðninga á Íslandi og í staðinn notuð lífræn feiti.

Bergþóra segir að repjuolía hafi ekki verið notuð í klæðningar í um áratug. Í stað white spirit og síðar repjuolíu, fóru menn að nota fiskolíu eða „ethylester“ til íblöndunar í bik.

Búin hefur verið til uppskrift sem sérfræðingar Vegagerðarinnar hafa samið og er hún kölluð „Þjálbik“. Í það fer 6,5% „ethylester“, eða um 426 tonn á ári. Nafnið Þjálbik, segir eiginlega allt sem segja þarf. Bikið verður þjált og teygjanlegt en harðnar ekki eins og ef eingöngu væri notað white spirit.

Vegagerðin notar aðeins 1 tonn af white spirit á ári í „Bikþeytu“ sem er annað nafn á uppskrift frá þeirri stofnun og er notuð aðallega í holufyllingar ef rétt er skilið. Bikþeytan inniheldur aðeins 1,4% white spirit. Enn ein uppskriftin í kokkabók Vegagerðarinnar heitir „Þunnbik“, sem líka er notað að mestu í holufyllingar. Í það fer 11% af white spirit og 21 tonn í heildina á ári.

Eitt er alveg öruggt í þessari leiðinda umræðu, en það er að hvorki Vegagerðin né stjórnmálamenn þessa lands geta boðið upp á það lengur að fólk sé í stórkostlegri hættu á þjóðvegum landsins ár eftir ár, vegna þess að slitlagið er ónothæft. Þetta hefur valdið stórtjóni á ökutækjum, slysum og jafnvel manntjóni. Hjá Vegagerðinni og í pólitíkinni starfar margt afburða fólk, sem er samviskusamt, með góðar meiningar og vill vinna sína vinnu í sátt við alla landsmenn. Það getur ekki verið að við viljum að þetta fólk þurfi að sitja uppi með mannslíf á samviskunni vegna einhverra tæknilegra vandamála sem menn draga lappirnar með að leysa.

Að þessu sögðu þakka ég lesendum Bændablaðsins fjær og nær fyrir ánægjuleg samskipti á árinu og megi gæfan vera með landsmönnum öllum. Gleðileg jól.

Hörður Kristjánsson

Öflug liðsheild

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is





Nú er senn að líða að lokum þessa árs sem verður væntanlega minnst sem COVID-19 árið þar sem meira og minna allt samfélagið var sett í dvala. Allt rekstrarumhverfi fyrirtækja og frumframleiðenda sett í hægagang.

Umtalsverð vinna hefur verið unnin hér innan Bændasamtakanna sem tengist þessari veiru bæði í leiðbeiningum til frumframleiðenda og afurðastöðva í landbúnaði. Ég vil þakka öllum þeim starfsmönnum innan Bændasamtakanna, búgreinafélaga og afurðastöðva fyrir frábært samstarf á árinu sem er að líða. Það er mikils virði að hafa í samstarfi svo öfluga liðsheild sem vinnur að hag bænda öllum stundum.

Neyslumynstur breyttist á svipstundu

Það verður ekki undanskilið í upptalningu verkefna á árinu að nefna tolla og samningsins við Evrópusambandið. Mikil vinna hefur farið fram á árinu að fá hið opinbera til að bregðast við þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir í dag með fækkun ferðamanna, lokunum á veitingastöðum og samkomubanni sem leyfa ekki að haldin séu stórafmæli, fermingar með stórfjölskyldunni, brúðkaup með stórveislum og svo mætti lengi telja. Allt hefur þetta breytt neyslumynstri heillar þjóðar á svipstundu.

Framleiðsla landbúnaðarvara hefur haldist sem betur fer óhindruð en afsetning afurðanna verið með breyttu sniði. Innflutningur á landbúnaðarvörum hefur verið óbreyttur þrátt fyrir þessar gríðarlegu breytingar á markaði. Það hefur verið leitast við að benda ráðamönnum á þessa stöðu og áhyggjur okkar af birgðasöfnun á íslenskum landbúnaðarvörum, bæði á frysti og eins á fæti hjá mörgum bændum. Það er von mín að íslensk stjórnvöld fari í það verkefni að endurskoða samninginn við Evrópusambandið með hag landbúnaðar að leiðarljósi og ekki síður vegna útgöngu Breta úr sambandinu.

Gróska í íslenskum landbúnaði

Miðvikudaginn 16. desember var fyrsta úthlutun úr Matvælasjóði, en ég hef fengið að taka þátt í stjórn þess sjóðs sem hefur verið mjög athyglisvert fyrir margra hluta sakir. Ekki síst að sjá hversu gríðarleg gróska er í verkefnum tengdum íslenskum landbúnaði og nýsköpun á þeim vettvangi. Ég vil óska þeim aðilum sem fengu úthlutun úr sjóðnum til hamingju og treysti því að við sjáum enn fleiri umsóknir á vordögum 2021 þegar auglýst verður aftur eftir umsóknum í sjóðinn. Ég vil hvetja alla sem hafa hugmyndir um nýsköpunarverkefni að skoða tækifærin sem felast í þessum sjóði.

Mikil tækifæri fyrir landbúnað

Matvælastefna var kynnt í síðustu viku, þar eru einnig mikil tækifæri fyrir landbúnað að nýta þær áherslur sem þar eru lagðar fram. Ég vil hvetja alla framleiðendur matvæla til að kynna sér það sem þar er lagt fram og nýta sér til framdráttar í sinni framleiðslu. Ég fagna því mjög að loksins er komin matvælastefna til lengri tíma sem nýtast mun framleiðendum og neytendum. Það var löngu orðið tímabært að fá þetta fram svo allir stefni að sameiginlegu markmiði að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar.

Sigurði Eyþórssyni þökkuð góð störf

Á stjórnarfundi Bændasamtakanna sem haldinn var þriðjudaginn 15. desember síðastliðinn óskaði Sigurður Eyþórsson eftir því að ljúka störfum sem framkvæmdastjóri fyrir Bændasamtökin frá og með næstu áramótum. Ég vil koma á framfæri þökkum til Sigurðar fyrir hans störf í þágu Bændasamtakanna og bænda og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Að lokum vil ég óska ykkur tryggu lesendum blaðsins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þakka fyrir samstarfið og samvinnuna á árinu sem er að líða.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Djúpifjörður er stuttur fjörður í Austur-Barðastrandarsýslu á milli Þorskafjarðar og Gufufjarðar. Fjörðurinn afmarkast af Hallsteinsnesi til austurs og Grónesi til vesturs. Þrátt fyrir nafnið er Djúpifjörður grunnur og nánast samfelldar leirur á fjöru en þröngur áll gengur út miðjan fjörðinn. Mynni fjarðarins lokast af eyjaklasa. Samnefndur bær er í botni Djúpafjarðar en þar er oft snjóþungt á vetrum. Þjóðvegur 60, Vestfjarðavegur, liggur ofan í fjörðinn, að austan yfir Hjallaháls en að vestan yfir Ódrjúgsháls. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Fallegar mæðgur í Svarfaðardal



Grána með nýfæddu kvíguna sína, sem hefur ekki fengið nafn. Þær sóma sér vel á myndinni, enda mjög sérstakar á litinn.
Mynd / sem Gunnhildur Gylfadóttir

„Við höfum mjög gaman af litafjölbreytileikanum í kúastofninum okkar. Grátt og sægrátt er sjaldgæft en við eigum oftast nokkrar kýr og kvígur í þeim litum," segir Gunnhildur Gylfadóttir, bóndi á bænum Steindyr í Svarfaðardal, en hún og maður hennar, Hjálmar Herbertsson, reka þar myndarlegt bú.

„Partur af ástæðunni er að við notum oft grá heimanaut sem gefa þá hærra hlutfall af þessum litum hjá kálfunum en sæðisnautin. Svo er maður misheppinn hvort koma naut eða kvígur.Við eigum núna fimm kýr og eina kvígu í þessum litum og þrjú naut. Vonandi er eitt nautið þessa dagana að setja gráa kálfa í kvíguhópinn sem hann er í."

Hjónin settu nýlega þessa flottu mynd á Facbook af kúnni Gránu, sem bar nýlega þessum fallega kvígukálfi. Grána er undan gráu heimanauti, Laxa, sem Gunnhildur og Hjálmar fengu á Laxamýri hjá þeim Atla og Sif, sem eru sérlegir áhugamenn um gráar og sægráar kýr eins og þau.

Þetta var fimmti kálfur Gránu og eina kvígan en faðir kvígunnar er Sjarmi. Hún hefur ekki enn þá fengið nafn.

„Við erum aðallega með kýr, tæplega 360 þúsund lítra greiðslumark, en einnig með 100 kindur, hesta, geitur og þessi venjulegu húsdýr, hunda ketti, kanínur og naggrísi," segir Gunnhildur aðspurð um búskapinn á bænum.

/MHH

Kjassgefinn forystuhrútur

Gróa Marta Einarsdóttir, sauðfjárbóndi á bænum Einarsstöðum í Reykjadal, á sér einn uppáhaldshrút í fjárhúsinu en það er mjög fallega hyrndur forystuhrútur, sem Gróa segir ofurfallegan.



Myndarlegur er hann.



Gróa Marta Einarsdóttir, sauðfjárbóndi á bænum Einarsstöðum í Reykjadal, með forystuhrútinn Moreward Haig.

Hrúturinn er fæddur 2016 í Hellulandi í Aðaldal hjá Snjólaugu Önnu Pétursdóttur og Kristjáni Hólmgeiri Sigtryggssyni en Gróa fékk hann í skiptum fyrir gráan gerðarhrút. Hrúturinn heitir Moreward Haig eftir uppáhalds sögupersónu móðurafa Gróu en sá Haig var „fullnumi", eins konar andlegur gúrú.

„Hrúturinn hefur höfðinglegt lundarfar, vill að maður sýni honum virðingu og þá fær maður virðingu á móti. Hornin byrgja honum aðeins sýn, svo hann virðist stundum hvumpinn en hann er líka afar þakklátur þegar ég hreinsa hey frá augum hans en það vill setjast ofan á hornin. Hann er afar kjassgefinn og ljúfur. Forystueðlið er ágætt, hann fer á undan heim og er ekki óþægur," segir Gróa Marta, rígmontin með fallega hrútinn sinn.

/MHH



Sægráar kýr á Laxamýri

Sigríður Atladóttir á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu tók þessa skemmtilegu mynd af nokkrum sægráum kúm á bænum í sumar.

Þetta eru þær Sæbrá, Baula, Valrós og Grálaxa, ásamt nokkrum öðrum kúm af bænum. Atli Vigfússon er með kýrnar á bænum en þær eru um 40.

Á Laxamýri, sem er félagsbú, eru líka um 300 fjár, nokkrir hestar og landnámshænur.

„Hér er sérstakt áhugamál að rækta sægráar og gráar kýr, en við höfum mjög gaman af litafjölbreytni íslenska kúastofnsins, segir Sigríður.

/MHH

MÆLT AF MUNNI FRAM

264

Það mylgrast vísur hingað frá **Ingólfi Ómari Ármannssyni**. Ögn á skjön við árstímann, en fágæt að formi:

Eigum leið um urð og mó
efst í heiðadrögum.
Dulræn seiðir draumsins ró
drótt í eyðihögum.

Þar með er sleginn tónninn fyrir það sem eftir fer. Stökurnar sem fylla þáttinn eru gullkorn genginna hagyrðinga. **Gunnar S. Hafdal** orti:

Sífrjór meiður lindar lifir,
lauf þótt deyði haustið svalt.
Nóttin breiðir blæju yfir
brúna heiði, fölið kalt.

Einhverju sinni heimsótti **Karl Kristjánsson** alþingismaður **Gunnar** heim í Sörlatungu, og færði skáldinu þessa stöku:

Fjöll með linda-fiðlum sungu,
fossar tóku undir það.
En svo var skáld í Sörlatungu
sem að miklu hærra kvað.

Magnús Gíslason, bóndi á Vöglum, orti svo fagurlega til konu:

Brjóstahá og mittismjó,
mjaðma ávöl lína,
handasmá, mitt hjarta sló
hratt við návist þína.

Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum orti þessa listilegu hringhendu:

Bera urðum skin og skúr,
skilningsþurrð og trega,
þó hefir snurðum okkar úr
undist furðanlega.

Kári Jónsson frá Valadal orti næstu vísu:

Eg þó reiki út á hlið
andinn hreykist varla,
klárinn bleiki kannast við
Káraleiki alla.

Þegar **Höskuldur Einarsson** frá Vatnshorni var spurður frétta af fjórðungsmóti hestamannafélaganna í Húnaveri, svaraði hann svo:

Þegar kætast karlarnir
kunna þeir vel til reiðar.
Fallegir eru folarnir
fyrir norðan heiðar.

Kristján Ólason á Húsavík orti þessa myndrænu vísu:

Stríkka gerði stag og kló,
stórum herðir rokið.
Minni ferð um saltan sjó
senn er að verða lokið.

Trausti Reykdal kom inn á skóvinnustofu **Sigurbjörns Stefánssonar** frá Gerðum til að fá gert við skó:

Eg hef labbað langan veg
lífs með þunga byrði,
enda eru skórnir eins og ég
orðnir lítils virði.

Valdemar Benónýsson orti svo meistaralega til hitaveitu Reykjavíkur:

Varmalanda veitt er yl
vits af anda kænum
út um þandar æðar til
allra handa í bænum.

Eftir **Konráð Vilhjálmsson** frá Hafralæk er næsta vísa:

Austan renna essin þrenn,
eitt er HENNAR þokki,
fæ ég enn að sjá þig senn
sól í kvennaflokki.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Hjónin Sæbjörg Gísladóttir og Eyvindur Atli Ásvaldsson á Flateyri:

Hafa ekki undan að framleiða íslenskt kalksalt

Hjónin Sæbjörg Gísladóttir og Eyvindur Atli Ásvaldsson á Flateyri tóku við starfsemi Kalksalts ehf. sumarið 2019, sem er eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir saltbætiefnafötur fyrir búfénað. Saltið í bætiefnafötunum kemur frá fiskverkunum á Vestfjörðum og hafa þau ekki undan að framleiða fyrir bændur landsins.

„Við byrjuðum með þetta sumarið 2019 en áður var ég blaðamaður á Bæjarins besta á Ísafirði en missti vinnuna rétt fyrir jólin 2018. Þá kom til mín maður, Úlfar Önundarson á Flateyri, sem stofnaði Kalksalt árið 2016 og bjó til uppskriftina í samstarfi við fleiri aðila. Hann var byrjaður að þróa vöruna og seldi bændum á Vestfjörðum og í nokkrar verslanir á öðrum stöðum. Hann sagðist vera með frábæra hugmynd fyrir mig og ég hélt auðvitað að hann væri með hugmynd að blaðaútgáfu til að byrja með en nei, nei, annað kom á daginn," segir Sæbjörg.

Einföld og frumstæð verksmiðja

Bændur þekkja vel gæðin sem felast í salti sem hefur komist í návígi við fisk, því saltið dregur í sig prótein, vítamín og snefilefni frá fisknum sem hefur góð áhrif á kýr, kindur og hesta.

„Við fórum að skoða hvort þetta borgaði sig, skoðuðum lánamál og annað og eignuðumst síðan reksturinn i júní árið 2019. Maðurinn minn er kokkur á Hótel Ísafirði og hann hefur liðlega yfirmenn svo hann hjálpar mér þegar ég þarf á aðstoð að halda. Það er búið að vera brjálað að gera síðan við byrjuðum," útskýrir Sæbjörg, en þau hjónin keyptu beitningaskúr síðasta sumar og eyddu sumrinu í að gera húsið upp og laga að starfseminni.



Kalksaltið er steypt í melassa sem gerir það afar lystugt en þar að auki eru í því selen, A-vítamín, E-vítamín og D3.



Synir þeirra hjóna, Ívar Hrafn og Andri Pétur, eru liðlegir að hjálpa til í saltbætiefnaverksmiðjunni en móðir þeirra segir þetta sennilega frumstæðustu verksmiðju landsins.

Hjónin hafa fengið ýmsa styrki fyrir vöruþróun, meðal annars frá Atvinnumálum kvenna og Uppbyggingarsjóði, ásamt Íslandsbanka og frumkvöðlastyrk frá Ísafjarðarbæ.

„Þetta er mjög einföld verksmiðja og líklega frumstæðasta verksmiðjan á landinu. Við fáum salt frá Patreksfirði og víðar. Í byrjun ferilsins er saltið malað, síðan sett í síló og þaðan í steypuhrærivél. Þar blöndum við öðrum innihaldsefnum saman við svo sem melassa og vítamínum. Hrærunni er svo hellt í hjólbörur og mokað með handafli í föturnar." Til stendur að nýta jólafríið í að tæknivæða verksmiðjuna örlítið en ný og stærri hrærivél er á leiðinni til landsins svo hjónin geti aukið afköstin.

Hlúum að íslenskri framleiðslu

„Framleiðslan er á fljúgandi siglingu núna, en við höfum sent frá okkur fjögur bretti á viku síðan í september. Við áttum kindur og foreldrar Eyvindar eru sauðfjárbændur, svo við vissum að það vantaði minni saltsteina heldur en bara þessa í 15 kílóa fötum. Fyrir um ári síðan hófum við tilraunaframleiðslu á 7,5 kg steinum sem passa í uppskrúfaða saltsteinahaldara og nú er svo komið að við höfum ekki undan að framleiða í þá. Eftir jólin munum við svo byrja að markaðssetja enn minni steina sem henta fyrir hesta. COVID-19 hefur haft þau áhrif að fleiri og fleiri sjá ágóðann í því að kaupa innlenda vöru en við deilum þeirri skoðun með mörgum bændum að við eigum að hlúa að íslenskri framleiðslu í stað þess að kaupa innfluttar vörur. Og ótrúlegt en satt þá rekum við eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir bætiefnafötur fyrir skepnur, allt annað er erlent," segir Sæbjörg og bætir við:

„Kalkþörungarnir sem varan dregur nafn sitt af koma frá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Kalk hefur góð áhrif á vöxt beina, tanna, ullar og felds. Kúabændur sem nota kalksalt hafa talað um að frumutala hafi lækkað og fita hækkað hjá kúnum eftir að þeir fóru að gefa kalksalt. Kalksaltið er steypt í melassa sem gerir það afar lystugt en þar að auki eru í því selen, A-vítamín, E-vítamín og D3. Nú eru vörurnar okkar seldar um allt land og í langflestum búvöruverslunum nema hjá Landstólpa. Og á þeim svæðum þar sem ekki eru verslanir þá selja bændur fyrir okkur. Við erum ákaflega þakklát fyrir viðtökur bænda við vörunum frá okkur en þeir kunna vel að meta að geta keypt íslenska kalksteina með litlu kolefnisspori." */ehg*



Hjónin Sæbjörg Gísladóttir og Eyvindur Atli Ásvaldsson á Flateyri tóku við starfsemi Kalksalts ehf. sumarið 2019 og hafa þau nú vart undan að framleiða saltbætiefni fyrir bændur landsins. Myndir / Úr einkasafni

Stigahæsti lambhrútur landsins 2020



Þetta er lambhrúturinn Þórshamar frá Mýrum 2 í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann er hæststigaði lambhrútur landsins með alls 91,5 stig. Næstur honum í heildarstigum er Þyrnir frá Miðdal í Gullbringu- og Kjósarsýslu með samtals 91 stig. Nokkrir lambhrútar eru svo með 90,5 stig, en um niðurstöður lambadóma 2020 má lesa nánar á bls. 66.

Sigurður Eyþórsson hættir sem framkvæmdastjóri BÍ

Sigurður Eyþórsson hættir sem framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands um næstu áramót. Tekur hann þá við starfi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Sigurður er fæddur í Flóanum í Árnessýslu og hefur starfað fyrir samtök bænda frá 2007. Hann var framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda um átta ára skeið en hefur verið framkvæmdastjóri Bændasamtakanna frá 2015.

Sigurður er kvæntur Sigríði Zoëga, sérfræðingi í hjúkrun og dósent við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

Ekki hefur verið ákveðið hver tekur við starfi Sigurðar. */VH*



Sigurður Eyþórsson. Mynd / HKr.

LANDSHÚS

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Ætlar þú að byggja í vor?

Nú er tíminn til að panta!

VORAFHENDINGAR 2021

Pantanir eru hafnar á húsum sem verða tilbúin til afhendingar vorið 2021. Hvert hús er sérsmíðað eftir pöntun. Gerum föst verðtilboð útfrá núgildandi verðskrá.

Athugið að takmarkað upplag framleiðslu er í boði. Tryggðu þér pláss í tíma.

Val á gluggum:
- Timbur
- Ál/timbur
- PVC

GESTAHÚS

JÖKLAR - Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat *(24fm) kr. 2.900.000,-*



Jöklar Burst *(grunnstærð 24fm) kr. 3.133.000,-*



Jöklar íslensku húsin *(24fm) kr. 3.133.000,-*

EINBÝLISHÚS

FOSSAR - Einbýlishús sem uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Verð frá kr. 15.193.000 - kr. 28.341.000. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Foss nr. 4 *– Einbýlishús (180fm) kr.25.401.000,-*

SUMARHÚS

KLETTAR - Heilsárshús með svefnlofti. Grunnstærðir Kletta eru annars vegar 65fm og hins vegar 80fm. Báðar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Klettar sumarhús *(grunnstærð 65fm) kr. 8.373.000,-*
Hús á mynd er Klettahús (65 fm) byggt á Austurlandi 2018

EININGAKERFIÐ

Með hagkvæmni að leiðarljósi

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

EFLA verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar.
- Öll hönnun á burðarvirki, festingum og efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Innlausnarmarkaðir með greiðslumark í sauðfé:

Ætlað að styðja sérstaklega þá sem eiga mest undir sauðfjárrækt

Innlausnarmarkaður fyrir greiðslumark í sauðfé var haldinn í nóvember og annar í byrjun desember. Markmið þeirra er að beina opinberum stuðningi frekar til þeirra sem eiga meira undir sauðfjárrækt sem sinni afkomu.

Sá fyrri var haldinn í samræmi við breytingar sem gerðar voru á sauðfjársamningi við endurskoðun hans í janúar 2019 og nýjar úthlutunarreglur sem þá tóku gildi. Í þeim felst meðal annars að umsækjendum er skipt í þrjá hópa með tilliti til forgangs og að úthlutun tekur mið af því að hver framleiðandi getur ekki óskað eftir ærgildum umfram þau sem tryggja honum óskertar beingreiðslur í samræmi við fjárfjölda og ásetningshlutfall.



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Lítið framboð en mikil eftirspurn

Samkvæmt upplýsingum úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu voru gild sölutilboð 16 talsins á markaðnum í nóvember og innleyst greiðslumark samtals 1.839 ærgildi. Óskir um kaup voru alls 225, samtals um 62.395 ærgildi. Í heildina var hlutfall til úthlutunar því 2,95 prósent af óskum um kaup.

Hver framleiðandi í fyrsta forgangshópi fékk alls 6,8 prósent af kaupósk sinni úthlutað en framleiðandi í öðrum forgangshópi 1,5 prósent af kaupósk sinni. Ekkert var til úthlutunar fyrir þriðja hópinn, þá umsækjendur sem eru með færri en 100 kindur á haustskýrslu 2019 eða ásetningshlutfall lægra en 1.

Innleyst greiðslumark frá 2017 og 2018 til sölu

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákvað svo að tillögu Landssamtaka sauðfjárbænda að haldinn yrði auka innlausnarmarkaður í desember. Markmiðið með honum er sömuleiðis að jafna stöðu bænda innan kerfisins þar sem greiðslumarki er beint til skilgreindra forgangshópa, sem framleiða með minnstum opinberum stuðningi.

Á markaðnum var boðið til sölu greiðslumark sem innleyst var á árunum 2017 og 2018, samtals 4.757 ærgildi, auk þess sem heimilt var að leggja fram sölutilboð með sama hætti og venjulega. Innlausnarverð eða söluverð var núvirt andvirði beingreiðslna næstu tveggja almanaksára, eða 12.764 krónur á hvert ærgildi.

Forgangshópar voru tveir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Forgang að 60 prósentum af því sem er til úthlutunar áttu þeir framleiðendur sem eiga 200 kindur eða fleiri á haustskýrslu 2019 og hafa ásetningshlutfallið 1.6 eða hærra. Forgang að því sem þá er eftir höfðu þeir framleiðendur sem eiga 100 kindur eða fleiri og hafa ásetningshlutfallið 1 eða hærra. Það greiðslumark sem ekki er úthlutað til framleiðenda í forgangshópum stendur öðrum umsækjendum til boða.

Ekki fengust upplýsingar úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um niðurstöður desembermarkaðarins áður en blaðið fór í prentun.

Þröskuldar sem geta verið ósanngjarnir

Að sögn Unnsteins Snorra Snorrasonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda, þá var markaðnum ætlað að beina stuðningnum til þeirra sem eiga meira undir sauðfjárrækt sem sinni afkomu. „Forgangshópar eru skilgreindir út frá ásetningshlutfalli. Síðan má segja að það séu tveir mikilvægir þröskuldar vegna forgangsröðunar; annars vegar við 100 kinda mörkin og síðan er líka þröskuldur varðandi stóru búin. Það getur enginn sem er í forgangshóp fengið úthlutað greiðslumark þannig að heildar greiðslumarkseign eftir úthlutun fari yfir 600 ærgildi. Þannig getur sá sem á 600 ærgildi ekki fengið úthlutað úr potti fyrir forgangshópi.

Svona þröskuldar eru alltaf umdeildir, en notaðir víðar í samningnum. Þeir geta verið mjög ósanngjarnir, en þeim er ætlað að jafna stöðu bænda innan samningsins," segir Unnsteinn Snorri. */smh*

Comac sótthreinsitæki





VORTEX ehf
vortexvelar.is comac.is
Grensásvegi 16, Rvk. ✆ 445-4885

Sjáðu myndskeiðið á comac.is

Íslenska vörumerkið Surpriceland:

Íslenskt og óvænt í hverjum poka

Eins og flestir vita hefur íslenska ferðaþjónustan og tengdar greinar þurft að þola þungt högg vegna heimsfaraldurs COVID-19. Íslenska vörumerkið Surpriceland var frekar nýtt af nálinni þegar faraldurinn skall á með sínum þunga, en fyrirtækið seldi sérstaka nammikassa til ferðamanna þar sem má segja að ferðamenn keyptu íslenskt nammi blindandi. Tilgangur kassanna var að koma á óvart með nammi og vöktu þeir mikla lukku í minjagripaverslunum áður en skellt var í lás.

„Þegar skellt var í lás voru góð ráð dýr. Við vissum að við vorum með eitthvað skemmtilegt í höndunum, enda elskum við að koma fólki á óvart. Í miðjum heimsfaraldri ákváðum við að snúa vörn í sókn og snúa hugmyndinni á bak við Surpriceland yfir á Íslendinga og víkka hana aðeins út. Úr því fæddist Happ í helgi þar sem eingöngu eru íslenskar vörur í hverjum poka," útskýrir Guðmundur R. Einarsson, einn af stofnendum Surpriceland.



Anna Alexía Guðmundsdóttir tekur kampakát á móti poka frá Happ í helgi sem hafði að geyma óvænta glaðninga.

Vinsælir drellar á aðventunni


Undir vörumerkinu Happ í helgi er að finna tvær vörur, gjafapoka í tveimur stærðum sem hafa að geyma alls kyns sætindi. Kaupandinn hefur ekki hugmynd um hvaða sætindi pokinn hefur að geyma og því kemur innihaldið rækilega á óvart.

„Það sem er svo skemmtilegt við þetta er að fólk getur kannski uppgötvað eitthvað nýtt í staðinn fyrir að fara alltaf í sama nammifarið. En auk þess hafa pokarnir frá Happ í helgi að geyma alls kyns aðra glaðninga sem hafa þann eina tilgang að gera helgina ógleymanlega og óvænta. Í öllum pokum til jóla fylgja einstaklega veglegir glaðningar; allt frá 25 þúsund króna gjafabréfum í Nettó og kaffivélum frá Nespresso til kaffis og kruðerís frá Bakarameistaranum og ógleymanlegrar lífsreynslu í Fly Over Iceland," segir Guðmundur og bætir við:

„Ekki skemmir fyrir að pokarnir frá Happ í helgi hafa hlotið það þjóðlega nafn drellir, en það er hið upprunalega íslenska orð yfir poka, þó það hafi haft ýmsa aðra merkingu hér áður fyrr. Fyrsti drellirinn seldist í gegnum vefsíðu Happ í helgi seinnipart sumars en síðan þá hafa fjölmargir Íslendingar látið koma sér á óvart. Nú, eða vakið undrun og gleði í brjóstum þeirra sem þeir elska. Drellarnir frá Happ í helgi hafa verið sérstaklega vinsælir á aðventunni og greinilegt að pokarnir eru komnir til að vera. Og hver veit, kannski fara drellarnir í enn frekari þróun á nýju ári, með tilheyrandi fjölgun á óvæntum uppákomum." */ehg*



Pokarnir frá Happ í helgi hafa slegið í gegn á aðventunni en í þeim leynast óvæntir glaðningar, allt íslenskar vörur, sem keyrðar eru heim að dyrum á höfuðborgarsvæðinu og því tilvalið að koma ástvinum og í raun hverjum sem er á óvart. Sjá nánar á happihelgi.is.



Matvælastofnun:

Upplýsingar og fræðsla skila árangri í baráttunni við riðu

Til eru gögn aftur til ársins 1957 um riðutilfelli sem komið hafa upp hérlendis. Samkvæmt Sigrúnu Bjarnadóttur, sérgreinadýralækni nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun Íslands er þó erfitt að treysta á þau gögn vegna ýmissa vankanta. Í dag er að mestu stuðst við tölur frá árinu 1986 sem sýna svo ekki verður um villst að verulegur árangur hefur náðst í baráttunni við sjúkdóminn frá þeim tíma.

„Við höfum aðrar greiningaraðferðir í dag en fyrir 60 árum og tölurnar sem ná svo langt aftur er erfitt að heimfæra yfir á niðurstöður í dag. Þær hafa þó ákveðið upplýsingagildi en gagnast ekki varðandi ákvarðanatöku," segir Sigrún.

Bændur séu meðvitaðir um smitvarnir

Hérlendis hefur greinst oftast riðuveiki í Húna- og Skagahólfi en í líflambasöluhólfunum (Snæfellshólfi, Vestfjarðahólfi eystra, N-Þingeyjarsýsluhluta Norðausturhólfs og Öræfahólfi), Miðfjarðarhólfi, Eyjafjarðarhólfi, Suðausturlandshólfi, Rangárvallahólfi og Vestmannaeyjahólfi hefur aldrei greinst riða.

„Það sem við sjáum frá árinu 1986 er að þá er hert á aðgerðum og við það næst þessi góði árangur. Upp úr 1978 var þetta mjög víða og jókst og leit út fyrir að myndi breiðast út um land allt. Veikin grasserar í hjörð þegar hún er einu sinni komin. Árið 1986 var sett á reglugerð um viðbrögð við riðu og ákveðið var að nota útrýmingaraðferðina við hvert staðfest smit ásamt því að leiðbeiningar voru hafðar um hreinsun. Við höfum notað grunn hennar síðan en bæst hefur við reglugerðina í gegnum tíðina. Þetta hefur skilað sér í árangri með fækkun tilfella," útskýrir Sigrún og segir jafnframt: – „En það hefur verið tilhneiging eftir því sem lengra líður frá riðutilfellum að þá minnkar meðvitundin hvað varðar smitvarnir, fólk gleymir sér og það verða kynslóðaskipti í búskap. Það þarf alltaf að hamra á þessu við bændur, að þeir láti vita ef kindur drepast því þá þarf að taka sýni. Það er einnig mikilvægt að bændur virði þær reglur sem eru í gildi og að þeir fái fræðslu um það því það skilar sér." */ehg*

Gleðileg jól og farsælt komandi ár













Hafðu það notalegt um jólin

Árlegur jólastyrkur N1 rennur nú til Fjölskylduhjálparinna, Frú Ragnheiðar og Mæðrastyrksnefndar. Við sendum skjólstæðingum þeirra, viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð og gæfu á nýju ári.

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-NM-000580

FRÉTTIR



Íslenskar búvörur. Samkvæmt könnuninni hækkuðu þær almennt nokkuð minna í verði frá því í desember á síðasta ári en innfluttar búvörur. Mynd /OS

Skýrsla ASÍ um verðþróun á dagvörumarkaði:

Innfluttar vörur í flestum tilvikum hækkað mun meira en innlendar

ASÍ hefur skilað skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) um verðkönnun á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum á tímabilinu frá desember 2019 til ágúst 2020. Skýrslan sýnir að í flestum tilvikum hafa innfluttar búvörur hækkað mun meira í verði en innlendar, mestur er munurinn á innfluttu og innlendu grænmeti.

Skýrslan er unnin samkvæmt þjónustusamningi sem ASÍ og ANR gerðu í lok árs 2019. Markmiðið með samningnum var að fylgja þannig eftir þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um úthlutun tollkvóta í desember 2019, sem væntingar stóðu til að myndu skila sér í lægri kostnaði fyrir innflytjendur og lægra verði til neytenda.

Í skýrslunni kemur fram að framboð eða úrval á þeim landbúnaðarvörum sem könnunin náði hafi aukist töluvert á tímabilinu, bæði er varðar innfluttar og innlendar vörur.

Kannað var verð á nautakjöti, svínakjöti, fuglakjöti, unnum kjötvörum, ostum og á nokkrum tegundum grænmetis. Verðupplýsingum var safnað frá Bónus, Krónunni, Hagkaup, Nettó og Kjörbúðinni.

Framboð á innfluttum vörum jókst verulega í mörgum vöruflokkum, mest á innfluttu svínakjöti og fuglakjöti, en framboð af nautakjöti og ostum jókst einnig mikið. Framboð innlendra vara virðist í flestum tilvikum hafa aukist á sama tíma.

Verðhækkanir á innfluttu svínakjöti og innfluttum ostum voru samkvæmt skýrslunni töluvert meiri en á innlendum vörum í sömu flokkum. Minni munur var á verðhækkunum á innfluttu og innlendu nautakjöti. Innfluttar unnar kjötvörur (reykt kjöt, álegg, pylsur o.þ.h.) hækkuðu minna í verði en þær innlendu. Innflutt alifuglakjöt lækkaði í verði á meðan innlent alifuglakjöt hækkaði í verði. Mestar verðhækkanir voru á ostum í könnuninni, en innfluttir ostar hækkuðu um 9 prósent samanborið við 6,5 prósent hækkun á innlendum ostum.

Almennt virðist innflutt grænmeti hafa hækkað umtalsvert meira á tímabilinu en innlendar vörur. Framboð reyndist hins vegar nokkuð óstöðugt og liggja ekki eins góð verðgögn fyrir um grænmeti, líkt og fyrir kjöt og osta.

Tekið er fram að veiking krónunnar geti haft tilhneigingu til að fara nokkuð hratt út í verðlag á innfluttum vörum, en aðrir áhrifaþættir vegi mögulega upp á móti. Á tímabilinu sem verðkannanirnar fóru fram veiktist íslenska krónan um 16,7 prósent.

/smh

Verðbreyting frá desember 2019 til september 2020

Vöruflokkur í könnun	Innflutt	Innlent
Nautakjöt	2,20%	1,60%
Svínakjöt	7,90%	3,70%
Alifuglakjöt	-1,30%	3,30%
Unnar kjötvörur	4,80%	5,10%
Ostar	9,00%	6,50%
Tómatar	15%	-1%
Gulrætur	26%	5%
Sveppir	10%	1%
Paprikur	19%	-3%
Ísl. rófur	-	-11%

GODO

ERT ÞÚ Í GISTIREKSTRI ?

GODO BÝÐUR UPP Á FRÁBÆRAR TÆKNI- OG REKSTRARLAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKI Í FERÐAÞJÓNUSTU



ALHLIÐA BÓKUNARKERFI
REKSTRARÞJÓNUSTUR
SÍMA OG PÓST ÞJÓNUSTA
TEKJU- OG VERÐSTÝRING


WWW.GODO.IS
HÖFÐABAKKI 9A - 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 555 4636
NETFANG: INFO@GODO.IS

Matís þróar kerfi til að greina uppruna nautakjöts:

Gagnast til að koma í veg fyrir matvælasvindl

Sæmundur Sveinsson, fagstjóri hjá Matís og fyrrverandi rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, stýrir um þessar mundir evrópsku rannsóknaverkefni, sem snýst um að þróa kerfi með sameindaerfðafræði til að rekja uppruna nautakjöts. Sæmundur segir verkefnið eiga rætur að rekja til kjötsvikamála sem skóku Evrópu á árinu 2013, þegar hrossakjöt var selt sem nautakjöt í miklu magni í evrópskum stórmörkuðum.

„Við erum að vinna með breskum kjötframleiðanda, sem vildi tryggja uppruna kjötsins. Hrossakjöts-skandallinn hafði mikil áhrif á kjötframleiðendur í Evrópu. Það væri hægt að nota sömu tækni við að skera úr um hvort nautakjöt sé íslenskt eða erlent," segir Sæmundur um verkefnið.



Vörusvik mikið vandamál í sölu matvæla

Sæmundur segir að bæði neytendur og nautakjötsframleiðendur hafi vaknað við vondan draum þegar upp komst um svindlið. „Vörusvik í sölu matvæla eru gríðarlegt vandamál um allan heim, en slík viðskipti má flokka til glæpastarfsemi þar sem gróðavonin er mikil, en áhætta og viðurlög lítil fyrir þá einstaklinga sem iðjuna stunda.

Þetta hneyksli olli mikilli vitundarvakningu meðal neytenda og framleiðenda nautakjöts í Evrópu. Málið opnaði jafnframt augu neytenda fyrir því hve flókin og viðkvæm virðiskeðja kjötframleiðslu er í raun og veru. Mörg fyrirtæki sem vinna í þessari verðmætu grein matvælaframleiðslu áttuðu sig einnig á þeirri nauðsyn að koma upp hraðvirkum, öflugum og hagkvæmum aðferðum til að sannreyna uppruna afurða á matvælamarkaði."

Sýnum safnað við slátrun

Matís hefur unnið að þessu verkefni undanfarið ár, en það er alþjóðlegt rannsóknaverkefni, fjármagnað að fullu af evrópska samkeppnissjóðnum EIT Food. „Verkefnið nefnist BLINK, en markmið þess er að þróa nýtt rekjanleikakerfi fyrir nautakjöt. Aðferðin byggir á þeim



Sæmundur Sveinsson, fagstjóri hjá Matís.

miklu framförum sem orðið hafa undanfarinn áratug í erfðagreiningartækni og er sambærileg við aðferðir sem nýttar verða í erfðamengjaúrvali í íslenska kúakyninu sem stefnt er á að innleiða hér á landi á næstu árum.

Hugmyndin bak við aðferðafræðina felst í því, að við slátrun nautgrips verði lífsýni, til dæmis hársýni eða vefjasýni, tekið af gripnum. Sýnið er síðan sent til rannsóknastofu þar sem erfðaefni er einangrað og þúsundir erfðamarka greind í hverjum einasta grip. Þessar erfðaupplýsingar eru í framhaldinu nýttar til að útbúa einstakt „strikamerki" fyrir hvern einasta nautgrip sem fer í gegnum tiltekið sláturhús. Erfðafræðilegt strikamerki hefur þá kosti umfram hefðbundin strikamerki, sem allir kannast við úr matvörubúðinni, að það fylgir kjötinu hvert sem það fer og ekki er hægt að breyta því á neinn hátt. Fyrrgreindum erfðaupplýsingum, ásamt fylgigögnum, er að lokum komið fyrir í gagnagrunni. Ef grunur vaknar um að svik séu til staðar einhvers staðar í keðjunni frá nautgrip á fæti til kjötbita á diski, er hægt senda sýni af kjötinu í erfðagreiningu og fá úr því skorið hvort uppruni nautakjötsins sé sá sami og umbúðir matvælanna segja til um.

Þetta próf er talsvert frábrugðið hefðbundnum erfðafræðilegum tegundagreiningum. Til að afhjúpa kjötsvindlið í Evrópu var hefðbundinni tegundagreiningu beitt, erfðaefni eingangrað úr kjöti og það greint til tegunda, hvort þetta er hross eða naut."

Íslenskt kjöt greint frá erlendu

„Aðferðafræðin, sem við vinnum að, væri auðveldlega hægt að beita til að sannreyna uppruna íslensks nautakjöts úr matvörubúðum eða veitingastöðum. Nýlegar rannsóknir hafa staðfest að hinn íslenski kúastofn er erfðafræðilega mjög ólíkur öðrum nautgripum. Með einföldu erfðaprófi væri því hægt að staðfesta uppruna íslensks nautakjöts.

Verkefninu lýkur í janúar á næsta ári. Að því loknu munu erlendir samstarfsaðilar Matís vekja athygli á aðferðafræðinni meðal evrópskra kjötframleiðenda. Vonir standa til að unnt verði að taka tæknina í almenna notkun í hinum vestræna heimi á næstu árum og að hana megi einnig nýta til rekjanleika á kjötafurðum annarra búfjártegunda," segir Sæmundur.

/smh

Parísarsáttmálinn fimm ára:

Ný markmið í loftslagsmálum kynnt á leiðtogafundi

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnti ný markmið í loftslagsmálum fyrir Ísland á leiðtogafundi þann 12. desember sem haldinn var í tilefni fimm ára afmælis Parísarsáttmálans. Samkvæmt nýju markmiðunum er stefnt að meiri samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Er þannig horfið frá markmiði um 40 prósenta samdrátt frá árinu 1990 til 2030 og þess í stað verður markið sett á 55 prósent á sama tíma.

Samkvæmt Parísarsáttmálanum skulu ríki heims uppfæra landsmarkmið sín í loftslagsmálum á fimm ára fresti, í fyrsta sinn árið 2020. Íslensk stjórnvöld kynntu uppfærða aðgerðaráætlun sína í loftslagsmálum síðasta sumar. Áætlunin gerir ráð fyrir að hægt verði að ná meiri samdrætti í losun en krafa er gerð um í núverandi samkomulagi Íslands og Noregs við ESB vegna Parísarsáttmálans.

Í nýju markmiðunum fyrir Ísland



Katrín Jakobsdóttir.

eru einnig aðgerðir til að ná markmiði Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040 og áfangamarkmiði um kolefnishlutleysi losunar á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda í kringum árið 2030. Þá er aukin áhersla á loftslagstengd þróunarsamvinnuverkefni í markmiðunum, einkum á sviði sjálbærrar orku með tilliti til íslenskrar sérþekkingar.

Vettvangur fyrir nýja sókn

Eins og áður er Ísland í samfloti með Evrópusambandinu og Noregi með sín loftslagsmarkmið. Það voru Sameinuðu þjóðirnar sem stóðu að fundinum en ásamt Íslandi voru Chile, Ítalía, Bretland og Frakkland þátttakendur. Á fundinum voru leiðtogar þeirra ríkja sem voru reiðubúin að kynna ný og metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi og framlög til loftslagsmála í þróunarlöndunum.

Tilgangurinn með fundinum var að vekja athygli á loftslagsvánni og skapa vettvang fyrir nýja sókn til að ná markmiðum samningsins, um að halda hnattrænni hlýnun innan tveggja gráða og leita leiða til að takmarka hlýnun við eina og hálfa gráðu. */smh*

Íslenskur kalkúnn í veisluna



HESLIHNETU- OG SVEPPAFYLLING REYKJABÚSINS

HRÁEFNI

150 g smjör
350 g nýir sveppir, niðursneiddir
200 g laukur, smátt saxaður
1 stilkur sellerí, smátt saxaður
1/2 búnt fersk steinselja, smátt söxuð (eða 2 msk þurrkuð)
2-3 msk kalkúnakrydd
300 g skinka, smátt söxuð
100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
2 stór egg
2 dl rjómi
1/2 tsk salt
1 tsk ferskmalaður pipar

Fleiri uppskriftir á kalkunn.is

AÐFERÐ

Bræðið smjörið í stórum potti og látið sveppina og grænmetið ásamt steinseljunni, kalkúnakryddinu og skinkunni krauma í því í 10 mín. eða þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega.

Hrærið þá eggjunum og rjómanum saman við og kryddið með salti og pipar.

Verði ykkur að góðu,
Nonni og Stína
Reykjabúinu, Mosfellsbæ



Holda KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS



Vilmundur og Erla Hjördís í jólaskapi.

Hlegið dátt í Hlöðunni

Hlaðan, hlaðvarp Bændablaðsins, hefur nú verið í útsendingu í eitt ár. Einn af föstu liðum Hlöðunnar er þátturinn „Í fréttum er þetta helst“ þar sem blaðamennirnir Erla Hjördís Gunnarsdóttir og Vilmundur Hansen fara yfir helstu efnistök nýútkomins Bændablaðs. Von er á nýjum þáttaröðum árið 2021.

„Við viljum kynna betur blaðið með þessum hætti, fara yfir blaðið stutt og hnitmiðað og vonandi fanga eyru hlustenda. Hlaðvarpið er skemmtilegur miðill þar sem hægt er að ná til fólks á annan hátt en með öðrum miðlum. Hlaðvarpið gerir það að verkum að fólk getur í raun hlustað hvar sem er, hvort sem er í bílnum, við eldamennskuna eða þegar fólk er á ferðinni. Þá getur það hlustað á þáttinn hratt og örugglega,“ segir Erla Hjördís.

Vilmundur er orðinn alvanur útvarpsmaður eftir árið enda er hann við stjórnvölinn í tveimur þáttum Hlöðunnar. „Á vissan hátt er þetta tvennt ólíkt. Í þættinum mínum Ræktaðu garðinn þinn get ég röflað að eigin ósk og þarf ekki að passa mig á því að tala ekki of mikið. Spjallið með Erlu er samvinna og við hlæjum mikið saman þó það komi ekki alltaf með eftir klippingu. Mér þykir gaman að vinna báða þættina en hvorn á sinn hátt,“ segir hann.



Þáttur um kántrítónlist í bígerð

Á nýju ári hyggjast þau Vilmundur og Erla Hjördís viðhalda reglulegum hlaðvarpsútgáfum, og von er á nýjum spennandi þáttaröðum.

„Nú er komin góð reynsla á Hlöðuna og sífellt bætast nýir þættir við og vinsældir hlustunar aukast í hverjum mánuði. Fyrirhugað er að hefja kántrí-tónlist til vegs og virðingar inni á Hlöðunni þar sem ég og Drífa Viðarsdóttir munum fara yfir yfirgripsmikinn heim kántrísins með fræðslu, viðtölum og hressandi kántrítónlist. Einnig má nefna að Hlaðan mun gera sitt á nýju ári til að ná til unga fólksins og fá til liðs við sig fulltrúa ungu kynslóðarinnar til að kynna sveitina fyrir áhugasömum hlustendum,“ segir Erla Hjördís.

Á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins, má nálgast fjölbreyttar þáttaraðir. Þar má nefna Kaupfjelagið, Skeggrætt, Havarí hlaðvarp, Ræktaðu garðinn þinn, Fæðuöryggi, Máltíð og Víða ratað.

Hægt er að kynna sér þætti Hlöðunnar á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is og hlusta á þá í öllum helstu hlaðvarpsveitum. */ghp*



FRÉTTIR



Bátafloti Grímseyinga hefur stækkað talsvert á árinu. Myndir / Karen Nótt Halldórsdóttir

Óvenjumargt um manninn í Grímsey í haust

Óvenjumargt hefur verið í Grímsey nú á liðnu hausti, en nokkuð margir eyjarskeggjar, sem alla jafna dvelja í landi yfir vetrartímann, hafa dvalið í eynni á haustmánuðum. Þar með er töluvert af börnum og ungmennum sem hafa verið í fjar- og heimakennslu eins og víða annars staðar.

Á sumrin dvelja yfirleitt upp undir 100 manns í Grímsey en fækkar verulega yfir vetrartímann þegar þar dvelja oftast á bilinu 15-20 manns. Núna í nóvember brá hins vegar svo við að það voru 35-40 í eyjunni. Þar af voru 6-8 börn á leik- og grunnskólaaldri og 2-3 framhaldsskólanemar. Þetta kemur fram á vefsíðu Akureyrarbæjar.



Séð yfir höfnina í Grímsey.

Bátaflotinn hefur stækkað

Þar er einnig sagt frá því að bátafloti Grímseyinga hafi stækkað talsvert í ár, en auk þeirra þriggja báta sem hafa bæst við hingað til komu feðgarnir Magnús Bjarnason og Bjarni Reykjalín nýverið til hafnar með Skel 26 sem mun fá nafnið Sæfinnur EA 58. Ufsaveiði hefur verið afar góð við eyjuna undanfarið.

Í sumar var hafist handa við að koma upp líkamsræktaraðstöðu í félagsheimilinu í Grímsey og er hún nú fullbúin, komin í gagnið og vel nýtt af heimafólki. Fyrir stuttu var lokið við að setja upp grillhýsi við tjaldsvæðið sem mun bæði nýtast heimamönnum og ferðalöngum þegar sól tekur að hækka á lofti á ný.



Grillaðstaða hefur verið útbúin við tjaldsvæðið.

Sólar nýtur við í tvær klukkustundir

Skipt var um alla kúpla á götuljósum nýlega og eyjarskeggjar hafa verið duglegir við að setja upp jólaljós á íbúðarhúsum og öðrum mannvirkjum sem lýsa nú upp myrkasta skammdegið, en í Grímsey nýtur einungis sólar í rúmar tvær klukkustundir á stysta degi ársins, 21. desember 2020.

/MÞÞ


Reykir við Húnavelli:

Endurbætur og aukið rekstraröryggi

Unnið hefur verið við að afla viðbótarvatns á Reykjum við Húnavelli fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar. Í ár var lokið við að bora fjórðu vinnsluholuna, 1.200 metra djúpa, auk þess sem eldri borhola var endurfóðruð niður á 350 metra dýpi.

Við það tækifæri var skipt út hefðbundnum búnaði í holunni og í staðinn sett þekkt lausn úr olíuiðnaði þar sem mótor og dæla eru sambyggð á 300 metra dýpi. Með þessari lausn er hægt að fylgjast með ástandi holunnar í rauntíma sem auðveldar og bætir eftirlit með auðlindinni.

Þetta er í fyrsta skipti sem RARIK nýtir þessa tækni en hún er algeng erlendis og hefur áður verið nýtt hérlendis. Í ár var borholuhús á Reykjum einnig endurnýjað og uppfært með nýjum búnaði og bættri hljóðvist. Öllum þessum aðgerðum er ætlað að auka rekstraröryggi hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar til framtíðar. Þetta kemur fram á vefsíðu Rarik. */MÞÞ*



Unnið að endurbótum á heitavatnssvæðinu á Reykjum við Húnavelli.
Mynd / RARIK

HEFÐIN SEM VIÐ ELSKUM

ÍSLENSKT HANGIKJÖT – ENGU LÍKT

Íslenska hangikjötið hefur verið einn af hornsteinum íslenskrar matarmenningar frá landnámi og auðvitað ómissandi þáttur í jólahaldi landsmanna. Það færir okkur ekki aðeins jólailminn í húsið heldur einnig einstakt og ómótstæðilegt bragð – bragð af sögu þjóðar. Höldum í hefðirnar og veljum íslenskt um jólin.

Íslenskt lambakjöt í jólakörfuna – náttúrulega

PiparTBWA \ SÍA

STEKKUR



Grýla étur börn

Nefið á Grýlu er stórt og hlykkjótt og úr vitum hennar kemur helblá gufa og þar að auki er hún mannæta eins og önnur tröll og óþekk börn eru eftirlætismatur hennar en hún er lítið gefin fyrir fisk, súpur, salat og grauta. Mestur tími Grýlu fer í að afla matar handa sér og fjölskyldu sinni.

Kerlingarskarið hefur búið með þremur tröllkörlum í gegnum tíðina og heitir núverandi bóndi hennar Leppalúði. Hinir tveir hétu Boli og Gustur og átti hún tæplega áttatíu börn með þeim. Þekktust þeirra eru jólasveinarnir. Leppalúði átti einn son, Skrögg, áður en hann hóf sambúð með Grýlu og tók hún Skrögg í fóstur.

Grýla er ævagömul kerling og nefnd meðal tröllkvenna í Snorra-Eddu en hún er ekki bendluð við jólin fyrr en í kvæði frá 17. öld. Kerlingunni er lýst sem fullkominni andstæðu kvenlegrar fegurðar og Leppalúði þykir ekki heldur mikið fyrir augað.

Gríla er með úlfgrátt hár og svartar brúnir, með tennur eins og ofnbrunnið grjót, klær og hófa, kjaftstór, með vígtennur og horn. Hún er með augu í hnakkanum og í þeim logar eldur, eyrun ná langt út á axlir, nefið er stórt og hlykkjótt og úr vitum hennar kemur helblá gufa. Sögur um Grýlu eru fremur fáar en því meira er fjallað um hana í kvæðum og þulum.

Kerlingin á sér hliðstæðu í Færeyjum, á Shetlandseyjum og víðar. Í Færeyjum er Grýlu lýst sem gamalli og ljótri kerlingu sem líkist gamalli rollu sem gengur upprétt á tveimur fótum. Á Shetlandseyjum þekkist tröllkerling sem kallast Skekla og er hún á ýmsan hátt lík Grýlu í háttum. Skekla kemur ríðandi til byggða á svörtum hesti með hvíta stjörnu í enni, hesturinn er með fimmtán tögl og á hverju tagli hanga fimmtán börn.

Í gömlum kvæðum er Grýlu lýst sem beiningakerlingu sem fer á milli bæja og biður foreldrana að gefa sér óþekku börnin en hörfar ef henni er rétt eitthvert matarkyns eða er rekin burt með látum. Kerlingin hefur lengi verið notuð sem barnafæla og flestir hafa einhvern tíma verið hræddir með Grýlu gömlu.

Í seinni tíma frásögnum hefur Grýla tekið upp fasta búsetu og býr í helli, fjarri mannabyggðum. Þegar hér er komið sögu fer allur tími hennar í að sjóða mat í stórum potti, stjana við Leppalúða og gefa krakkaófétunum að éta. Grýla er hætt að fylgjast með tíðarandanum og verður sífellt forneskjulegri, hún er einmanaleg gömul kerling sem hefur gleymst í öllum látunum í kringum jólin.

Hugmyndin um Grýlu hefur breyst mikið í tímans rás þótt meginhlutverk hennar hafi alla tíð verið að temja börn. Árni Björnsson segir, með nokkrum fyrirvara, í bók sinni, Saga daganna, að Grýla endurspegli grimmd yfirvalda gagnvart alþýðunni og að hún hafi farið að mildast eftir að einveldi var afnumið. Því hefur einnig verið haldið fram að Grýla og hyski hennar séu tákngervingar náttúruaflanna, skammdegismyrkursins eða flökkulýðs sem fór um landið.

/VH

NYTJAR HAFSINS

Samdráttur á nýliðnu fiskveiðiári:

Aflinn rétt rúm milljón tonn

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Síðasta fiskveiðiár verður seint talið mikið aflaár í íslenskum sjávarútvegi. Veiðin losaði rétt um milljón tonn. Uppsjávarafli hefur dregist mikið saman vegna lítillar loðnuveiði. Aflahæsta skipið í flotanum er Börkur NK.

Nýlega birti Fiskistofa yfirlit um veiðar á fiskveiðiárinu 2019/2020. Heildaraflinn var rúmlega 1.011 þúsund tonn og minnkaði frá fyrra ári um 7,3%. Síðustu fimm fiskveiðiár hefur aflinn verið frá rúmlega milljón tonnum á ári upp í tæpar 1,3 milljónir tonna.

Mestur ársafli rúmar tvær milljónir tonna

Fiskveiðiárið byrjar 1. september og lýkur 31. ágúst árið eftir. Fiskistofa miðar sína samantekt um afla við fiskveiðiár en upplýsingar á vef Hagstofunnar, sem einnig er vitnað til hér, taka einkum mið af almanaksárinu. Það skiptir þó ekki öllu máli hvort miðað er við fiskveiðiár eða almanaksár þegar litið er á aflatölur í sögulegu samhengi.

Frá almanaksárinu 1975 hefur heildarafli íslenskra skipa verið á bilinu 1,5 til tvær milljónir tonna flest árin samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar. Á árabilinu 1996 til 2003 fór aflinn sex sinnum yfir tvær milljónir tonna á ári. Mestur varð aflinn 2.225 þúsund tonn árið 1997. Af þessu má sjá að milljón tonna afli er ekki mikill í samanburði við það sem áður var.

Þess má geta að almanaksárið 2018 var Ísland í 19. sæti yfir fiskveiðiþjóðir heims en afli okkar þá var tæpar 1,3 milljónir tonna.

Í yfirliti Fiskistofu um fiskveiðiárið 2019/2020 er aflanum skipt í þrjá flokka: botnfisk, uppsjávarfisk og skel og krabba. Verður fjallað um hvern flokk hér á eftir.

Minni botnfiskur en aukning í þorski

Botnfiskaflinn á síðasta fiskveiðiári nam 483 þúsund tonnum og dróst saman um 30 þúsund tonn milli ára, sem sjá má í meðfylgjandi töflu.


Þorskur er sem fyrr langmikilvægasta botnfisktegundin. Alls veiddust 278.503 tonn af þorski, að Barentshafsþorski meðtöldum, sem eru um 57% af heildarbotnfiskafla.


Þorskaflinn jókst um 3 þúsund tonn milli fiskveiðiára en ýsuaflinn minnkaði um 11 þúsund tonn. Mikill samdráttur varð einnig í veiðum á ufsa, gullkarfa og steinbít.


Flatfiskar eru taldir með botnfiskum í þessari samantekt. Svipaður afli er milli ára í flatfisktegundum eins og grálúðu og skarkola en annar flatfiskafli hefur dregist saman.

Minnsti afli uppsjávarfisks í áratugi

Síðustu ár og áratugi hafa orðið miklar sveiflur í afla uppsjávarfiska sem sjá má í meðfylgjandi skýringarmynd sem byggð er á gögnum frá Fiskistofu. Um er að ræða fimm fisktegundir: norsk-íslenska síld, íslenska síld, loðnu, kolmunna og makríl. Aflinn hefur sveiflast í flestum þessum tegundum, þó mest í loðnu. Ólíkt botnfiskum miðast kvóti flestra uppsjávartegunda við almanakasárið.







Uppsjávaraflinn síðasta fiskveiðiár var tæp 520 þúsund tonn og dróst saman um 48 þúsund tonn milli ára. Aflinn jókst aðeins í einni tegund, norsk-íslensku síldinni.

Frá fiskveiðiárinu 1992/1993 hefur uppsjávaraflinn aldrei verið jafnlítill og á síðasta ári. Fram til 2004/2005 var aflinn yfir milljón tonn á ári að einu fiskveiðiári undanskyldu. Mestur varð hann árið 2001/2002 samtals rúmar 1,6 milljónir tonna. Síðustu árin hefur sigið á ógæfuhliðina en tilkoma makríls hefur vegið að hluta til upp á móti samdrætti í öðrum tegundum.

Mikið í húfi

Heildarafli íslenskra skipa ræðst mikið af loðnuveiðinni eins og áður er vikið að. Vegna hlýnunar sjávar hefur dreifing loðnu breyst, bæði ungloðnu og kynþroska loðnu á fæðuslóð. Hún hefur ekki fundist í sama mæli og áður, hvorki í mælingum á ungloðnu, fullorðinni loðnu á fæðuslóð né loðnu í hefðbundinni hrygningargöngu.

Lengst af eða fram til 2005 var loðnuaflinn flest árin frá 500 þúsund tonnum og upp í eina milljón tonna á ári. Þrisvar sinnum hefur aflinn verið meiri en milljón tonn, fór mest í rúmar 1,3 milljónir tonna almanaksárið 1996.

Frá árinu 2005 hefur aflinn hins vegar aðeins einu sinni farið yfir 500 þúsund tonn en það var árið 2012. Flest árin frá 2006 hefur aflinn verið undir 200 þúsund tonnum. Síðustu tvö árin hefur verið loðnubrestur.

Allt kapp hefur nú verið lagt á að mæla loðnustofninn í þeirri von að nógu mikið finnist til að unnt verði að gefa út kvóta svo uppsjávarskipin geti haldið til veiða. Mikið er í húfi því þokkaleg loðnuvertíð getur skilað allt að 30 milljörðum króna í útflutningstekjur í þjóðarbúið.

Humar og skelfiskur, fátt um fína drætti

Veiðar á rækju og humri voru lengi vel snar þáttur í afla og aflaverðmæti íslenskra skipa. Nú er fátt um fína drætti í þessum flokki.

Humarstofninn hefur hrunið. Veiðar á humri eru nú aðeins leyfðar til að ná í sýnishorn af tegundinni til að fylgjast með stærðarsamsetningu og dreifingu.

Rækjustofnar, bæði innfjarðar og í úthafinu, hafa skroppið verulega saman. Á síðasta fiskveiðiári var rækjuafli aðeins um 2.800 tonn. Mestur varð rækjuafli íslenskra skipa, jafnt innan lögsögu sem utan, samanlagt tæp 90 þúsund tonn árið 1996.

Aflahæstu skip

Fjöldi skipa af öllum stærðum og gerðum stendur á bak við veiðarnar ár hvert. Aflinn skiptist misjafnlega niður á þau eins og við er að búast og ræðst það af kvóta þeirra, afkastagetu og áhöfn. Til fróðleiks verða hér nefnd aflahæstu skip á fiskveiðiárinu í þremur tegundum skipa og báta, þ.e. í flokki skuttogara, uppsjávarskipa og smábáta.

Aflahæsta uppsjávarskipið á fiskveiðiárinu er Börkur NK, sem Síldarvinnslan í Neskaupstað gerir út, með samtals 44.505 tonn. Börkur er jafnframt aflahæsta skipið í flotanum. Rétt á eftir Berki kemur uppsjávarskipið Venus NK, sem Brim gerir út, með 43.966 tonn. Aflahæstu uppsjávarskipin veiddu að sjálfsögðu mun meira hér á árum áður þegar veiðiheimildir voru rýmri en nú er.

Aflahæsti skuttogarinn síðastliðið fiskveiðiár er frystitogarinn Sólberg ÓF sem Rammi í Fjallabyggð gerir út. Skipið veiddi samtals 13.127 tonn, 9.835 tonn í íslenskri landhelgi og 3.292 tonn í Barentshafi. Enginn íslenskur togari hefur komið með jafnmikinn botnfiskafla að landi á einu ári og Sólbergið samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni fréttasíðunnar aflafrettir.is.

Aflahæsti smábáturinn á fiskveiðiárinu er Sandfell SU sem Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði gerir út. Hann er um 30 tonn að stærð og veiðir í krókaaflamarkskerfinu. Afli hans er 2.371 tonn og aflaverðmætið 615 milljónir króna.

Afli íslenskra skipa fiskveiðiárin 2015/2016 til 2019/2020

Afli upp úr sjó (tonn)

Fisktegund	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019	2019/2020
Þorskur	257.929	242.735	274.064	269.296	272.283
Barentshafsþorskur	6.165	6.509	4.926	6.582	6.220
Ýsa	40.491	35.462	43.514	59.438	48.408
Ufsi	49.554	45.298	59.034	70.553	53.352
Gullkarfi	54.779	48.265	51.789	44.533	41.136
Djúpkarfi	9.611	8.559	10.552	8.672	10.642
Steinbítur	8.952	7.538	9.527	9.332	7.150
Úthafskarfi	2.830	2.002	1.138	236	
Grálúða	13.402	12.146	14.867	12.651	12.366
Skarkoli	7.614	6.376	8.211	7.096	7.179
Annar flatfiskur	3.927	3.338	3.528	3.191	2.806
Annar botnfiskur	32.154	22.664	23.906	21.888	21.931
Samtals botnfiskur	**487.408**	**440.892**	**505.056**	**513.468**	**483.473**
Síld	69.843	61.161	36.005	40.968	32.536
Norsk-íslensk síld	37.851	53.798	81.115	88.963	109.420
Loðna	101.089	196.832	186.333		
Kolmunni	189.345	207.907	297.302	270.870	225.644
Makríll	148.268	150.308	152.799	166.360	151.994
Annar uppsjávarfiskur	639	262	21	213	657
Samtals uppsjávarfiskur	**547.035**	**670.268**	**753.575**	**567.374**	**520.251**
Humar / Leturhumar	1.536	1.186	820	300	195
Rækja	6.950	4.431	4.479	3.212	2.780
Annar skel- og krabbaafli	4.312	3.941	6.998	6.148	4.077
Samtals skel og krabbar	**12.798**	**9.558**	**12.297**	**9.660**	**7.052**

Heimild: Fiskistofa

EYLÍF



Active **JOINTS** & Smoother **SKIN&HAIR** frá **Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni og Nettó
Ókeypis heimsending af www.eylif.is



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama Active JOINTS



DAGRÚN MJÖLL

Loksins get ég prjónað aftur eftir að ég kynntist Active JOINTS



JÓHANNA BJÖRNSDÓTTIR

Ég ætla svo sannarlega að halda áfram að taka þessa snilldar vöru Smoother SKIN & HAIR

Active JOINTS
Inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á beinin, liðina, meltingu og húðina.

- ☑ Gott fyrir liðina, fyrir meltinguna, beinin og bandvef
- ☑ Andoxandi
- ☑ Inniheldur: kalkþörunga, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica kísil, birki, C og D3 vítamín.

Active JOINTS og Smoother SKIN & HAIR
Vörurnar eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum og er framleiðslan á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir er að baki öllum hráefnunum. Við hjá Eylíf vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreina íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt.

Smoother SKIN & HAIR
frá Eylíf inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð, neglur og hár. Efnin sem valin eru í blönduna næra húðina og hárið innan frá, auka raka og viðhalda heilbrigðum eiginleikum. Að auki njóta melting og liðir góðs af sömu næringarefnum, ásamt orkubúskapnum.

- ☑ Mýkir húðina og hárið og styrkir neglur
- ☑ Virkar vel á meltinguna og þarmaflóruna
- ☑ Gott fyrir liðina
- ☑ Andoxandi
- ☑ Inniheldur kollagen, smáþörunga (Astaxanthin), GeoSilica, vítamín A,B2,B6,C,D3,bíótín, níasín, kopar, zink, joð, selen og magnesíum.



HEILSAN ER DÝRMÆTUST

HREYSTI **LIÐLEIKI** **STYRKUR**

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

Vill gera sælkeramatargerð aðgengilegri



Landsliðskokkurinn Snædís Jónsdóttir segir mikilvægt að sýna íslenskum neytendum hversu auðvelt sé að elda lambakjöt á framandi hátt. – „Ég vildi leggja áherslu á ferska nálgun og nýta tækifærið til þess að kynna minni þekkta bita, eins og til dæmis lambabóginn.“

Síðastliðinn þriðjudag streymdi íslenskt lambakjöt þriðja matreiðsluþættinum í seríunni Náttúrulega hreint – beint á Facebook-síðu sinni. Þættirnir eru hluti af ímyndar- og kynningarherferðum Icelandic Lamb á innanlandsmarkaði en landsliðskokkurinn Snædís Jónsdóttir hefur umsjón með þættinum sem sýndur er í beinni útsendingu á hverjum þriðjudegi klukkan 15.00.

Markmið þáttaraðarinnar er að vekja athygli íslenskra neytenda á fjölbreytileika íslensks lambakjöts og kenna áhorfendum að elda auðveldar uppskriftir sem henta öllum, þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í matargerð eða atvinnumatreiðslumönnum. Snædís tekur á móti góðum gesti í hverjum þætti og tekur fyrir nýjan lambakjötsbita til þess að elda úr, en í fyrstu þrem þáttunum hafa verið tekin fyrir lambabógur, gúllas og nú síðast hangikjöt. Aðspurð segir Snædís mikilvægt að sýna íslenskum neytendum hversu auðvelt sé að elda lambakjöt á framandi hátt.

„Ég vildi leggja áherslu á ferska nálgun og nýta tækifærið til þess að kynna minni þekkta bita eins og til dæmis lambabóginn. Ég hef líka lagt mig fram við að sýna hvernig sé hægt að nota afganga á skemmtilegan máta. Eftir að fyrsti þátturinn fór í loftið fengum við skilaboð frá áhorfendum sem vildu endilega fá hugmyndir að uppskriftum af réttum úr afgöngum sem gætu komið í stað þess að setja kjötið bara í pott með sósu og kartöflum.“ Aðspurð segist Snædís vilja gefa áhorfendum tækifæri til þess að upphefja hversdagsmatargerðina og gera sælkeramatreiðslu aðgengilegri. „Það er furðulega auðvelt fyrir okkur Íslendinga að nálgast hágæðahráefni, íslenskar afurðir eru á heimsmælikvarða og íslenska lambið er einstaklega meyrt og auðvelt að elda. Við höfum nóg af ferskum fiski, góðu grænmeti og mörg tækifæri leynast í náttúrunni í kringum okkur.“ Snædísi þykir skemmtilegast að vinna með íslensk hráefni þegar hún setur saman rétti en hún hefur mikla reynslu af því, enda hefur Snædís náð eftirtektarverðum árangri með íslenska kokkalandsliðinu.

4 ára reynsla af matreiðslukeppnum

Snædís hóf feril sinn í matreiðslukeppnum árið 2016 sem aðstoðarmaður kokkalandsliðsins á Ólympíuleikum matreiðslumanna þar sem liðið lenti í 3. sæti í flokknum eftirréttir. Hún var meðlimur liðsins þegar það hneppti gullverðlaun á heimsmeistaramóti matreiðslumanna árið 2018 og komst í úrslit keppninnar kokkur ársins sama ár. Á Ólympíuleikum matreiðslumanna í febrúar síðastliðnum var Snædís í forsvari fyrir kokkalandsliðið sem fyrirliði þess en þar náði liðið sögulegum árangri og endaði í 3. sæti. Er þetta besti árangur Kokkalandsliðsins á Ólympíuleikunum.. Liðið vann til gullverðlauna í báðum keppnisgreinum sínum á mótinu, í „Chef´s table“ annars vegar og „Heitum þriggja rétta“ kvöldverði hins vegar.

Hörð samkeppni einkennir störf kokkalandsliðsins og töluverðar kröfur gerðar til meðlima liðsins. Snædís segir störf sín fyrir kokkalandsliðið hafa haft mótandi áhrif á sig og hún lært mikið af reynslunni. Keppnisumhverfið einkennist af ströngu skipulagi og gerðar eru miklar kröfur um hreinlæti og framsetningu. „Reynsla mín af matreiðslukeppnunum er ómetanleg að mínu mati. Ég er mikið skipulagðari í eldhúsinu núna og set mikinn metnað í að halda mínu svæði hreinu. Ég er öruggari og sjálfsaginn og teymisvinnan sem er ómissandi partur af starfi kokkalandsliðsins er ekki hægt að kenna í skóla. Ég er metnaðarfull og í kokkalandsliðinu lærði ég að líta til baka, meta eigin árangur og árangur liðsins og sjá hvernig við getum bætt okkur. Ég reyni að temja mér það í öllu sem ég geri og er þakklát fyrir þau tækifæri sem ég hef fengið hjá landsliðinu.“

Óvænt útrás fyrir sköpunarkraftinn

Snædís ólst upp á Dalvík en á yngri árum stefndi hún á nám í fatahönnun. Hún vann meðfram fatatækninámu á veitingastaðnum Sushi Samba í miðbæ Reykjavíkur og vann sig hratt upp í eldhúsinu. Eigandi staðarins hvatti Snædísi reglulega til þess að skrá sig í matreiðslunám, að lokum sló hún til og fór á námssamning í matreiðslu og í Hótel- og matvælaskólann. Segist hún strax hafa fundið að hún væri á réttum stað. „Ég ætlaði mér alltaf að verða fatahönnuður en ég endaði sem matarhönnuður,“ segir Snædís og hlær. „Ég fæ útrás fyrir sköpunarkraftinn í matreiðslunni, að hanna eigin rétti og diska er listform. Það tekur til dæmis kokkalandsliðið marga mánuði að undirbúa keppnir, þróa rétti og finna réttu samsetninguna.“ Snædís, sem hefur fjölbreytta reynslu af kokkastarfinu og unnið meðal annars á Apótekinu og Mími á Hótel Sögu, segir að uppáhaldsvinnustaðurinn verði þó alltaf veiðihúsin. „Veiðihúsin standa alltaf upp úr. Þar er oftast bara einn eða tveir kokkar og fáum við fullt frelsi til þess að setja saman matseðla, upp að vissu marki auðvitað. Ég hef gaman af því að elda fyrir ferðamenn og kynna fyrir þeim íslensk hráefni á einstakan hátt og þá eru veiðihús að mínu mati besti vettvangurinn. Þar eiga matreiðslumenn og viðskiptavinir í samskiptum og við fáum tækifæri til þess að ræða við gestina.“ Segist hún hafa lagt sig alla fram við matargerðina og fann sig fá útrás fyrir sköpunarkraftinn og setti áherslu á listina sem býr í matargerðinni. „Ég fór reglulega út og tíndi ferskar jurtir og önnur íslensk hráefni. Það óx til dæmis villt skessujurt bak við eitt veiðihúsið og notaði ég það óspart. Ég set mikinn metnað í réttina mína og það var ánægjulegt að fá viðbrögð frá gestunum þegar ég taldi upp hvaða hráefni ég hefði tínt þann daginn. Að sjá svipinn á kröfuhörðum matargestum þegar þeir smakka matinn sem ég hef lagt mig alla fram við, það er ógleymanlegt.“

Snædís vinnur nú hörðum höndum að því að undirbúa næsta matreiðsluþátt en honum verður streymt á Facebook-síðum Íslenskt lambakjöt, Icelandic Lamb, Bændablaðsins og Veitingageirans. Þar verður jólasteikin í forgrunni en Snædís ætlar að sýna hvernig má töfra fram jólamáltíð fyrir mismunandi fjölskyldustærðir. „Í dag getur matreiðslan á aðfangadag verið flókin. Á sumum heimilum búa til dæmis saman kjötætur og grænmetisætur og í ár setja samkomutakmarkanir strik í hátíðarhöldin. Þess vegna vildi ég taka sömu uppskrift en nota mismunandi bita, fyrir fjóra til fimm annars vegar og tvo til þrjá hins vegar. Þessar aðstæður kalla svo sannarlega á nýjar lausnir.“ Hægt er að fá áminningu um beinu útsendinguna með því að fylgja Íslensku lambakjöti, Bændablaðinu eða öðrum streymissíðum á Facebook en allar uppskriftir eru aðgengilegar á heimasíðunni íslensktlambakjöt.is.

/Una Hildardóttir

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Vorviður:
Stuðningur við kolefnisbindingu – Kostnaður við plöntukaup endurgreiddur

Skógræktin auglýsir eftir umsóknum um styrki til kolefnisbindingar með skógrækt á vegum félaga og félagasamtaka. Verkefnið kallast Vorviður og er hluti aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.

Sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er Skógræktinni falið að efla tengsl við og styðja félagasamtök með sérstöku verkefni. Verkefnið Vorviður er hluti bættrar landnýtingar í þágu loftslags í aðgerðaráætluninni

Markmið verkefnisins er að efla samstarf Skógræktarinnar og ýmissa félaga um allt land í því augnamiði að gefa félögum kost á að binda kolefni með eigin skógrækt. Félög sem nota land sem þegar er á skipulögðu skógræktarlandi njóta forgangs. Plönturnar skulu vera ræktaðar í ræktunarstöð og það telst vera kostur ef hún er í heimahéraði. Ekki er um að ræða styrk vegna eigin plöntuframleiðslu.



Stuðningurinn felst í endurgreiðslu kostnaðar við plöntukaup eingöngu. Félög sækja um styrkinn til Skógræktarinnar sem annast umsýslu þessa verkefnis. Sækja þarf um fyrir hvert ár eins og vinnureglur kveða á um. Um hvert verkefni er gerður samningur við Skógræktina. Umsóknarfrestur fyrir verkefni árið 2021 er til 15. janúar 2021 og nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef þess, skogur.is/vorvidur. */VH*

AFLVÉLAR

ÁRAMÓTATILBOÐ
Á DRÁTTARVÉLUM & HEYVINNUTÆKJUM

















DUUN
Haugtæki, snjó- og vetrartæki.

HE-VA
Jarðvinnutæki

KIVI-PEKKA
Grjóttínslu tæki

aebi schmidt group
Snjó- og vetrartæki

FMG FARM MACHINERY GROUP
Snjóplógar

AS MOTOR
Vélar og tæki fyrir sveitarfélög og verktaka

SB BLANEY AGRI SOLUTIONS
Afrúllarar

Tokvam
Snjó- og vetrartæki

Varahlutaverslun

AGCO Your Agriculture Company
Aukahlutir

TUDOR BATTERIES
Rafgeymar

KONI
Demparar

Sparex
Rekstrarvara og varahlutir

Rekstrarvara

HELLA
Ljós og rekstrarvara

JÖTUNN LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA

Vesturhraun 3 // 210 Garðabær // 480 0000
Austurvegur 69 // 800 Selfoss // 480 0400
aflvelar.is // sala@aflvelar.is

AFLVÉLAR

FRÉTTASKÝRING

Væntanlega verður byrjað að umbylta framleiðslu á áli með innleiðingu nýrrar tækni 2024:

Ný tækni í þróun fyrir álver sem losar engan koltvísýring út í andrúmsloftið, bara súrefni

– Tvö slík þróunarverkefni í gangi hjá Elysis í Kanada og verkefni Arctus, Nýsköpunarmiðstöðvar og Trimnet í Þýskalandi



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Alcoa og Rio Tinto hafa verið leiðandi á heimsvísu í þróun óvirkra rafskauta sem svo eru nefnd, og eru án kolefnis. Ef sú þróun gengur eftir þá mun rafgreining áls leysa úr læðingi súrefni en ekki CO_2 samkvæmt upplýsingum frá Samtökum álframleiðenda á Íslandi, SAMÁL.

Stefnt er að því að hleypa af stokkunum þessari nýju tækni árið 2024 og miðar hún að því að hægt sé að innleiða hana í álverum sem þegar eru starfandi.

Rafskaut án kola

Aðferðin byggir á notkun rafskauta úr málmblöndum og keramiki í stað kolefnisskauta við rafgreiningu á málmgrýtisdufti. Hráefnið báxsíð (bauxite) eða súrál, eins og það heitir á íslensku, er efnasamband áls og súrefnis sem jafnframt nefnist áloxíð. Það samanstendur af tveim álfrumeindum (Al) og þrem súrefnisfrumeindum (O). Súrál er hvítt, púðurkennt efni og aðalhráefnið í lokaframleiðslu á áli í álverum líkt og í Straumsvík.

Við rafgreiningu brenna kolefnisskautin og súrefnið í hefðbundunum álverum og mynda mikla losun á koltvísýringi út í andrúsmloftið. Með nýju tækninni skilst súrefnið frá álinu og engin kolefnisskaut eru til staðar sem geta brunnið.

Helsti kosturinn við þessa nýju framleiðsluaðferð er því sá að enginn koltvísýringur myndast í framleiðsluferlinu, eingöngu ál og súrefni.

Sem kunnugt er rekur Rio Tinto, álverið í Straumsvík og Alcoa á og rekur álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði og þessi nýja tækni mun því væntanlega snerta beint stóriðjurekstur fyrirtækjanna á Íslandi.

Stofnuðu Elysis 2018

Um þetta rafskautaverkefni var fyrirtækið ELYSIS stofnað af Alcoa og Rio Tinto í samstarfi við kanadísk stjórnvöld og Apple árið 2018. Stefnt er að því að hleypa þessari nýju tækni af stokkunum árið 2024 og miðar hún að því að hægt sé að innleiða hana í álverum sem þegar eru starfandi. Hafa fyrirtækin þegar lagt í þetta verkefni 188 milljónir Kanadadollara sem samsvarar rúmum 18,6 milljörðum íslenskra króna.

Apple og kanadísk yfirvöld áhugasöm um þróunarvinnu Alcoa og Rio Tinto

Apple hefur þegar fengið afhent sýnishorn af áli frá Elysis þar sem engin losun var við rafgreininguna. Í umhverfisskýrslu Apple sem kom út í sumar, segir að nýja MacBook Pro verði fyrsta tækið í heiminum, þar sem eingöngu verður notað ál sem framleitt er hjá Elysis. Lagði Apple 13 milljónir Kanadadollara (CAD) í þetta verkefni. Þá stefnir Apple að því að öll framleiðslukeðja fyrirtækisins verði orðin 100% kolefnishlutlaus árið 2030.

Stjórnvöld í Kanada og yfirvöld í Quebec fylki hafa í gegnum samstarfsverkefnið „Investissement Quebec“ samþykkt að styðja við Elysis með fjárfestingu upp á 60 milljónir CAD. Kanadamenn sjá í þessu mikil tækifæri til að draga úr losun álvera þar í landi, en þau losa árlega um 7 milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum. Það jafnast á við útblástur frá 1,8 milljónum bifreiða.



Álver Alcoa á Reyðarfirði hóf starfsemi árið 2007. Það er stærsta álver landsins og með framleiðslugetu upp á 360 þúsund tonn af áli á ári. Mynd / HKr.



Álver Rio Tinto í Staumsvík var upphaflega í eigu svissneska félagsins Alusuisse. Verksmiðjan var formlega vígð í maí 1970 með framleiðslugetu í 120 kerum upp á 33.000 tonn á ári. Nú er framleiðslugetan um 211.000 tonn. Mynd / Rio Tinto



Álver Trimnet Aluminum í Essen í Þýskalandi. Arctus og Nýsköpunarmiðstöð gerðu samstarfssamning við Trimnet Aluminum, eitt af stærstu álfyrirtækjum Evrópu. Lýtur samningurinn að því að Trimnet keyri tilraunaker í fullri stærð í einu af álverum fyrirtækisins í Þýskalandi með tækni sem þróuð var á Íslandi. Mynd / Trimnet

Nauðsynlegt að draga úr kolefnislosun

Vincent Christ, forstjóri Elysis, sagði í viðtali í þættinum Place Publique á úrvarpsstöðinni ICI Radio-Canada Première í september að það muni verða nauðsynlegt að draga úr kolefnislosun frá framleiðslukeðjunni.

„Við sjáum að framleiðslufyrirtækin t.d. í framleiðslu á bílum og símum, eru sífellt meira að ræða þau markmið að verða kolefnishlutlaus.“

Þróunarvinnu Elysis er haldið áfram í þróunarstöð fyrirtækisins sem verið er að setja upp í Saguency þrátt fyrir heimsfaraldur COVID-19.

„Þrátt fyrir faraldurinn og hrun á álmarkaði, er nauðsynlegt að hafa í huga að okkar starfsemi hefur ekki hægt á sér og við höldum fast við okkar verkefnaplan,“ sagði Vincent Christ.

Gera þurfti hlé á verkefni Elysis við rafskautaþróun í framleiðslumiðstöð Rio Tinto í Jonquière í Quebec fylki í Kanada 24. mars. Vinna hófst samt aftur í byrjun maí. Þar er um að ræða verkefni upp á 50 milljónir dollara.

Unnið er að því að tryggja búnað sem til þarf frá Kanada, Svíþjóð, Frakklandi og Spáni. Áætlað er að rannsóknarmiðstöðin geti hafið að fullu starfsemi nú um áramótin. Er það samkvæmt upphaflegri áætlun, en fram undan er uppsetning á búnaði og upphafsfasi tilrauna. Verið er að ráða og þjálfa 25 starfsmenn til verkefnisins. Vegna COVID-19 faraldursins vinnur um helmingur þeirra heima.

Samkvæmt orðum Vincent Christ í samtali við vefsíðu Informe affaires, þá er ráðgert að rafskautin verði framleidd á Saguency – Lac-Saint-Jane svæðinu í Quebec þar sem bæði Alcoa og Rio Tinto, sem eru stærstu hluthafar í Elysis, eru með álverksmiðjur.

Framleiðslan eykst samfara lægri framleiðslukostnaði

Vincent Christ segir að þessi tækni eigi að mæta alþjóðlegri eftirspurn eftir vörum með minna kolefnisspor. Það muni einnig draga úr framleiðslukostnaði álvera um leið og framleiðslugetan eykst.

„Þegar tæknin verður markaðssett mun Elysis tryggja einkaleyfi á þeim efnum sem nauðsynleg eru til framleiðslu nýrrar kynslóðar rafskauta og bakskauta. Þau munu jafnframt hafa 30 sinnum lengri líftíma en þau skaut sem nú eru notuð,“ segir Vincent Christ.

Íslensk tilraun Nýsköpunarmiðstöðvar og Arctus metals ehf.

Stóriðja og rekstur álvera á Íslandi hafa mætt talsverðri andspyrnu á liðnum árum þrátt fyrir að tilvera þeirra sé lykillinn að uppbyggingu þess öfluga raforkukerfis sem Íslendingar státa sig mjög af í dag. Helsti ágreiningurinn lýtur að loftmengun frá stóriðjunni og röskun náttúru vegna byggingar orkuvera. Það var því mjög áhugavert að Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem nú er reyndar verið að leggja niður, og Arctus Metals ehf. kynntu tilraunir með framleiðslu áls án loftmengunar á Íslandi með því sem kallað er „óvirk skaut“. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók við fyrstu álstönginni sem þróuð er með þessari aðferð í sumar.

Þessi aðferð Nýsköpunarmiðstöð og Arctus byggir á því að notuð eru rafskaut úr málmblöndum og keramiki í stað kolefnisskauta. Þar sem forskautin taka ekki þátt í efnahvarfinu eru þau sögð vera óvirk. Enginn koltvísýringur myndast í framleiðsluferlinu, eingöngu ál og súrefni eins og í því ferli sem Alcoa, Rio Tinto eru að þróa í samvinnu við Apple.

Ál hefur þegar verið framleitt á tilraunastofu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands með þessari nýju aðferð og þar með staðfest framleiðsluferilinn. Verkefnið hefur frá 2016 notið rannsóknarstyrks frá Tækniþróunarsjóði.

Í því skyni að skala upp verkefnið svo það henti fyrir framleiðsluker í fullri stærð undirrituðu Arctus og Nýsköpunarmiðstöð samstarfssamning við eitt af stærstu álfyrirtækjum Evrópu, Trimet Aluminium. Lýtur samningurinn að því að Trimnet keyri tilraunaker í fullri stærð í einu af álverum fyrirtækisins í Þýskalandi.

Til mikils að vinna við að draga úr losun á 1,6 milljónum tonna af CO_2

Til mikils er að vinna, því sem dæmi þá gefa íslensk álver frá sér um 1,6 milljónir tonna af koltvísýringi á ári, þrátt fyrir að raforkan sem notuð er til rafgreiningar á súráli sé endurnýjanleg og ekki framleidd með brennslu kola. Ef öll álverin okkar tækju upp þessa nýju tækni myndi það minnka losun koltvísýrings á Íslandi um 30%. Álver á stærð við Ísal í Straumsvík myndi með nýrri aðferð Arctus framleiða súrefni á borð við 500 ferkílómetra skóg, samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni alklasinn.is.

Ísland með einstakt tækifæri

Ef það tekst að breyta álverum á Íslandi fyrir þessa nýju rafgreiningartækni, þá eru ekki mörg lönd, ef nokkurt, annað en Ísland sem gætu boðið upp á nær algjörlega græna álframleiðslu. Ekki einu sinni Norðmenn, þar sem þeir eru nú beintengdir við raforkunet Evrópu. Stærsti hluti af raforku fyrir málbræðslur í Evrópu er t.d. framleidd með kolum, olíu, gasi og kjarnorku.

Trimnet vaxandi fyrirtæki í ál- og bílaiðnaði

Trimnet Aluminuum SE, sem Arctus og Nýsköpunarmiðstöð sömdu við, er stórt, en samt kallað millistærðarfyrirtæki á þýska vísu með um 3.000 starfsmenn á átta starfsstöðvum og 6.000 manns í tengdum fyrirtækjum. Starfsemin fer fram í Essen, Gelsenkirchen, Hamburg, Harzgerode, Sömmerda, Voerde, Essen og í Berlín.

Trimnet er með höfuðstöðvar í



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, og forstjórar/fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, Elkem, Fjarðaáls, Rio Tinto á Íslandi og Norðuráls undirrituðu í sumar viljayfirlýsingu um kolefnishreinsun og -bindingu.

Essen en var stofnað í Düsseldorf árið 1985. Fyrirtækið keypti sig inn í áliðnaðinn 1993 með kaupum á endurvinnslufyrirtækinu Aluminium und die Aluminium Recycling AG og úr varð fyrirtækið Aluminium Recycling GmbH. Árið 1994 keypti Trimnet álverksmiðju AluSuisse í Essen í Þýskalandi. Árið 2001 voru síðan keypt málmsteypufyrirtæki í Harzgerode og Sömmerda sem tengdi félagið inn í bílaiðnaðinn. Þá var málmendurvinnslan í Harzgerode aukin í 40.000 tonn á ári.

Trimnet endurræsti rafgreiningarverksmiðju álvers í Hamborg á árunum 2006-2007, en þar var framleiðslugetan 130.000 tonn. Fyrirtækið keypti auk þess álver í Saint-Jean-de-Maurienne og Castelsarrasin í Frakklandi af Rio Tinto Alcan árið 2013. Síðan keypti Trimnet álver Voerdal Aluminium GmbH í Þýskalandi árið 2014. Þar er framleiðslugetan 90.000 tonna á ári. Þá rann bíladeild Trimnet inn í sameiginlegt fyrirtæki Bohai Automotive Systems Co., Ltd. og úr því varð til BOHAI TRIMET Automotive.

Viljayfirlýsing stóriðjuvera um niðurdælingu í jörðu á koltvísýringi

Fyrir utan tilraunir sem nú eru gerðar með nýjar aðferðir við bræðslu á súráli, þá hafa álverin á Íslandi markvisst verið að leita leiða til að hreinsa koltvísýring úr afgasi verksmiðjanna. Þannig skrifuðu álver og aðrar stórar málmbræðslur á Íslandi undir viljayfirlýsingu í ráðherrabústaðnum 18. júní á þessu ári ásamt forsætisráðherra, iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra, um að taka þátt í þróun verkefnis um niðurdælingu kolefnis eða gas í grjót sem tilraunir hafa verið gerðar með við Hellisheiðarvirkjun. Markmiðið er að rannsaka hvort það geti verið raunhæfur kostur í álframleiðslu og kísilframleiðslu að dæla niður því sem losnar við álframleiðsluna með svipuðum hætti og þar er gert með aðferð sem kölluð er „CarbFix“.

CarbFix“ aðferð Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur hefur þróað „CarbFix“ aðferðina í samstarfi við Háskóla Íslands og erlenda aðila frá árinu 2007. Aðferðin felst í því að CO_2 er fangað úr jarðhitagufu, gasið leyst upp í vatni undir þrýstingi og vatninu dælt niður á 500-800 m dýpi í basaltjarðlög, þar sem CO_2 binst varanlega í berggrunninum í formi steinda. Orka náttúrunnar, dótturfélag OR, hefur nú rekið lofthreinsistöð og niðurdælingu við Hellisheiðarvirkjun samfellt í 5 ár með góðum árangri.

Undir þessa viljayfirlýsingu rituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og forstjórar og fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, Elkem, Fjarðaáls, Rio Tinto á Íslandi og Norðuráls. Jafnframt stóð þá til að fulltrúar PCC á Bakka undirrituðu yfirlýsinguna síðar.

Ef öll áform álrisanna ganga eftir þá virðist afar bjart yfir stóriðju á Íslandi með tilliti til loftslagsmála. Mætti kannski fara að líkja þeim við heilsulindir ef menn horfa framhjá því hvernig hráefnið til framleiðslunnar, báxíð sem nefnt hefur verið súrál á íslensku, er unnið í námum í Ástralíu og víðar um heim. Sú vinnsla þykir ekki sérlega umhverfisvæn.

Spurningin verður þá kannski líka hvað Íslendingar fái þá fyrir sinn snúð í kolefnishagkerfinu þegar álverin hér fara að dæla súrefni út í andrúmsloftið í stórum stíl í stað koltvísýrings.

Kolaorkuknúin álver losa áttfalt meira af CO_2 en álverin á Íslandi

Samkvæmt tölum frá Samtökum álframleiðenda á Íslandi, SAMÁL, þá losa álverin þrjú á Íslandi samtals um 1,6 milljónir tonna af koltvísýringi á ári. Ef þau notuðu raforku frá kolaorkuveri þá væri losunin átta sinnum meiri.

Þó 1,6 milljónir tonna af CO_2 þyki miklu meira en nóg, þá myndu þessi sömu álver losa 12,8 milljónir tonna ef þau notuðu raforku frá kolaorkuverum við framleiðsluna. Lík og tíðkast víða í Evrópu og í 90% álvera í Kína þar sem vöxtur í álframleiðslu hefur verið mestur á undanförnum áratugum. Ef menn hugsa loftmengunina sem sameiginlegt vandamál heimsins, má því allt eins leggja dæmið þannig upp að Íslendingar séu með rekstri álveranna hér á landi að draga úr losun frá álverum á heimsvísu um 11,2 milljónir tonna á ári. Fyrir þá „greiðasemi“ fá Íslendingar þó enga umbun frá kolefnishagkerfinu.

Álver á Íslandi greiða hundruð milljóna á ári fyrir losunarheimildir innan ETS-kerfisins. Að mati SAMÁLS er vandinn sá að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er bundið við Evrópu. Ekki hefur verið tekið upp viðlíka kerfi í öðrum heimsálfum. Það gefur því álframleiðslu í ríkjum á borð við Kína samkeppnisforskot á álframleiðslu á Íslandi, þrátt fyrir að álframleiðslan hér sé margfalt loftslagsvænni.

Níu milljarða tekjur af losunarheimildum

Íslenska ríkið hefur verið að leysa út uppsafnaðar ETS-heimildir á síðustu tveim árum og er áætlað að tekjur af því nemi yfir 9 milljörðum árin 2019 og 2020, samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Á næsta ári verður búið að selja þær heimildir sem söfnuðust upp frá 2013 og eftir það er áætlað að árlegar tekjur ríkisins af ETS-kerfinu nemi um 1,3 milljörðum. Þær losunarheimildir sem ríkið fær úthlutað haldast nokkurn veginn í hendur við þær heimildir sem úthlutað var þegar til ETS-kerfisins var stofnað og má því áætla að kaup orkusækins iðnaðar séu á svipuðum slóðum.

Draga þarf úr loftmengun

Fáir draga í efa brýna nauðsyn þess að draga úr loftmengun á heimsvísu. Þá skiptir máli að þjóðir heims séu samstiga og taki allar jafnan þátt í baráttunni gegn loftmengun. Einnig að beitt sé sanngjarnri aðferðafræði í takt við tölulegar staðreyndir. Menn deila hins vegar um aðferðafræðina sem beitt hefur verið og rökin til að ná slíkum markmiðum. Þar hefur matreiðslan á „staðreyndunum“ oft verið ansi skrautleg og ber mjög sterkan keim af fjárhagslegum hagsmunum í orkumálum stærstu iðnríkjanna.

Úthrópaðir kolefnissóðar

Þó matstölur liggi fyrir um heildarlosun þjóða eru Íslendingar úthrópaðir sem örgustu sóðar í kolefnisumræðunni og sagðir stunda næstmesta losun koltvísýringsígilda af öllum löndum Evrópu – „ef miðað við íbúafjölda.“ Ef losun CO_2 ígilda er hins vegar deilt niður á flatarmál hvers ríkis, þá líta tölulegu staðreyndirnar allt öðruvísi út. Eins og sýnt var fram á í síðasta Bændablaði þá sýna tölur Eurostat að Þjóðverjar eru að losa 888,7 milljónir tonna af CO_2 ígildum á ári. Það gerir 2.489 tonn af CO_2 að meðaltali á ferkílómetra lands hjá þeirri þjóð.



Mengun lofts vegna starfsemi manna er hnattrænt vandamál en ekki staðbundið eins og ætla mætti út frá reiknistuðlum sem mikið eru notaðir í loftslagsumræðunni. Líkt og meirihluti álvera heimsins notast stálbræðslur að stórum hluta við brennslu kola í sinni framleiðslu. Auk þess þurfa stálbræðslurnar mun meiri orku til að framleiða hvert tonn af stáli en álver. Á árinu 2019 voru framleidd tæplega 1,9 milljarðar tonna af stáli í heiminum. Mynd / NALCO

Nýting orkugjafa við álframleiðslu frá 1980 til 2015

Ár	Orkugjafi				
	Vatnsafl	Kol	Jarðgas	Kjarnorka	Olía
1980	51%	28%	8%	6%	10%
1990	56%	34%	4%	5%	1%
2000	46%	40%	8%	5%	0,70%
2010	41%	51%	5%	2%	<0,1%
2013	36%	54%	8%	1%	<0,1%
2014	31%	58%	10%	1%	<0,1%
2015	30%	59%	9%	2%	0,03%

Heimildir: SAMÁL - IAI (2015)

Samkvæmt sömu upplýsingum voru Íslendingar að losa 6,2 milljónir tonna á ári sem eru að jafnaði um 60 tonn af CO_2 ígildum á ferkílómetra.

Sífellt stærra hlutfall kolaorkuvera knýja álframleiðslu heimsins

Mikil öfugþróun hefur verið í nýtingu orkugjafa varðandi framleiðslu á áli í heiminum með tilliti til loftslagsmála samkvæmt tölum frá SAMÁL.

Árið 1980 var 51% af álinu framleitt með vatnsorku og 28% með kolum. Aðrir orkugjafar voru jarðgas, kjarnorka og olía. Árið 1990 var 56% af álinu framleitt með vatnsorku en 34% með kolum. Aukin kolanotkun skýrðist að mestu á minnkun á olíunotkun. Árið 2000 hafði hlutfall vatnsorkunnar í álframleiðslunni fallið í 46% og kolaorkan var þá komin í 40%. Árið 2010 var vatnsorkuhlutfallið komið niður í 41% og kolahlutfallið hafði þá aukist í 51%. Árið 2013 var hlutfall vatnsorkunnar komið í 36% og kolin stóðu þá fyrir 54% framleiðslunnar. Á árinu 2014 var vatnsorkuhlutfallið komið niður í 31% og kolahlutfallið hafði aukist í 58%. Enn seig á ógæfuhliðina á árinu 2015. Þá var hlutfall vatnsorku við framleiðslu á áli í heiminum komið niður í 30% og hlutfall kola komið upp í 59%. Á Íslandi hefur hlutfall vatnsorkunnar í álframleiðslunni ekkert breyst og er enn 100%.

Á þriðja hundrað álvera

Ef litið er nánar á álverin, þá voru starfrækt um 266 álver í heiminum þegar best lét. Þar af voru um 138 í Kína og 4 í Þýskalandi. Búið er að loka að minnsta kosti 20 álverum í heiminum alfarið eða tímabundið. Það eru því líklega enn starfandi eitthvað á þriðja hundrað álvera í heiminum. Stór hluti þeirra notast við raforku frá kolaorkuverum eða orkuverum sem brenna olíu og gasi.

Loftmengun frá þessum álverum er mjög mikil og þá á eftir að ræða mun orkufrekari framleiðslu á stáli og öðrum málmum.

114 stálbræðslur

Á árinu 2019 voru starfræktar 114 stórar stálbræðslur í heiminum og 41 af þeim voru hver um sig að framleiða meira en 10 milljón tonn af stáli á ári. Þessar stærstu stálbræðslur voru að framleiða samtals 1.869 milljón tonn af stáli árið 2019. Það er vert í þessu samhengi að hugsa til þess að stálframleiðsla og viðskipti með stál í gegnum Evrópska kola og stálbandalagið ECSC sem stofnað var 1951, var einmitt grunnurinn að Rómarsáttmálanum 1957 og stofnun Evrópusambandsins. Um 60 árum síðar virðast menn hafa áttað sig á hvaða afleiðingar mengun af þessum viðskiptum hefur haft. Trúlega þykir mörgum samt umhugsunarvert í ljósi sögunnar, að þetta gamla stál- og kolaviðskiptabandalag sem búið er að njóta góðs af þessum viðskiptum allan tímann, telji sig þess umkomið í dag að skipa öðrum þjóðum hvernig þær eigi að haga sér í loftslagsmálum.

Bræðsla á stáli útheimtir mun meiri orku en álbræðsla

Stál er ekki framleitt með rafgreiningu eins og ál, heldur þarf öflugan hitagjafa til að bræða málmgrýtið. Vissulega er hægt að nota raforku til að bræða stál, en áhrifaríkasta, einfaldasta og ódýrasta leiðin hefur þó verið að nota kol.

Kínverjar eru langöflugastir í framleiðslu á stáli og 22 stálbræðslufyrirtæki í Kína framleiða meira en 10 milljón tonna á ári og þar fyrir utan eru 8 stálfyrirtæki með framleiðslu undir 10 milljón tonnum. Einn stærsti stálframleiðandi heims er hins vegar með höfuðstöðvar í Essen í Þýskalandi, en það er ThyssenKrupp AG. Árið 2015 var það skráð tíunda stærsta stálframleiðslufyrirtæki heims. Það er með starfsstöðvar á 670 stöðum víða um heim, 56.000 starfsmenn og selur vörur fyrir um 11 milljarða evra á ári og er með margvíslega aðra framleiðslu en stál. Það er með 9 verksmiðjur í Þýskalandi, eina í Belgíu, eina í Sviss, eina í Frakklandi og eina á Spáni.

Stálbræðslur sem nota kol losa margfalt meira af CO_2 en álverin á Íslandi

Til að bræða stál, sem er blanda af járni og kolefni, þarf mikla orku, en bræðslumark járns er um 1.538 gráður á Celsíus (°C). Til samanburðar er bræðslumark á áli rétt rúmar 660°C. Það þarf því 2,3 sinnum meiri hitaorku til að bræða járn en ál. Gróflega mætti því segja að stálbræðslur með sömu afkastagetu og álverin á Íslandi, en nota kol við framleiðsluna, losi 18,64 sinnum meira af CO_2. Það gerir 29,8 milljón tonn af CO_2, en ekki 1,6 milljónir tonna eins og íslensku álverin. Því er kannski ekki skrítið að Þýskaland sé samkvæmt tölum Eurostat að losa 888,7 milljónir tonna af CO_2 ígildum á ári. Samt halda stjórnmálamenn, sem vilja láta taka sig alvarlega í loftslagsumræðunni, því statt og stöðugt fram að Íslendingar losi meira af CO_2 út í andrúmsloftið en Þjóðverjar. Þau „sannindi“ fá menn út með því að nota höfðatöluaðferðina. Sú niðurstaða virðist síðan notuð til að hamra inn sektarkennd hjá íslensku þjóðinni.



UTAN ÚR HEIMI

Gríðarlegur samdráttur í flugi í ESB-löndunum frá janúar til október 2020 vegna COVID-19:

Flugumferð um 10 flugvelli í ESB hefur dregist saman um 1.898.500 flugvélar

Hrikalegur samdráttur hefur verið í flugi í Evrópusambandsríkjunum á þessu ári vegna COVID-19 faraldursins. Á þeim tíu flugvöllum þar sem fækkun flugvéla hefur verið mest, eða frá -53% til -66%, hefur flugvélum sem fara um þá velli í almennu flugi í heild fækkað um 1.898.500 vélar.


Í janúar 2020, áður en COVID-19 fór að gæta, varð strax lítils háttar samdráttur frá fyrra ári, eða um -0,8%, sem væntanlega má að mestu rekja til samdráttar í efnahagskerfinu. Úr þessu rættist í febrúar, en þá varð 1,4% aukning frá febrúar 2019. Síðan kom stóri skellurinn.


Í mars 2020 hafði orðið 44,1% samdráttur í flugi frá sama mánuði 2019. Í apríl var botninum náð og samdrátturinn þá orðinn 91,2% miðað við árið áður. Örlítið betri stað var í maí, en samdrátturinn var samt 89,8% á milli ára. Í júní lagaðist staðan aðeins meira og þá var staðan -84,2% miðað við júní 2019. Í júlí skánaði staðan aðeins en var samt -63,5%. Topp árangur náðist í ágúst í sumar þegar samdrátturinn á milli ára minnkaði í -53,4%. Síðan fór aftur að halla undan fæti. Í september var staðan -58,7% og -61,1% í september.

Tölur Eurostat sem byggja á tölum Eurocontrol náðu ekki lengra í síðustu viku, en miðað við versnandi stöðu í útbreiðslu COVID-19 í Evrópu síðan í október má búast við að flugið hafi líka dregist saman.

Flugvélum sem fara um Mai-flugvöll í Frankfurt fækkaði um 251.900

Þegar litið er á samdrátt í fjölda flugvéla sem fóru um einstaka flugvelli í ESB-löndunum á tímabilinu janúar til október 2020 er staðan hreint út sagt hrikaleg. Af þeim tíu flugvöllum þar sem samdrátturinn var mestur í fjölda flugvéla var mest fækkun um Main-flugvöll í Frankfurt í Þýskalandi og nam 251.900 vélum, eða um -58%. Næstur kom Charles de Gaulle flugvöllur í París í Frakklandi með fækkun upp á 232.200 flugvélar, eða um -55%. Síðan er Schiphol flugvöllur í Amsterdam í Hollandi með fækkun upp á 225.700 flugvélar eða um -53%. München flugvöllur í Þýskalandi kemur svo í fjórða sæti með fækkun upp á 281.300 flugvélar eða um -63%. Í fimmta sæti yfir mesta fækkun í fjölda véla er Barajas flugvöllur í Barselóna á Spáni með 212.800 vélar, eða um -60%. Þá kemur Fiumicino flugvöllur í Róm á Ítalíu með fækkun flugvéla upp á 172.400, eða um -65%. Síðan Schwechat flugvöllur í Vín í Austurríki með 138.600 flugvéla samdrátt, eða um -60%. Í níunda sæti kemur svo Kastrup flugvöllur í Kaupmannahöfn í Danmörku með fækkun upp á 134.900 flugvélar, eða um -61%. Í tíunda sæti er svo flugvöllurinn í Palma á Mallorca á Spáni. Þar fækkaði flugvélum sem fóru um völlinn um 129.200, eða um 66%. Þar var hlutfallsleg fækkun flugvéla líka mest.





Ísland er ekki aðili að Eurocontrol

Í þessari úttekt sem byggð er á tölum Eurocontrol eru ekki tölur um flug til og frá Íslandi, enda er Ísland ekki aðili að Eurocontrol. Þar er 41 Evrópuríki skráð sem aðildarríki, þar á meðal Noregur, Sviss og meira að segja Ísrael og Úkraína. Eurocontrol heldur utan um almennt farþega-, póst- og flutningaflug ásamt umferð herflugvéla. */HKr.*





Afríska svínapestin breiðist enn út í Þýskalandi

Friedrich Loeffler-stofnunin í Þýskalandi gaf út þann 1. nóvember síðastliðinn að staðfest væru 123 smit afrísku svínapestarinnar í villisvínum, aðallega á tveim svæðum í ríkinu Brandenburg í austurhluta Þýskalands. Daginn eftir, eða 2. nóvember, greindi þýska landbúnaðarráðuneytið frá því að villisvín sem var drepið í nágrannaríkinu Saxoy hafi verið smitað af afrísku svínapestinni. Smit hafði samt ekki borist í alisvínastofninn í Þýskalandi.

Julia Klöckner, landbúnaðarráðherra Þýskalands, staðfesti þann 10. september að fyrsta tilfellið af afrísku svínapestinni (ASF) hafi fundist í landinu 9. september. Þá hafði fundist hræ af smituðum villigelti í ríkinu Brandenburg í austurhluta Þýskalands. Smittilfellið í Saxoy í byrjun nóvember var í Efri-Lusatia í Görlitz héraði. Sveit sérfræðinga var þegar kölluð til, enda hafði veikin þá verið að breiðast frekar út í Brandenburg. Farið var í að setja upp rafmagnsgirðingar til að hefta enn frekari útbreiðslu í Saxoy, en rafmagnsgirðingar sem settar voru upp í Brandenburg virðast ekki hafa dugað til að stöðva útbreiðslu veikinnar.

Þjóðverjar sem flytja að jafnaði mikið út af svínakjöti hafa fundið illilega fyrir banni á útflutningi til 10 landa utan Evrópusambandsins. Kemur þetta til viðbótar erfiðleikum sem þýskir bændur hafa þurft að glíma við vegna COVID-19.

/HKr.

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2020

KUHN

Áramótatilboð KUHN og Vélfangs
Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar



Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m



Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m

Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum



Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m



Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m

Vertu klár – veldu KUHN



Múgavélar 3,20 – 14,70 m



FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

LÍF & STARF

Íslenska landnámshænan fær inni í Presidia Slow Food:

Fyrsta húsdýrið á Norðurlöndum sem fær að bera rauða snigilinn

Íslenska landnámshænan hefur verið samþykkt inn í verkefni Slow Food-hreyfingarinnar sem heitir Presidia. Ræktendur hennar hjá Eigenda- og ræktendafélagi landnámshænsna (ERL) munu fá leyfi til að merkja sínar vörur með rauða sniglinum, einkennismerki Slow Food-hreyfingarinnar, og er íslenska landnámshænan þar með fyrsta húsdýrið á Norðurlöndum sem hlotnast sá heiður.

Presidia er verndarverkefni Slow Food fyrir matvæli og/eða framleiðslu sem er í hættu á að leggjast af. Í Presidia-verkefnum er unnið í hópum smáframleiðenda sem vinna að framleiðslu gæðaafurða með menningargildi og verndun þeirra. Fyrir í því verkefni eru „íslenska skyrið“ og „íslenska geitin“, en ekki hefur fengist leyfi til að nota snigilinn á þær vörur enn. Unnið er að því fá slík leyfi og er reiknað með að það gerist fljótlega eftir áramót.



Landnámshænur í Hlésey undir Akrafjalli. Mynd / Jóhanna Harðardóttir

Saga ræktendanna sögð á umbúðunum

Dominique Plédel Jónsson, ritari Slow Food Reykjavíkur og fyrrverandi formaður, hefur unnið að þessum áfanga ásamt dr. Ólafi Dýrmundssyni, fyrrverandi ráðunauti Bændasamtaka Íslands, og Jóhönnu Harðardóttur, formanni ERL. Dominique er einnig núverandi formaður Slow Food á Norðurlöndunum og segir hún að nokkuð ströng framleiðsluskilyrði séu fyrir leyfinu fyrir því að fá að bera merki Slow Food. „Á umbúðum landnámseggjanna verður eins konar sögumiði, þar sem sagan á bak við hvern ræktanda er sögð.

Jóhanna hefur verið frábær leiðtogi í þessari vinnu og Ólafur frábær ráðgjafi. Við fengum styrk frá Erfðanefnd landbúnaðarins sem hefur gert okkur kleift að vinna þetta verkefni sem var mjög umfangsmikið.

Við erum nú að vinna það sama fyrir geitina og hefðbundið íslenskt skyr, svo ræktendur og framleiðendur geti líka haft sams konar sögumiða á sínum vörum og Slow Food-merkið á sínum afurðum.

Bjartsýnir ræktendur landnámshænsna


Jóhanna segir spennandi tíma fram undan í samstarfi Slow Food og félagsins. „Við sem eigum landnámshænur erum afar bjartsýnt og þrautseigt lið eins og sést á því að við höfum haldið uppi starfinu síðan 2003. Við höfum unnið hörðum höndum að því að varðveita erfðamengi hennar og þjappa eigendum og ræktendum saman í þeirri viðleitni að halda stofninum í rækt, varna erfðablöndun í stofninn og styðja við bakið á ræktendunum við að koma sér upp landnámshænum, hýsa þær, fóðra og fjölga með sem bestum árangri.



Heimsókn Slow Food í Hlésey. Hjónin Sigurður Ingólfsson, Jóhanna Harðardóttir, Ólafur Dýrmundsson, Elisa Demichelis, sem vinnur með Slow Food-samtökum á Norðurlöndunum, Dominique Plédel Jónssson, Piero Sardo og Eirný Sigurðardóttir, sem var í stjórn Slow Food Reykjavík. Mynd / Skessuhorn

Hér á landi er stór hópur fólks sem leggur mikinn metnað í að halda þessar hænur og vegur þeirra hefur líka farið vaxandi víða erlendis, eins og á Norðurlöndum, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Þetta hefur gengið ótrúlega vel og smátt og smátt stækkar hópur þeirra sem fær sér landnámshænur í lausagöngu og hefur af því mikla ánægju, auk þess að njóta sérstaklega góðra eggja sem þær gefa af sér við þessi skilyrði. Hænurnar gefa ekki aðeins af sér góð egg heldur eru þær frábær heimilisdýr, skrautlegar, mannelskar og stórskemmtilegir og mismunandi karakterar eins og mörg önnur íslensk húsdýr,“ segir Jóhanna.



Fyrsta húsdýrið á Norðurlöndunum

Piero Sardo, forstöðumaður stofnunar Slow Food um líffræðilega fjölbreytni og einn af stofnendum Slow Food-hreyfingarinnar, var í hópi fólks sem heimsótti Jóhönnu fyrir nokkrum árum á bæinn Hlésey undir Akrafjalli. „Þau sáu hænurnar mínar og fengu eggjamorgunverð og í framhaldi af því fæddist sú hugmynd að reyna að komast í samstarf við Slow Food International þó ekki væri nema til að vernda stofninn, því hann er svo sannarlega þess virði að halda honum lifandi, ekki bara vegna erfðaefnisins heldur líka vegna menningarverðmæta hans.

Þetta gekk sumsé eftir og ekki bara það, heldur hefur landnámshænunni hlotnast sá einstaki heiður að vera fyrsta húsdýrið á Norðurlöndum sem fær að flagga merki Slow Food – rauða sniglinum í gegnum félagið ERL sem heldur utan um verkefnið fyrir hönd Slow Food.

Þessi vegtylla á eftir að verða ERL mikil stuðningur í starfi sínu til verndar stofninum

Íslenskir neytendur hugsa mikið um budduna í matarinnkaupum, en minna um gæði og vistspor. Það að halda lausagönguhænur sem lifa á lífrænu fóðri og við góðan húskost og lífsrými er hlutfallslega mun kostnaðarsamara pr egg en að reka verksmiðjubú og hingað til hefur það ekki skilað sér til framleiðendanna.

En á móti kemur að þessi egg eru einfaldlega allt öðruvísi og mun betri og það vita þeir sem byrja að neyta þeirra,“ segir Jóhanna.

Hún bætir því við að viðurkenningin eigi vonandi eftir að leiða til þess að neytendur eigi eftir að gera sér betur grein fyrir að það er munur á eggjategundum og að það sé hægt að borga meira fyrir slíka fyrsta flokks vöru og góða meðferð húsdýra. */smh*

Bændablaðið
Kemur næst út
14. janúar 2021

Fjósainnréttingar og steinbitar á lager

BYKO býður ýmsar stærðir af fjósainnréttingum á lager.

DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru smíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.


BYKO býður ýmsar lengdir af steinbitum á lager.

Bitarnir eru 52cm breiðir, 15cm þykkir með 35mm rifbreidd. Burðargeta fyrir gripi sem eru allt að 825kg að þyngd. Við getum einnig sérpantað öflugri steinbita í ýmsum stærðum fyrir allt að 6 tonna öxulþunga


	lengd	breidd	þykkt	stærð m^2
Steinbiti 320/34/15	320	34	15	1,09
Steinbiti 330/34/15	330	34	15	1,12
Steinbiti 200/52/15	200	52	15	1,04
Steinbiti 250/52/15	250	52	15	1,30
Steinbiti 300/52/15	300	52	15	1,56
Steinbiti 320/52/15	320	52	15	1,66
Steinbiti 330/52/15	330	52	15	1,72
Steinbiti 350/52/15	350	52	15	1,82
Steinbiti 370/52/18	370	52	15	1,93
Steinbiti 400/52/18	400	52	15	2,08




Básamilligerði
Nr. 907200162



Skágrindur
Nr. 907200151-152



Læsanlegar átgrindur
Nr. 907200153-155



Gotneskar átgrindur
Nr. 907200161



Stækkanlegar grindur
Nr. 907200159



Hliðgrindur
Nr. 907200156+íhlutir



Vatnstrog
Væntanlegt



Milligerði
Nr. 907200156-157



Íhlutir. Við erum með úrval af íhlutum fyrir fjósainnréttingar á lager

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Hafðu samband: *bondi@byko.is*

UTAN ÚR HEIMI

Svínapestin sem kom upp í Kína 2018 reyndist „happafengur“ fyrir svínakjötsútflytjendur á Vesturlöndum:

Kínverjar stefna á að verða sjálfum sér nægir um svínakjöt á næstu 5 árum

– Það mun hafa mikil neikvæð áhrif á svínaræktina í Evrópu og víðar um heim

Svínakjötsframleiðendur um allan heim eru nú beðnir að endurskoða framleiðsluáætlanir sínar með tilliti til hraðrar endur-uppbyggingar í svínaræktinni í Kína í kjölfar áfalla sem landið lenti í vegna afrísku svínapestarinnar. Þurftu Kínverjar þá að fella milljónir svína og treysta að stærstum hluta á innflutning á svínakjöti. Samkvæmt Robobank virðist nú stefna í miklar breytingar með stórminnkuðum innflutningi Kínverja.

Áfall Kínverja vegna afrísku svínapestarinnar í ágúst 2018 reyndist mikill happafengur fyrir svínaframleiðslu víða um heim sem hefur átt við samdrátt að glíma á heimamörkuðum vegna COVID-19. Útflutningur jókst stórlega á svínakjöti til að mæta eftirspurn í Kína sem þurftu að farga 700 milljónum svína vegna svínapestarinnar 2019.

Kínverjar hafa að jafnaði flutt inn um 40% af því svínakjöti sem hefur verið í boði á alþjóðlegum milliríkjamarkaði og sá innflutningur jókst stórlega vegna svínapestarinnar.

Á síðasta ári voru seld 36 milljón tonn af svínakjöti í viðskiptum milli landa sem var um 6,7% aukning frá 2018 samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna FAO.

Kínverjar fluttu inn hátt í 5 milljónir tonna 2019

Samkvæmt tölum Robobank þá fluttu Kínverjar inn á bilinu 4,8 til 5 milljónir tonna af svínakjöti á árinu 2019. Á fyrstu átta mánuðum ársins 2020 voru þeir búnir að flytja inn 3,7 milljónir tonna. Stærsta útflutningsríkið á svínakjöti til Kína er Bandaríkin, en þar á eftir kemur Spánn, Þýskaland (sem nú er í banni), Brasilía og Danmörk. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs voru Þjóðverjar búnir að flytja út 200.000 tonn af svínakjöti til Kína en algjörlega hefur verið lokað fyrir þau viðskipti vegna svínapestarinnar sem kom upp í villisvínum í Þýskalandi í september.



Kínverjar eru stórhuga í uppbyggingu fullkominna svínabúa sem líkjast miklu fremur hótelum en hefðbundnum eldishúsum. Hér er Guangxi Yangxiang svínabúið þar sem gylturnar munu búa í níu hæða blokkum. Í stóru veggjunum ofan á húsunum eru stokkar fyrir lofttræstinguna. Mynd / Pig333.com

Verðfall á þýsku svínakjöti

Verð á þýsku svínakjöti féll snarlega eftir að svínapestin kom upp í landinu og féll verðið í 13% undir meðalverð á markaði (ASF). Birgðir hafa því verið að hlaðast upp, en takmarkað frystipláss gæti farið að skapa þar vandamál.

Útflutningur frá Bretlandi hefur líka verið nokkur til Kína og jókst hann um 51% á fyrstu átta mánuðum þessa árs og fór í 120.000 tonn. Annars telur Robobank að Spánn og Danmörk muni aðallega hagnast á banninu sem Kínverjar settu á innflutning frá Þýskalandi.

Kínverjar stefna á að verða sjálfum sér nægir um svínakjöt

Robobank bendir á að Kínverjar séu nú að endurreisa svínaræktina í landinu og hafi þegar hafið það ferli á síðari hluta árs 2019. Það sé gert með því að reisa ný og fullkomin svínaræktarbú í stað þeirrar hefðbundnu bakgarðaræktunar sem viðgengist hafi vítt og breitt um landið. Þannig stefni Kínverjar að því að verða sjálfum sér nægir með svínakjöt. Líklegt sé að þeir verði búnir að ná 95% sjálfbærni á því sviði á árunum 2024 til 2025. Fram að því muni innflutningur Kínverja á svínakjöti minnka jafnt og þétt.

Spáð hefur verið að á yfirstandandi ári muni Kínverjum takast að auka eigin framleiðslu um 10% sem þýði 20–30% samdrátt í innflutningi, eða sem nemur einni milljón tonna. */HKr.*

Framkvæmdir komnar vel á veg við risaáform í svínaeldi til að tryggja fæðuöryggi í Kína:

Fjöldi nýrra risasvínabúa rísa í nágrenni stórborga með tugum þúsunda gylta

– Svínabúskap hundruða þúsunda smábænda fórnað í staðinn, að sagt er til að draga úr mengun vatnsbóla og jarðvegs

Stærsti svínakjötsneytandi heims, Sifanghong Agriculture í Kína, mun stórauka framleiðslu sína og bæta um 200 milljón svínum í stofn sinn. Verður það gert með því að reisa ný býli um allt land til að endurheimta framleiðsluna eftir svínapestina sem herjað hefur á landið síðan 2018.


Vegna pestarinnar þurftu Kínverjar að skera niður tugi milljóna svína, eða 60% af svínastofni sínum.

Stöðugleiki mikilvægur

Kínversk stjórnvöld líta á stöðugleika í svínakjötsframleiðslunni mikilvægan fyrir fæðuöryggi landsins í kjölfar þess að verðbólga jókst snarlega árið 2019 vegna minnkandi framboðs og verðhækkana á kjöti vegna niðurskurðar á svínastofninum. Til að tryggja lágmarks framboð á hverju svæði verður hvert hérað og stór sveitarfélög að tryggja ákveðna svínakjötsframleiðslu.

„Þetta er eins konar leiðrétting á fyrri stefnum,“ sagði Wang Lisheng, hagfræðingur í Kína hjá Nomura International, í samtali við Reuters. Sagði hann einnig að stefnumótendur hefðu lært af kreppunni í fyrra að þeir þyrftu að auka fjölbreytni og dreifa þannig áhættu í framleiðslunni.

Liður í þessu ferli var að flytja inn 2.000 lifandi gyltur til Kunming, höfuðborgar Yunan-héraðs, sem komu frá Evrópu í nóvember samkvæmt frétt China.org.cn. Voru gylturnar settar í 45 daga sóttkví til að ganga úr skugga um að þær bæru ekki með sér einhver smitefni. Fyrr á þessu ári voru fluttar inn 4.520 gyltur til eldis í Yunnan. Auk þess voru í apríl á þessu ári fluttir inn, í sex flutningaþotum, samtals 4.000 eldisgrísir frá Frakklandi. Þá voru einnig fluttir inn 500 geltir frá Topigs Norsvin í Hollandi.



Svínarækt í blokkum og smábúskapur aflagður

Nýju svínabúin eru af allt öðrum toga en þekkst hafa víða um heim, því svínahúsin eru blokkir á mörgum hæðum sem líkjast fremur hótelum en svínabúum. Ný bú sem byrjað er að reisa í úthverfum stórborga standa þó frammi fyrir miklum kostnaði til að koma í veg fyrir vandamál eins og afrennsli frá svínaræktinni sem annars lekur út í vatn og jarðveg. Vegna þessarar mengunar fóru stjórnvöld fram á að búin yrðu flutt á árunum 2015 og 2017. Þetta felur í sér að búum um 200.000 smábænda nærri vatnsbólum verður lokað um leið og svínaeldi verður hafið á nýjum fullkomnum búum nærri þéttbýli. Þannig er ætlunin að snúa við áhrifum af mengun jarðvegs og grunnvatns og hreinsa umhverfið.

Muyuan Foods setti í gang stórfelldar áætlanir til að auka svínakjötsframleiðsluna og hóf framkvæmdir við smíði á fyrstu af 21 margra hæða eldishúsum í september og mun fjárfesta um 40 milljarða yuan í nýjum eldishúsum á þessu ári, samkvæmt frétt BusinessDay. Þá er Muyuan þegar með risabú nærri Nanyang sem hýsir að jafnaði 84.000 gyltur.

Þá hafa áætlanir Muyuan líka vakið deilur eins og áform um að skipuleggja 55 svínabú á 1.000 hekturum af ræktarlandi í Henan-héraði. Munu þær deilur hafa verið leystar og fyrirtækið leigði land þar sem ætlunin er að rækta 80 milljónir galta.

Risabúin rúma fimm sinnum fleiri svín en hefðbundin bú

Risabúið getur hýst fimm sinnum fleiri svín en venjulegt bú á sama flatarmáli lands. Þéttleiki dýra á búunum hefur hins vegar mikla áhættu vegna sjúkdóma, þar á meðal svínaveiru sem enn er til staðar í Kína og þar eru engin bóluefni eða lækning í boði.

Sifanghong Agriculture með fjölda búa í byggingu

Zu Sheng, eigandi Sifanghong Agriculture og fyrirtækisins Animal Husbandry, hóf í sumar að byggja eitt af 11 býlum sem hefja átti framkvæmdir við í útjaðri Peking á þessu ári.

Á lóð hans, sem staðsett er í austurhluta Pinggu, um 70 km utan miðborgarinnar, mun vera hægt að ala 60.000 gyltur á ári.

„Við erum með eitt af lykilverkefnunum sem miða að því að koma á stöðugleika í kjötbirgðum í Beijing (Peking) og vernda lífsviðurværi íbúa,“ sagði Zu.

Svínaframleiðandinn New Hope Liuhe ætlar einnig að byggja „fjölbýlis-svínahús“ í Pinggu sem framleiða mun 150.000 gyltur á ári. Þá verða sex býli til viðbótar endurreist og stækkuð að því er Reuters hafði eftir yfirvöldum í Beijing.

Yfirvöld styðja stórhuga markmið

Til að ná markmiðum stjórnvalda valdi borgarstjórnin í Peking hentuga staði fyrir nýbýli og bauð fyrirtækjum að bjóða í lóðirnar og hagræða þeim fyrirferðarmiklu verklagsreglum sem venjulega eru nauðsynlegar til að finna land til að ala upp svín. Valdi borgarstjórnin í Beijing þannig hentuga staði fyrir nýbýli og bauð fyrirtækjum að bjóða í lóðirnar og hagræða verklagsreglum sem venjulega eru nauðsynlegar til að fá land undir svínabú.

Aðrar borgir og þróuð svæði leggja svipaða áherslu á uppbyggingu svínabúa. Í Nanjing, sem er með 8 milljónir íbúa í suðausturhluta landsins, verða byggð 12 svínabú sem eiga að fjórfalda framleiðsluna frá því sem hún var fyrir svínapestina 2018. Þá hyggst Zhejiang, sem er strandhérað suður af Sjanghæ, auka svínaframleiðsluna um 50% frá því sem var 2018. */HKr.*

Hleðsla í hlaði-uppsetning hleðslustöðva í sveitum *Þróun geitfjárafurða til framtíðar* *Áburðarsvörun grænfóðurs í sáðskiptum og nýrækt*
Úttekt á byggingarkostnaði útihúsa *Spunaverksmiðjan Uppspuni að Lækjartúni II* *Framþróun á nýtingu landupplýsinga í landbúnaði*
Tæknivæðing klaufskurðar kúa *Uppbygging golfaðstöðu að Efra Seli* *Kornkynbætur fyrir íslenskar aðstæður* *Ísgerðin Laufey í Brekkukoti*
Uppbygging Þórbergsseturs að Hala *Niturbúskapur hvítsmáratúna* *Kolefnisjöfnun í íslenskri garðyrkju* *Skógarafurðastöð á Silfrastöðum*
Gerjaðar hrápylsur úr kinda- og hrossakjöti *Geita- og sauðamjaltaaðstaða á Lynghóli* *Rannsóknir á sumarexemi í íslenskum hestum*
Ræktun á íslenskri burnirót *Uppbygging ferðaþjónusta í Djúpadal* *Ajúvæmarannsóknir sauðfjár* *Lenging á geymsluþoli hrossakjöts*
Áhrif sláttutíma á uppskeru og endingu eftirsóttra túngrasa *Aðstaða til heimavinnslu afurða í Birkihlíð* *Tæknilausnir í fjósum*
Uppbygging Óbyggðaseturs í Fljótsdal *Þang sem fóðurbætir fyrir mjólkurkýr* *Íslenskt timbur: Vöruhönnun, viðargæði og viskumiðlun*
Eiginleikar og markaðsmöguleikar æðardúns *Leiðir til að minnka notkun á plasti í landbúnaði*
Þróun á beinaseyði úr íslenskum dýrabeinum *Standsetning gestafjárhúss í Myrkholti*
Upplýsingavefur um veiðivötn og ár *Íslensk gulrófa, frærækt og kynbætur*
Ræktun papriku árið um kring *Innflutningur erfðaefnis í svínarækt*
Burðargeta íslenskra hrossa *Þróun ullarvinnslunnar í Gilhaga*
Lenging á geymsluþoli hrossakjöts *Food and fun - sælkeraveisla*
Kjötsúpa sem þurrmatur *Plöntur fyrir skjólbelti framtíðar*
Nýting ostamysu í heilsutengd matvæli *Sveitaheimsóknir skólabarna*
Framleiðsla á spæni á Langanesi *Fóðrun, geldstaða, heilbrigði mjólkurkúa*
Nýting afurða úr hænueggjaskurn í húðvörur *Uppbygging geitfjárseturs að Háafelli*
Heimavinnsla svínakjötsafurða frá Laxárdal II *Reiknilíkan fyrir hey- og jarðvegssýnatökur*
Forvinnsla á korni til áfengisgerðar að Bjálmholti *Notkun staðsetningartækja til að kanna atferli sauðfjár*
Uppbygging ferðaþjónustuaðstöðu að Breiðumýri *Metanhitaveitur á svínabúum* *Aðstaða til vinnslu á hunangi og sinnepi að Uppsölum*
Grasköggla framleiðsla á Stórólfsvöllum *Einstakar naslvörur úr íslenskum mjólkurvörum* *Vinnsla ilmolía úr íslenskum jurtum í Rauðsgili*
Könnun á viðargæðum alaskaaspar *Margmiðlun í Fuglasafni Sigurgeirs* *Þróun á vörum úr nýju íslensku lambsullarbandi*
Heimavinnsla afurða í Vogum *Aðstaða til sundþjálfunar hesta að Áskoti* *Áhrif LED topplýsingar á forræktun tómata, gúrku og papriku*
Sjálfbær nýting á þangi Ísafjarðardjúps *Uppbygging gistiaðstöðu og náttúrulauga í Laugardal* *Innleiðing kynbóta með erfðamörkum*
Sælusápur, sápugerð beint frá býli *Fræðslutengd hestaferðaþjónusta að Langhúsum í Fljótum* *Uppbygging Sauðfjárseturs á Ströndum*
Sögu- og listsýning í Kakalaskála *Bændamarkaður á Hofsósi* *Tamninga- og kennsluaðstaða fyrir íslenska fjárhunda og hross að Strandarhöfði*

Á útgáfudegi þessa Bændablaðs eru 54 ár síðan Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður. Í ríflega hálfa öld hefur sjóðurinn gegnt lykilhlutverki í nýsköpun og þróun íslensks landbúnaðar.

Nú líður að lokum. Sjóðurinn verður lagður niður um áramótin. Forsvarsaðilar sjóðsins, fyrr og nú, geta litið stoltir yfir farinn veg. Á þessum tímamótum ber þó fyrst og fremst að þakka kraftmiklum frumkvöðlum, sem og öflugum rannsóknar- og þróunaraðilum, fyrir gott samstarf um eflingu nýsköpunar í íslenskum sveitum.

Megi íslenskur landbúnaður dafna um ókomna tíð.

Fyrsta janúar 2021 tekur Matvælasjóður við öllum skuldbindingum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Fyrirspurnir skal senda á postur@anr.is



LÍF & STARF

Mæðgur í Borgarnesi:

Framleiða íslenskar tómatasultur með mið-amerískum blæ

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Mæðgurnar Andrea Maria Sosa Salinas og Silvia Dinora Salinas Martinez eru búsettar í Borgarnesi en koma frá El Salvador í Mið-Ameríku. Nýverið hófu þær framleiðslu á handgerðum tómatasultum úr tómötum og blanda saman við þá alls kyns kryddum. Vinsældirnar létu ekki á sér standa og nú framleiða þær mæðgur fjórar tegundir af tómatasultum án aukaefna undir vörumerkinu Olivia´s Gourmet og hafa ekki undan að framleiða.

„Við erum afar þakklátar fyrir viðtökurnar og stefnum á að koma sultunum inn í verslanir Krónunnar bráðlega í gegnum Samtök smáframleiðenda matvæla. Núna erum við komnar með fjórar tegundir sem við vinnum með, sumt úr grænum tómötum sem þroskast ekki og væri annars illa nýtt en jólasultuna gerum við úr rauðum tómötum og blöndum við hana appelsínu, kanil, púðursykri, engifer, negul og vanillu. Hinar eru með appelsínubragði, myntu og chili," segir Andrea sem er konditori að mennt.

Framleiða í 240 krukkur í einu

Bjargey Magnúsdóttir, tengdamóðir Andreu, er samstarfsaðili þeirra mæðgna en þær leigja aðstöðu hjá Matarsmiðju Vesturlands fyrir framleiðsluna. Signý Óskarsdóttir hefur verið þeim innan handar varðandi viðskiptahlið verkefnisins og vinkona Andreu, Monica Gómez, sem er grafískur hönnuður, sá um hönnun umbúða.

„Við höfum verið að framleiða einu sinni í mánuði en tvisvar núna í desember fyrir jólin. Í hvert sinn framleiðum við úr um 50 kílóum af tómötum sem gefa í kringum 240 krukkur af fullunninni vöru. Þetta hefur gerst mjög hratt frá því að við byrjuðum og spurst út svo við náum að selja allt sem við framleiðum," segir Andrea og bætir við:

„Þetta byrjaði allt síðasta sumar þegar ég ræddi við vini mína um að mig langaði að gera eitthvað úr grænum tómötum og kynna Íslendinga fyrir latín-amerískri matargerð. Ég var með salsa fyrst í huga en eftir að vinur minn ræddi við garðyrkjubændur hér í nágrenninu og fékk hjá þeim græna tómata sem annars eru illa nýttir þróaðist þetta út í að gera marmelaði í fyrstu tilraun og síðan salsa enda fengum við svo mikið magn af tómötum. Það varð mjög vinsælt, svo eftir nokkra tilraunastarfsemi urðu til þessar sultur."



Silvia, Bjargey, Olivia og Andrea kampakátar með Olivia´s Gourmet-sulturnar sem framleiddar eru í Borgarnesi og fást nú í fjórum bragðtegundum.
Myndir / ehg





Andrea Maria Sosa Salinas, einn af frumkvöðlunum á bak við tómatasulturnar Olivia´s Gourmet, er hér í óðaönn að bæta út í jólasultu fyrirtækisins.

Úrvals með ostum, hráskinku og silungi

Andrea kom hingað til lands fyrir fjórum árum og hefur líkað vel. Hún kynntist manni sínum, Eyþóri Orra Þórðarsyni frá Borgarnesi, og eiga þau dótturina Oliviu sem vörumerkið er kennt við.

„Við höfum selt sulturnar í gegnum samfélagsmiðla og keyrum þær til fólks hér í Borgarnesi. Þegar við náum upp í nógu stóra pöntun keyrum við líka til Reykjavíkur. Við eigum einnig vini í Sviss og Svíþjóð sem hafa sýnt sultunum áhuga og vilja prófa að koma þeim á markað þar. Varan er 100% náttúruleg og við leggjum mikið upp úr því. Viðtökurnar hafa verið framar vonum og höfum við fengið mjög jákvæða endurgjöf á bragð og gæði sultanna. Mörgum finnst gott að borða þetta með alls kyns ostum og hráskinku en einnig með silungi sem dæmi," segir Andrea og bætir við:

„Þetta er lítið fjölskyldufyrirtæki og mjög skemmtilegt fyrir okkur mæðgurnar að geta verið í þessu saman. Tengdamamma mín, Bjargey, kom líka inn í þetta og hún var sú fyrsta til að styðja okkur með hugmyndina og erum við mjög þakklátar fyrir það. Síðan verðum við að sjá hvernig þetta þróast, við erum með endalausar hugmyndir í kollinum að nýjum bragðtegundum í tómatasultunni en einnig að gera eitthvað annað, eins og til dæmis íslenska salsasósu með suður-amerískri ástríðu."



Móðir Andreu, Silvia Dinora Salinas Martinez, afhýðir og hreinsar tómatana fyrir vinnsluna.



Nýsköpunarhraðallinn Ratsjáin:

Ferðaþjónustufyrirtæki undirbúa sig fyrir endurreisnina

– Grundvallaratriði hvernig við mætum aftur til leiks



Í byrjun næsta árs mun verkefnið Ratsjáin fara af stað, sem er hugsað fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum til að gera þeim betur kleift að takast á við þær áskoranir sem ferðaþjónustan stendur frammi fyrir á COVID-19 tímum. Í Ratsjánni verður þannig unnið að því að auka yfirsýn, nýsköpunarhæfni og getuna, í greinunum, til að þróa vörur og þjónustu.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir,



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir.

framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, segir eina af grundvallarspurningunum sem íslensk ferðaþjónsta þurfi að svara sé hvernig íslensk fyrirtæki ætli að mæta til leiks eftir þennan faraldur. „Það mun ráða úrslitum um það hvort okkur muni takast að byggja upp samkeppnishæfa ferðaþjónustu sem þekkt verður á heimsmælikvarða fyrir faglega þjónustu, sjálfbærni, verndun náttúruauðlinda og íbúa sem verða stoltir gestgjafar fólks alls staðar að úr heiminum.“

Mikilvægt að koma vel undirbúin til leiks

Hún segir að ekki sé nóg að fyrirtækin mæti bara til leiks. „Stjórnvöld spila stóran þátt með viðspyrnuaðgerðum og stuðningsumhverfið og menntastofnanir einnig með góðum og uppbyggjandi menntunarúrræðum, þjálfun og hæfni.

Íslenski ferðaklasinn er alls ekki undanskilinn þegar kemur að stuðningsumhverfi og úrræðum til að bjóða fyrirtækjum upp á. Í samstarfi við RATA, sem sérhæfir sig í að efla einstaklinga við að hámarka árangur sinn, og tengiliði frá sjö landshlutasamtökum, Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjanesi, bjóðum við upp á Ratsjána, sem er 16 vikna nýsköpunarhraðall til að efla stjórnendur í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Að hámarki 12 fyrirtæki á hverju svæði taka þátt og munu læra hvert af öðru og miðla sinni dýrmætu reynslu, finna stuðning frá jafningjum og sameiginlega stíga inn í nýja tíma með öll þau vopn á hendi sem þarf til að skara fram úr,“ segir Ásta Kristín.

Fjarfundir á tveggja vikna fresti

Þátttakendurnir munu hittast á tveggja vikna fresti á sameiginlegum vinnustofum á fjarfundum þar sem kafað verður í kjarna þeirra verkfæra sem fyrir valinu verða. Á milli sameiginlegu vinnustofanna er haldinn svæðisbundinn heimafundur sem er í umsjón landshlutanna sjálfra. Þar verður farið nánar yfir efnistök frá sameiginlegum fundi og unnið með sérstöðu hvers svæðis fyrir sig á þeirra forsendum.

Viðfangsefni valin með þátttakendum

Viðfangsefni og dagskrá Ratsjárinnar verða að vissu leyti mótuð í samstarfi við þátttakendur, en tekur mið af þeim áskorunum sem rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu stendur frammi fyrir. Meðal þeirra efnisþátta sem verða í boði eru nýsköpun og vöruþróun, markaðsmál og markhópar, sjálfbærni og ábyrg ferðaþjónusta, stafræn þróun og tæknibylting fyrirtækja, breyttir tímar og tækifærin – kaupákvörðunarhringurinn, draumur stofnenda – tilgangur og markmiðasetning, heimasíður – hvernig skarar síðan mín fram úr?, jákvæð sálfræði, breytingastjórnun, endurhugsaðu viðskiptamódelið, skapandi hugsun sem verkfæri til framfara, samkeppnishæfni og sérstöðugreining.

Ratsjáin mun hefjast með formlegum hætti í janúar 2021 og stendur til 16. apríl. Frekari upplýsingar um Ratsjána er að finna á vef Íslenska ferðaklasans (icelandtourism.is).

Verkefnið um Ratsjána var fyrst sett af stað í samstarfi Ferðaklasans og Nýsköpunarmiðstöðvar árið 2016 en hefur notið stuðnings frá Byggðaáætlun frá 2019. Í ljósi breyttra tíma mun Ratsjáin 2021 miða að því að vera svæðisbundin en samtengd í senn og er því töluvert frábrugðin upprunalega verkefninu. */smh*



ORKUMÁL & AFHENDINGARÖRYGGI

Landsnet hefur aldrei í sögunni staðið fyrir jafn miklum framkvæmdum og í ár:

Öll verkefni miða að því að auka öryggi við afhendingu raforku

– Framkvæmdir fyrir ríflega 11 milljarða króna árið 2020



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

„Við höfum aldrei í sögu fyrirtækisins staðið í jafn miklum framkvæmdum. Þetta er algjört metár og þegar upp verður staðið við áramót má gera ráð fyrir að við höfum framkvæmt fyrir tæplega 12 milljarða króna. Allar okkar framkvæmdir miða að því að auka afhendingaröryggi raforku og við höfum náð heilmörgum áföngum á þeirri leið nú í ár. Staðan er mun betri í þeim efnum en hún var fyrir ári síðan," segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.

Um þessar mundir er eitt ár liðið frá því hamfaraveðrið gekk yfir landið, það olli gríðarlegu tjóni og víða varð rafmagnslaust um lengri eða skemmri tíma, einkum um norðanvert landið. Mikil ísing sem lagðist á raflínur varð þess m.a. valdandi. Framkvæmdir Landsnets á árinu hafa að hluta snúist um að koma raflínum í jörð.

Allt gekk upp þrátt fyrir faraldurinn

Guðmundur Ingi segir að vel hafi unnist í ár og margir góðir áfangar náðst og það þrátt fyrir að fyrirtækið hafi líkt og aðrir verið að glíma við takmarkanir og hertar sóttvarnarreglur vegna heimsfaraldurs.

„Faraldurinn hefur auðvitað sett sitt strik í okkar reikning eins og hjá öðrum, við höfum þurft að takmarka samskipti milli vinnuflokka, koma upp sóttvarnarhólfum og þá hefur verið mun flóknara að fá sérfræðinga til okkar frá útlöndum. Sama gildir um aðföng, það tók mun lengri tíma en áður að afla þeirra. Þrátt fyrir þessar hindranir gekk allt vel á árinu og við erum virkilega ánægð með hvernig til tókst. Ég þakka það einkum okkar góða starfsfólki, verktökum um land allt og ráðgjöfum sem stóðu sig með mikilli prýði," segir hann.

Stöndum betur að vígi núna en fyrir ári


Landsnet hafði sett saman metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu á flutningskerfi raforku með það að markmiði að tryggja og jafna aðgang íbúa landsbyggðar að rafmagni óháð búsetu. Um var að ræða langtímaáætlun til næstu 10 til 15 ára og var þegar farið að vinna að henni þegar óveðrið fræga skall á fyrir réttu ári. Það afhjúpaði ýmsa veikleika í kerfinu og fjöldi manns bjó við langvarandi rafmagnsleysi meðan á því stóð og eftir að það gekk yfir. Annað óveður gekk yfir landið í upphafi árs og hafði það mikil áhrif á Suðurland og teygði sig til Vestmannaeyja.

Kórónuveiran kom til sögunnar fremur snemma á árinu og hafði í för með sér samdrátt í efnahagslífi, atvinnuleysi og tekjutap hjá fjölda landsmanna.

„Í kjölfarið hvatti ríkisstjórnin til margvíslegra verkefna, veiti aukið fé til framkvæmda til að vega upp á móti samdrættinum og halda uppi atvinnustigi. Við fengum vissulega þessa hvatningu og fórum í það að forgangsraða verkefnum upp á nýtt, færa sum þeirra framar m.a. til að færa mál sem úrskeiðis fóru í óveðrinu til betri vegar," segir Guðmundur.



Guðmundur Ingi Ásmundsson,, forstjóri Landsnets.



Hólasandslína. Mynd var tekin í Eyjafirði.



Íbúar í Dalvíkurbyggð fundu fyrir óveðrinu í fyrra m.a. með langvarandi rafmagnsleysi. Fyrri hluta árs 2023 verður hafist handa við lagningu jarðstrengs frá Akureyri til Dalvíkur, rúmlega 40 kílómetra leið. Að verki loknu verður til staðar tvöföld tenging og afhendingaröryggi við Dalvík og svæðið utar á Tröllaskaga verður meira en það er nú.

Stórt verkefni er í gangi hjá Landsneti við lagningu Hólasandslínu 3 sem liggur frá Akureyri og að Hólasandi, en markmið með lagningu hennar er bætt orkunýting, aukin flutningsgeta og að tryggja stöðugleika í raforkukerfi á Norður- og Austurlandi. Jarðstrengur leysir loftlínu af hólm.



„Við lærðum margt af þessu óveðri og stöndum nú ári síðar mun betur að vígi komi annað eins áhlaup," segir Guðmundur Ingi. Hér er verið að vinna við Fljótsdalslínu.



Landsnet hefur keypt fimm færanlegar varaaflsstöðvar, samtals 6 MW og nemur kostnaður um 450 milljónum króna. Fyrirtækið hefur hug á að kaupa fimm til viðbótar til að tryggja það að eigi aldrei á að líða langur tími án rafmagns hvar sem er á landinu.

„Við lærðum margt af þessu óveðri og stöndum nú ári síðar mun betur að vígi komi annað eins áhlaup."



Framkvæmdir Landsnets á árinu hafa að hluta snúist um að koma raflínum í jörð. Hér er unnið við að leggja jarðstreng við Grundarfjörð.



Framkvæmdum við yfirbyggingu tengivirkis við Hrútatungu í Hrútafirði var ein af þeim sem sett var framar í forgangsröðun í kjölfarið á óveðrinu í fyrra.

Fimm færanlegar varaaflsstöðvar

Landsnet hefur keypt fimm færanlegar varaaflsstöðvar, samtals 6 MW, og nemur kostnaður um 450 milljónum króna. Nú nýlega var prófunum á tengingu þeirra við kerfið á Snæfellsnesi lokið og segir Guðmundur að vel hafi tekist til. Verið er að undirbúa tengingar fyrir þær á völdum stöðum á landinu. Guðmundur segir að skamma stund taki að færa stöðvarnar til þar sem þeirra verður hugsanlega þörf hverju sinni.

„Við höfum hug á að kaupa aðrar fimm stöðvar til að tryggja það að aldrei líði langur tími án rafmagns hvar sem er á landinu. Þetta er mjög góð fjárfesting og mun án efa koma sér vel einhvern tíma," segir Guðmundur.

Jarðstrengur frá Varmahlíð að Sauðárkróki leysir 46 ára loftlínu af hólmi

Framkvæmdum við yfirbyggingu tengivirkis við Hrútatungu í Hrútafirði var ein af þeim framkvæmdum sem sett var framar í forgangsröðun í kjölfarið á óveðrinu. Guðmundur segir að hún hafi farið illa út úr óveðrinu og þar orðið umtalsvert tjón. Nú sé búið að yfirfara tengivirkið fyrir veturinn en fram undan séu framkvæmdir við að byggja nýtt yfirbyggt tengivirki.

Landsnet hefur einnig staðið að umfangsmiklum verkefnum í Skagafirði og að þeim loknum er búið

að hringtengja allan Skagafjörð með tvöfaldri línu á leiðinni frá Varmahlíð að Sauðárkróki. Flutningskerfið hafi því styrkst mjög á því svæði, en m.a. var lagður 66KV jarðstrengur, Sauðárkrókslína 2 frá Varmahlíð að nýju tengivirki á Sauðárkróki. Áður var eina tenging Sauðárkróks við flutningskerfið um 40 ára gamla loftlínu frá Varmahlíð. Jarðstrengur mun að sögn Guðmundar auka orkuöryggi og meira en tvöfalda flutningsgetuna á svæðinu. Jarðstrengurinn er um 24 kílómetra langur. Ný tengivirki hafa verið reist á Sauðárkróki og í Varmahlíð er einnig nýtt yfirbyggt rofareitavirki á lóð tengivirkisins þar og settur upp nýr spennir.

Þá stendur til að hefjast innan tíðar handa við umfangsmikið verkefni á svipuðum nótum í Dalvíkurbyggð sem hefur það markmið að auka öryggi þar þegar kemur að raforku og segir Guðmundur að undirbúningur vegna þess verkefnis standi yfir og verði hafist handa á fyrri hluta árs 2023. Verkefnið snýr að lagningu 66 kV jarðstrengs frá Rangárvöllum á Akureyri til Dalvíkur, rúmlega 40 km leið. Þannig verður til staðar tvöföld tenging sem þýðir að afhendingaröryggi í Dalvík og bæjum utar á Tröllaskaga verður mun meira heldur en það er í dag.

Einnig nefnir hann að til standi að styrkja línuna til Kópaskers en hún fór illa vegna mikillar ísingar í desember í fyrra.

Umfangsmiklar framkvæmdir norðan heiða

Unnið er við Kröflulínu 3 og stefnt að því að framkvæmdum við hana ljúki snemma á næsta ári. Kröflulína 3 er umfangsmikið verkefni, 122 kílómetra löng lína frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð. Markmið með nýrri Kröflulínu er að bæta raforkuflutningskerfið, auka stöðugleika og gæði orkuafhendingar. Annað stórt verkefni norðan heiða er Hólasandslína 3 sem liggur frá Akureyri og að Hólasandi, en markmið með lagningu hennar er sömuleiðis bætt orkunýting, aukin flutningsgeta og að tryggja stöðugleika í raforkukerfi á Norður- og Austurlandi.

„Þegar framkvæmdum við þessar línur er lokið verður umhverfi raforkumála t.d. í Eyjafirði gjörbreytt og betra en nú er. Það sama á við um Þingeyjarsýslur og allt Austurland. Á sama tíma og þessi tvö stóru verkefni eru í gangi fyrir norðan er einnig unnið að undirbúningi þess að hefja lagningu þriðju línunnar, Blöndulínu 3. Þessar línur allar eru mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild, þær eru mikilvægur hlekkur í því að styrkja tengsl milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorni landsins.“

Vaxandi álag á kerfið á Suðurlandi

Guðmundur nefnir einnig að álag á flutningskerfið á Suðurlandi hafi vaxið hratt á umliðnum árum og fyrirtækið sé að styrkja það með tengingum á milli kerfa. Óveður sem gerði í upphafi árs leiddi í ljós veikleika í kerfinu á sunnanverðu landinu og hefur verið unnið við að bæta þar úr.

Nýtt yfirbyggt tengivirki er komið í framkvæmd við Lækjartún austan Þjórsár og tengist það Búrfellslínu 2 sem og báðum hlutum 66kV kerfisins í landshlutanum. Þá verður Selfosslína 2 lögð í jörð á 16 kílómetra kafla á milli Lækjartúns og Hellu.

„Þetta hefur í för með sér aukið öryggi í landshlutanum sem nær svo líka út til Vestmannaeyja,“ segir Guðmundur.

Aukið öryggi á Austurlandi og á Vestfjörðum

Stór áfangi hefur að auki náðst á Austurlandi en verið er að ljúka við að hringtengja þar nokkra kaupstaði,



Unnið að lagningu á Akraneslínu í jörðu.

Egilsstaði, Eskifjörð, Neskaupstað og Reyðarfjörð. Segir Guðmundur það hafa verið mikið átak og hafi í för með sér miklar framfarir frá því sem áður var þegar kemur að afhendingaröryggi á svæðinu og möguleikum á aukinni notkun á svæðinu.

Mikil áhersla er áfram á að bæta raforkuöryggið á Vestfjörðum, þar sem undirbúningur að annarri tengingu við sunnanverða Vestfirði er í gangi og stefnt er að því að hefja framkvæmdir 2022. Jafnframt er stefnt að því að byggja nýtt yfirbyggt tengivirki í Breiðadal og hefja framkvæmdir við það á næsta ári og þá verði tengvirki Landsnets á norðanverðum Vestfjörðum öll yfirbyggð.

„Það hefur verið mikið um að vera allt árið hjá okkur og við getum ekki annað en verið ánægð með þann árangur sem náðst hefur, öll þau verkefni sem unnið hefur verið að og stuðla að því að öryggi við afhendingu raforku hefur aukist til mikilla muna.“



Landsnet hefur staðið fyrir umfangsmiklum framkvæmdum í ár, fyrir tæplega 12 milljarða króna, sem öll stuðla að auknu öryggi við afhendingu á raforku. Eitt af stóru verkunum er lagning Kröflulínu 3, sem er 122 kílómetra löng lína frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð.

BÚVÉLAR



MASSEY FERGUSON®

ÁRAMÓTATILBOÐ!



LEMKEN

MASSEY FERGUSON



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // buvelar@buvelar.is

LÍF & STARF

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, nýr forstjóri Matvælastofnunar:

þjónusta verði snögg, fagleg og aðgengileg og eftirlitið einfalt, málefnaleg og skilvirkt

– Nýi forstjórinn stundar reiðhjólasportið grimmt, elskar jólin og uppáhaldsstaðurinn á Íslandi er Þórsmörk

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði doktor Hrönn Ólínu Jörundsdóttur í embætti forstjóra Matvælastofnunar til næstu fimm ára frá og með 1. ágúst síðastliðnum en alls bárust átján umsóknir um starfið. Hrönn hefur verið að setja sig inn í starfið en hún er efnafræðingur með framhaldsmenntun í umhverfisefnafræði og hefur starfað hjá Matís undanfarin 11 ár. Hún hefur jafnframt sérhæft sig á sviði matvælaöryggis, áhættumats og áhættumiðlunar.

Hrönn Ólína er mikill hjólreiðagarpur og segist elska jólin en fer þó ekki hátt með það.



Hrönn Ólína Jörundsdóttir, nýr forstjóri Matvælastofnunar, stödd fyrir utan húsnæði stofnunarinnar á Selfossi þar sem hennar skrifstofa og starfsaðstaða er.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Uppalinn Mosfellingur

„Ég fæddist á Lansanum í Reykjavík í júlí 1978 og eftir flakk fyrstu fimm árin, m.a. til Fáskrúðsfjarðar og Svíþjóðar, þá settumst við að í Mosfellsbæ og ég flokka mig sem uppalinn Mosfelling. Pabbi er prófessor í HÍ í sjávarlíffræði og mamma er tannlæknir en ég á svo tvær yngri systur.

Ég bý með Brynjari Guðmundssyni, sem er Siglfirðingur í húð og hár, og samtals eigum við fimm börn frá fyrri samböndum. Ég ólst upp í hestamennsku og handbolta, fór í MS til að taka stúdentinn og svo beint í HÍ í efnafræði því ég vissi ekkert hvað ég vildi verða, notaði útilokunaraðferðina og þá var efnafræði það sem stóð upp úr, eins furðulegt og það kann að hljóma.

Eftir að hafa klárað B.Sc. í efnafræði þá dró ég fyrrverandi eiginmann með út til Svíþjóðar þar sem ég fór í framhaldsnám í umhverfisefnafræði. Eftir að hafa búið þar í sjö ár þar til við fluttum heim aftur og beint í Mosó, eignuðumst við þrjú börn og skildum, en nokkrum árum seinna kynntist ég Brynjari og við erum búin að vera límd saman síðan.“

Stjórnarformaður Bláa hersins

Eftir heimkomuna frá Svíþjóð byrjaði Hrönn hjá Matís 2009 sem verkefnisstjóri og varð svo sviðsstjóri yfir matvælaörygginu nokkru seinna og sá um reksturinn á þjónusturannsóknarstofunni. Þaðan kom hún svo beint til Matvælastofnunar í ágúst.

„Fyrir utan það þá er ég stjórnarformaður Bláa hersins sem er stýrt af herforingjanum Tómasi Knútssyni, eldhuga og frumkvöðli. Fyrir utan vinnuna þá er ég djúpt sokkin í reiðhjólasportið þar sem búið er að skipta út reiðskjótunum með keppnum, þjálfun og æfingum. Á veturna stundum við fjölskyldan svo skíðasportið af miklum móð þar sem við hjónaleysin förum mikið á fjallaskíði. En annars er öll útivist mjög ofarlega á áhugasviðslistanum. Ég held að það sé óhætt að segja að ég sé jákvæður orkubolti sem hefur gaman af lífinu og nýjum áskorunum. Eins og ég segi í hjólreiðunum, ég elska brekkur,“ segir Hrönn og hlær.

Matvælaöryggi og umhverfismál

Talið berst næst að því hvað hafi komið til að hún hafi sótt um starf forstjóra Matvælastofnunar þegar hún var í góðu starfi hjá Matís.

„Já, þú segir nokkuð, bæði í mínu námi erlendis og hjá mínum fyrri vinnuveitanda, Matís, þá hef ég unnið að málum sem varðar matvælaöryggi og umhverfismál. Í gegnum þessa vinnu og rannsóknir þá hef ég þróað hjá mér brennandi áhuga á málaflokkunum, og þá sérstaklega matvælaöryggi og get drepið niður hvaða partí sem er með umræðum um óæskileg efni í matvælum og áhrif þeirra á heilsu manna.

Ég hef mjög góða þekkingu og kunnáttu á áhættumati og matvælaöryggi og hef mjög sterkar skoðanir á mikilvægi málaflokksins. Ég hafði einnig unnið með Matvælastofnun í gegnum árin og finnst starf stofnunarinnar vera einstaklega mikilvægt og að mörgu leyti vanmetið. Eins hef ég líka sterka skoðun á hvert er hægt að fara með stofnunina til að gera hana enn betri og það voru þær hugmyndir og skoðanir sem gerðu það að verkum að ég gat ekki annað en sótt um,“ segir Hrönn.

Stolt af því að hafa fengið stöðuna

Kom það þér á óvart að hafa fengið starfið hjá Matvælastofnun?

„Já og nei, það kom mér vissulega á óvart að komast áfram því ég veit að samkeppnin var gríðarlega sterk og mjög flottir kandídatar sem sóttu um og ég er því líka mjög stolt af því að hafa fengið stöðuna. En ég held að ég hafi margt fram að færa og ég náði að selja þá framtíðarsýn og stefnu sem ég hef á eftirliti og stjórnun inn í valnefndina og til ráðherra.

Það sem ég held að hafi veitt mér forskot á aðra aðila var að ég vil leggja mikla áherslu á samtal og skilning milli aðila ásamt því að ég er mjög drífandi og framávið með góða þekkingu og skilning á hluta verkefna stofnunarinnar.

Ég hef nú þegar hafið stefnumótun innan stofnunarinnar sem ég held að leiði til framsýnnar stofnunar sem svarar þörfum samtímans og skapar betri sátt um störf stofnunarinnar.“

Annasamir mánuðir

Eins og gefur að skila tekur það tíma sinn fyrir nýjan forstjóra að kynnast starfi stofnunarinnar og fólkinu sem þar starfar en það hefur þó gengið ótrúlega vel hjá Hrönn.

„Já, fyrstu mánuðirnir hafa verið mjög annasamir. Fyrir það fyrsta að reyna að ná áttum og yfirsýn yfir það gríðarlega víðfeðma svið sem stofnunin sinnir og kynnast öllu því frábæra fólki sem hjá stofnuninni vinnur. Eins er áskorun að takast á við stjórnun á stofnun sem ég þekki ekki til fullnustu á tímum COVID og tryggja það að fólk geti unnið áfram, líði vel og geti sinnt sínum verkefnum. En sem betur fer er ég með mjög gott fólk með mér til aðstoðar. Við erum að byrja að





Fjölskyldan, Hrönn og Brynjar ásamt börnunum, sem eru Eiríkur Freyr, Iðunn Ragna í miðjunni og Ásdís Rún. Myndin var tekin í fjölskylduferð til vesturstrandar USA 2018, tekin í Universal studios í LA. Mynd / Úr einkasafni

marka framtíðarsýn fyrir stofnunina og vinna að því að efla stofnunina svo við getum betur sinnt þeim verkefnum sem eru hjá okkur.

Það eru skipulags- og rekstrarlegar áskoranir hjá okkur á næsta ári að takast á við ásamt því að byggja upp okkar gagnagrunna og tölvukerfi," segir Hrönn og bætir strax við: „Sem dæmi, við erum t.d. að takast á við stærsta riðutilfelli sem upp hefur komið síðustu áratugi og það er ótrúlegt að fylgjast með fagfólkinu takast á við það verkefni. Við erum að takast á við úrgöngu Breta úr Evrópusambandinu og hvernig það hefur á íslenskan inn- og útflutning.

Mér líst virkilega vel á starfið og allt því sem starfinu fylgir. Mig óraði samt ekki alveg fyrir hversu fjölbreytt stofnunin er og það hefur verið mjög upplýsandi að fá að fylgjast með mismunandi verkefnum og að kynnast öllu því fólki sem vinnur hér."

100 manna stofnun á fjórum stöðum

– Hvernig er stofnunin byggð upp og hvar eruð þið með starfsemi og hver er fjöldi starfsmanna?

„Við erum u.þ.b. 100 manns sem starfa hjá stofnuninni dreift um landið á 4 mismunandi sviðum ásamt skrifstofu forstjóra. Sviðin eru Neytendavernd og fiskeldi, Dýraheilsa, Markaðsmál og svo Samhæfing og þjónusta.

Höfuðstöðvarnar eru á Selfossi og svo erum við með stóra skrifstofu á Dalshrauni í Hafnarfirði þar sem inn- og útflutningsmál (markaðsmál) eru staðsett.

Hjá okkur eru fimm héraðsdýralæknar með hvert sitt umdæmi á landinu. Störfin og verkefnin eru einstaklega fjölbreytt og viðamikil en kjarninn er eftirlit með matvælum og dýraheilsu og velferð og umbjóðendur okkar eru neytendur, dýr og plöntur."



Hrönn á skrifstofunni sinni á Selfossi en fjölskyldan hefur ákveðið að flytja á Selfoss og er að leita sér að hentugu húsnæði á staðnum.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Neytendavernd og fiskeldi

Hrönn heldur áfram að segja frá starfsemi Matvælastofnunar og tekur skýrt fram að starfsemin sé gríðarlega viðamikil og fjölbreytt, en líka skemmtileg og krefjandi.

„Já, það er rétt því það má segja að við séum með tvö stór eftirlitssvið, þá annars vegar Neytendavernd og fiskeldi sem hefur eftirlit með matvælaframleiðslu og fiskeldi og hins vegar Dýraheilsa sem hefur eftirlit með frumframleiðslu, dýrasjúkdómum og dýravelferð. Þar koma t.d. gæludýr líka inn. Þriðja stóra sviðið er svo Markaðsmál sem sinnir eftirliti og gefur út vottorð fyrir inn- og útflutning sem gerir það að verkum að markaðir erlendis séu opnir fyrir íslenska framleiðslu sem dæmi. Fjórða sviðið og skrifstofa forstjóra eru mikilvægar stoðeiningar fyrir okkur og ráðuneytið. Það er erfitt að setja hvaða mál taka lengstan tíma en það geta verið flókin og stór mál

– Framhald á næstu síðu

IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR



Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími
- háþróuð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

NASSAU CE - merkt framleiðsla

Byggðu til framtíðar með hurðum frá Idex IDEX

idex.is - sími: 412 1700

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ



John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstiþvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.









NÝ VERSLUN Á SELFOSSI

Rekstrarland | **Vatnagörðum 10** | 104 Reykjavík | 515 1100 | **Austurvegi 69** | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is

olís REKSTRARLAND

LÍF & STARF

varðandi úrbætur á athugasemdum sem koma upp í eftirliti. Við erum sífellt að reyna að bæta ferilinn hjá okkur til að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að mál séu að dragast að óþörfu hjá okkur," segir Hrönn.

Hún tekur líka fram að erfið velferðarmál dýra geta verið átakanleg og flókin og oft erfitt að takast á við, þar geti komið inn erfiðar mannlegar aðstæður, andleg og líkamleg veikindi, félagsleg vandamál og svo framvegis.

„En ég held að slæm meðferð á dýrum séu alltaf átakanlegustu málin. Eins má segja að riðutilfellin núna fyrir norðan eru einstaklega erfið og viðamikil þar sem afleiðingarnar eru virkilega sárar fyrir ábúendur býlanna sem þarf að skera niður. Ég sé það hins vegar að starfsfólk Matvælastofnunar setur virkilega hjarta og sál í sína vinnu og gerir það virkilega vel," segir Hrönn.

Frábær mannauður

Þegar talið berst að mannauði Matvælastofnunar er Hrönn fljót til svars.

„Ég segi það hreint út að ég er ákaflega stolt af mínu fólki hjá Matvælastofnun og af stofnuninni í heild sinni. Sérfræðingastofnun eins og Matvælastofnun væri ekkert án þess frábæra fólks sem er innanhúss og sérfræðiþekkingin er gríðarleg.

Ég hef séð hvað fólkið mitt er tilbúið að leggja á sig til að fylgja eftir málum, vinna að bættu umhverfi og betri velferð dýra, oft við mjög erfiðar aðstæður. Eftirlitsfólkið hefur orðið fyrir aðkasti og árásum einstaklinga sem eiga við vanheilsu að etja, hefur stigið inn í virkilega erfiðar aðstæður til að tryggja velferð dýra og hefur þurft að taka mjög erfiðar ákvarðanir til að tryggja öryggi neytenda.

Auðvitað gerum við mistök, við erum engan veginn hafin yfir gagnrýni og getum alltaf lært og bætt okkur. En ég myndi segja að í heildina vinnum við af heilindum og metnaði með hag okkar umbjóðenda fyrir brjósti. Við erum t.d. að bæta okkur í samskiptum við hagaðila sem ég held að sé mjög mikilvægt því það hefur í gegnum tíðina skort á skilningi á okkar störfum. Ég vil opna meira á samtal og samráð þannig að við getum stuðlað að betri sátt um störf okkar."

Erlend samskipti

Matvælastofnun á í miklum erlendum samskiptum og Hrönn segir þau mjög mikilvæg.

„Við tengjumst sambærilegum stofnunum á Norðurlöndunum og Evrópu, ásamt Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Samskiptin eru mikilvæg því við erum oft að kljást við sömu vandamálin og áhætturnar, við getum alltaf lært af hvert öðru og það er mjög mikilvægt að fylgjast með því sem er að gerast í kringum okkur. Samskiptin eru margs konar, það eru netverk, fundir, námskeið og fleira sem er unnið saman og ég myndi gjarnan vilja finna leiðir til skiptivinnu milli norrænna stofnana til að við lærum af hvert öðru og flutt þekkingu og verklag milli landa."

Mörg erfið mál

„Það geta oft komið mjög erfið mál inn á okkar borð. Við höfum innleitt teymisvinnu til að geta betur tekið á erfiðari og stærri málum. Teymin hafa gefið stofnuninni mikið, með því erum við að tryggja að við séum með réttan mannauð til að takast á við málin í hvert sinn, þau séu leyst heildstætt og samhæft, sérstaklega milli landshluta. Eins eru teymin líka stuðningur fyrir starfsfólkið þannig að það standa fleiri að baki ákvörðuninni sem er tekin," segir Hrönn aðspurð hvernig tekið sér á erfiðum og flóknum málum, sem koma inn á borð stofnunarinnar.



Hrönn keppti í keppni á Íslandsmeistaramótinu í fjallahjólreiðum í fyrra á Ísafirði, en henni finnst fátt skemmtilegra en að þeysast á hjólinu sínu um allar koppagrundir. Mynd / Hörður Ragnarsson



Hrönn stödd á skíðasvæðinu á Siglufirði í fallegu veðri, en hún hefur mjög gaman af því að fara á skíði og allri útiveru. Mynd / Úr einkasafni

COVID er mikil áskorun

– Hver eru brýnustu mál stofnunarinnar á þessum skrýtnu tímum sem við lifum á?

„Vissulega er vinna á tímum COVID virkileg áskorun og að finna betri leiðir til að sinna okkar vinnu áfram. Það eru stór utanaðkomandi verkefni sem við þurfum að takast á við eins og afleiðingar Brexit á íslenskan inn- og útflutning. Ég myndi segja að brýnustu málin séu annars vegar að byggja upp frekari samskipti milli okkar og hagaðila okkar til að geta byggt upp betri og sterkari Matvælastofnun með jákvæða ímynd.

Eins erum við að skoða lausnir til að efla rafrænar lausnir sem á bæði við okkar viðskiptavini en eins okkar eigið starfsfólk. Við þurfum að endurskipuleggja uppsetningu okkar gagnagrunna og gera t.d. afgreiðslu vottorða eins sjálfvirka og við getum. Eins erum við að meta og skoða hvernig við getum sinnt betur okkar eftirliti. Við settum niður 3 vísa fyrir þjónustu annars vegar og eftirlit hins vegar sem við ætlum að styðjast við. En í framtíðinni viljum við að þjónustan okkar sé snögg, fagleg og aðgengileg og að eftirlitið sé einfalt, málefnaleg og skilvirkt."

Framtíðarsýnin er skýr

– Hver eru brýnustu verkefni Matvælastofnunar í náinni framtíð?



Hér er Hrönn við Glym í Hvalfirði á fallegum sumardegi. Mynd / Úr einkasafni

„Mín framtíðarsýn er að Matvælastofnun sem ein mikilvægasta stofnun landsins í Matvælalandinu Ísland, vinni samhliða hagsmunaaðilum með jákvæðu hugarfari beggja aðila og að allir eftirlitsaðilar séu samhæfðir og skilvirkir í sínu eftirliti.

Mín framtíðarsýn er líka að eftirlit sé litið jákvæðum augum og eftirlit sé notað sem tækifæri til að bæta sig og sína framleiðslu og jafnvel sem markaðstækifæri. Ef eftirlit er einfalt, málefnalegt og skilvirkt þá er það klárlega styrkur fyrir góðan iðnað og framleiðslu.

Við þurfum líka að tryggja að sá rammi sem Matvælastofnun vinnur innan svari þörfum samtímans. Ég mun leggja áherslu á samtal og samvinnu við hagsmunaaðila, betri upplýsingagjöf og stafrænni Matvælastofnun."

Framtíðin björt

Hrönn segist horfa björtum augum á framtíð Matvælastofnunar þegar hún horfir í gegnum kristalkúluna sína næstu 10 til 15 árin.

„Já, já, ég sé mjög bjarta framtíð fyrir Matvælastofnun, ég held að við séum alltaf að þróast og breytast og það er hollt. Samfélagið er sífellt í þróun og við verðum að fylgja því.

Við erum byrjuð á stefnumótun til næstu fimm ára og ég sé það sem virkilega spennandi verkefni en við erum búin að lista niður bæði innanhúss og utanhúss verkefni niður á blað. Ég sé að ráðuneytið er á góðum stað og samskiptin milli Matvælastofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins eru mjög góð þar sem ráðuneytið hefur virkilega lagt sig fram við að fá yfirsýn yfir öll þau fjölmörgu verkefni sem við sinnum. Ég held að næstu ár verði viðburðarík og ég sé vel skipulagða og skilvirka stofnun eftir 10–15 ár."

Djúpt sokkin í hjólasportið

Hrönn Ólína á sér mörg áhugamál og reynir að sinna þeim eftir fremsta megni þegar hún er ekki í vinnunni.

„Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að maður verði að hafa eitthvað annað fyrir stafni til að hvíla hugann ef maður er í krefjandi starfi, það er mjög mikilvægt að kúpla sig aðeins út. Eins er mikilvægt að sinna fjölskyldunni og ég hef alltaf verið mikil fjölskyldumanneskja. Annars er ég djúpt sokkin í hjólasportið, líklega mikið meira en góðu hófi gegnir en hjólreiðar eru eitt það skemmtilegasta sem ég veit en ég stunda bæði þjálfun, æfingar og keppnir. Svo koma skíðin eftir það en skíðin eru líka eitthvað sem við öll fjölskyldan stundum saman. Annars eru almenn útivera og samvera með fjölskyldunni það sem ég legg áherslu á, bara t.d. fara út að kvöldi til í stjörnuskoðun með krökkunum er æði, sérstaklega svona á COVID-tímum."

Jólin eru æði

Nú þegar jólahátíðin er alveg að ganga í garð er ekki komist hjá því að spyrja nýjan forstjóra Matvælastofnunar hvernig jólin séu í hennar huga.

„Ég er svona laumujólabarn, mér finnst jólin æði. Ég er samt aðeins of löt í skreytingum og bakstri. Það eru samt alltaf settar upp einhverjar seríur og alltaf eitthvað bakað en það er pínu óskipulagt og ómarkvisst. Ég laumast samt alveg til að spila jólalög fyrir 1. desember.

Ég hlakka alltaf til jólanna þar sem maður finnur að samfélagið dettur í annan gír og það eru alltaf ákveðnir töfrar í kringum jólin. Ég ákvað líka fyrir löngu að stressa mig ekki of mikið á jólunum og reyna að njóta þeirra frekar. Eins höfum við skapað þá hefð að fara alltaf í skógræktina í Mosó og saga niður eigið jólatré sem er svo skreytt á Þorláksmessu með eins miklu af heimatilbúnu og gömlu skrauti eins og hægt er, mér finnst það mjög heimilislegt en algjörlega stíllaust. Annars eru foreldrar okkar beggja úti á landi og við höfum bara reynt að hitta sem flesta en skipulagið er nú oft bara eftir eyranu eftir því sem hentar hverju sinni. Krakkarnir mínir eru stundum hjá okkur en ef þau eru ekki heima, þá er jólahaldið bara fært til," segir Hrönn.

2021 verður frábært ár

Hvernig leggst nýtt ár, 2021, í þig?

„Ég er í eðli mínu einstaklega bjartsýn og lausnamiðuð manneskja þannig að ég held að 2021 verði frábært ár. Og auðvitað vonar maður að 2021 verði betra en 2020. En ég held að við förum að fara að komast út úr þessu COVID, við getum farið að hittast meira og farið að koma samfélaginu aftur í gang. Ég sé fullt af skemmtilegum verkefnum fyrir mér á árinu, bæði persónulega og hvað vinnuna varðar.

Við fjölskyldan erum t.d. búin að selja heimilið í Mosfellsbænum og erum að leita okkur að húsi á Selfossi þar sem höfuðstöðvar Matvælastofnunar eru, þannig að það verður spennandi nýr kafli í lífinu að flytja á nýjan stað. Ég er líka mjög jákvæð gagnvart 2021 hjá Matvælastofnun. Vissulega eru áskoranir fram undan, COVID hafði töluverð áhrif á stofnunina sem við erum ekki búin að sjá fyrir endann á. En við erum að móta okkur framtíðarsýn og búin að ákveða verkefni til að vinna að sem ég held að geri stofnunina betri. Þannig að ég horfi björtum augum á framtíðina," segir nýi forstjórinn. */MHH*

BÆKUR & MENNING

Segðu það steininum

Komin er út hjá Bókaútgáfunni Sæmundi ljóðabókin Segðu það steininum eftir Jóhönnu Álfheiði Steingrímsdóttur.

Jóhanna var fædd 1920 og bjó að Árnesi í Aðaldal. Hún sendi frá sér 14 bækur, m.a. bókina Á bökkum Laxár sem byggð var á vinsælum útvarpsþáttum hennar. En Jóhanna hafði pennann jafnan við höndina, átti létt með að yrkja, skráði sögur og sagnir úr héraði og vann efni fyrir útvarp.

Segðu það steininum inniheldur úrval bundinna og óbundinna ljóða Jóhönnu og ritar Ragnar Ingi Aðalsteinsson formála þar sem hann segir m.a.: „Svona yrkja aðeins þeir sem hafa fengið skáldamjöðinn beint í æð.“



Lára og Ljónsi

Út eru komnar hjá Forlaginu barnabækurnar Lára lærir að lesa og Lára fer í leikhús eftir Birgittu Haukdal. Hin lífsglaða Lára hefur sérstaklega gaman af að læra eitthvað nýtt. Bangsinn Ljónsi fylgir henni hvert fótmál og saman spreyta þau sig á ýmsum verkefnum.

Sumarfríið er á enda og skólastarf að hefjast á ný. Lára er ofsalega spennt því í vetur eiga krakkarnir að læra um stafi og orð. Lára er dugleg að æfa sig að skrifa stafina en hún hefur ekki alveg náð tökum á því að lesa úr þeim orð.

Lára elskar líka að fara í búningaleik með Atla vini sínum en hún hefur aldrei farið í alvöru leikhús. Þegar Atli og amma hans bjóða henni með verður hún himinlifandi. Í leikhúsinu lifna ævintýrin við og Lára gleymir stund og stað.



LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

AUGLÝST EFTIR ÞÁTTTAKENDUM

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir fimmtán þátttakendum, til allt að fimm ára, sem eru í gæðastýrðri sauðfjárrækt og hafa áhuga á að gera loftslagsvæna aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn og taka virkan þátt í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslunni og Skógræktinni, auk þess þátttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnið hefst í janúar 2021 og er umsóknarfrestur til 11. janúar 2021. Umsóknareyðublað má nálgast á vefnum www.rml.is.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir, verkefnastjóri Loftslagsvæns landbúnaðar, **berglind@rml.is** og í síma **516-5000**.

skógræktin · RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins · Landgræðslan

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*

LANDSTÓLPI 20 ára –2000–2020–

SPRENGITILBOÐ Á **AFMÆLISÁRI**

SJÖ VALIN TÆKI MEÐ

20% AFSLÆTTI Í DESEMBER

Aðeins eitt af hverri gerð

Samtals **3.226.600 kr** afsláttur!



Giant - SK252D -Skid Steer
Verð kr. 3.290.000 kr
20% afsl. - kr. 2.632.000



Verð kr. 2.990.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 2.392.000**)



Verð kr. 3.190.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 2.552.000**)



Verð kr. 3.390.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 2.712.000**)



Verð kr. 669.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 535.200**)



Verð kr. 1.614.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 1.291.200**)



Verð kr. 990.000 kr
(**Verð með afsl. - kr. 792.000**)

Dúndurafsláttur í desember!

Við sláum botn í tvítugsafmælisárið okkar með stæl og bjóðum 20% afslátt af verði sjö gæðatækja af jafnmörgum gerðum til landbúnaðarverka. Þannig gerum við okkur dagamun og viðskiptavinir njóta þess svo um munar.

Sendum viðskiptavinum hátíðarkveðjur með þakklæti fyrir góðar viðtökur á viðburðarríku afmælisári. Þökkum einnig birgjum okkar frábært samstarf í gegnum tíðina.

Fyrstur kaupir, fyrstur fær!

***Öll verð eru án vsk.**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

Skógrækt í Grunnskóla Drangsness í Kaldrananeshreppi á Ströndum

Í um tvo áratugi, eða frá því rétt fyrir aldamótin 2000, hafa nemendur Grunnskóla Drangsness í Kaldrananeshreppi ræktað tré og hlúð að skógi í skógarreiti skólans. Skólalundurinn er í landi Klúku í Bjarnarfirði rétt ofan við Hótel Laugarhól þar sem áður var annar af tveimur skólum hreppsins.

Skógrækt hefur verið stunduð í Bjarnarfirði um nokkurt skeið og hefur sem dæmi skógurinn á Svanshóli og Klúku, þar sem skógrækt hófst um sama leyti, vaxið og dafnað svo skóglendið einkennir nú mjög landslag fjarðarins. Í gegnum vinnu sína í Skólalundinum hafa börnin í Kaldrananeshreppi lagt sitt af mörkum til þess að rækta upp skóglendi á svæðinu sem ekki er þekkt fyrir mikla skóga auk þess sem þau hafa gróðursett birki frá Yrkjusjóði og dreift birkifræjum í þéttbýlinu á Drangsnesi þar sem skólinn stendur.

Tæplega 20 ára gamall reitur

Eins og kom fram hér í upphafi eru tæp tuttugu ár síðan þáverandi nemendur Grunnskóla Drangsness skipulögðu þennan reit sem við köllum Skólalund. Eftir nokkurt hlé á skipulögðu skólastarfi í tengslum við reitinn skipar hann nú mikilvægan sess í starfinu bæði vor og haust. Nemendur og kennarar halda tvisvar á ári í skóginn, einn dagur að hausti og einn að vori er sérmerktur Skólalundinum í dagatali skólans. Vinnan í Skólalundi er unnin í miklu og góðu samstarfi við Arnlín Óladóttur skógfræðing, fyrrum starfsmann Skógræktar ríkisins, sem búsett er á svæðinu og starfaði áður sem kennari við skólana í hreppnum. Arnlín hefur skipulagt þau verkefni sem



Nemandi mælir hæð lerkitrés.



Náttúrubingó þar sem unnið er með hitt og þetta sem finna má í Skólalundinum.

Bændablaðið
Kemur næst út
14.
janúar 2021



Mariana Fiserova, nemandi við skólann, fær þjálfun í trjáklifri.



Arnlín Óladóttir veitir nemendum leiðsögn við gróðursetningu.



Yngstu nemendur skólans raða trjágreinum og mynda bókstafi.

unnin eru í Skólalundinum ásamt kennurum og hafa þau verið afar fjölbreytt. Nemendur hafa auk þess að gróðursetja í reitinn m.a. séð um mælingar á trjám og fylgst þannig með vexti þeirra, lært að greina mismunandi trjátegundir, hlúð að trjánum með því að reyta gras frá smáplöntum, gefa áburð og klippa tvístofna og neðstu greinarnar á þeim trjám sem þurfa á því að halda. Eldri nemendur hafa farið um svæðið og notað Avenza staðsetningarappið til þess að finna tiltekna reiti ásamt því að taka þátt í öðrum verkefnum með þeim yngri. Eftir hverja heimsókn í Skólalundinn er unnið áfram með verkefnin m.a. eru laufblöð og blóm þurrkuð til síðari greiningar og efniviður fenginn úr skóginum til þess að vinna að skapandi verkefnum í öllum námsgreinum.

Fá einnig tækifæri til að skoða og læra

Það er ýmislegt fleira sem vex í skjóli skógarins en þau tré sem nemendur hafa gróðursett, sveppir, ber, blóm og grös, er meðal þess sem börnin fá einnig tækifæri til að skoða og læra að þekkja ásamt fjölbreyttu dýralífi. Í Skólalundinum hafa verið gróðursett lerkitré, furutré og birki en þar vex einnig víðir og fjalldrapi. Við mælingu sem var gerð árið 2017 var hæsta tréð í lundinum 2,2 metrar en vorið 2020 mældist hæsta tréð, lerki, 2,7 metrar. Það er heilmikill lærdómur fólginn í því að fá að fylgjast svo náið með vexti skógarins. Yngstu nemendur skólans eru nú þegar farnir að njóta afraksturs þeirra sem hófu skógræktina. Þau leika sér á milli trjánna, nota afklipptar greinar og köngla til þess að skapa úr bæði í lundinum og þegar komið er til baka í skólastofuna.

Mörg verkefni fram undan

Það eru ýmis verkefni fram undan í Skólalundi Grunnskóla Drangsness; gerð göngustíga, upplýsingaskilta og margt fleira. Eins og á við um alla skógrækt hugsum við til framtíðar og þeirra kynslóða sem munu taka við Skólalundinum eftir okkar dag.

Það eru sannkölluð forréttindi að hafa aðgang að skógi í skólastarfi. Útiveran og nálægðin við umhverfi skógarins hefur jákvæð áhrif á líðan barnanna; við upplifum viðfangsefnið með líkamanum öllum, öllum skynfærunum og fáum að hreyfa okkur um í rými sem er ólíkt skólastofunni. Skógurinn býður upp á lifandi og fjölbreytta kennslu í öllum námsgreinum í árgöngum en það allra dýrmætasta er að nemendur skólans alast upp við að ræktun skóga og skógurinn sjálfur er hluti af lífi þeirra.

Marta Guðrún Jóhannesdóttir
Höfundur er kennari við Grunnskóla Drangsness, skógarbóndi í Kaldrananes-hreppi og ritari í stjórn Félags skógarbænda á Vestfjörðum

BÆKUR & MENNING

Er nokkur í Kórónafötum hér inni?, Sendisveinninn er einmana, Róbinson Krúsó snýr aftur

– Einar Már Guðmundsson – 40 ár á ritvellinum

Fyrstu þrjár ljóðabækur Einars Más Guðmundssonar komu út 1980 og 1981 og vöktu geysimikla athygli. Tónninn var nýstárlegur, yrkisefnin óvenjuleg, skáldinu mikið niðri fyrir. Nú eru þessar sögufrægu bækur gefnar út að nýju, þrjár saman í einni, í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin síðan skáldið þusti fram á sjónarsviðið – og ljóðin eru enn fersk, fyndin og forvitnileg.



Einar Már hóf höfundarferil sinn sem ljóðskáld en varð seinna einkum þekktur fyrir skáldsögur og annað lausamál. Hann hefur sent frá sér hátt í þrjátíu bækur af ýmsum toga og hlotið fyrir þær margvísleg verðlaun og heiður, þar á meðal Íslensku bókmenntaverðlaunin, Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og Norrænu bókmenntaverðlaun Sænsku akademíunnar. Bækur hans hafa verið þýddar á tugi tungumála og gefnar út víða um heim.

Ágætu bændur,
Bestu jólakveðjur, þakka viðskiptin og ánægjuleg samskipti á árinu.

Grétar Hrafn Harðarson
S. 892-1480 - gretarhrafn@simnet.is

Ráðgjöf - Innréttingar - Velferðargólf - Íblöndunarefni - Stæðuplast

Hleðslutæki
Jólatilboð!
20% Afsláttur
Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Lely Center Ísland
HAUGSUGU-DÆLUR
6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra
HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

WEIDEMANN
Smávélar og skotbómur frá Weidemann
Liðstýrðar smávélar og skotbómur frá Weidemann hafa sýnt yfirburði í endingu og lágri bilanatíðni. Eigendur vélanna bera þeim allir góða sögu enda eru Weidemann smávélar og skotbómur þekktar fyrir sparneytni, dugnað, lágan viðhaldskostnað og þægindi.

Weidemann 1160
• 32 hestöfl
• Lyftigeta í beinni stöðu 994 kg.
• Niðurfellanleg öryggisgrind EPS
• Innifalið er skófla og heygreip
4.160.000 kr. - án vsk.
5.158.400 kr. - með vsk.

Weidemann 1260
• 33 hestöfl
• Lyftigeta í beinni stöðu 1,357 kg.
• Akstursraði 0-13km/h
• Innifalið er skófla og heygreip
4.650.000 kr. - án vsk.
5.766.000 kr. - með vsk.

Weidemann 1280
• 33 hestöfl
• Lyftigeta í beinni stöðu 1,445 kg.
• Akstursraði 0-20km/h
• 100% driflás
• Innifalið er skófla og heygreip
5.450.000 kr. - án vsk.
6.758.000 kr. - með vsk.

Weidemann T4512
• 40 hestöfl
• Lyftigeta í beinni stöðu 1,200 kg.
• Akstursraði 0-7km/h og 0-20km/h
• 100% driflás
• Vél með húsi og miðstöð
6.360.000 kr. - án vsk.
7.886.400 kr. - með vsk.

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Hrísmýri 7 / 800 Selfoss
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

UTAN ÚR HEIMI



Niðurstaða rannsóknarinnar var að nánast engin þekkt merki öldrunar eins og hún lýsir sér í heila manna með próteinútfellingum og æðakölkun fundust í heila hákarlsins.

Somniosus microcephalus:

Heili 245 ára hákarls sýnir engin merki öldrunar

Nýverið birtist vísindagrein um rannsóknir á áhrifum öldrunar á heila un það bil 245 ára gamals hákarls í samanburði við sama ferli í heila manna. Hákarl þessi veiddist í haustralli 2017 djúpt vestur af landinu. Klara Jakobsdóttir, sérfræðingur á botnsjávarsviði, er einn af höfundum greinarinnar.

Öldrun hefur ýmis áhrif á frumur í heila manna sem eru vel þekktar. Í frétt á vef Hafrannsóknastofnunar segir að rannsóknir hafi hins vegar bent til að hákarl (Somniosus microcephalus) geti náð óvenjulega háum aldri, eða hæstum aldri allra hryggdýra, jafnvel allt að 4–500 árum. Því var markmið rannsóknarinnar að athuga hvort greina mætti svipuð áhrif öldrunar í heila hákarla eins og þekkt eru í heilum manna og rotta.

Engin merki öldrunar

Niðurstaða rannsóknarinnar var að nánast engin þekkt merki öldrunar eins og hún lýsir sér í heila manna með próteinútfellingum og æðakölkun fundust í heila hákarlsins. Jafnframt sáust engin merki um taugahrörnun. Þetta bendir til að heili hryggdýra geti haldist lítið eða óbreyttur í mjög langan tíma líkt og sýnt hefur verið fram á í háöldruðum einstaklingum, 100 ára eða eldri.

Umhverfi og atferli

Höfundar greinarinnar leiða líkum að því að umhverfi og atferli séu ástæður þess hversu lengi hákarl lifir án sýnilegra áhrifa öldrunar á heila. Hákarl er talinn hægsyndur og heldur að mestu til í stöðugu en köldu umhverfi á tiltölulega miklu dýpi í sjó sem er um 4 °C heitur.

Þetta veldur því að líklega eru efnaskipti hæg og vísbendingar eru um að blóðþrýstingur hákarls sé mun lægri en hjá öðrum hákarlategundum. Lykillinn að háum aldri virðist því vera að hreyfa sig lítið og halda sig í kulda og myrkri, að minnsta kosti fyrir hákarl. */VH*



Noregur:

Merkjavörur verslanakeðja eiga undir högg að sækja

Eftir að stjórnmálamaðurinn Dag Fossen kom með tillögu inn á norska þingið að banna stóru verslanakeðjunum að nota eigin merkjavörur á búvörur hafa línurnar svo sannarlega logað á ýmsum vígstöðvum í Noregi. Merkjavörur eins og Folkets, First Price, Eldorado, Xtra og Prima eiga nú undir högg að sækja en allar eiga þær það sameiginlegt að vera í eigu mismunandi verslanakeðja.

Markaðshlutfall þessara merkjavara eykst ár frá ári og sem dæmi hefur sala á kjötvörum og eggjum í þessum flokkum aukist frá 23 prósentum árið 2010 í 44 prósent árið 2020. Þegar kemur að hakki og farsi hefur salan á sama tímabili farið úr 36 prósentum í 81 prósent.

Óska eftir meira eftirliti

Nú hefur stjórnmálamaðurinn og fyrrum kúabóndinn Dag Fossen gengið fram og óskað eftir að bann verði sett á slíkar merkjavörur þegar aðilar hafa náð ákveðinni stærð. Þetta verði gert til að minnka það vald sem verslanakeðjurnar hafa á framleiðendum og neytendum. Einnig til að skapa meiri fjölbreytni á markaði og hleypa að fleiri spennandi vörum. Staðan eins og hún er í dag gerir það að verkum að bændur fá minna í vasann og neytendur greiða hærri kostnað fyrir vörurnar.

Norsku Bændasamtökin hafa einnig látið í sér heyra vegna málsins og hafa óskað eftir eftirliti á innkaupa- og söluverði á merkjavörum verslanakeðjanna. Þetta snýst um samkeppni á norskum dagvörumarkaði, valdatafl í virðiskeðjunni, baráttu um hillupláss í verslunum og ekki síst um peninga. Óskað er eftir útskýringum á hlutverki og stöðu birgja en sex prósent af birgjum í landinu standa fyrir helming af heildarveltunni. Í Svíþjóð eru mun fleiri birgjar sem deila með sér kökunni.

/ehg-Bondebladet

Norðmenn efla nýsköpun og frumkvöðla um allt land

Hjá norsku Nýsköpunarmiðstöðinni Innovasjon Norge eru ýmsir valkostir í boði fyrir bændur og fyrirtæki tengd landbúnaði en á þessu ári hefur verið metár í fjölda umsókna til stofnunarinnar. Sigríður Þormóðsdóttir er yfirmaður nýsköpunar í lífhagkerfi hjá stofnuninni en undir það heyrir landbúnaður, sjávarútvegur og skógrækt.

Það má segja að Innovasjon Norge sé sambland af meðal annars Tækniþróunarsjóði, Íslandsstofu, Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands þar sem árlega eru veittir þúsundir styrkja og lána um allan Noreg til að efla atvinnulíf bæði innanlands og utan fyrir norsk fyrirtæki sem hyggja á útflutning.

„Það sem fellur undir styrkveitingar hjá stofnuninni þegar kemur að landbúnaði eru ýmiss konar fjárfestingar á sveitabæjum, meðal annars uppbygging á útihúsum, kaup á húsnæði eða til viðbótarlandsvæðis. Forsendur láns og styrkveitingar er að fjárfestingin skili sér í meiri arðsemi og betri búrekstri. Einnig ná styrkir til bænda sem hafa hug á að bæta við reksturinn með aukabúgrein á búum sínum. Á síðasta ári voru tæplega 1.200 verkefni af öllum stærðargráðum í landbúnaði styrkt fyrir rúmar 765 milljónir norskra króna," útskýrir Sigríður.



Sigríður Þormóðsdóttir er yfirmaður nýsköpunar í lífhagkerfi hjá norsku Nýsköpunarmiðstöðinni Innovasjon Norge en undir það heyrir landbúnaður, sjávarútvegur og skógrækt. Í ár er met í fjölda umsókna til stofnunarinnar. Mynd / Astrid Waller

Allt undir einum hatti

Innovasjon Norge er með starfsstöðvar í öllum fylkjum Noregs en stofnunin er ríkisrekin og sett saman af ráðgjöf, lánastarfsemi og styrkjakerfi.

„Eignarhaldið á Innovasjon Norge er 51% iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið og 49% fylkin. Stærsti hluti þess fjármagns sem fylkin nota til eflingar atvinnulífs leggja þeir inn hjá Fylkisskrifstofu Innovasjon Norge. Það er hagræðing í að nýta stofnunina og um leið er tryggt að sams konar reglur og ferlar gildi um umsóknir og styrkveitingar um land allt. Allir viðskiptavinir Innovasjon Norge, hvar sem er á landinu, geta fengið sams konar ráðgjöf, styrki og lán. Við sjáum að þarfir atvinnulífsins og fyrirtækjanna er oft samansett og þess vegna er mjög algengt að veitt er bæði ráðgjöf og fjármagn í formi láns og/eða styrks. Þetta er sérstaklega í stærri rannsóknar- og þróunarverkefnum þar sem þörf er á að gera langtímaplön þ.m.t. fjárfestingarplan. Með stórum verkefnum erum við að tala um verkefni í stærðargráðunni 50-100 milljónir norskra króna, sem er yfirleitt ekki meira en 50% af heildarverði verkefnisins. Við erum með samstarfsmenn úti um allt land og þeir peningar sem fara í nýsköpun út til fylkjanna koma frá okkur. Þetta er gert til að hafa gagnsæi og sömu reglur en einnig til þess að ekki sé verið að styrkja sömu verkefni um allt land og að fólki sé ekki mismunað," útskýrir Sigríður og segir jafnframt:

„Þekking á markaði og samkeppni er mikilvæg við þróun og nýsköpun alveg frá upphafi. Í því sambandi er mikilvægt að hugsa út fyrir fylkismörk og landamæri. Við leggjum mikla áherslu á að umsækjendur hafi góða þekkingu á að varan eða þjónustan sem á að þróa sé samkeppnishæf og skili sér í aukinni arðsemi og samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Við erum upptekin af að í þróunarvinnunni og þegar við styrkjum til dæmis stór verkefniverkefni þá er mikilvægt að fyrirtækin meti markaðsmöguleika sína í alþjóðasamhengi. Fyrir stóra, þunga styrki þarf markaðurinn að ná út fyrir landsteinana. Oft er þetta samansett lán og styrkir en við getum farið upp í verkefni sem er styrkt og lánað fyrir allt að 70 milljónum norskra króna. Styrkurinn í þessu er að hafa þetta allt undir einum hatti. Þegar fyrirtækin þurfa að hugsa um langtímafjárfestingar þá er blandað saman styrkjum og lánum til að klára hlutina. Ef maður ætlar að koma á framfæri þekkingu í rannsóknar- og þróunarverkefnum verður að vera möguleiki á að fá fjármagn til að geta gert langtímaáætlanir."



Fjós úr timbri, en í ár hafa þeir bændur sem byggja ný fjós eða byggja við fjós úr timbri fengið aukastyrk. Það hefur verið vinsælt og hafa 140 verkefni verið styrkt. Það að byggja úr timbri er eitt af fjölmörgum aðgerðum til úrbóta í umhverfis- og loftslagsmálum og með því leggur landbúnaðurinn sitt af mörkum í þeim efnum ásamt því að margir vilja meina að velferð dýra í slíkum fjósum sé meiri. Mynd / Fjøssystemer AS




Nýsköpun í norskri ostagerð, „Gangstad gårdsysteri". Mynd / Erik Bye

Styrkir og lán í landbúnaði

Starfsfólk Innovasjon Norge eiga í góðu samstarfi við norsku Ráðgjafarmiðstöðina í öllum fylkjum landsins því ráðunautar innan þeirra vébanda eru mikilvægir til að miðla fagþekkingu bæði til bóndans og til Innovasjon Norge.

„Við styrkjum mikið í sjávarútvegi en þegar kemur að landbúnaði, leggur ríkið til fjármagn í gegnum árlega búvörusamninga, til að styrkja nýsköpun og þróun í landbúnaði. Það er síðan Innovasjon Norge í gegnum sínar skrifstofur úti í fylkjunum sem deila út styrkjunum. „Styrkirnir sem standa til boða í landbúnaði geta bæði verið vegna fjárfestinga en líka vegna til dæmis framleiðslu á svæðisbundnum matvælum, ferðaþjónustu á búum, endurhæfingu á búum fyrir fatlaða og svo framvegis. Einnig eru veittir styrkir til kynslóðaskipta. Flestöll minni verkefnin eru styrkt og þarf ekki að sækja um lán fyrir. Nú erum við til dæmis í þeirri stöðu að leiðbeina minkabændum sem verða að hætta í þeim búskap um hvað þeir geta byrjað með í staðinn. Þar að auki hafa aðilar í landbúnaði möguleika á að sækja um annað fyrir utan þá peninga sem eyrnamerktir eru í búvörusamningum. Þá er bæði hægt að sækja um styrki og lán í tengslum við fjárfestingar sem er mest þegar verið er að byggja upp nýjar virðiskeðjur í tengslum við framleiðslu eða ræktun Það snýr þá jafnan að samstarfi milli iðnaðar og frumframleiðslu og til dæmis fullnýtingu á aukaafurðum."

/ehg



Uppskera verður 15 sinnum á ári í nýju stöðinni þrátt fyrir að plönturnar sjái aldrei dagsljós eða næringarríka jörð.

Stærsta bú fyrir lóðrétta ræktun í Danmörku

Fjórtán röðum með salati, kryddjurtum og káli er staflað upp á hver aðra í nýju lóðréttu búi í Kaupmannahöfn sem er eitt hið stærsta sinnar tegundar í heiminum. Raðirnar ná frá gólfi og upp í þak hjá fyrirtækinu Nordic Harvest en hin nýja stöð nær yfir sjö ferkílómetra.

Uppskera verður 15 sinnum á ári í nýju stöðinni þrátt fyrir að plönturnar sjái aldrei dagsljós eða næringarríka jörð en þess í stað er fjólublátt ljós beint að þeim allan sólarhringinn frá 20 þúsund sérútbúnum LED-lömpum. Á þessari framtíðarstöð sjá litlir róbótar um að sá fræjum frá hillurekka til hillurekka. Áætlað er að um 200 tonn af grænmeti verði uppskorið á stöðinni á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og síðan um þúsund tonn á ári þegar framleiðslan verður komin á fullt. Þetta verður því ein stærsta stöð þessarar tegundar í Evrópu og raunar heiminum.

Nýja stöðin hefur mætt efasemdum frá mörgum sem stunda hefðbundinn landbúnað þar sem vangaveltur hafa sprottið upp um framleiðslugetu og rafmagnsnotkun. Forsvarsmenn fyrirtækisins benda á að stöðin hafi ákveðið loftslagsforskot með vörum sem afhentar eru í nálægð við framleiðslustaðinn og með notkun á grænu rafmagni frá vindmyllum. Þar að auki skaðar láréttur landbúnaður ekki umhverfið þar sem allt vatn, næring og áburður er endurnýtt. Hafa forsvarsmenn Nordic Harvest einnig bent á að í stöðinni þurfi einungis að nota einn lítra af vatni á hvert kíló sem framleitt er en á stórum akri þyrfti til dæmis að nota 250 sinnum meira magn. */ehg - Nationen*

Eðlur og snákar stoppa Tesla

Tesla bílaframleiðandinn hefur neyðst til að stöðva framkvæmdir við byggingu á nýrri rafbílaverksmiðju skammt utan við Berlín. Ástæða stöðvunarinnar er að umhverfisverndarsamtök sem fóru í mál við fyrirtækið vegna vanefnda sem tengjast búsvæði eðla og snáka í ræktuðum skógi sem stóð til að ryðja unnu málið.



Meginrökin fyrir stöðvun skógarfellingarinnar eru að í sgóginum er að finna bú- og dvalarsvæði friðaðra sandeðla sjaldgæfrar snákategundar. Samkvæmt samningnum sem gerður var átti Tesla að sjá um að flytja dýrin burt af svæðinu þar sem á að fella skóginn en ekki var staðið við þá framkvæmd.

Aðdragandi málsins er að Elon Musk, eigandi Tesla, hefur gert samning um að byggja risastóra rafbílaverksmiðju skammt suður af Berlín. Samkvæmt áætlun eiga um 12 þúsund manns að starfa við verksmiðjuna og á hún að framleiða um 50 þúsund rafbíla á ári. Til að reisa verksmiðjuna og helgunarsvæði hennar þarf að fella um 90 hektara af ræktuðum furuskógi og til stóð að fyrstu rafbifreiðarnar yrðu tilbúnar í júlí á næsta ári.

Tvenn umhverfisverndarsamtök í Þýskalandi höfðuðu mál á hendur fyrirtækinu og kröfðust þess að felling skógarins yrði stöðvuð vegna umhverfissjónarmiða. Í síðustu viku féll dómur umhverfissamtökunum í vil og framkvæmdir stöðvaðar. Að minnsta kosti tímabundið.

Dómurinn féll þrátt fyrir að búið sé að fella talsvert mikið af trjám og að fyrirtækið hafi lofað að planta á næstu árum þrisvar sinnum fleiri trjám en það kemur til með að fella. */VH*









UTAN ÚR HEIMI

Umhverfisvernd:
Krúttlegu dýrin fá mest

Samanburður á fjármagni til dýraverndunar í löndum innan Evrópusambandsins sýnir að framlög til verndunar á hryggleysingjum er mun lægra en til hryggdýra og að hæstu framlögin fara til krúttlegra spendýra og til verndunar á fuglum.



Minna fé er veitt innan Evrópusambandsins til verndunar hryggleysingja en hryggdýra.

Í samanburðinum kemur fram að framlög til verndunar á hryggdýrum eru um það bil 500 sinnum hærri en til hryggleysingja. Ákveðnar dýrategundir sem njóta vinsælda og eru vinsæl í kvikmyndum og náttúrulífsmyndum og þykja sæt, eins og birnir, úlfar, sumar tegundir fugla og kattardýr, njóta góðs af vinsældunum og meira fé er veitt til verndunar hverrar tegundar fyrir sig en allra hryggleysingja samanlagt.

„Ljót dýr“ á lægri styrki

Hryggleysingjar, eins og kóngulær, bjöllur og krabbadýr, sem eru ekki síður mikilvæg vistkerfinu en njóta ekki almennrar hylli, hafa einfaldlega orðið undir í baráttunni um styrki Evrópusambandsins til náttúruverndar.

Í greinargerð vegna samanburðarins segir að staða dýrategunda og hversu líklegt sé að hún sé í útrýmingarhættu virðist ekki hafa teljandi áhrif á hversu miklu fé er veitt til verndunar hennar. Það sem meira máli skiptir er hversu sýnilegt dýrið er og hversu þekkt það er. Ekki er nóg með að fjárveitingar til verndunar hryggleysingja sé mun lægra því þeir og ekki síst skordýr eru í allt að átta sinnum meiri útrýmingarhættu en fuglar, spendýr og eðlur.

Líffræðileg fjölbreytni

Samantektin tengist vinnu vegna nýrrar áætlunar Evrópusambandsins um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að stefnt sé að því að árið 2030 verði um 30% lands í Evrópu náttúrulegt friðland.

Í grófum dráttum hefur tekist vel með verndun fjölda stórra spendýra og ýmissa fuglategunda en minna hefur verið gert í því að vernda minni og lítt áberandi dýr. Ekki vegna þess að slíkt sé ekki nauðsynlegt heldur frekar vegna þess á þau þykja ekki nógu „sexí“. */VH*

PLÖTUR & MENNING

Gímaldin og Hafþór Ólafsson kveða rímur

Tónlistamennirnir Gímaldin og Hafþór Ólafsson sendu nýlega frá sér geisladisk þar sem þeir kveða rímur við undirleik Gímaldins og Hafþórs. Þeir hafa áður unnið nokkur lög saman, á plötuna Gímaffinn kemur og smáskífuna Af froski gengnum á land.

Á nýja disknum leikur Þorvaldur H. Gröndal á trommur, Viðar Hákon Gíslason sér um trommuheilabít og Ólafur Hjördísarson Jónsson hafði yfirumsjón með gítarupptökum og effekteringum.



Gluggað í Háttalykil

Að sögn Gímaldins hefur hann verið að glugga í Háttalykil Lopts ríka Guttormssonar og vakti það áhuga hans hve ástríðufullt þetta kennsluefni var. „Ég hafði ekki spáð í það lengi en einangrun, fjarlægð og fjarvera frá ástvinum hlaut að magna upp ástríðuna og tilfinningahitann, að yrkja til einhverrar sem maður hafði ekki séð í mörg ár og vitandi að hún myndi hvorki heyra kveðskapinn né sjá mig í önnur mörg ár. Ekki þessi sí- og ofnærvera sem tækni nútímans hlekkjar okkur í.

Það vakti áhuga minn á að yrkja um ástina meðan hún er heit, meðan hún er – langoftast eða hér um bil alltaf er ort um sambandsslit eða deyjandi ást. Ástin er mikilvæg og á skilið jafn marga sénsa og þú myndir gefa fíkli sem enn einu sinni segist ætla að standa sig í þetta sinn.“

Í yrkisefnaformin bættust við Háttatal Sveinbjarnar Beinteinssonar, ýmsar rímur eftir Sigurð Breiðfjörð og ýmislegt fleira.

Hafþór segir að þeir hafi farið í stuttan túr um Austur- og Norðausturland og að skömmu síðar hafi platan verið hljóðrituð og að hluta til í Labrab. „Auk mín og Gímaldins lék Þorvaldur H. Gröndal á trommur, Viðar Hákon Gíslason gerði nokkur trommuheilabít og Ólafur Hjördísarson Jónsson hafði yfirumsjón með gítarupptökum og effekteringum.“

Nauðsynlegt að treina ástina

„Reyndar er sama hvað ástin er sönn og heit, hún lifir ekki lengi ef ekki er hægt að treina hana með langdrægum fjarsamskiptum og nánast endalausri bið og það þarf því að hafa hraðar hendur. Inspirasjónin er þess vegna eins konar kapphlaup við tímann, sem er hressandi þversögn, því allt hófst þetta út frá tækifæri til að þurfa ekki alltaf að vera að flýta sér.“

Áhugi á endalausri jákvæðni

Hafþór og Gímaldin deila áhuga á ýmsum menningarformum, sem og endalausri jákvæðni og vilja til að gera eitthvað skemmtilegt, eins og þeir orða það sjálfir. Það sem færri vita er að þeir kunna vel að meta synta-popptónlist níunda áratugarins, Bubbann, OMD og Human League. */VH*

HROSS & HESTAMENNSKA

Hagagæði – samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Félags hrossabænda:
Markmið Hagagæða er að landgæði rýrni ekki við nýtingu beitarlands

Hagagæði er samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Félags hrossabænda. Landgræðslan hefur umsjón með verkefninu og annast úttektir lands. Markmið þátttakenda í verkefninu er að landgæði rýrni ekki við nýtingu beitarlands. Þátttakendur geta verið hrossabændur og aðrir sem halda hross í atvinnuskyni eða til brúkunar í tómstundum.

Landeigendur sem þess óska geta tekið þátt í Hagagæðum en beitarland þeirra þarf að standast úttekt Landgræðslunnar. Úttektir gilda fyrir yfirstandandi ár og fylgir viðurkenning til þátttakenda sem standast úttektina.

Auka ábyrgð og tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands

Tilgangur verkefnisins er að tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands og auka ábyrgð landnotenda sem vörslumanna lands. Einnig að auka umhverfisvitund landeigenda og landnotenda og tryggja velferð hrossa. Þátttakendur geta notað sérstakt merki Hagagæða, starfsemi sinni til framdráttar. Á einkennismerkinu er ártal þess árs sem viðurkenningin á við.

Árið 2020 var fjórða starfsár Hagagæða og stóðust 49 hrossabú úttektarkröfur verkefnisins og hlutu þar með viðurkenningu fyrir sjálfbæra landnýtingu.

***Ingunn Sandra Arnþórsdóttir**, verkefnastjóri Hagagæða*

Hagagæði 2020

Árið 2020 stóðust eftirfarandi hrossabú úttektir vegna landnýtingar

	Nafn jarðar	Þátttakendur	Sýsla
1.	Sauðanes	Ágúst M. Ágústsson / Steinunn A. Halldórsdóttir	Norður-Þingeyjarsýsla
2.	Bakki	Þór Ingvason	Eyjafjarðarsýsla
3.	Bringa	Bringa ehf. Sverrir Reynir / Guðbjörg Jóna	Eyjafjarðarsýsla
4.	Hólsgerði	Brynjar Skúlason / Sigríður Bjarnadóttir	Eyjafjarðarsýsla
5.	Jarðbrú	Þorsteinn Hólm Stefánsson / Þröstur Karlsson	Eyjafjarðarsýsla
6.	Litla-Brekka	Vignir Sigurðsson	Eyjafjarðarsýsla
7.	Litli-Dalur	Kristín Thorberg / Jónas Vigfússon	Eyjafjarðarsýsla
8.	Ásgeirsbrekka	Jóhann Ingi Haraldsson	Skagafjarðarsýsla
9.	Bær á Höfðaströnd	Höfðaströnd ehf, Sigmar Bragason	Skagafjarðarsýsla
10.	Enni	Haraldur Þ. Jóhannsson / Eindís Kristjánsdóttir	Skagafjarðarsýsla
11.	Flugumýri II	Flugumýri ehf, Anna Sigurðardóttir	Skagafjarðarsýsla
12.	Hafsteinsstaðir	Skapti Steinbjörnsson / Hildur Claessen	Skagafjarðarsýsla
13.	Hólar	Hólaskóli	Skagafjarðarsýsla
14.	Hverhólar	Freysteinn Traustason / Birna S. Hafsteinsdóttir	Skagafjarðarsýsla
15.	Íbishóll	Íbishóll ehf, Magnús Bragi / Elísabeth Jansen	Skagafjarðarsýsla
16.	Kálfsstaðir	Ólafur Sigurgeirsson / Sigríður Björnsdóttir	Skagafjarðarsýsla
17.	Nautabú	Karen Steindórsdóttir / Eyjólfur Þórarinsson	Skagafjarðarsýsla
18.	Tunguháls II	Líney Hjálmarsdóttir	Skagafjarðarsýsla
19.	Víðidalur/Kirkjuhóll	Pétur Stefánsson	Skagafjarðarsýsla
20.	Ytra-Skörðugil	Ingimar Ingimarsson	Skagafjarðarsýsla
21.	Ytra-Vallholt	Vallholt ehf, Björn Friðriksson / Harpa Hafsteinsdóttir	Skagafjarðarsýsla
22.	Geitaskarð	Íslensk hrossarækt	Austur-Húnavatnssýsla
23.	Gilsstaðir	Kristján Þorbjörnsson	Austur-Húnavatnssýsla
24.	Hof, Vatnsdal	Jón Gíslason / Eline Schrijver	Austur-Húnavatnssýsla
25.	Hólabak	Björn Magnússon	Austur-Húnavatnssýsla
26.	Steinnes	Magnús Jósefsson	Austur-Húnavatnssýsla
27.	Sveinsstaðir	Ólafur Magnússon	Austur-Húnavatnssýsla
28.	Auðunnarstaðir I	Júlíus G. Antonsson	Vestur-Húnavatnssýsla
29.	Stóra-Ásgeirsá	Elías Guðmundsson / Magnús Á. Elíasson	Vestur-Húnavatnssýsla
30.	Ytri-Þóreyjarnúpur	Þórey ehf, Gerður Hauksdóttir	Vestur-Húnavatnssýsla
31.	Hjarðarholt	Hrefna B. Jónsdóttir / Þorvaldur T. Jónsson	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
32.	Lundar II	Sigbjörn Björnsson	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
33.	Oddsstaðir	Sigurður Oddur Ragnarsson	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
34.	Ölvaldsstaðir IV	Guðrún Fjeldsted	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
35.	Hömluholt	Gísli Guðmundsson	Snæfellsnessýsla
36.	Auðsholtshjáleiga/Grænhóll	Gunnar Arnarson	Árnessýsla
37.	Hólar í Flóa	Ímastaðir ehf, Einar Hallsson	Árnessýsla
38.	Hraun I	Hrafnkell Karlsson	Árnessýsla
39.	Hvoll I	Ólafur H. Einarsson	Árnessýsla
40.	Kjóastaðir II	Geysir hestar, Hjalti Gunnarsson, Ása V. Dalkarls	Árnessýsla
41.	Litlaland	Sveinn Steinarsson	Árnessýsla
42.	Árbæjarhjáleiga	Kristinn Guðnarson / Marjolyn Tiepen	Rangárvallasýsla
43.	Ásborg	Eydís Þ. Indriðadóttir	Rangárvallasýsla
44.	Fet/Lindarbær	Fet ehf, Karl Wernersson	Rangárvallasýsla
45.	Gunnarsholt	Ágústa Helgadóttir	Rangárvallasýsla
46.	Hemla	Vignir Siggeirsson / Lovísa Ragnarsdóttir	Rangárvallasýsla
47.	Kirkjubær	Kirkjubæjarbúið, Ágúst Sigurðsson	Rangárvallasýsla
48.	Oddhóll	Sigurbjörn Bárðarson	Rangárvallasýsla
49.	Vakurstaðir	Valdimar Bergstað / Halldóra Baldvinsdóttir	Rangárvallasýsla



Árið 2020 var fjórða starfsár Hagagæða og stóðust 49 hrossabú úttektarkröfur verkefnisins og hlutu þar með viðurkenningu fyrir sjálfbæra landnýtingu.


BÆKUR & MENNING

Björn Rúriksson horfir yfir byggðirnar úr lofti í nýrri bók sinni:

„Flogið aftur í tímann“

Björn Rúriksson á Selfossi var að gefa út bókina „Flogið aftur í tímann“ en hún tekur til meðferðar byggðir á höfuðborgarsvæðinu og í öllu þéttbýli á Suður- og Suðvesturlandi. Horft er yfir byggðirnar úr lofti eins og þær voru sumarið og haustið 2020. Einnig er farið aftur í tímann og allmörg svæði sýnd til samanburðar eins og þau voru fyrir 40-45 árum síðan. Bókin er á íslensku og ensku og er 228 síður í stóru broti.

„Það var eiginlega í þessum heimsfaraldri sem hugmyndin fæddist að þessari bók. Á flugferðum mínum um landið af ýmsum tilefnum í hálfa öld byggðist upp ljósmyndasafn af bæjum og borg, og myndir teknar á öllum árstíðum. Ég hef kosið að reyna að sýna þessar eldri myndir í samhengi, sérstaklega þar sem sami staður frá líku sjónarhorni er borinn saman yfir langt árabil, og líða oft 40-45 ár á milli. Til þess að auka fjölbreytni bókarinnar valdi ég að setja saman þrjá kafla um náttúruna, og einnig til þess að skilja að byggðirnar. Seinasti kafli bókarinnar fjallar um mjög svo áhugaverða þróun í búskap jöklanna en þeir hafa dregist saman og minnkað eins og flestir vita. Nokkrir jöklar eru teknir til skoðunar, en þó sérstaklega tveir, Sólheimajökull og Breiðamerkurjökull með Jökullónið framan við. Ég vona að menn njóti þessa efnis og að það auki áhuga á landinu okkar fagra,“ segir Björn, sem gaf bókina út á 70 ára afmælisdegi sínum, 12. nóvember síðastliðinn. Bókin fæst í Bónus, Nettó og Bókakaffinu á Selfossi og N1 stöðvunum á Suðurlandi. Hún kostar 6.900 kr.



Björn Rúriksson. Björn með nýju bókina sína, en hann hefur flogið um allt Ísland síðustu 50 ár til að mynda byggðir og stórkostlega náttúru.

Mynd / Aðsend



VANTAR ÞIG SEÐLA/KORTAVESKI?
Sendum frítt!

Drangey
Netverslun - www.drangey.is

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is

ATVINNUHÚSNÆÐI - JÖRÐ

Vantar fyrir viðskiptavin íbúð eða iðnaðarhúsnæði helst á höfuðborgarsvæðinu á verðbilinu 40-60 miljónir í skiptum fyrir góða jörð á Norðurlandi.

Jörðin er staðsett 200 km frá höfuðborgarsvæðinu. Á jörðinni eru góð hús, íbúðarhús 187 fm steinhús, hesthús 384 fm, vélargeymsla 131 fm. Komið er að viðhaldi á húsum. Miklir möguleikar á svæðinu. Ræktað land og beitarland innan girðingar eru 72 hektarar, 1460 hektarar í óskiptu landi. Mjög gott beitiland fyrir hross og kindur, rjúpnaveiði og hlutdeild í á. Ljósleiðari kominn inn í hús og 3 fasa rafmagn.

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Gleðileg hátíð

Bændasamtök Íslands óska bændum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.
Megi nýja árið verða ykkur farsælt og gjöfult.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Gleðileg jól!



Frábærir sokkar sem eru tilvalin jólagjöf. Sokkar “Bluegard” með einstakt slitþol. Slitsterkir “Workwear” sokkar 3 pör í pakka. Hlýjir og góðir sokkar úr merinó ull, 36%.

Verð 1.848 kr. Verð 1.600 kr. Verð 3.290 kr.

KH VINNUFÖT
Nethyl 2a • 110 Reykjavik • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

BOGAHÚS
12m - 15m - 18m & 20m breið



Aukið úrval - nú fást 18m og 20m breið bogahús hjá okkur.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins

Nýtt skipulag byggist á þeirri sýn að Bændasamtök Íslands séu öflugt félag bænda sem er í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld á hverjum tíma. Til að ná þessu fram eru lögð fram nokkur atriði til að hafa að leiðarljósi.


- Sérþekking og virði – Til staðar sé starfsfólk með sérþekkingu á starfsumhverfi landbúnaðar og öllum sviðum búrekstrar.
- Framþróun – Að afurðir séu í takt við óskir neytenda og nýsköpun í starfsháttum sé í fyrirrúmi.
- Gæði – Með megináherslu á umhverfismál, ferskleika og vottanir.
- Fæðuöryggi – Sem best tryggt í virku samstarfi við bændur og stjórnvöld.

Lagt er til að fyrsta skref sé að sameina Bændasamtökin og þau búgreinafélög sem eiga aðild að samtökunum í eitt félag.

Nú þegar er náið samstarf á milli aðila og mikil skörun er á verkefnum. Með sameiningu nýtist mannauður félaganna betur, ekki þarf að leggja fjármuni í rekstur margra sambærilegra eininga og öll yfirstjórn verður markvissari.


Eftir sameiningu verða Bændasamtök Íslands byggð upp af deildum búgreina. Félagsmenn þeirra verða beinir aðilar að Bændasamtökunum. Búnaðarsambönd verða áfram aðildarfélög BÍ með skilgreind hlutverk, auk þriggja annarra félaga sem ganga þvert á búgreinar.

Fyrirtæki í eigu búgreinafélaga og aðrar eignir þeirra renna til Bændasamtaka Íslands við sameiningu. Ráðstöfun þessara eigna verður háð samþykki viðkomandi búgreinar. Verði tekin ákvörðun um sölu, útleigu eða greiddur arður af þeim munu þær tekjur verða eyrnamerktar viðkomandi búgrein. Nefnd viðkomandi búgreinar fer með ráðstöfunarrétt þessara fjármuna, svo fremi það gangi ekki gegn markmiðum BÍ. Þá verði þeir sjóðir sem hver og ein búgrein heldur á við sameiningu einnig eyrnamerktir viðkomandi búgrein með sama hætti. Aðildarfélög búgreinafélaga eru sjálfstæð og verður það hverrar búgreinadeildar að skipuleggja samstarf við þau.





Oddný Steina Valsdóttir.



Eins og meðfylgjandi mynd af skipuriti Bændasamtakanna gefur til kynna þá eru náin tengsl ráðgjafar og landshlutasamtaka við starfsemi BÍ. Allar þessar stoðir verða að tala saman til að hámarksárangur náist í kerfinu. Myndin sýnir jafnframt skipulag málefnavinnu eftir sameiningu við BÍ.

Búnaðarþing

Búnaðarþing er aðalfundur Bændasamtaka Íslands og fer með æðsta vald í öllum málefnum þeirra, afgreiðir mál sem snerta landbúnaðinn í heild, markar samtökunum stefnu, afgreiðir reikninga, kýs fulltrúa í stjórn og annast önnur hefðbundin aðalfundarstörf. Það er haldið árlega og heimilt er að halda aukaþing.

Skylt er að kalla saman aukaþing ef helmingur þingfulltrúa óskar þess. Lagt er til að Búnaðarþing verði tvískipt og mun hefjast á fundum hverrar búgreinar eða svokölluðu búgreinaþingi.

Það er í höndum hverrar búgreinar hvernig og hversu margir fulltrúar kosnir eru til búgreinaþings hennar. Gerð er krafa á fjölmennari búgreinar, þ.e. hrossa-kúa- sauðfjár- og skógarbændur að tryggja landfræðilega dreifingu fulltrúa sinna inn á Búnaðarþing. Á búgreinaþingi kýs hver búgrein sér fagnefnd til að fara með sín mál og vera stjórn Bændasamtakanna til stuðnings. Formaður fagnefndar situr í búgreinaráði.

Inn á Búnaðarþing eru tekin til umfjöllunar stærri mál sem varða heildarhagsmuni landbúnaðar. Fulltrúafjöldi á Búnaðarþingi verður 63. Félög sem ganga þvert á búgreinar kjósa sér hvert um sig einn fulltrúa á Búnaðarþing, það eru Beint frá býli, Samtök ungra bænda og Vor. Frá búnaðarsamböndunum komi samtals 6 fulltrúar, einn frá hverju svæði, sjá skiptingu hér til hliðar.

Réttsælis um landið frá Reykjanesi:

1. Bsb. Kjalarnesþings, Bst. Vesturlands, Bsb. Vestfjarða
2. Bsb. Húnaþings og Stranda, Bsb. Skagfirðinga
3. Bsb. Eyjafjarðar, Bsb. S-Þingeyinga, Bsb. N-Þingeyinga
4. Bsb. Austurlands
5. Bsb. A-Skaftafellssýslu (svæði Bsb. Suðurlands að Markarfljóti.
6. Bsb. Suðurlands frá Markarfljóti að svæði Bsb. Kjalarnesþings

Fulltrúar búgreina inn á Búnaðarþing verða alls 54, en stefnt er að því að halda næsta þing dagana 22. og 23. mars 2021. Hver búgreinadeild fær að lágmarki einn fulltrúa á þingið en eftir það skiptist fjöldi fulltrúa á milli búgreina þar sem velta greinarinnar hefur 50% vægi og fjöldi félagsmanna 50% vægi. Félagatal samtakanna skal liggja fyrir í árslok fyrir komandi Búnaðarþing til grundvallar við skiptingu fulltrúa.

Stjórnarkjör, búgreinaráð og samstarfsvettvangur búnaðarsambanda

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og fylgir eftir áherslum Búnaðarþings auk annarra mála sem koma upp. Enn fremur skipar stjórnin fulltrúa Bændasamtakanna til trúnaðarstarfa fyrir samtökin eftir því sem lög, reglur og samningar segja til um. Í stjórn Bændasamtakanna sitja sjö félagsmenn.

Formaður er kosinn á tveggja ára fresti. Stefnt er að rafrænni kosningu meðal allra félagsmanna. Niðurstaða formannskosningar skal liggja fyrir mánuði fyrir Búnaðarþing.

Sex stjórnarmenn eru kosnir á Búnaðarþingi til tveggja ára í senn, þrír á hverju þingi.

Mikilvægt er að stjórn Bændasamtakanna hafi breiða skírskotun gagnvart landbúnaðinum. Til að tryggja það sem best er gert ráð fyrir að uppstillinganefnd starfi milli Búnaðarþinga. Hlutverk hennar er að tryggja framboð til stjórnar úr öllum helstu geirum landbúnaðarins sem taki einnig tillit til landfræðilegrar dreifingar og kynjahlutfalla. Framboð til stjórnarsetu í samtökunum liggi fyrir að minnsta kosti tveimur vikum fyrir Búnaðarþing.

Búgreinaráð samanstendur af formönnum fagnefnda allra búgreina og verði stjórn Bændasamtakanna til stuðnings og ráðgjafar. Búgreinaráðið er sameiginlegur vettvangur allra búgreina og gert er ráð fyrir að ráðið fundi á minnst þriggja mánaða fresti með stjórn samtakanna.

Stuðlað verður að aukinni samvinnu við búnaðarsamböndin. Komið verði á samráðshópi Búnaðarsambanda og BÍ sem muni funda á fjögurra mánaða fresti. Horft er til þess að efla samstarf sambandanna sín á milli og við BÍ. Möguleg samstarfsverkefni gætu t.d. verið efling á félagsstarfi bænda heima í héraði og á landsvísu, utanumhald á félagaskrám sambandanna, útgáfu félagskorta og annað sambærilegt. Það gæti leitt til nánari samvinnu og eftir atvikum sameininga ef vilji skapast til þess.

Mikilvægustu áhersluþættir og verkefni BÍ til næstu ára

Lagt er til að ákveðin verkefni séu sett í forgrunn til að tryggja öflug hagsmunasamtök bænda. Til að ná þessu fram og ná árangri þarf samstarf/samráð við mismunandi hagaðila sem geta verið til dæmis félagsmenn, neytendur, menntastofnanir, fulltrúar bænda í stjórnum fyrirtækja í landbúnaði og stjórnvöld á hverjum tíma.

Helstu áhersluþættirnir eru:

- Auka sýnileika og bæta ímynd landbúnaðarins með fræðslu. Þannig verði samtökin leiðandi afl í upplýstri umræðu um landbúnað.
- Sýna fram á sérstöðu íslenskrar framleiðslu með gæðavitund og umhverfismál í huga.
- Vinna að heildstæðri stefnumótun í samvinnu við stjórnvöld sem felur í sér landbúnaðar- og matvælastefnu sem ætti að vera hluti af atvinnustefnu Íslands.
- Auka slagkraft og þekkingu samtakanna á íslenskum landbúnaði. Það má meðal annars gera með því að nýta faglega sérfræðiþekkingu starfsmanna, t.d. með því að fylgjast með starfsumhverfi landbúnaðarins með afkomuvöktun og nýta upplýsingar úr slíkri vöktun við gerð búvörusamninga og til að setja vörður varðandi afkomu.
- Vinna að eflingu á rannsóknum, nýsköpun og menntun á sviði landbúnaðar.
- Nýta þann mikla mannauð sem er í félagskerfinu, efla tengingu við grasrótina og þétta raðir og tengsl bænda.



Öflugt félag bænda
– í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld

Samstarfsvettvangur BÍ og fyrirtækja í landbúnaði

Mikilvægt er að koma á formlegum samstarfsvettvangi samtaka bænda og afurða- og þjónustufyrirtækja í landbúnaði. Lagt er til að unnið verði að því að skilgreina og koma á formlegu samstarfi um þau málefni sem varða sameiginlega hagsmuni svo sem tollamál, markaðs og neytendamál. Komið verði á ákveðnu verklagi og fjármögnun vegna hagsmunagæslu og eftirfylgni þessara mála.

Félagsaðild og félagsgjald

Veltutengt félagsgjald er innheimt árlega eftir ákvörðun Búnaðarþings. Við sameiningu falla niður bein félagsgjöld til núverandi búgreinafélaga og eitt félagsgjald verður greitt til BÍ. Ætlast er til að félagsmenn skrái veltu búa sinna með reglubundnum hætti og geri grein fyrir veltu eftir búgreinum.

Með þessum aðgerðum er BÍ að bregðast við þeim breytingum sem starfsumhverfi samtakanna kallar eftir. Með þessu verði aukinn slagkraftur bæði einstakra félaga og heildarsamtakanna þannig að BÍ geti sem öflugt félag bænda, staðið vörð um hag þeirra og verið í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld.

Stjórn Bændasamtaka Íslands

UMGENGNI & UMHVERFISMÁL

Góður árangur náðst í að safna úrgangsolíu og fitu hjá eyfirskum heimilum:

Um 70 tonnum af olíu er skilað og hún endurunnin

– Einn lítri af úrgangsolíu verður að einum lítra að lífdísil

„Við höfum náð góðum árangri í þessu verkefni og ávinningurinn er mikill. Það má líta svo á að hver og einn sem safnar olíu og fitu á sínu heimili og skilar í réttan farveg sé eigin olíuframleiðandi," segir Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri, en félagið hefur í samvinnu við fleiri boðið íbúum á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu upp á Græna trekt til að auðvelda söfnun á úrgangsolíu og fitu sem til fellur á heimilum. Einn lítri af olíu sem skilað er inn verður með íblöndun metanols að einum lítra af lífdísil.

Græna trektin hefur verið í boði á Akureyri frá því síðla árs 2015. Undanfarin ár hafa heimilin safnað og skilað inn um 6 tonnum af úrgangolíu og fitu á ári. Veitingahús og mötuneyti skila um tífalt meira magni, eða um 60 tonnum árlega, þannig safnast 70 tonn af olíu og fitu árlega í gegnum fitusöfnunarkerfið sem Norðurorka, Orkey, Terra og Akureyrarbær hafa byggt upp.

Guðmundur segir að markmið með því að safna þessum vökva saman sé margvíslegt. Komið sé í veg fyrir að fitan fari út í fráveitukerfið þar sem hún getur valdið tjóni, m.a. stíflum, og farið illa með dælur og annan búnað. Eins, og ekki síður, sé búin til úr þessum úrgangi verðmæt vara, en úrgangsolían og -fitan er endurunnin hjá Orkey þar sem búin er til lífdísill.

„Þetta er virkilega öflugt loftslagsverkefni, það dregur úr sóun á lífrænum úrgangi og hefur einnig í för með sér minni innnflutning á jarðefnaeldsneyti."



Guðmundur Sigurðsson framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri.

Mikil magn fellur til í desember

Nú í desember fellur óvenjumikið af þessu hráefni til þegar landsmenn steikja ókjörin öll af laufabrauði, soðnu brauði og kleinum til viðbótar við allt hangikjötið og steikurnar sem boðið er upp á.

„Það fellur mun meira til af steikarolíu, tólg og fitu á heimilum landsins en í öðrum mánuðum ársins og ekki úr vegi að minna fólk á mikilvægi þess að safna þessu saman og skila inn fremur en skola niður í vaskinn," segir Guðmundur. Öll fita, sama hvaða nafni sem hún nefnist, kemur þó við sögu söfnunarinnar, þó matarolía sé mest áberandi, smjör, útrunnið lýsi, hörð fita, t.d. sú sem fellur til af lambasteikinni, má gjarnan fljóta með.

Æ fleiri heimili norðan heiða taka þátt

Hann segir að fólki á Eyjafjarðarsvæðinu sem safni steikarolíu og fitu hafi fjölgað jafnt og þétt frá því verkefnið hófst. Hægt er að skila ílátum með olíu og fitu við alla grenndargáma á Akureyri utan eins og mótttökukassi er einnig til staðar í Hrísey. Þá má skila í flokkunarstöðina við Réttarhvamm. Græna trektin er hugsuð til að skrúfa á gosdrykkjarflöskur og auðvelda fólki þannig söfnunina heima við, en Guðmundur segir að í raun megi skila olíunni og fitunni í hvaða íláti sem er. Hann bendir á að því fleiri lítrum sem fólk skilar inn því meiri ábati. Framleiðsla á lífdísil aukist og þurfi að sama skapi að flytja minna inn af olíu sem öllum er til hagsbóta.

Græna trektin stendur íbúum á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu til boða en Guðmundur segir áhuga fyrir hendi að taka slíka söfnun einnig upp á heimilum á höfuðborgarsvæðinu. Veitingastaðir og mötuneyti skili flest inn úrgangsolíu, Ikea t.d. sem rekur einn stærsta veitingastað á Íslandi safnar og skilar í réttan farveg allri sinni úrgangsolíu sem nemur mörgum tonnum á hverju ári.

Áskorun að ná til fleiri heimila

„Það falla til um það bil tveir lítrar af úrgangsolíu og fitu af hverju heimili árlega, þannig að við erum að tala um gríðarlegt magn í heild sem til fellur á landinu öllu," segir hann. Magnið gæti á að giska verið í kringum 300 þúsund lítrar til eða frá á ári gróflega áætlað. „Það væri verulegur ávinningur af því að ná þessu inn til endurvinnslu og framleiðslu á lífdísil sem síðan nýtist sem orkugjafi fyrir fiskiskip og stóra bíla svo dæmi séu tekin," segir Guðmundur. Samherji hefur notað íblöndunarefnið á togara sína og efnið nýtist einnig við framleiðslu á malbiki. */MÞÞ*







LÍF & STARF



Svartárkot við Svartárvatn. Mikið vetrarríki er gjarnan á svæðinu við Svartárkot enda í námunda við hálendi Íslands. Mynd / Úr einkasafni

Bárðdælsk býli í samstarfsverkefni um framleiðslu á drykkjum úr staðbundnu hráefni:

Nýsköpun grunnur að því að ungt fólk geti byggt framtíð sína á heimaslóðum

– Spjallað við Guðrúnu S. Tryggvadóttur, bónda í Svartárkoti

Það er mjög mikill áhugi hér í Bárðardal og raunar samfélaginu öllu fyrir nýsköpun. Eins og fjallað var um í síðasta Bændablaði er m.a. í gangi samstarfsverkefni Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, Nýsköpun í norðri. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þeirri þróun sem þar hefur verið undanfarið og allt hefur þetta jákvæð og uppbyggjandi áhrif hvert á annað. Ef til vill hefur COVID haft þessi áhrif, það er meiri tími til að vinna hugmyndum framgang í miðjum heimsfaraldri," segir Guðrún S. Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti í Bárðardal, en þar eru nokkur áhugaverð verkefni í gangi um þessar mundir.

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is




Guðrún hengir upp vettlingana eftir að farið hefur verið út á vatnið að veiða. Engin veiði er í gangi nú en beðið er vors og bjartari tíðar áður en bátum er á ný ýtt úr vör. Mynd / MÞÞ

„Öll eiga þau það sammerkt að fólk vill lifa hér og starfa og við merkjum það greinilega að unga fólkið okkar hefur áhuga fyrir að koma heim og sumt einmitt að mennta sig til að gera gert það."

„Guðrún segir að um þessar mundir sé unnið að framgangi samstarfsverkefnis þar sem bárðdælsk býli koma við sögu og snýst það um þróun og framleiðslu drykkjarafurða úr staðbundnu hráefni.

„Ungt og efnilegt fólk úr Bárðardal spilar þar stórt hlutverk, en þetta verkefni er í raun grunnur að því að það geti flutt heim og byggt framtíð sína á annars konar landbúnaði en nú er víðast hvar stundaður," segir Guðrún. Hún nefnir að verkefnið muni hafa jákvæð áhrif á samfélagið í Bárðardal og víðar, til að mynda í ferðaþjónustu þegar hjól þeirrar atvinnugreinar fara að snúast á ný. „Ég bind miklar vonir við þetta verkefni og tel að það geti haft veruleg áhrif á framtíð dalsins, en vissulega er alltaf mikilvægt að svona verkefni fái fjármögnun," segir Guðrún.



Bærinn Svartárkot stendur á bakka Svartárvatns í Bárðardal, efst á Mývatnsheiði. Þar suður af er Suðurárhraun og til suð-suðausturs er Ódáðahraun, Dyngjufjöll og Askja, eitt tignarlegasta eldfjall Íslands.

Einstaklega góð hausttíð

Guðrún og hennar heimilisfólk hugar nú að jólahaldi líkt og aðrir landsmenn og segir að þar um slóðir setji heimsfaraldur sama mark á mannlífið og annars staðar. Allt samkomuhald hefur legið niðri síðustu vikur. „Við erum ánægð með hversu haustið var okkur almennt gott þó svo að september hafi verið dálítið misveðra. Mikil rigning og svo snjóaði líka en tók sem betur fer fljótt upp aftur, síðan tók bara við einstaklega góð hausttíð sem nýttist okkur vel til hefðbundinna haustverka. Það er alls ekki sjálfgefið að búa við gott veður hér uppi á hálendinu yfir haustmánuðina," segir Guðrún en veturinn getur allt eins byrjað í september.

Haustinu í Svartárkoti fylgir stundum smávægilegt rafmagnsleysi áður en vatnið leggur. Það gerist stundum að „frýs fyrir, þá safnast grunnstingull fyrir á sigti á heimarafstöðinni og lokar fyrir vatnsrennslið og er þá algengast að sé rafmagnslaust í u.þ.b. hálfan sólarhring.

„Það var alveg heil vika núna í haust sem rafmagnið fór flestar nætur, veðrið var bara þannig. En það kom ekki að sök því til staðar er varaafl sem tekur við, það er samt kannski ekki gott fyrir umhverfissamviskuna," segir hún.

Heiðarlegar stórhríðar hafa sinn sjarma

Veðrið nú undanfarnar vikur hefur verið að mestu leyti til friðs segir Guðrún, en það hefur þó náð að trufla skólahald lítillega, það hefur verið mjög mikið svell á vegum og

ægileg hálka sem gerir vegina verulega varasama.

„Svona hálka er hundleiðinleg en það verður nú eiginlega að viðurkenna að heiðarlegar stórhríðar hafa alltaf vissan sjarma sé fólk ekki á ferðinni," segir Guðrún. Þokkalegan frostakafla gerði þó nýverið, frost fór þó ekki yfir 20 °C. Hún nefnir að ansi kalt geti orðið þegar frost nær 20 °C og vindur fylgi með. Þá velji menn sér verkefni í samræmi við veðurfarið, vinni í útihúsum, við bókhaldið, að hugmyndavinnu, framkvæmdum innandyra eða við nýsköpunarpælingar. Slík vinna henti vel við þær aðstæður, en eins er vélaskemman í Svartárkoti upphituð og lítið mál að vera þar við ýmis störf þó úti sé fimbulfrost.

Sóttvarnir koma í veg fyrir samkomuhald í Bárðardal

Guðrún segir að félagslíf í Bárðardal liggi allt niðri um þessar mundir vegna heimsfaraldursins og þar fari fólk að tilmælum um sóttvarnir líkt og annars staðar og það reyni vissulega á menn. Lengi hefur sú hefð verið við lýði í dalnum að kvenfélagið efni til jólatrésskemmtunar milli jóla og nýárs. Þá hefur fólk komið saman á aðventukvöldi og gjarnan hafa íbúar hist og spilað púkk á þrettándanum.

„Það verður ekki af neinu nú í ár, við verðum að læra að taka hlutunum ekki sem sjálfgefnum og meta það sem við höfum og eigum," segir Guðrún.

Hún nefnir að margt sé til staðar til að gera þetta tímabil auðveldara, netsamband geri fólki kleift að hafa samskipti við ættingja og vini og eins sé heilmikil afþreying í boði í sjónvarpi, útvarpi og á netinu.

„Við náttúrlega búum vel svona úti í sveit að hafa alla þessa náttúru sem nýtist vel til útivistar og hreyfingar. Það er hægt að sinna vinnunni, stunda hreyfingu og fara um allt án þess að rekast á nokkurn mann, hvað þá að setja upp grímu."



Ef veðrið er gott er um að gera að bregða sér út, renna sér á skíðum, brettum, snjóþotum eða sleðum og iðulega er farið í vélsleðaferðir eða smá jepparúnta. Mynd / Úr einkasafni



Tíminn um jól og áramót gengur að hluta til út á að njóta lífsins í Svartárkoti og slaka á milli þess sem gengið er til daglegra starfa. Mynd / Úr einkasafni

Margar ómissandi hefðir á aðventu og um jólin

Guðrún segir að í Svartárkoti séu ýmsar hefðir ómissandi á aðventu og í jólahaldinu. Einn þáttur sem tengist árstímanum og er ekki síður mikilvægur en að kveikja á aðventukransinum, en það er að raða ánum undir hrútana. Það verkefni sjá hún og Magnús, mágur hennar, um. Sæðingar eru nýafstaðnar og svo er bara að bíða.

„Jólin og aðventan hér í Svartárkoti einkennast af samveru fjölskyldunnar. Við komum saman og skerum út laufabrauð, það er löng hefð fyrir því og mjög skemmtileg, alltaf verða til fínustu listaverk," segir Guðrún og bætir við hún viðurkenni fúslega að hafa í áranna rás dregið úr þegar kemur að jólabakstri, en uppáhaldskökurnar séu enn bakaðar. Sörur bakar hún alltaf en það er komin á það hefð þó ekki sé hún nú frá því Guðrún var að alast upp.



Systurnar Guðrún og Sigurlína Tryggvadætur búa í Svartárkoti ásamt fjölskyldum sínum. Hér njóta þær sumarblíðunnar sem getur verið einstök ekki síður en vetrarríkið. Mynd / MÞÞ

Ein hefð er að sækja jólatré út í skóg. Það var nokkuð erfitt í fyrra, þegar allt var bókstaflega á kafi í snjó og þurfti að grafa sig niður á trén.

Stórfjölskyldan ásamt vinafólki hefur komið saman og snætt skötu í hádeginu á Þorláksmessu, en Guðrún gerir ráð fyrir að nú sæki bara heimamenn þá samkomu og engir utanaðkomandi. Um kvöldið hefur fjölskyldan safnast saman á heimili Sigurlínu systur hennar og Magnúsar manns hennar og þar hefur verið boðið upp á kex, osta og girnilega smárétti og hlustað á Frostrósir.

Möndlugrautur er í boði í hádeginu á aðfangadag og um kvöldið er hefðbundin máltíð, jólalamb og hamborgarhryggur.

„Við borðum alltaf hangikjöt í hádeginu á jóladag hjá mömmu. Það er alltaf spilað mikið um jólin og stundum horft á Hobbitann og Hringadróttinssögu. Ef veðrið er gott leikum við okkur mikið úti við að renna á skíðum, brettum eða snjóþotum, förum á snjósleða eða smá jepparúnta. En annars gengur þessi tími út á að njóta lífsins saman og slaka á," segir Guðrún.

Um áramót er farið af bæ. Annað hvert ár til föðursystur Guðrúnar á Húsavík, sem heldur boð fyrir fjölskylduna á gamlárskvöld, en hitt árið er farið á heimaslóðir eiginmannsins, Hlina í Svarfaðardalinn.



Mikið úrval varahluta í Ifor Williams kerrur
og allar aðrar gerðir af kerrum,
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

VÍKURVAGNAR EHF.

PLAST & NÁTTÚRA

Siglfirðingarnir Ragnar Ragnarsson og Lísa Dombrowe ásamt fleirum:

Hreinsuðu upp gríðarlegt magn af plasti úr Héðinsfirði

-„Óbeðin hafa þau tekið að sér viðfangsefni sem flestir hafa talið nær óvinnandi“

Siglfirðingarnir Ragnar Ragnarsson og Lísa Dombrowe hafa á liðnu hausti og fram á vetur staðið í ströngu og lagt á sig óheyrilega mikið verk við að hreinsa hvers kyns plastrusl í Héðinsfirði. Um er að ræða plastúrgang af margs konar tagi, frá uppþvottabrúsum til heilu og hálfu veiðarfæranna, fiskikassa og kör, kaðla, bíldekk og trollkúlur svo fátt eitt sé nefnt.

Plastið hefur borist utan af hafi undanfarna áratugi og virðist að mestu leyti vera tengt sjávarútvegi.



Með hendur sínar og þrautseigju að vopni var plastið dregið um langan veg.



Það var enginn skortur á plastruslinu í Héðinsfirði.

Myndir / Fjallabyggð / Ragnar Ragnarsson Lísa Dombrowe og Guðný Róbertsdóttir

Þrjár ferðir með 40 rúmmetra sorpgáma

„Þau Ragnar og Lísa unnu við þetta í margar vikur, virka daga sem helgar, og söfnuðu plastinu saman á stað þar sem hægt var flytja það á báti eftir Héðinsfjarðarvatni. Þetta mikla plastmagn hafa þau þurft að bera og draga allt að eins og hálfs kílómetra leið, eða að meðaltali nær hálfan kílómetra hverja einingu (10-50 kg),“ segir í frásögn á heimasíðu Fjallabyggðar.

Hreinsunin hefur verið unnin í samráði við landeigendur. Þá er þess getið að þau hafi notið liðsinnis vina sinna, Guðnýjar Róbertsdóttur og Örlygs Kristinssonar, og ekki síst Gests Matthíassonar, sem flutti bát sinn nokkrum sinnum frá Dalvík til að ferja allt söfnunarplastið eftir vatninu, alls 17 ferðir. Þá tók við vörubíll sem sveitarfélagið Fjallabyggð sendi á vettvang, alls 3 ferðir með á að giska 40 rúmmetra í sorpgáma á Siglufirði.



Gestur Matthíasson við stýrið á bát sínum. Hann kom með bát sinn frá Dalvík, alls 17 ferðir, til að flytja plastúrganginn.



Plastruslinu mokað á bíl sem flutti það í förgun.

Fullhreinsað næsta sumar

Raggi og Lísa eru mikið útivistarfólk og láta varla nokkurn dag líða hjá án þess að fara til fjalla eða í lengri gönguferðir, t.d. um Héðinsfjörð. Á slíkum ferðum á undanförnum árum og misserum hafa þau jafnan safnað plastrusli í poka og tekið með sér til förgunar á „réttum stað“. Þannig hefur hin mikla hreinsun Héðinsfjarðar í haust og vetur átt sér alllangan aðdraganda.

Stefnt er að því að fullhreinsa fjörukambana og umhverfi þeirra næsta sumar og þyrfti þá liðsauka í allt smáplastið sem liggur úti um allar trissur.

Með hendur sínar og þrautseigju að vopni

Verk þeirra Ragga og Lísu má meta sem mikið elju- og afreksverk, segir á vefsíðu Fjallabyggðar.



Bátur Gests með fullfermi.



Netadræsur niður undir fjörukambi.

„Óbeðin hafa þau tekið að sér viðfangsefni sem flestir hafa talið nær óvinnandi – með hendur sínar og þrautseigju að vopni. Samfélagið í Fjallabyggð og raunar allir landsmenn standa í mikilli þakkarskuld við þetta góða og fórnfúsa fólk,“ segir enn fremur og að framtak þeirra og aðstoðarfólksins í þágu samfélags og náttúrunnar verði seint fullþakkað. */MÞÞ*

UTAN ÚR HEIMI

Plast í hafinu gæti að óbreyttu þrefaldast fyrir 2040

Reiknað er með að plastrusl sem endar í hafinu á hverju ári muni nær þrefaldast fram til 2040 verði ekki ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að stemma stigu við plastmenguninni. Þannig yrðu um 29 milljónir tonna sem enduðu í hafinu á hverju ári samkvæmt grein sem Laura Parker ritaði í National Geographic á síðasliðnu sumri.

Þetta er niðurstaða tveggja ára rannsóknarverkefnis sem lýsir þeim misbresti sem átt hefur sér stað í herferðinni til að hemja plastmengun um allan heim. Það er þrátt fyrir metnaðarfulla áætlun um að draga úr því mikla flæði af plasti sem hent er í hafið.

Enginn veit fyrir víst hversu mikið plast hefur safnast í sjónum. Besta ágiskunin var gerð árið 2015, þar sem áætlað var að um 150 milljónir tonna af plasti væru fljótandi um heimshöfin. Miðað við að hlutirnir haldist óbreyttir áætlar rannsóknin að uppsöfnun verði 600 milljónir tonna fram til ársins 2040.

Rannsóknarverkefnið var unnið af Pew Charitable Trusts og



Enginn veit fyrir víst hversu mikið plast, hefur safnast í sjónum.

SYSTEMIQ, Ltd., London. Í raun kallar það á heildstæða endurskoðun á plastiðnaði í heiminum þar sem meira er hugað að endrunýtingu og sjálfbærri hringrás á plasti í hagkerfinu. Sérfræðingar Pew segja að árlegt flæði plastúrgangs í hafið gæti minnkað um 80 prósent á næstu tveimur áratugum með því að nýta þá tækni sem fyrir hendi er í dag.

Kostnaður við uppstokkun á ferlinu og minni notkun á einnota plasti nemur um 600 milljörðum dollara. Það er samt 70 milljörðum dala ódýrara en að halda áfram næstu tvo áratugi eins og ekkert hafi í skorist. „Kerfisvæn vandamál krefjast einfaldlega breytinga á kerfinu,“ segir í skýrslu Pew. */HKr.*

Coca-cola, Pepsi og Nestlé:

Mest plastmengandi fyrirtækin í heiminum þriðja árið í röð

– Samkvæmt skýrslu alþjóðlegu samtakannna Break Free From Plastic

„Núll árangur“ er sagður vera í viðleitni fyrirtækjanna í að draga úr plastmengun. Coca-Cola er sagt mest plastmengandi fyrirtæki í heimi samkvæmt ársskýrslu Break Free From Plastic sem eru alþjóðleg samtök sem berjast gegn plastmengun.

Samkvæmt skýrslunni fannst mest af plastumbúðum undan Coca-Cola á víðavangi eins og í fjörum, við árbakka og víðar í könnun sem náði til 55 landa og á síðasta ári voru plastumbúðir unda Kók algengasta plastruslið í 37 löndum af 51 sem könnunin náði til.

Samkvæmt talningu fundust við síðustu talningu 13.834 plastflöskur undan Coca-Cola en 5.155 flöskur undan drykkjum frá PepsiCO og 8.633 frá Neslé. Vert er að velta fyrir sér í þessu sambandi að vinsældir drykkjanna í löndunum sem talningin nær til getur haft



Árleg plastmengun af völdum drykkjaríláta í sex þróunarlöndum er um hálf milljón tonna.

áhrif á niðurstöðuna og svo hitt að hugsanlega eru þeir sem drekka Coca-Cola meiri umhverfissóðar en aðrir þótt slíkt sé umdeilanlegt.

Um 15 þúsund sjálfboðaliðar tóku þátt í talningunni og alls fundust 346.494 plastumbúðir og af þeim voru 63% merktar framleiðanda.

Fyrr á þessu ári var talsverð umræða um stefnu Coca-Cola, PepsiCo, Nestlé og Unilever í umhverfismálum þegar greint var frá því að árleg mengun af völdum drykkjaríláta fyrirtækjanna væri um hálf milljón tonn í sex þróunarlöndum. Magnið er sagt nóg til að þekja 83 knattspyrnuvelli á hverjum degi. */VH*



Allar plastflöskur sem Coca-Cola á Íslandi framleiðir verða úr 100% endurunnu plasti (rPET) frá og með fyrsta ársfjórðungi, 2021.

Coca-Cola á Íslandi grípur til aðgerða:

Allar plastflöskur verða úr 100% endurunnu plasti

Allar plastflöskur sem Coca-Cola á Íslandi framleiðir verða úr 100% endurunnu plasti (rPET) frá og með fyrsta ársfjórðungi, 2021.

„Við erum einn stærsti matvælaframleiðandi landsins en því fylgir skylda og ábyrgð. Með því að skipta yfir í rPET fer notkun á nýju plasti niður um 530 tonn (86%) á hverju ári og minnkar kolefnafótspor framleiðslunnar vegna plastflaskna um sem nemur ígildi 400 tonna af koltvísýringi (CO_2),“ segir Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi.

Breytingin á við um allar plastflöskur í öllum vörumerkjum sem fyrirtækið framleiðir á Íslandi. „Það var markmið okkar að ná rPET úr 25% upp í 50% fyrir árið 2025 en við höfum flýtt því markmiði samhliða þátttöku í Net Zero 2040 áætluninni hjá Coca-Cola

European Partners (CCEP), sem verður einnig kynnt í dag. Þessi skipti yfir í 100% endurunnið plast er stórt skref fram á við í átt að hringrásarhagkerfinu. rPET, sem er hluti af hringrásarhagkerfi, getur haft minna kolefnisfótspor en nokkrar aðrar umbúðategundir fyrir drykki.“

- Notkun á nýju plasti mun minnka um 530 tonn á ári á Íslandi.
- Kolefnisfótspor Coca-Cola á Íslandi vegna plastflaskna minnkar um 44%.

Sjálfbærni í forgangi

„Við höfum unnið ötullega að því að gera umbúðir okkar umhverfisvænni á undanförnum árum. Meðal aðgerða hefur verið að létta plastflöskur, sem sparaði plastnotkun um 6–14%, nota léttari tappa, sem sparaði um 6 tonn af plasti á ári, og skipta út pappír fyrir plast í ytri umbúðum. Þá fer allt plast sem fellur til við framleiðslu eða rekstur okkar til Pure North í Hveragerði sem endurvinnur plastið með umhverfisvænum orkugjöfum þar sem jarðvarmi er í aðalhlutverki,“ útskýrir Einar Snorri.

Net Zero 2040 áætlun CCEP er metnaðarfull, með skýrum markmiðum og dagsetningum. Þar má nefna að draga á úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda þvert á alla aðfangakeðjuna um 30% fyrir árið 2030, þ.m.t. losun skv. umfangi 1, 2, og 3 (bein og óbein losun), en miðað er við grunnár 2019. Þá er stefnt á að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040, í samræmi við Parísarsamkomulagið um að ná að halda hlýnun jarðar undir 1,5 °C. Þess má einnig geta að Coca-Cola á Íslandi er í samstarfi við sérfræðinga hjá Klöppum sem aðstoða fyrirtækið við gerð nákvæms kolefnisbókhalds.

Alþjóðleg skuldbinding um að endurvinna plast

Endurvinnslan ehf. sér um að senda allar plastumbúðir sem safnast til endurvinnslu erlendis. Hollenska fyrirtækið Morssinkhof kaupir plastið og selur það endurunnið til umbúðabirgja okkar þar sem það verður að flöskum úr endurunnu plasti.

Skiptin yfir í endurunnið plast eru hluti af sjálfbærnistefnu CCEP og The Coca-Cola Company í Vestur-Evrópu, Áfram veginn (e. This is Forward) þar sem fyrirtækin heita því að tryggja að a.m.k. 50% af plastflöskunum verði úr rPET. Átakið hefur nú verið stóreflt og nýtt markmið er að engar plastflöskur verði framleiddar úr nýju plasti innan áratugs.

„Við verðum eitt af fyrstu löndunum til að ná þessu markmiði ásamt Noregi, Svíþjóð og Hollandi, en til þess að þetta sé mögulegt þurfa lönd að uppfylla ákveðnar grunnforsendur, til að mynda að endurvinnsluhlutfall sé hátt og endurvinnslan sjálf sé skilvirk,“ útskýrir Einar Snorri og bætir við að plast geti verið sjálfbær umbúðakostur ef því er safnað og það endurunnið í hringrásarhagkerfi. */HKr.*

Bændablaðið
Kemur næst út
14. janúar

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

EKTA JÓLABÓK!

JENNY COLGAN
HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI.



ANGÚSTÚRA

NÝIR STYRKIR TIL KOLEFNISBINDINGAR:

Vorviður

Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka

UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR:
www.skogur.is/vorvidur

skógræktin



Lífræn hreinsistöð




- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Uppruni helstu nytjaplantna heims. Mynd / blog.ciat.cgiar.org/origin-of-crops

Plöntur á ferð og flugi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Í þessari hundruðustu og fyrstu grein um helstu nytjaplöntur heims er ætlunin að breyta aðeins til. Í stað þess að fjalla um eina tegund verður efni fyrri greina dregið saman að hluta og fjallað um flutning planta milli staða og hvaða áhrif slíkt hefur haft.

Með ræktun og landbúnaði hefur mannkynið breytt yfirborði jarðar og í dag eru um 12% af nýtanlegu þurrlendi á yfirborði jarðar notað til matjurtaframleiðslu og 22% sem beitiland. Nýtingarhlutfall lands til landbúnaðar er misjafnt eftir heimsálfum og löndum.

Uppruni og náttúruleg útbreiðsla plantna

Allar plöntur eiga sér upprunastað þar sem þær vaxa og dafna við náttúrulegar aðstæður og langflestar plöntur eru fastar í jörðinni og því lítið á ferð. Náttúruleg útbreiðsla gróðurs er því bundin við að fræ eða plöntuhlutar berist milli staða með vindi, vatni, fuglum eða öðrum dýrum. Létt fræ geta borist langar leiðir með vindi og til að auka möguleika sína hafa fræ, eins og fífla, þróað með sér svifhár. Fuglar sem borða aldin og ekki síst ber skíta fræjunum mislangt frá móðurplöntunni og skilja þau eftir í áburðarhrauk. Fræ með krókum festast í feld grasbíta og annarra dýra og berast með þeim þar til þau falla af. Auk þess sem fræ geta borist



Reykelsistré, Boswellia sacra, í eyðimörk.

langar leiðir með straumvatni og milli heimsálfa með hafstraumum. Plöntuhlutar sem brotna af, eins og greinar, geta einnig skotið rótum en það gerist sjaldnast langt frá móðurplöntunni.

Engin lífvera kemst nálægt því að vera jafn afkastamikil og maðurinn við að flytja plöntur á milli staða og dreifa þeim um heiminn.

Ræktun og reynsla

Plöntur eru undirstaða lífs allra dýra á jörðinni. Ekki eingöngu vegna þess að þær eru undirstöðufæða heldur einnig vegna þess að þær framleiða súrefni sem öllum lífverum er nauðsynlegt. Forverar manna söfnuðu plöntum í náttúrunni til átu en landbúnaðarbyltingin grundvallaðist á því að menn fóru að rækta korn og í kjölfar þess hófst myndun borga, verkaskipting varð möguleg vegna umfram fæðu og nútímamenning varð til.

Einhvers staðar segir að maðurinn hafa lært að þekkja ætar plöntur frá óætum með því að fylgjast með fæðuvali grasbíta. Ósennilegt er að fullyrðingin sé rétt og mun líklegra að maðurinn hafa lært að þekkja ætar plöntur samfara þróun. Smám saman með aukinni ræktun hefur manninum tekist að auka uppskeruna með kynbótum og í seinni tíð með aukinni tækni og erfðabreytingum.

Plöntur eru órjúfanlegur hluti af menningunni og líklega helsti drifkraftur hennar.



Pyntingar og limlestingar þóttu sjálfsagaðar á Banda-eyjum til að auka uppskeru á múskati.

Með aukinni ræktun hefur dregið úr líffræðilegri fjölbreytni, bæði hvað varðar plöntur og dýr. Plöntur í ræktun verða sífellt einsleitari og svokallaður „monocultur“ þar sem ein tegund af sama yrki er ræktuð á stóru svæði eða svæðum algengari. Þess konar ræktun hefur leitt til þess að flóra heimsins verður æ fábrotnari og plöntutegundum í útrýmingarhættu eða teljast aldauðar fjölgar með hverju árinu.

Reykelsistré, bambus og bananar

Elsta ritaða frásögn um flutning plantna milli staða í einhverjum mæli er að finna í myndletri frá Egyptalandi frá um 1500 fyrir Krist. Þar segir frá því að egypska drottningin Hatshepsut, uppi 1507 til 1458, sem var annar kvenfaraó sem sögur fara af og sögð fremst hefðarkvenna í sinni tíð hafi látið sækja fjölda ilmtrjáa um langan veg og gróðursetja við höll sína nærri Luxor.

Sagan, sem er að finna á egypskri veggmynd, segir að Hatshepsut hafi sent flota fimm skipa, sjötíu feta löng, með 210 manna áhöfn auk fjölda minni fylgdarskipa út á Rauðahaf og til landsins Punt sem er suðurhluti Eritreu eða Eþíópíu í dag. Tilgangurinn var að sækja 31 stór reykelsistré, Boswellia sacra, eða frankincense eins og tegundin kallast á ensku. Leiðangurinn tók tvö ár og til að hægt væri að flytja trén þurfti að grafa þau varlega upp

og vefja rótarhnausa þeirra í dúk svo að mold héldist á rótunum og hægt væri að vökva trén á heimleiðinni.

Hér er eflaust um sömu tegund af tré að ræða og reykelsið sem talað er um víða í bókum Biblíunnar og í Matteusarguðspjall 2:10-11 er unnið úr. „Þegar þeir sáu stjörnuna glöddust þeir harla mjög, þeir gengu inn í húsið og sáu barnið og Maríu, móður þess, féllu fram og veittu því lotningu. Síðan luku þeir upp fjárhirslum sínum og færðu því gjafir, gull, reykelsi og myrru.“

Frá þriðju öld fyrir Krist eru vísbendingar um að Alexander mikli, uppi 356 til 323, hafi haft með sér bambus- og bananaplöntur frá Indlandi til Makedóníu.

Korn, krydd, vín og vaðmál

Verslun með plöntuafurðir eins og korn, krydd, vín og vaðmál á sér langa sögu, hvort sem varan var flutt með úlföldum eftir silkileiðinni frá Austurlöndum fjær eða yfir Sahara. Það sem einkenndi þessa verslun og hélt verðinu háu var að uppruna afurðanna var haldið leyndum og oft spunnust ævintýralegar frásagnir um löndin sem þær komu frá.

Sé mark takandi á Grikkjanum Heródótus frá Halíkarnassus, uppi 484 til 425 f. Kr. og titlaður sem faðir sagnfræðinnar, þá vissi enginn hvar kanill óx eða var ræktaður en Heródótus vissi samt að kanilsins var gætt af stórum fuglum og að söfnun hans fór fram með furðulegum hætti. Í íslenskri þýðingu Stefáns Steinssonar á Rannsóknum Heródótusar segir um uppruna og söfnun kanils: „Hvaðan hann kemur og í hvaða landi hann er ræktaður kunna menn ekki skil á. Þó virðist í orði kveðnu svo sem hann blómgist, segja einhverjir, á lendum þar sem Díonýsus óx úr grasi. Stórir og miklir fuglar eru sagðir bera með sér stöngla þá sem við lærðum af Föníkum að kalla kanil. Fuglarnir bera þá upp í hreiður sem er kleprað með leðju utan á þverhnípta kletta. Þeir eru öldungis ókleifir mönnum. Við þessu eiga arabar kænskubragð. Þeir bryðja dauða uxa, asna og fleiri burðardýr í gróf spað, flytja á vettvang og leggja nærri klettunum. Sjálfir færa þeir sig langt frá. Fuglarnir fljúga ofan og færa kjötið upp í hreiðrin. Þau valda ekki þvílíkum þunga og falla til jarðar. Í því koma arabarnir og tína þau. Þannig er kanil safnað og hefur flust með þeim til annarra landa.“

Landafundirnir miklu

Eftir að Evrópumenn hófu siglingar um öll heimsins höf í leit að nýjum siglingaleiðum til að versla krydd og landafundina í vestri varð bylting í flutningi á plöntum milli heimsálfa. Þjóðir háðu blóðugar styrjaldir og engum var þyrmt til að ná yfirráðum yfir landi þar sem krydd óx eða þá að hægt var að rækta ábatasamar nytjaplöntur.


Saga viðskipta með múskat er til dæmis blóði drifin og ásókn í kryddið og hagnaðurinn sem því fylgdi leiddi til þjóðarmorðs á Banda-eyjum árið 1621. Hollendingar útrýmdu innfæddum til að ná yfirráðum yfir ræktun og verslun með múskat. Seinna gerðu Hollendingar landaskipti við Breta. Hollendingar fengu eyjuna Run í Banda-eyjaklasanum en Bretar Manhattan-eyju í Norður-Ameríku eða Nýju Amsterdam í staðinn.

Blóð, sviti og uppreisn

Í bók, sem kallast Ferðir John Manderville frá 1350 og talið er að sé flæmsk að uppruna, lýsir höfundur ferðum sínum, sönnum og lognum. Hann segir meðal annars frá Einfætlingalandi og undursamlegu tré sem vex á Indlandi og ber smávaxin lömb á greinaendunum. Eftir því sem lömbin vaxa sveigjast greinar trjánna nær jörðinni



Hrísgrjón hafa líklega fætt fleiri manneskjur og í lengri tíma en nokkur önnur planta.



Helstu hveitiræktarsvæði heims.

og þannig geta lömbin bitið gras sem vex í kringum þau. Fullvaxin brotna lömbin af greinunum og það er af þeim sem rúin er bómull.

Reyndar er það svo að líklega hefur engin planta í veröldinni valdið jafnmörgum eins miklum þjáningum og valdið dauða jafnmargra og bómull. Upphaf iðnbyltingarinnar er í textíliðnaði og fyrstu alvöru verksmiðjurnar voru reistar í borginni Manchester á Bretlandseyjum og var borgin um tíma uppnefnd Cottonopolis.

Þrælaverslun frá Afríku til Bandaríkjanna, aðallega suðurríkjanna, jókst gríðarlega með aukinni bómullarræktun en lengi var megnið af uppskerunni flutt til Bretlands til vinnslu. Þegar mest var, árið 1855, voru um 3,2 milljónir þræla við bómullartínslu í suðurríkjum Bandaríkjanna.


Bómullarverksmiðjurnar á Bretlandi voru lítið annað en þrælkunarbúðir þar sem börn niður í fimm ára aldur voru látin vinna allt upp í sextán tíma á sólarhring sex daga vikunnar. Til eru hræðilegar lýsingar á aðbúnaði og meðferð fólks sem starfaði við slíkar verksmiðjur og vitað að fátækir foreldrar seldu börnin sín til vinnu í verksmiðjunum. Lífshorfur barna og fullorðinna sem störfuðu í verksmiðjunum voru tvö til þrjú ár og flestir létust vegna



Kornvinnsla, plæging og trjáfelling í Egyptalandi til forna samkvæmt veggmynd sem fannst í grafhýsi frá 15. öld fyrir Krist.

meina tengdum öndunarvegi. Í læknaskýrslum er sagt frá því að fólk hósti upp úr sér heilu bómullarboltunum, rauðum og svörtum af blóði.

Á Indlandi olli yfirtaka Breta á aldagamalli bómullarhefð gríðarlegum þjáningum þegar Indverjum var bannað að vinna úr bómull. Árið 1920 hrinti Mahatma Gandhi af stað aðgerð sem fólst í því að fá Indverja til að sniðganga breskar afurðir sem unnar voru úr indverskri bómull. Gandhi hvatti þjóðina til að spinna sinn eigin bómullarþráð og vefa sín eigin klæði. Hann settist sjálfur við spunahjólið og hóf friðsamlega uppreisn gegn breskum yfirráðum sem leiddi til þess að Indland varð sjálfstætt ríki að nýju árið 1947.



Nýtingarhlutfall lands til landbúnaðar er misjafnt eftir heimsálfum og löndum.
Mynd / ourworldindata.org/land-use

Eftirlýstur í 124 ár fyrir smygl á fræjum

Náttúrulegt útbreiðslusvæði gúmmítrjáa er í norðurhluta Suður-Ameríku, frá Brasilíu norður til Venesúela og í Kólumbíu, Perú og Bólivíu.

Samhliða því að bifreiðar urðu almenningseign varð gúmmí eitt eftirsóttasta efni í heimi. Landeigendur í Brasilíu kepptust um að rækta gúmmítré og gríðarleg auðæfi söfnuðust á þeirra hendur á meðan innfæddir, sem var smalað saman eins og skepnum til að vinna við ræktunina, fengu ekkert fyrir sinn snúð. Við upphaf ræktunar á einni gúmmíplantekru í Brasilíu voru 50.000 þrælar en þegar ræktuninni var hætt voru 8.000 enn á lífi.

Stjórnvöld í Brasilíu reyndu allt hvað þau gátu til að halda gúmmítrjáræktun fyrir sig og bönnuðu útflutning á lifandi gúmmítrjám og fræjum. Þvert á bann stjórnvalda tókst breskum landeiganda, Henry Wickham, að senda 70.000 fræ til Kew-grasagarðsins í Bretlandi árið 1876. Garðyrkjumönnunum við Kew tókst að láta 5% fræjanna spíra og eru plönturnar sem upp komu undirstaða gúmmítrjáræktunar í heiminum í dag. Langmest af náttúrulegu gúmmíi í dag er framleitt í Asíu.

Stjórnvöld í Brasilíu urðu æf þegar upp komst um smyglið og Wickhan var á lista yfir mest eftirlýstu menn þar í landi fram undir aldamótin 2000.

Mest ræktuðu plönturnar

Hveiti, maís og hrísgrjón eru þrjár helstu nytjaplöntur heims ræktaðar til manneldis og áætlað að þær sjái mannkyninu fyrir um 60% allra þeirra hitaeininga sem það neytir. Aðrar mikilvægar matjurtir eru kartöflur, soja, kassava-rót og ýmsar tegundir af baunum

Hveiti er upprunnið í Austurlöndum nær, Tyrklandi og löndum frjósama hálfmánans. Talið er að ræktun þess nái allt aftur til 9.600 fyrir Krist. Ræktunarárið 2019 til 2020 var heimsframleiðsla á hveiti áætluð rúm 765 milljón tonn.

Áætluð heimsframleiðsla á maís dróst saman 2019 til 2020 frá 2018 til 2019 úr 1,124 milljónum tonna í 1108 milljón tonn samkvæmt tölum bandarískra landbúnaðarráðuneytisins. Bandaríkin eru stærsti framleiðandi maís í heiminum en Kína er í öðru sæti. Maís er upprunninn í Mið-Ameríku.

Hrísgrjón hafa líklega fætt fleiri og í lengri tíma en nokkur önnur planta. Þau eru gríðarlega mikilvæg fæða enn í dag og áætlað að einn fimmti allra hitaeininga sem jarðarbúar neyta koma úr hrísgrjónum.

Kartöflur og fólksflutningar

Kartöflur eru gott dæmi um plöntu sem menn hafa dreift víðast um heim til manneldis. Uppruni kartöflunnar er í Andesfjöllum í Suður-Ameríku. Fljótlega eftir að evrópskir landkönnuðir komu til Ameríku seint á fimmtándu öld barst kartaflan til Evrópu. Í fyrstu voru menn tregir til að leggja sér kartöflur til munns en það breyttist þegar kornuppskeran brást.

Á sautjándu öld trúðu menn því að kartöflur ykju kyngetuna og læknuðu liðagigt og þá var til siðs að ganga með hráa kartöflu á sér. Karlmenn höfðu þær í buxnavasanum en konurnar áttu litla útsaumaða tösku undir kartöfluna sína eða þá að saumaður var sérstakur vasi á kjóla þeirra.

Á sinn hátt má segja að tilkoma kartaflna sé orsökin fyrir mikilli fólksfjölgun í Evrópu, ekki þó vegna áhrifa hennar á frjósemina, heldur fremur því hversu mörgum hún bjargaði frá hungurdauða. Árið 1841 eru íbúar Írlands um átta milljónir og fátækt gífurleg. Írar lifðu í orðsins fyllstu merkingu á kartöflum, það voru kartöflur í öll mál flesta daga ársins. Írar voru svo háðir kartöfluneyslu að 1845 þegar kartöflumygla eyðilagði uppskeruna varð allsherjarhungursneyð. Í beinu framhaldi af því hófust fólksflutningar Íra til Ameríku og Ástralíu.

Kartöflur voru fyrst ræktaðar á Íslandi af sænska barónínum F. W. Hastfer. Barónínn setti þær niður á Bessastöðum á Álftanesi vorið 1758 og fékk þokkalega uppskeru. Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi og séra Jón Bjarnason á Ballará munu svo hafa reynt kartöflurækt árin 1759 og 1760.

Epli eru frá Kasakstan

Epli, súr eða sæt, eru annað dæmi um plöntu eða plöntuafurð sem hefur náð alþjóðlegri útbreiðslu. Uppruni ræktaðra epla er rakinn til villi- eða skógartegundar sem og finnst villt í fjalllendi Mið-Asíu, Kasakstan, Kirgisistan og Tien Shan-héraði í Kína.

Frá Mið-Asíu breiddust epli út til austurs og vesturs. Kínverjar og Rómverjar komust snemma upp á lagið með að græða greinar af trjám með eftirsóknarverða ávexti á rætur trjáa sem báru ekki eins góð aldin og þannig hófst skipuleg ræktun á eplum.

Rómverjar höfðu með sér epli og perur í landvinningaherferð sinni til Bretlandseyja. Hinrik VIII Bretakonungur, sem var upp 1491 til 1547, var svo hrifinn af eplum að hann skipaði ávaxtaræktargarðyrkjumanni sínum að safna á einn stað í Kent sem flestum eplayrkjum heims.

Vinsældir eplaræktunar eru sífellt að aukast og yrki í ræktun skipta þúsundum og í dag er farið að rækta þau á Íslandi þótt það sé í smáum stíl enn sem komið er.

Einnig er vert að minna á að kaffi er ekki upprunnið í Brasilíu, það kemur frá Eþíópíu.

Eru plöntur að rækta menn?

Afleiðing flutninga plantna milli staða og heimsálfa er sú að í dag eru ræktaðar nytjaplöntur af einhverju tagi á hverju byggðu bóli í heiminum, hvort sem er skrautjurt, matjurt, tré til skógræktar eða pottarlanta, sem flutt er að annars staðar frá í heiminum.

Notagildi mannsins fyrir útbreiðslu plantna í heiminum er svo mikið að ætla mætti að plöntur séu að rækta menn. Í staðinn fyrir að auka útbreiðslusvæði plantnanna fær mannkynið súrefni og mat en að lokum er því svo breytt í áburð sem plönturnar nýta sér.

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

Kolefnisbinding og jákvæð hliðaráhrif skógræktar



Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

Stefna stjórnvalda er að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040 og hefur metnaðarfull aðgerðaráætlun í þeim efnum verið sett fram. Mikilvægast er að draga sem mest við getum úr losun og binda það sem uppá vantar með ýmsum aðgerðum. Þar kemur skógrækt sterk inn, því ýmsar rannsóknir sýna fram á að kolefnisbinding með skógrækt gefur mjög góða raun. Skógrækt á Íslandi „tikkar“ einnig í mörg box í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en þeim er ætlað að vera ákveðið leiðarljós aðildarríkja að bættum heimi.

Ýmis tækifæri skapast með skógrækt, þar með talin fjölgun starfa. Framleiða þarf plönturnar, gróðursetja þær, sinna umhirðu á skóginum og fella og endurplanta þegar þar að kemur, svo nokkur dæmi séu tekin. Fyrir utan aukið verðmæti landsins sjálfs, þá eru tækifæri í úrvinnslu timburs, nýtingu skóga sem matarkistu (sveppir, ber o.fl.) sem hægt er að búa til verðmæti úr og einnig er hægt að nýta afurðir skóganna sem eldsneytisgjafa. Þarna skapast því kjörið tækifæri fyrir fólk að setja á laggirnar smáframleiðslufyrirtæki sem búa til verðmæti úr hreinum náttúruauðlindum.

Við þekkjum öll hversu vinsælir skógar eru sem útivistarsvæði og hafa þeir skapað sér skemmtilegan sess á Íslandi sem leik-, heilsu- og afþreyingarsvæði fyrir fólk á öllum aldri. Með sjálfbærni að leiðarljósi getum við haldið áfram að byggja upp skógana okkar og búa til mikil verðmæti úr þeim. Ekkert í náttúrunni stendur í stað og bæta skógar nýstárlegum viskerfum í annars skóglítið og fremur einsleitt landslag. Líffræðileg áhrif skógræktar eru misjöfn en ef rétt er að málum staðið, þá geta þau verið mjög jákvæð og veitt skjól fyrir dýr og menn.

Jákvæð hliðaráhrif skógræktar eru mörg. Þar ber helst að nefna kolefnisbindingu. Ekki veitir okkur af því að vinna kröftuglega að þessum málum. Kolefnisbindingin gerir umhverfinu okkar gott og er mikilvægur þáttur þess að við getum náð kolefnishlutleysi. Við megum líka endilega hugsa lengra en kolefnishlutleysið og stefna á að fara yfir núllið. Markaðir með kolefniseiningar eru að þróast og það verður gaman að fylgjast með þegar virkir markaðir með votthæfar kolefniseiningar verða komnir á fullt. Það mun skapa tækifæri fyrir landeigendur að auka tekjur sínar, ásamt því að stuðla að auknu verðmæti jarða.

Við vitum að það þarf þolinmæði til þess að rækta skóga en með hliðsjón af því hversu miklu þeir geta skilað okkur í bættum lífsgæðum, jákvæðum fjárhagslegum og samfélagslegum þáttum, þá er um að gera að gefa í, og rækta meiri skóg.

Hafliði Hörður Hafliðason
verkefnisstjóri
Kolefnisbrúarinnar

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

LiDAR-tækni lofar góðu:

Tæknibylting í skógmælingum

Prófanir Skógræktarinnar og fjarkönnunarfyrirtækisins Svarma á notkun dróna með LiDAR-tækni til skógmælinga lofar góðu. Ljóst er að tæknin getur nýst vel við að meta lífmassa í skógi og þar með kolefnisbindingu.

Gögnin sem mælingarnar gefa sýna til dæmis hæð einstakra trjáa í skóginum með nokkurra sentímetra nákvæmni. Frá þessu er sagt í nýju myndbandi sem Skógræktin hefur gefið út.

Í tilkynning frá Skógræktinni segir að grisjunarþörf í íslenskum skógum fari vaxandi og það þurfi að bregðast við því með nýjustu þekkingu og tækni. Liður í þeirri viðleitni var verkefni sem naut styrks úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Bornar voru saman niðurstöður úr LiDAR-drónamyndatökum og hefðbundnum skógmælingum.

Aðferð til að lækka kostnað

Markmið verkefnisins var að þróa aðferðir til að lækka kostnað við skógmælingar sem eru dýr og tímafrekur þáttur í úttektum á skógum. Gerðar voru athuganir og tilraunir á þremur skógarjörðum í Fljótsdalshreppi á Héraði, Brekkugerði, Brekkugerðishúsum og Geitagerði. Þessar jarðir urðu fyrir valinu vegna þess að á þessu tiltölulega afmarkaða svæði er að finna skóga á aldursbilinu 15 til 50 ára gamla.

Flygildi, sem er dróni í daglegu tali, má nota við margs konar mælingar. Í verkefninu var settur svokallaður LiDAR-skanni á dróna sem sendir út leysigeisla og mælir 100.000 punkta á hverri sekúndu. Með þeim upplýsingum sem safnast er hægt að búa til hæðar- og landlíkan í þrívídd. Þá má nota áfasta myndavél til að lita svokallað punktaský sem skanninn gefur og búa til loftmynd samtímis.

Við hefðbundnar skógmælingar eru valdir mælifletir í skóginum þar sem öll tré eru þvermálstré og valin tré hæðarmæld, venjulega hæsta tréð og meðaltréð.

Mikil nákvæmni

Flóknast í verkefninu var að þróa reiknilíkan sem notað er til að greina punktaskýrið, telja trén, staðsetja þau og finna hæð þeirra. Út frá þeim upplýsingum er svo hægt að áætla lífmassa trjánna í skóginum.

Hver punktur á punktaskýinu sýnir hæð yfir jörðu mjög nákvæmlega. Hæð allra trjáa á viðkomandi svæði má því sjá með nokkurra sentímetra nákvæmni.

Auðvelt er að fjarlægja gróður og mannvirki á myndunum og sjá landið undir skóginum eins og það væri gróðurlaust. Þessar loftmyndir og hæðarlíkön bæta því miklu við þær upplýsingar sem fást með hefðbundnum skógmælingum.

Lofar góðu fyrir framtíð skógmælinga


Niðurstöður verkefnisins sýna að LiDAR-mælingarnar koma mjög vel út í samanburði við hefðbundnar skógmælingar á jörðu niðri. Það þýðir að þessi tækni lofar mjög góðu fyrir framtíð skógmælinga á Íslandi. Því miður gekk ekki vel að meta gæði einstakra trjáa með þessum myndum en sérfræðingar Svarma telja að úr því megi bæta.

Kosturinn við að nota punktaský sem þessi umfram hefðbundnar mælingar er ekki síst sá að með LiDAR-mælingum er hægt að mæla allan skóginn í heild í stað afmarkaðra mæliflata sem valdir eru af handahófi. Í rannsókninni var augljóst að þessi tækni gefur mjög nákvæmar upplýsingar um fjölda og hæð trjáa sem stóðust fyllilega samanburð við mælingar á jörðu niðri. Einnig gerir þessi tækni kleift að fá mjög góðan samanburð á skógum frá ári til árs.


LiDAR-tæknin getur því nýst mjög vel við að meta lífmassa í skógi og þar með við mat á kolefnisforða. Það þýðir einnig að tæknin getur komið að mjög góðum notum við mat á kolefnisbindingu í skógum og skýrslugerð vegna loftslagsbókhalds Íslands. En til þess að svo megi verða þarf að gera frekari rannsóknir og prófanir á tækninni og þeim niðurstöðum sem hún gefur.

Myndband um verkefnið

Í myndbandi sem Skógræktin hefur gefið út um verkefnið segja þeir Björn Traustason, landfræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar og verkefnisstjóri í rannsókninni, og Lárus Heiðarsson skógræktarráðgjafi frá verkefninu og kostum tækninnar fyrir skógmælingar á Íslandi. Einnig koma fram tveir starfsmenn Svarma, Tryggvi Stefánsson, tæknistjóri og stofnandi, og Sydney Gunnarsson aðgerðastjóri sem lýsa tæknilegri hlið verkefnisins. Um myndbandsgerðina sá Hlynur Gauti Sigurðsson. */VH*



Prófanir Skógræktarinnar og fjarkönnunarfyrirtækisins Svarma á notkun dróna með LiDAR-tækni til skógmælinga lofar góðu.



Flóamannabók I og II

Saga Hraungerðishrepps í Flóa með ítarlegum upplýsingum um búsetu fólks í sveitinni og börn þeirra frá 1800 til 2020, samtals 654 ævisögur. Myndir af öllum sem til náðist og bæjum og mannlífi sveitarinnar, margar í lit. Bókin er samtals 1.046 bls. og þar er einnig skráð saga sveitarinnar, helstu félaga, skólans og kirkna að ógleymdri Flóaáveitunni. Bókin er lifandi saga fólksins sem hefur búið og býr í Hraungerðishreppi.

Fæst í Bókakaffinu Selfossi og Reykjavík.
Einnig hjá höfundi, Jóni M. Ívarssyni, s. 861-6678, jonmivars@gmail.com.
Nánari upplýsingar á vefsíðunni Flóamannabók.
Séð verður um að koma bókinni til kaupenda.

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL ÞESS AÐ HUGA AÐ PÖNTUN Á TÆKJUM Í VORVERKIN.

AMAZONE býður upp á breiða línu af áburðardreifurum, pinnatæturum, sáningsvélum, diskaherfum, plógum og úðunartækjum.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is
AMAZONE



Gleðileg jól
Bændablaðið
Kemur næst út 14. janúar

Á FAGLEGUM NÓTUM

Hvað segja bændur nú … um ullina?

Ullin hefur fylgt manninum frá landnámstíð og má segja að á fyrstu 1950 árunum hafi hún verið aðalástæða þess að landinn lifði af. Í upphafi voru tækin frumstæð þ.e. halasnældur, grófir kambar og vefstaður.

Innréttingar voru stofnaðar um miðja 18. öldina af Skúla Magnússyni fógeta en þá voru fluttir inn rokkar, fínni kambar og vefstólar eins og við þekkjum í dag. Í lok 19. aldar voru spunaverksmiðjur reistar víða um land og þá gátu bændur sent ullina sína í vinnslu. Þetta var ekki síst gert til að auðvelda konum spunann en í verksmiðjunum var unninn lopi sem sendur var til baka á heimilin þar sem spunakonurnar spunnu hann í band. Upp úr 1940 virðist sem þær hafi ákveðið að sleppa að spinna lopann og prjónuðu beint úr honum eins og við þekkjum í dag. Vefnaðarverksmiðjur tóku smátt og smátt við vefnaði heima við eftir að þær voru stofnaðar í lok 19. aldar og hér á landi stóð rekstur þeirra í um það bil eina öld þegar þeim öllum var lokað þegar nýir tímar héldu innreið sína. Eftir það hafa teppi, værðarvoðir og annar vefnaður ekki verið unnin í verksmiðjum á Íslandi. Enn eru til prjónaverksmiðjur sem sinna hluta af því sem áður var ofið og má þá nefna prjónaðar voðir sem m.a. nýttar eru í fatnað.





Jóhanna E. Pálmadóttir, verkefnastjóri Textílmiðstöðvar Íslands, að meta ull.



Frk. Snjóhvít.

Í gegnum öldudali

Ullin hefur farið í gegnum öldudali og má segja að viðhorf til hennar hafi verið mjög neikvætt í byrjun 21. aldarinnar og má það m. a. rekja til þess að um miðja síðustu öld komu gerviefnin fram. Gerviefnin þóttu miklu betri, litríkari, entust og þoldu þvotta betur en ullin. En í dag á tímum sjálfbærni og umhverfisverndar er farið að horfa á alla hina fjölmörgu góðu eiginleika ullarinnar umfram gerviefnin.

Upp úr 1990 var mikil kreppa í landbúnaði og þá leitaðu bændur eftir því að auka tekjurnar á heimilunum með ýmiss konar handverki og smávinnslu úr heimafengnu hráefni. Margt var reynt og margar handverksverslanir spruttu upp víða um land. Konur í landbúnaði skelltu sér á námskeið og lærðu að spinna, vinna band í prjón og lita band. Skapaði þetta mörgum aukatekjur og hjá sumu handverksfólki skapar ullin tekjur enn þann dag í dag. Stjórnvöld komu að þessu með tilkomu styrkjakerfis til að létta undir við stofnkostnað ásamt leiðbeiningum í vöruþróun og sölu.

Viðsnúningur þegar litla svarta peysan með rennilásnum kom

Má þó segja að alvöru viðsnúningur hafi orðið þegar litla svarta peysan með rennilásnum kom fram árið 2007 (hönnun Védísar Jónsdóttur) en þá þurftu allir að eignast slíka flík og prjónarnir fóru á fulla ferð. Þar á eftir fylgdi efnahagskreppan og enn hellti prjónafólk sér út í prjónaskapinn. Síðan hefur verið prjónað nánast linnulaust enda hefur túrisminn allt fram til byrjun ársins 2020 flætt yfir landið og flestir ferðamenn þurfa auðvitað að eignast a.m.k. eina íslenska lopapeysu.

Í byrjun aldarinnar ákváðu Landssamtök sauðfjárbænda í samstarfi við Ístex að breyta skipulagi sem snéri að matsmönnum og nýta það fjármagn sem fór í ullarmatið, til að greiða bændum fyrir ullarmat heima á bæjunum. Þetta er sambærilegt við það sem gert er erlendis. Ístex hefur frá þeim tíma haldið kynningarfundi og námskeið um allt land og gert myndbönd um ullarmat https://ullarmat.is/fraedslumyndbond/.

Markmið Textílmiðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi er að leggja áherslu á hráefni okkar Íslendinga, íslensku ullina og unnið er að því á öllum vígstöðvum í stofnuninni að leggja enn frekar áherslu á gæði hennar og verðmæti.



Góðir rúningsmenn skipta sköpum, sá sem hefur góð tök á verkefninu og passar upp á að tvíklippur komi ekki við rúninginn. Hér er Bjarki Benediktsson yfirrúningsmaður að störfum.



Hvítar, fallegar og tilbúnar í rúning.

Könnun á afstöðu til ullarinnar

Í gegnum tíðina hefur borið við að bæði stjórnvöld, bændur sjálfir og aðrir landsmenn haldi hinu og þessu fram í sambandi við viðhorf bænda til ullarinnar. Þá er jafnan byrjað eitthvað á þessa leið: Bændur segja … bændur halda … bændum finnst ... og svo framvegis. Textílmiðstöðin ákvað að ekki væri hægt að festa hendi á svona umtal án þess að gerð væri könnun á málinu sem sýndi svart á hvítu viðhorf bænda. Í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var skoðanakönnun um viðhorf bænda til ullarinnar framkvæmd en þar á bæ var mikill áhugi á verkefninu.

Spurningalisti fór á öll sauðfjárbýli sem skráð eru hjá Landssamtökum sauðfjárbænda, eða 1.080 býli. Alls bárust svör frá 572 býlum sem er 53% sauðfjárbúa.

Ullarverð Ístex til bænda kemur oftast til tals þegar ullina ber á góma hjá bændum. Spurt var um afstöðu til verðs Ístex á 1. flokk af hvítri ull og kom óánægja svarenda þar í ljós. Aftur á móti var ekki kannað hver afstaða svarenda væri til beingreiðslna vegna 1. flokks hvítu ullarinnar. Mætti skoða það nánar í samhengi við heildar ullarverð til bænda og miðað við heimsmarkaðsverð á ull sem reyndar hefur fallið mjög á síðustu vikum skv. Bændablaðinu 18. tbl. 24. september 2020.

Ánægjulegt er að flestir bændur rýja að hausti en ullin er hreinust og greiðust á þeim árstíma. Á Norður- og Austurlandi eru 80% búa sem rýja að hausti og aftur snoð í feb/mars. Á Vestfjörðum, Suður- og Vesturlandi er það gert á rúmlega 70% búa.

Mikill áhugi

Samkvæmt könnuninni er mikill áhugi meðal bænda á að auka þekkingu sína á meðferð ullar við rúning og umhirðu hennar. Er mikil ánægja með þá niðurstöðu. Í framhaldi af birtingu skýrslunnar stóð Félag ungra bænda fyrir vel sóttu netnámskeiði í samstarfi við Ístex, í flokkun á ull þ. 22. okt. sl. Starfsfólk Ístex fór yfir nýtingu á ullinni og hvernig hver flokkur var nýttur, ullarflokkunina, nýjungar hjá fyrirtækinu í að skapa verðmæti úr verðminni ull og einnig hönnun á litum og flíkum til prjóna. Þegar flest var, voru 96 á línunni. Fagna ber þessu framtaki ungra bænda og er þetta beinn ávinningur af könnuninni. Í framhaldinu var haldið annað sambærilegt námskeið þ. 19. nóv. sl. þar sem voru um 70 þátttakendur. Vonandi er þessi aðferð við að miðla þekkingu um flokkun ullar komin til að vera.



Ullina þarf að geyma á þurrum stað og þar sem ekki komast utanaðkomandi óhreinindi í ullina eins og heymoð og slíkt.

Góðir rúningsmenn skipta sköpum

Góð meðferð á ull eykur verðmæti hennar hvort sem hún fer í iðnað eða handvinnslu. Umhirða ullarinnar hefst um leið og búið er að rýja kindina því þá er lagður grunnur fyrir ullina að ári. Góðir rúningsmenn skipta sköpum, sá sem hefur góð tök á verkefninu og passar upp á að tvíklippur komi ekki við rúninginn (það er þegar klippt er tvisvar í sama hárið). Tvíklippur detta niður í reyfið, skemma það og ef mikið er um þær er reyfið óhæft til vinnslu því það myndast hnökrar í bandinu við spunann. Kom fram í fyrirspurn til Ístex á fundi ungra bænda að



Best er fyrir ullina að taka féð inn beint úr þurru veðri, helst þegar er gola, því þá er hún ekki bara fallegust heldur auðveldust í vinnslu.

vandamál vegna tvíklippu væri nærri horfið og er það ánægjulegt.

Best er fyrir ullina að taka féð inn beint úr þurru veðri, helst þegar er gola, því þá er hún ekki bara fallegust heldur auðveldust í vinnslu. En veðráttan er óútreiknanleg og verður skepnan að fá að njóta vafans. Geymslur fyrir ullina eru misjafnar og misjafnt er hvenær ullin er sótt til bænda. Það fyrsta og einfaldasta sem hægt væri að gera er að bæta aðstöðu þar sem ullin er geymd. Hana þarf að geyma á þurrum stað og þar sem ekki kemst utanaðkomandi óhreinindi í ullina eins og heymoð og slíkt.

Á tíma eins og þeim sem við erum að kljást við í dag koma líka tækifæri. Í viðtali í morgunútvarpi á rás 2 þ 21. okt. 2020 við Guðmund Svavarsson hjá Ullarþvottastöðinni sagði hann að það söfnuðust fyrir ullarflokkar sem færu venjulega í útflutning þar sem iðnaður erlendis stendur völtum fótum vegna COVID-19. Aftur á móti þá hefðu þeir ekki undan að vinna 1. flokkinn, lambsullarflokkana og sauðalitina í handprjónaband því nú gerist það sama og alltaf í kreppu ... prjónaskapur eykst.

Verðhrun er á ull á heimsvísu en Ístex ákvað að halda sama verði á þeim flokkum sem unnir eru til handprjónabandsins. Vonandi sjá bændur sér hag í því að meta ullina sjálfir til að hægt verði að minnka magnið sem færi annars í 2. flokk (sem er verðlaus í dag) og auka magnið sem færi i 1. flokk (sem er með sama verð og í fyrra).

Sameiginleg vefverslun

Textílmiðstöðin leitaði eftir áhuga bænda á að koma upp sameiginlegri vefverslun, því hugmynd liggur fyrir um að koma af stað vefverslun fyrir bændur til að selja handverk, band úr ullinni sinni eða jafnvel reyfin. Í vefversluninni væru eingöngu seldar vörur sem uppfylltu ströng skilyrði um gæði. Hugmyndin er að útbúa gæðastuðul fyrir ull og ullarvörur sem nýttur verður í þessu sambandi. Spurt var um áhuga bænda á að taka þátt í að þróa vefverslunina og var um það bil þriðjungur svarenda tilbúinn að taka þátt í því verkefni.

Það virðist vera lítil nýting á ull til heimavinnslu hjá svarendum en samt áhugi fyrir frekari vinnslu á bandi sem hægt væri að rekja til búsins. Þar kemur yngra fólkið sterkt inn og vonast er til að með vefversluninni verði hægt að miðla þeim vörum sem hugsanlega verða til.

Smáspunaverksmiðjur auka möguleika bænda

Smáspunaverksmiðjur eru að spretta upp og gefa þær bændum tækifæri til að láta vinna sína eigin ull til heimavinnslu eða til að láta vinna band sem hægt er að selja frá hverju býli. Eykur það möguleika á fleiri tækifærum til að koma ullinni í verð og eru ungir bændur, sérstaklega konur, spenntir fyrir þeim möguleika.

Bændur eru náttúruverndarsinnar enda vörslumenn landsins. Þetta kom skýrt í ljós í könnuninni þar sem um 90% svarenda fannst mjög eða frekar mikilvægt að ullarframleiðsla á Íslandi væri umhverfisvæn.

Textílmiðstöðin leggur mikla áherslu á ull og ullargæði í því augnamiði að auka verðmæti hennar með tilliti til hringrásarhagkerfisins og starfsmenn hlakka til að leggja sitt af mörkum í þeim efnum í samstarfi við bændur.

Að lokum þökkum við öllum þeim sauðfjárbændum sem tóku þátt í könnuninni fyrir þátttökuna og hvetjum alla áhugasama um ull og ullarvinnslu að kynna sér skoðanakönnunina og nálgast hana á heimasíðu Textílmiðstöðvar Íslands, www.textilmidstod.is

Jóhanna E. Pálmadóttir
verkefnastjóri Textílmiðstöðvar Íslands









Áramótatilboð KUBOTA

Verðlista yfir helstu heyvinnutæki frá KUBOTA árið 2021 ásamt tilboði sem gildir fram að áramótum hefur verið dreift á öll lögbýli landsins.

Hafir þú ekki fengið eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2021 um hæl.

Einnig er hægt að hlaða honum niður af vefsíðu okkar:
www.thor.is/kubota2021

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókhálsi 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is



BÆKUR & MENNING

Samvinnufélag í hálfri sveit

Sláturfélagið Örlygur – þættir úr sögu samvinnufélags er heiti nýrrar bókar eftir Sigurjón Bjarnason. Bókina tileinkar höfundur minningu ömmu sinnar og afa, Ólafíu Magnúsdóttur og Sigurbjörns Guðjónssonar. Útgefandi er Snotrta ehf., en Leturprent annaðist prentun bókarinnar.

Í vesturhluta Rauðasandshrepps starfaði lítið kaupfélag, Sláturfélagið Örlygur, á miðhluta síðustu aldar. Það hóf starfsemi á kreppuárunum en sjálfstæðri starfsemi lauk árið 1983.

Í bókinni koma fram merkilegar heimildir úr byggðasögunni á sunnanverðum Vestfjörðum um miðbik síðustu aldar og fylgir þeirri umfjöllun fjöldi merkilegra ljósmynda.



Dreifbýli átti undir högg að sækja

Í aðfaraorðum bókarinnar segir höfundur m.a.:

„Við erum stödd þar sem Ísland teygir sig lengst í vestur. Það fækkar í sveitum og atvinnubylting breytir högum fólks. Þeir sem áður stunduðu að miklu leyti sjálfsþurftarbúskap til sjós og lands urðu nú að fylgja straumnum, enda bauð nýi tíminn upp á lífsgæði og afkomu sem ekki hafði áður þekkst. Tækifærin voru í þéttbýli. Dreifbýli átti undir högg að sækja. En nokkrir sátu sem fastast og þó sjósókn væri liðin tíð var landið gjöfult og verkmenning í betra lagi. Markmiðið var að skila arfi kynslóðanna til þeirrar næstu í betra ástandi en hann var þegar við var tekið.

Sláturfélagið Örlygur var eitt af þeim tækjum sem stofnað var til svo að lífið í dreifbýlinu gæti orðið bærilegra. Þangað beindu menn viðskiptum sínum í, bæði við sölu afurða og innkaup nauðsynjavöru. Slík félagsstofnun var nauðsynleg hagræðing til að tryggja byggð á þessum slóðum sem má nefna útkjálka.



Helgi Árnason frá Neðri-Tungu við innanúrtöku.
Mynd / Guðmundur Friðgeirsson

Til að setja málið í samhengi er í riti þessu vikið að forsögunni og samvinnufélagsforminu sem um árabil var talin farsælasta leið til þess að efla atvinnu- og menningarlíf í dreifðum byggðum. Þá er í viðauka teknar upp nokkrar greinar sem ritaðar voru af samtímamönnum og lýsa vel andrúmsloftinu sem ríkti á velmektarárum samvinnuhreyfingarinnará Íslandi.

Allnokkuð er síðan Samband íslenskra samvinnufélaga lagði niður starfsemi sína og ennþá hefur enginn sagnfræðingur lagt í þá vinnu að gera grein fyrir sögu þessarra öflugu samtaka, sem á tímabili settu mark sitt á allt atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins, en urðu „undir lokin að sjálfstæðu viðskiptalegu skrímsli sem varð sjálfu sér að fjörtjóni“, svo vitnað sé beint til orða Valdimars Össurarsonar í ágætum kafla hans í bókinni.

Sláturfélagið Örlygur var örlítill angi af þessu mikla veldi og naut stuðnings þess á mörgum sviðum. Það breytti ekki því að starf S.Ö. snerist fyrst og síðast um hag heimafólks í þeim hluta Rauðasandshrepps sem nær lengst í vestur.

Þrátt fyrir mikinn þrýsting nágranna og heildarsamtaka sáu félagsmenn Örlygs sér aldrei hag í því að sameinast öðrum sambærilegum félögum í nágrannabyggðum. Réðu þar miklu langar flutningsvegalengdir og þokkaleg fjárhagsstaða, þó að einingin væri aldrei stór. Endalokin urðu þó samruni við Kaupfélag Vestur-Barðastrandasýslu, enda sýndust þá önnur sund lokuð.“

Í Útvíkum, Örlygshöfn og nálægum bæjum

Félagssvæðið markaðist af Útvíkum, Örlygshöfn og nálægum bæjum og félagið naut þess að þarna áttu heima bændur, sem sáu hag sinn í að beita samtakamættinum um leið og þeir hugsuðu sjálfstætt hver um sig.



Sögusvið bókarinnar.

Árið 1931 hinn 20. apríl voru mættir á fund í Kollsvík Sigurbjörn Guðjónsson í Hænuvík sem fundarboðandi, flestir búendur í Kollsvík og Hafliði Halldórsson á Hvallátrum. Verkefni fundarins var að ræða og leita undirtekta manna um byggingu sláturhúss á Gjögrum.



Fundarstaður stofnfundar félagsins 1931. Íbúðarhúsið í Kollsvík var byggt 1924 samkvæmt fasteignamati. Eigandi myndar / Ljósmyndasafn Vestur-Barðastrandarsýslu.



Sláturhúsið hálfbyggt og gamla húsið í notkun sem gæruskúr o.fl. Garnaskúrinn í kverkinni nær, en undir hann rann lækurinn. Báturinn til hægri hét Reynir og var í eigu Marinós og Halldórs (Dóra) í Efri-Tungu. (Heimild: Guðjón Bjarnason.)
Mynd / Hannes Pálsson

Félagið starfaði af allmiklum krafti mest allan tímann og fyrir utan smæð sína gæti það talist góður samnefnari fyrir venjulegt kaupfélag, en þau settu mark sitt á atvinnulíf landsmanna á þessum árum, einkum utan höfuðborgarsvæðisins.

Til þessa hefur fátt eitt komið út um sögu samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi þó að einstök félög hafi fengið skráð sögu sína á bók. Nýjast og merkast má telja fjögurra binda verk Guðjóns Friðrikssonar, „Samvinna á Suðurlandi“. Stórveldið Samband íslenskra samvinnufélaga liggur hins vegar enn óbætt hjá garði, og hlýtur það að verða verkefni sagnfræðinga að gefa því gaum þó síðar verði.

Sláturfélagið Örlygur nýtur þess að frumheimildir hafa varðveist nokkuð vel og byggir bókin því að talsverðu leyti á samtímaheimildum, en einnig á góðu minni manna sem enn lifa og störfuðu á vegum þess.

Í fyrstu snerist barátta forystumanna Örlygs um að fá inngöngu í S.Í.S., sem tókst ekki fyrr en árið 1944. Síðar kom að því að endurnýja þurfti sláturhúsið. Það tókst þrátt fyrir andstöðu flestra eða allra í „kerfinu“ og mátti sigurinn þakka þrautseigju félagsmanna, stjórnkænsku oddvitans og síðast en ekki síst elju þeirra sem undirbjuggu og stjórnuðu verkinu. Þar var ekkert gefið eftir fyrr en í fulla hnefana. Líka var fjárhagur félagsins tiltölulega sterkur þrátt fyrir fámennið.

Þeim fækkar óðum sem muna „Gjögrabúð“ í Örlygshöfn og lífið í kringum slátrun á Gjögrum. Bókin er því góð upprifjun fyrir þá sem enn muna þá tíma, en jafnframt gluggi inn í fortíðina fyrir þá sem yngri eru en vilja forvitnast um fortíðina í þessari afskekktu sveit þar sem fólksfækkunin lagði loksins dauða hönd yfir allt félagslíf fyrir lok síðustu aldar.

Útgáfa bókarinnar hefur notið góðs stuðnings Sögufélags Barðastrandarsýslu, Vesturbyggðar og Odda á Patreksfirði auk nokkurra einstaklinga sem stutt hafa verkefnið með fjárframlagi eða mikilvægri aðstoð við heimilda- og myndaleit.

Bókin er gefin út í takmörkuðu upplagi og mun ekki verða fáanleg í búðum en hægt er að panta hana í netfang sigurjon@bokstafur.is.

/HKr.




Kristinn Ólafsson í Hænuvík (Kitti póstur) var ómissandi við að sundra innyflum.



Eftir sauðfjárslátrun var tekið til við nautaslátrun. Hér sjást Valur í Kvígindisdal og Ingvar í Kollsvík með vænan bola á milli sín.
Mynd / (líklega) Ólafur Kr.Sveinsson

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Iðnaðarsvæðið á Hólaheiði sem gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta undir vindmyllur.

Breyting kynnt á aðalskipulagi Norðurþings:

Skipuleggja iðnaðarsvæði með 35 vindmyllum

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á Hólaheiði á Melrakkasléttu sunnan norðausturvegar, Hófaskarðsleiðar, þar sem gert verður ráð fyrir vindorkuveri. Í megindráttum felur breytingin í sér að landbúnaðarlandi verður breytt í iðnaðarsvæði til orkunýtingar en landbúnaður verður einnig heimill.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi nýverið að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna uppbyggingar vindorkuvers.

Markmið með breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 er að auka framboð endurnýjanlegrar raforku á Íslandi með því að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði til orkunýtingar þar sem gert verður ráð fyrir nýtingu á vindorku ásamt því að landbúnaður á svæðinu verður áfram heimilaður. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Þar eru engin tún eða ræktað land en svæðið að einhverju leyti nýtt til sauðfjárbeitar. Gert er ráð fyrir að sú nýting geti verið að mestu óbreytt samhliða uppbyggingu og rekstri vindorkuvers á svæðinu.

Gert ráð fyrir 35 vindmyllum á svæðinu

Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir u.þ.b. 35 vindmyllum ásamt tengivirki, rafmagnsköplum, vegum og öðrum mannvirkjum sem tilheyra vindorkuveri. Aðkoma að svæðinu verður af þjóðvegi 85, Hófaskarðsleið. Gert er ráð fyrir að uppbygging geti farið fram í 2 áföngum þar sem fyrsti áfangi gerir ráð fyrir uppbyggingu á um 10-15 vindmyllum og seinni áfangi gerir ráð fyrir um 20-25 vindmyllum.

Svæðið sem á þessu stigi kemur til greina og er til skoðunar er um 30 km² að stærð en gera má ráð fyrir að land sem fari undir mannvirki, þar á meðal vindmyllur, vegi og tengivirki, geti orðið samanlagt um 6 km². Endanleg stærð iðnaðarsvæðis og staðsetning mannvirkja innan iðnaðarsvæðis mun byggja á niðurstöðum vindmælinga ásamt niðurstöðum rannsókna sem ráðist verður í við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og snúa m.a. að landslagi, fuglalífi og öðru náttúrufari á svæðinu.

Mikil þróun er í hönnun vindmylla sem meðal annars hefur áhrif á nýtni þeirra og umfang, sú þróun hefur mikil áhrif á hæð vindmylla og fjölda þeirra þar sem orkuframleiðsla og nýtni eykst með hæð og umfangi spaða. Á þessu stigi hefur ekki verið ákveðið hvaða gerð vindmylla verða reistar á svæðinu en áætla má að hæð masturs verði um 120 metrar og að þvermál spaða verði um 162 m.

Nægt og flatlent landrými til staðar

Skipulagssvæðið er sunnarlega á Melrakkasléttu, á Hólaheiði sunnan Hófaskarðsleiðar nr. 85. Örnefnið Hnotasteinn er að finna á Hólaheiði og dregur verkefnið nafn sitt af því. Athugunarsvæði fyrirhugaðs vindorkuvers er um 100-180 m.y.s. og nær yfir landsvæði á jörðum Katastaða, Presthóla og Efri-Hóla. Landið er talið henta vel fyrir nýtingu á vindorku þar sem staðsetningin uppfyllir allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða. Nægt landrými er til staðar, svæðið er tiltölulega flatlent og þar er lítill kjarr- eða trjágróður eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á vindstyrk.

Svæðið er fremur flatlent með grónu mólendi, hraunlendi, ógrónum melum og nokkrum minni vötnum. Í um 850 m fjarlægð frá jaðri athugunarsvæðis er gangnamannaskáli sem er aðallega nýttur við smölun á haustin. Næsta íbúabyggð er í um 3 km fjarlægð frá jöðrum svæðisins og næsta þorp er Kópasker í um 6,5 km fjarlægð frá svæðinu. */MÞÞ*



Framúrskarandi fyrirtæki

Tökum fagnandi á móti 2021 og hvetjum til samstöðu

Gleðilegt nýtt ár

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN Schäffer FENDT CLAAS Kverneland JCB

Óseyri 2 • 600 Akureyri • Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Junkkari sturtuvagnar

Junkkari

Til afgreiðslu af lager

10 tonna sturtuvagn á kr. 1.480.000,- án vsk. (kr. 1.835.200,- m/vsk.)

13 tonna sturtuvagn á kr. 1.680.000,- án vsk. (kr. 2.083.200,- m/vsk.)




Fáanlegur aukabúnaður: Upphækkanir á skjólborð.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Hrísmýri 7 / 800 Selfoss
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fjölbreytileiki íslenska sauðfjárins

Nú eru hrútarnir nýbúnir eða í óðaönn að efna í lömb næsta vors. Hvað þá kemur skemmtilegt og fallegt er ekki gott að segja en hitt er víst að í íslenska fjárstofninum býr mikil erfðafjölbreytni sem ugglaust mun skila sér í vor eins og hingað til. Fjölbreytileikinn í litum og ullargerð er mikill og margir fjáreigendur eru farnir að láta sig litina og ullargæðin meiru varða en verið hefur.

Ullarverð ætla ég ekki að ræða en ullargæði og fjölbreytileiki eru vaxandi áhugamál framleiðenda og notenda afurðanna. Spunakonur og annað ullarvinnslufólk er á höttunum eftir breytilegum litum og gæðum. Gæðum í því bandi sem hægt er að framleiða og selja á tímum túrisma og litum sem lýsa náttúru stofnsins og sem hægt er að lita með klókindum í enn fleiri afbrigðum.

Sauðfjárbúskapur á undir högg að sækja en er borinn uppi af kröftugu fólki sem lætur ekki deigan síga þá móti blási og pyngjan bólgni ekki. Margt af þessu fólki er ódrepandi áhugafólk um fjölbreytileikann sem í stofninum býr og lætur sig ekki muna um að halda honum við og spila á hann þó enginn fitni af því.

Þessi umfjöllun þjónar þeim tilgangi að rifja þennan fjölbreytileika aðeins upp, gefa dæmi um hann og hvetja til enn meiri árangursviðleitni á þessu sviði. Í fjölbreytilekanum felst auður en hann er að vísu ekki alltaf jafn öruggur í hendi. Hann er tvenns konar í eðli sínu. Annars vegar er sá auður sem mölur og ryð fá að vísu grandað en veitir bæði ánægju og gagn þeim sem með hann höndla hverju sinni. Hins vegar er sá auður sem til lengri tíma litið lúrir í fjölbreytilegu genasafni stofnsins og kynslóðum okkar ber að hlúa að og varðveita handa framtíðinni til nota.

Páll Imsland



Grámórauður botnóttur ungur hrútur horfir á framtíðina, Litningur frá Hellu.



Fjárræktarfélagið Litur í Holta- og Landsveit leggur áherslu á ræktun mislits fjár. Þar mæta menn með mislitt fé á árlega sýningu þar sem dómar eru felldir og verðlaun eru veitt og annað skemmtilegt á sér stað.



Tveir mikilúðlegir félagar, mórauður tvíhyrndur og kolóttur ferhyrndur.



Ferhyrnd svartgolsótt ær með svartlúðótta gimbur.



Morgolsubotnótt ær með morbotnóttan hrút.




Grátt hrútlamb, rílótt.




Morflekkótt ær með hvítan lokkabrúsk á enni.




Morflekkótt lambgimbur.




Grá-jakobsbíldótt (grátt á nefi umhverfis augu og á eyrum) gimbrarlamb og svartbotnótt hrútlamb.



Svartbotnóttur lambhrútur og svartbotnótt arnhosótt lambgimbur (arnhosótt = arnhöfðótt sem einnig er hosótt). Það er ekki óalgengt að hvítt er mun hvítara á flekkóttu (arnhosóttu hér) en á botnóttu.



Svartbotnótt ung brúskær með strípur í brúsknum.




Svartgolsótt feruhníflótt ung ær með myndarlegan brúsk.



Svartbotnótt arnhosótt hrútlamb með safranótta framfótarleggi.



Írauð (gul) ferukollótt brúskær.



Íslenskir bændur senda landsmönnum öllum óskir um gleðileg jól.

Við þökkum samskiptin á árinu og vonum að árið 2020 verði ykkur gæfuríkt.

Austurey 1
Laugardal, Bláskógabyggð
Auður G. Waage
og Kjartan Lárusson

Árbæjarhjáleiga II
Rangárþingi ytra
Kristinn, Marjolijin,
Eiríkur Vilhelm og Hekla Katharína

Bryðjuholt
Hrunamannahreppi
Þórunn og Samúel

Bölti, Svínafelli 3
Öræfasveit
Ragnheiður Magnúsdóttir og
Benedikt Þór Steinþórsson

Fjöll 1
Kelduhverfi
Óli, Rósa, María og Þórdís

Fjölskyldubúið
Gunnbjarnarholti
Arnar Bjarni, Berglind,
Haukur og Þórhildur

Garðyrkjustöðin Ficus
Hveragerði
Birgir Steinn Birgisson

Gilsá
Breiðdal
Katrine og Jón Ingi

Grenjar
Álftaneshreppi
Jóhannes og Þóra

Heimavöllur
Hvammi, Eyjafjarðarsveit
Helga, Hörður og fjölskylda

Hjarðarfell
Eyja- og Miklaholtshreppi
Gunnar og Sibba

Hóll
Hvalfjarðarsveit
Friðjón, Sylvía og fjölskylda

Hóll á Upsaströnd
Dalvíkurbyggð
Þorleifur, Sigurbjörg,
Karl og Guðfinna

Hraun á Skaga
Skagafirði
Steinn og Merete

Hörgsland 2
Skaftárhreppi
Anna og Sigurður

Mýrar 3
Húnaþingi vestra
Karl Guðmundsson,
Valgerður Kristjánsdóttir
og Olga Kr. Karlsdóttir

Ólafsvellir
Selfossi
Georg Kjartansson

Randversstaðir
Breiðdal
Guðmundur Elísson og
Guðný Helga Guðmundsdóttir

Reykjaborg
Skagafirði
Björn og Guðrún

Seljavellir
Hornafirði
Hjalti Egilsson og fjölskylda

Skorrastaður 3
Norðfirði
Doddi, Thea og Sunna Júlía

Snorrastaðabúið
Snorrastöðum
Kristján, Branddís,
Magnús og Friðjón Haukur

Sólheimar, Sæmundarhlíð
Skagafirði
Valdimar Sigmarsson,
Guðrún Kristín Eiríksdóttir og börn

Staðarbakki
Hörgárdal
Sigrún Áshildur og Guðmundur Trausti


Syðri-Bakki
Hörgársveit
Rúnar, Laufey og fjölskylda

Vestri-Reynir
Hvalfjarðarsveit
Haraldur Benediktsson og
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir

Villingadalur
Eyjafjarðarsveit
Halldór, Halldóra Lilja, Þórarinn,
Þórdís, Herbert og Hjálmar

Ytri-Hofdalir
Skagafirði
Guðrún og Árni

Þúfnavellir
Hörgárdal
Sturla, Guðleif, Guðmundur,
Unnar, Katrín og Heiða Ösp



Sendum bændum landsins bestu jóla- og nýárskveðjur með von um gæfuríkt komandi ár

VOR VERNDUN OGRÆKTUN

BEINT FRÁ BÝLI

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

Samband íslenskra loðdýrabænda
Icelandic Fur breeders Association

Geitfjárræktarfélag Íslands

LANDSSAMTÖK SKÓGAREIGENDA

NBÍ

LSB Lífeyrissjóður bænda

Landssamtök sauðfjárbænda

BÆKUR & MENNING

Krapaflóðin á Patreksfirði 1983 – Átakanlegar frásagnir sjónarvotta af því sem gerðist þennan örlagaríka dag:

„Við fengum strákana en misstum stelpuna“

Egill St. Fjeldsted hefur gefið út bókina Krapaflóðin á Patreksfirði 1983. Þar lýsir höfundur því sem gerðist þegar tvö krapaflóð féllu á byggðina á Patreksfirði laugardaginn 22. janúar 1983 með skömmu millibili, með þeim afleiðingum að fjórir einstaklingar létust, en sjálfur var hann vitni að þessum atburðum.



Egill St. Fjeldsted, höfundur bókarinnar.



Séð inn Patreksfjörð. Vatneyri nær, þar sem henni sleppir tekur við Geirseyri. Inn af henni eru Litlidalur og Miklidalur. Skarðið í byggðinni á milli Mýra og Urðargötu sést greinilega fyrir ofan höfnina á Vatneyri. Árið 2020 hófst gerð varnargarða sem munu verja svæðið. Þegar framkvæmdum lýkur verður búið að reisa varnargarða fyrir ofan stærsta hluta byggðarinnar, allt að Geirseyrargili. Mynd / Mats Wibe Lund.



Séð út Patreksfjörð. Skjöldur, Fjósadalur og Brellur sem gnæfa yfir bænum. Að lokum Geirseyrarmúli, þar sem ekið er inn í bæinn. Geirseyrargil er eina gilið sem skerst inn í hlíðina fyrir ofan byggðina, úr því féll fyrra flóðið. Nokkru innar, þar sem byggðin þéttist upp að hlíðinni, rennur Litladalsá, þar féll seinna flóðið. Mynd / Mats Wibe Lund.



Nokkrum mínútum eftir að fyrra flóðið féll voru allir sem vettlingi gátu valdið komnir á flóðasvæðið þar sem mikil eyðilegging blasti við. Í fyrstu var óttast að nærri 30 manns væri saknað og stór hluti þeirra væru börn sem voru við leik í farvegi flóðsins skömmu áður en það féll. Tæpum tveimur klukkustundum síðar féll annað flóð, sem einnig olli miklu tjóni. Í kjölfarið óttuðust fjölmargir að fleiri flóð myndu falla með þeim afleiðingum að stór hluti bæjarins myndi lenda undir þeim. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig var nánast allur bærinn rýmdur og gistu í kringum 500 manns í tveimur fjöldahjálparstöðvum um nóttina og í heimahúsum sem talin voru standa á öruggum stað.

Bókin er að stórum hluta byggð á viðtölum við 70 manns sem annaðhvort voru staddir á heimilum sínum sem urðu fyrir flóðunum eða tóku þátt í björgunarstörfum með einhverjum hætti. Fjöldi mynda prýðir bókina. Egill St. Fjeldsted lauk BA-prófi í bókasafns- og upplýsingafræði 2014 og MA-prófi í sagnfræði 2017, frá Háskóla Íslands. Þetta er hans fyrsta bók. Í formála hennar segir m.a.:

„Tildrög þessarar bókar má rekja til lokaritgerðar til MA-prófs í sagnfræði sem ég lauk við vorið 2017. Ég hef bætt miklu efni við og endurskrifað annað svo að hér er um endurbætta útgáfu að ræða. Við gerð ritgerðarinnar tók ég fjölmörg viðtöl við fólk sem lenti í krapaflóðunum eða kom að björgunaraðgerðum með einhverjum hætti. Í viðtölunum nefndu margir að nauðsynlegt væri að skrá ítarlega sögu flóðanna, svo komandi kynslóðir, jafnt Patreksfirðingar og aðrir fengju vitneskju um hvað gerðist þennan örlagaríka dag. Mér var auk þess góðfúslega bent á að fjölmargir sem byggju yfir mikilvægum upplýsingum væru orðnir fullorðnir og því nauðsynlegt að safna upplýsingum sem fyrst.“

Í fjórða kafla bókarinnar er fjallað um það þegar björgunarstarf í kjölfar flóðanna. Hér eru brot úr þeim kafla sem höfundur hefur góðfúslega leyft Bændablaðinu að birta:

Hafði verið úti ásamt fjölmörgum krökkum að fylgjast með snjóblásara

„Haraldur Guðbrandsson, tólf ára, hafði verið úti ásamt fjölmörgum krökkum að fylgjast með snjóblásara hreinsa götuna við heimili sitt. Þegar búið var að opna farveginn fór hann inn til að borða og stuttu síðar skall flóðið á húsið. Þrátt fyrir að vera með meðvitund allan tímann á meðan hann var grafinn upp man hann óljóst eftir hvað gerðist. Flóðið kom á bílskúrinn og enda hússins næst gilinu, þar sem það braut sér leið inn um þvottahúsglugga og tvo eldhúsglugga með þeim afleiðingum að eldhúsið og anddyri fyrir miðju húsi fylltust. Auk þess flæddi mikið magn af krapa og vatni inn í stofuna og þaðan niður í kjallara. Haraldur sat ásamt Sigrúnu, sex ára, systur sinni við eldhúsgluggann nær gilinu. Undir hinum eldhúsglugganum var vaskur og við hlið hans var op í eldhúsinnréttingunni, þar sem gert var ráð fyrir uppþvottavél. Rýmið á milli eldhúsglugganna var aðgreint með lágreistri eyju.

Haraldur hafði ekki setið lengi við matarborðið þegar Sigrún kom til hans. Stóð hún fyrir framan hann við borðið þegar flóðið skall á húsinu og var hún því algjörlega berskjölduð þegar flóðið kastaði henni á vegg við ísskápinn. Áratugum síðar rifjaði Haraldur þennan atburð upp, taldi hann þá ekki ólíklegt að hún hafi látist samstundis við höggið. Haraldur kastaðist hins vegar yfir eða í gegnum eyjuna á milli glugganna og inn í opið þar sem gert var ráð fyrir uppþvottavél. Með einhverjum óskiljanlegum hætti kom borðplatan af eyjunni á eftir honum og lokaði hann inni í rýminu, sem varð til þess að hann hafði nægt súrefni á meðan hann beið eftir björgun. Á meðan Haraldur sat innilokaður í kolsvarta myrkri í skápnum gerði hann sér ekki grein fyrir hvernig tíminn leið. Hann heyrði hljóð í rennandi vatni allt í kringum sig og var um tíma hræddur um að það gæti valdið honum skaða. Á einhverjum tímapunkti prófaði hann að borða krapa, sem var blandaður mold og öðrum óhreinindum. Nægði sá biti til að komast að niðurstöðu um að hann væri með öllu óætur.

Vigdís Helgadóttir og Guðbrandur Haraldsson, foreldrar Haraldar, voru hvort á sinni hæðinni þegar flóðið féll. Vigdís var í kjallaranum og taldi öruggt að Sigrún hefði borist niður stigaopið og væri einhver staðar í krapanum sem þakti allt gólfið. Guðbrandur var hins vegar á efri hæðinni og vissi að Haraldur var niðurgrafinn í eldhúsinu. Honum varð fljótlega ljóst að hann kæmist ekki inn til hans því krapinn varð strax glerharður og til að vinna á honum þurfti öfluga skóflu. Honum til skelfingar í þessum ólýsanlegu aðstæðum varð hann að játa sig sigraðan og fór niður í kjallara að leita með Vigdísi. Nánast um leið og hann kom niður kom læknir staðarins aðvífandi úr læknisbústaðnum, sem var næsta hús við hliðina. Hafði hann eins og fjölmargir aðrir séð flóðið koma niður gilið og skynjað strax að hjónin væru í vanda stödd. Hóf hann strax, ásamt hjónunum, að vaða fram og til baka um gólfið í von um að finna Sigrúnu í krapa sem náði þeim upp í mitti.

Stuttu síðar dreif að fjöldi manna sem leituðu á báðum hæðum hússins. Á þeim tímapunkti kom læknirinn að máli við Vigdísi og sagði henni að nú yrði hún að hætta leitinni. Þrátt fyrir að vera orðin ísköld og ekki í andlegu ástandi til að leita áfram neitaði hún þessum tilmælum. Eftir nokkrar fortölur samþykkti hún loks að hætta og fylgdi honum yfir í læknisbústaðinn þar sem eiginkona hans tók á móti henni. Þá fyrst áttaði hún sig á að hvergi var þurran þráð á henni að finna. Þegar eiginkona læknisins ætlaði að láta hana hafa föt vandaðist málið því Vigdís passaði ekki í nein föt af henni. Þessi í stað fékk hún alltof stór föt af



Heimili Vigdísar og Guðbrands á Hjöllum 2. Mynd / Ólafur J. Helgason

lækninum sem hún klæddist fram á kvöld. Að þessu búnu fór hann aftur til björgunarstarfa, áður en hans var þörf á sjúkrahúsinu.

Þegar Guðbrandi varð ljóst að Sigrún var ekki í kjallaranum og hann sá að fjöldi björgunarmanna var byrjaður að moka út úr eldhúsinu fór hann yfir í læknisbústaðinn til Vigdísar. Eins og gera má ráð fyrir var hann ráðvilltur og átti erfitt með að hugsa skýrt, auk þess að vera rennandi blautur og kaldur.

Kristinn Unnarsson (1964) var ásamt félaga sínum með þeim fyrstu sem komu að björgunaraðgerðum á neðri hæðinni. Kristinn hafði skömmu áður verið uppi á Hjöllum, nærri húsi hjónanna, að fylgjast með snjóblásaranum. Þegar snjóblásarinn hafði lokið við að hreinsa götuna gekk hann heim að Brunnum 10, sem er næsta gata fyrir neðan Hjalla. Þegar hann var um það bil að ganga inn leit hann upp í gilið og sá vatnsspýjur standa upp úr snjónum. Fannst honum þetta ótrúleg sjón og kallaði á eldri bróður sinn sem var staddur innandyra og sagði honum að hann yrði að koma út og sjá hvað væri að gerast. Í sömu andrá óð flóðið af stað niður gilið og fór yfir Brunna örfáum sekúndum síðar. Frá sjónarhorni Kristins var flóðið í kringum 10 m hátt þegar það fór yfir götuna og kraftur þess hrikalegur.

Eftir að hafa orðið vitni að þessum hamförum hljóp Kristinn ásamt félaga sínum að Hjöllum 2. Þegar þangað kom blasti við þeim ófögur sjón, nánast allar rúður voru brotnar og húsið hálf fullt af snjó og krapa. Sú sjón stakk þó ekki mest í hjartastað, heldur sú að sjá og heyra húsmóðurina, Vigdísi, standa við glugga á neðri hæðinni og hrópa: „Börnin mín!, börnin mín!“. Þeim var strax ljóst að hún taldi Sigrúnu litlu liggja einhvers staðar í krapanum á gólfinu. Félagarnir voru ekki búnir að vera lengi við húsið þegar fjöldi manna byrjaði að streyma að húsinu.

Meðal þeirra fyrstu voru Ásgeir Einarsson (1952) og Gunnar Rúnar Pétursson (1938–2017) sem komu hlaupandi frá heimilum sínum á Sigtúni 4 og Hjöllum 13. Gunnar var góður vinur hjónanna og var nýlega kominn úr heimsókn frá þeim, þegar hann þurfti að hlaupa til baka og leita að börnunum þeirra við þessar hræðilegu aðstæður. Hann var annálað hraustmenni og ákveðinn maður þegar þess þurfti og lét vel í sér heyra hvernig ætti að gera hlutina. Um leið og þeir komu að húsinu hófu þeir fyrst leit á neðri hæðinni með hjónunum og öðrum sem bættust í hópinn. Þegar ljóst var að börnin væru ekki þar töldu menn nær öruggt að þau væru bæði í eldhúsinu. Færðu þeir sig þá á efri hæðina og hófu ásamt öðrum að moka sig inn um þvottahúsdyrnar við bílskúrinn og þaðan áfram inn í eldhús. Rýmið rúmaði ekki marga í einu, var því sá háttur hafður á að fremstu menn mokuðu aftur fyrir sig og svo koll af kolli.

Leif Halldórsson (1942) kom einnig hlaupandi frá heimili sínu á Hjöllum 11 þegar hann sá flóðið. Stuttu eftir að byrjað var að moka opnaðist leið inn í stofu, þar sem hann og aðrir leituðu af sér allan grun við stigaopið og niður á neðri hæð. Þegar ljóst var að börnin voru ekki á þessum stöðum var allri leit beint að eldhúsinu eins og áður segir. Öllum viðstöddum var ljóst að hver mínúta skipti máli og því mikið kapp og læti í mönnum. Þessu fylgdi eðlilega mikill hávaði, jafnt frá mönnum og skóflum sem voru reknar í glerharðan krapann. Þegar svo hafði gengið um stund öskraði einhver, trúlega Gunnar Rúnar: „Haldið kjafti og prófum að hlusta“. Heyrðist þá lágt kall frá Haraldi og var þá ljóst hvar hann var og unnu menn sig í átt að hljóðinu. Reyndist það koma frá opi á eldhúsinnréttingunni sem var mölbrotin, eins og annað í eldhúsinu. Til að valda honum ekki skaða með skóflum þegar stutt var í opið voru



Risið af Þórðarhúsi komið niður á Strandgötu. Halldóra Þórðardóttir og dóttir hennar, Guðfinna Ólína, gengu nánast heilar á húfi út úr brakinu. Ingibjörg Eygló fannst í sjónum fyrir neðan húsið. Björgunarsveitarmaður stendur við Gilsbakka.
Mynd / Ólafur J. Helgason



Hlíðarvegur 2 fyrir miðri mynd og Stekkar 23 lengst til hægri.
Mynd / Ólafur J. Helgason

ekki önnur ráð en að brjóta krapann frá Haraldi með berum höndum, en krapinn var allur blandaður glerbrotum og öðru sem gat skorið hendur manna. Um leið og búið var að hreinsa mestu óhreinindin frá Haraldi blasti við mönnum ótrúleg sjón. Hann lá saman hnipraður inni í opi, sem var svo lítið að ef allt hefði verið eðlilegt hefði hann aldrei átt að komast þar fyrir. Til að gera þetta enn ótrúlegra sat hann enn á eldhússtólnum sem hann hafði setið á þegar flóðið ruddist inn í eldhúsið. Um leið og búið var moka frá honum hrópaði hann ítrekað: „Hvað er að gerast, hvað er að gerast, eru mamma mín og systir dánar?“. Þrátt fyrir ömurlegar kringumstæður og systir hans væri ófundin leyfðu menn sér að gleðjast yfir að finna hann lifandi og nánast óslasaðan. Reyndu viðstaddir eftir bestu getu að róa hann niður og spyrja hvort systir hans hefði verið með honum í eldhúsinu. Þrátt fyrir að vera hræddur og máttfarinn gat hann sagt að hún hefði staðið við eldhúsborðið. Kom það í hlut Ásgeirs að taka hann upp úr eldhúsinnréttingunni og rétta hann út um eldhúsglugga þar sem Þorsteinn Sigurðsson sjúkraflutningamaður tók á móti honum og ók honum á sjúkrahúsið. Þegar Ásgeir var með hann í fanginu sagði Haraldur: „Ég hélt að ég myndi drepast“.

Sigrún fannst skömmu síðar, hafði hún borist eftir endilöngu eldhúsinu og hafnað inni í skáp í anddyrinu, fyrir miðju húsi. Voru allmargir viðstaddir þegar hún fannst. Kom það í hlut Leifs að hreinsa varfærnislega glerharðan og óhreinan krapann frá vitum hennar. Þegar búið var að losa hana tók Björn Jónsson hana í fangið og hljóp með hana í gegnum eldhúsið að inngönginum við bílskúrinn, þar sem Gunnar Rúnar tók við henni. Um leið og komið var með hana út voru reyndar lífgunartilraunir. Öllum viðstöddum var ljóst að hún þurfti að komast strax undir læknishendur. Kom meðal annars til tals að hlaupa með hana stystu leið á sjúkrahúsið, sem var í um það bil 400 m fjarlægð. Niðurstaðan varð hins vegar sú að Sigrún var lögð í aftursætið á litlum jeppa í eigu Sigurðar V. Viggóssonar (1953). Flóðið lokaði leiðinni sem hefði verið farin við eðlilegar aðstæður og varð hann því að aka mun lengri leið. Fyrst inn Hjalla og þaðan niður á Strandgötu, þar sem hægt var að komast í gegnum flóðið til að komast niður á Vatneyri og þaðan á sjúkrahúsið. Með Sigurði í för var Daði V. Ingimundarson (1947), sem reyndi áfram lífgunartilraunir við erfiðar aðstæður í aftursætinu. Fljótlega eftir að komið var með Sigrúnu á sjúkrahúsið var hún úrskurðuð látin.

Þegar aðgerðir við húsið höfðu staðið yfir í nokkurn tíma var fjöldi björgunarmanna slíkur að í raun var ekki pláss fyrir alla að moka á sama tíma. Gafst þá fyrst tími til að meta aðstæður. Meðal þess sem þá var ákveðið var að senda heim alla unglinga og börn sem höfðu safnast saman við húsið til að taka þátt í björgunaraðgerðum eða fylgjast með gangi mála. Töldu stjórnendur og í sumum tilfellum ættingjar ekki æskilegt að börn á aldrinum 12–16 ára væru vitni ef systkinin fyndust illa slösuð eða látin. Enn fremur var talin hætta á að annað flóð gæti fallið. Fannst sumum drengjunum í hópnum þetta óréttlát ákvörðun, þar sem þeir töldu sig gera gagn og væru nægilega þroskaðir til að taka þátt í björgunaraðgerðum. Fóru allir eftir þessum tilmælum nema örfáir strákar á aldrinum 15–16 ára sem þrjóskuðust við og héldu áfram störfum þar til börnin fundust. [...]

Aðalstræti 77A, Þórðarhús
„Við fengum strákana en við misstum stelpuna“

Halldóra Þórðardóttir og dætur hennar Guðfinna Ólína og Ingibjörg Eygló Hjaltadætur voru allar á efri hæð hússins þegar flóðið tætti neðri hæðina undan því eins og fyrr getur.

Þorsteinn Gunnar Sigurðsson (1948) sjúkraflutningamaður var á leiðinni upp á sjúkrahús til að skila sjúkrabílnum eftir útkall um nóttina þegar Óli Rafn Sigurðsson bróðir hans hafði samband. Spurði hann hvort hann gæti keyrt sig heim í leiðinni því hann þyrfti að klæðast betur áður en hann aðstoðaði björgunarsveitina við að dæla vatni út úr íbúðarhúsum. Þegar þeir komu að heimili hans í Sigtúni snéri Þorsteinn Gunnar bílnum í átt að Geirseyrargili á meðan hann beið eftir bróður sínum. Eftir að hafa fylgst með gilinu um stund sá hann flóðið allt í einu flæða niður árfarveginn og yfir fjölda húsa. Tók hann sérstaklega eftir að risið af Þórðarhúsi barst ofan á flóðinu, þar sem nærliggjandi hús skyggðu á gat hann ekki greint hvort risið og önnur hús sem urðu fyrir flóðinu enduðu niðri á Strandgötu eða úti í sjó. Ók hann beina leið niður á Strandgötu og staðnæmdist örfáa metra frá risinu af Þórðarhúsi sem stóð á miðjum veginum og lokaði honum. Þegar hann leit upp eftir farvegi flóðsins gerði hann ráð fyrir að fjölmargir hefðu farist, enda voru tvö íbúðarhús farin af grunni sínum og önnur mikið skemmd. Á meðan hann virti þessa sjón fyrir sér bar að nokkurn fjölda björgunarsveitarmanna. Urðu þeir fljótt varir við að einhver var með lífsmarki í Þórðarhúsi og fóru þegar í stað inn í brakið eftir því sem aðstæður leyfðu. Kom þá í ljós að mæðgurnar Halldóra og Guðfinna Ólína voru á lífi og nokkuð vel á sig komnar þrátt fyrir að risið væri gjörónýtt. Voru þær báðar óbrotnar en nokkuð blóðugar. Þurftu þær aðeins lítils háttar aðstoð við að komast út. Um leið og Halldóra var heimt úr helju kallaði hún hástöfum: „Hvar er Kátur, hvar er Kátur, Bíi verður vitlaus ef ég finn ekki Kát“. Hundurinn Kátur var í eigu Guðbjartar Þórðarsonar bróður hennar, sem í daglegu tali var kallaður Bíi. Eðli málsins samkvæmt var hún í mikilli geðshræringu og hugsaði eflaust ekki skýrt þegar hún kallaði þessi orð upp yfir sig.

Halldóra var ekki ein um að hugsa um Kát í þessum ótrúlegu aðstæðum, því í næsta húsi fyrir innan þar sem Þórðarhús hafði staðið bjó Snorri Gunnlaugsson (1922–1996) sem var ekki alltaf sáttur við Kát. Andartaki eftir að flóðið féll kom Snorri út á svalirnar á heimili sínu og horfði yfir eyðilegginguna. Eitt það fyrsta sem hann tók þar eftir var dillandi rófan á Kát, sem stóð upp úr braki ekki langt frá. Kallaði hann þá á nærstadda björgunarsveitarmenn og sagði: „Bjargið Kát, bjargið Kát“.

Nánast á sama tíma og fyrstu menn komu að risinu hljóp Helgi Páll Pálmason niður í fjöru fyrir utan flóðið, eftir að hafa heyrt neyðaróp frá Ingibjörgu Eygló. Þegar þangað kom var sjórinn litaður brúnleitum krapa allt í kring og þakinn spýtnabraki og öðrum hlutum úr húsum. Skammt frá landi sá hann hönd hennar standa upp úr sjónum og óð hann upp í mitti til að ná taki á henni. Var hún þá svo máttfarin að hann taldi að hún hefði varla komist af sjálfsdáðum í land og því eflaust drukknað ef enginn hefði komið henni til hjálpar. Um leið og hann dró hana á þurrt sagði hún: „Hvar er ég, hvar er ég, er mig að dreyma?“. Sátu þau um stund í fjörunni á meðan hún reyndi að ná áttum, tók hún þá eftir að víða á lærunum voru blóðug göt og talsvert blóð seytlaði úr höfðinu niður á lærin. Andartaki síðar kom Erlendur Kristjánsson (1949) til þeirra á Rússajeppa björgunarsveitarinnar, akandi eftir Strandgötunni frá Vatneyri. Ingibjörg Eygló var þá orðin nokkuð köld enda aðeins klædd hlýrabol og nærbuxum. Brá Erlendur á það ráð að klæða hana í appelsínugulan björgunarsveitargalla sem hann klæddist. Þessi einfalda og eðlilega aðgerð veitti henni mikið öryggi. Enn í dag er þessi stund í fjörunni greypt í huga hennar, ásamt fisklyktinni af gallanum og að Erlendur klæddi hana í gallann án þess að setja hendurnar í ermarnar. Þar sem sjúkrabíllinn var tepptur fyrir innan flóðið kom ekki annað til greina en að þeir félagar færu með hana upp á sjúkrahús á björgunarsveitarbílnum.

Við skoðun þar kom í ljós að nánast allur líkami hennar var mikið marinn og stórt gat var í gegnum aðra kinnina. Auk þess voru misstór blóðug göt víðs vegar um líkamann, sem trúlega voru eftir naglaspýtur. Á sama tíma og gert var að sárum Ingibjargar Eyglóar var henni gefið róandi lyf. Þrátt fyrir áhrif þess skynjaði hún vel hversu andrúmsloftið var þrungið spennu þegar komið var með slasaða og aðra sem lentu í flóðinu. Í fyrstu vissi hún ekki hvort systir og móðir hennar væru lífs eða liðnar, en miðað við hvernig var umhorfs á flóðasvæðinu gerði hún ráð fyrir að þær væru báðar látnar. Til að hjálpa henni að komast í gegnum biðina á meðan hún beið frétta af þeim hélt Guðný Freyja Pálmadóttir (1961) sjúkraliði í hönd hennar á meðan hún róaði hana niður. Leið sá tími eins og eilífð, þar til sjúkrabíllinn kom á sjúkrahúsið með mæðgurnar. Stuttu síðar kom Þorsteinn Gunnar sjúkraflutningamaður upp á deild með systur hennar í fanginu. Var hún öll útötuð í blóði þrátt fyrir að búið væri að hlúa að henni. Við skoðun kom í ljós að hún var með einn stóran skurð og illa marin. Sömu sögu var að segja af móður systranna sem slapp án alvarlegra áverka.

Um kvöldið hittu mæðgurnar hjónin Vigdísi Helgadóttur og Guðbrand Haraldsson og syni þeirra tvo inni á sjúkrastofu. Spurði Halldóra móðir systranna Vigdísi þá: „Fékkstu öll þín?“. Svar Vigdísar var: „Við fengum strákana en við misstum stelpuna.“



GRÓÐUR & GARÐALÍF

Gengið um göturnar á blómgunartíma gullregns

Víða um land var 2020 alveg stórkostlegt ár fyrir hin ýmsu blómstrandi tré og runna og var gullregn engin undantekning. Blómgun þess er sérlega falleg og stendur oft nokkuð lengi.

Í gömlum görðum mátti sjá stór og falleg tré svo þakin gulum hangandi blómklösum að jaðraði við nágrannaerjum vegna ofbirtu. Góðviðris göngutúrar á þessu tímabili sýndu manni líka hversu algengt gullregn er orðið í görðum. Varla hafði maður sleppt augnsambandi við eitt slíkt þegar næsta tók við. Í þeim tilgangi að skoða blómstrandi gullregn sem víðast, ferðaðist ég um landið vítt og breitt. Allt frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar. Alls staðar var það sama sagan: glæsilega blómstrandi gullregn allt um kring.





Gengið um göturnar á blómgunartíma gullregns.

Refill, trefill eða gullregnsgrefill

Síðsumars, þegar blómgun var löngu lokið, tóku ýmsir eftir því að fallega græna laufið fór að sýna ummerki sem þeir töldu afleiðingar af vindbarningi eða þurrki. Aðrir óttuðust sýkingu. Ekki var það þó raunin í þessu tilfelli.

Phytomyza cytisi nefnist fluga (tvívængja/diptera) sem talin er líklegasti skaðvaldurinn. Flugur af þessari gerð hafa stundum verið nefndar gangaflugur eða grefilflugur og köllum við þessa því gullregnsgrefil hér í textanum. Þegar flugurnar skríða úr eggi, búa þær smám saman til göng inni í plöntuvefnum eftir því sem þær nærast og færa sig um. Algengt er að göngin byrji að myndast nálægt... tjah... á ég að segja laufstöngli eða við laufjaðar? Nei, algengt er að þau byrji að myndast nálægt verslunarmannahelgi eða svo og geta oft orðið áberandi skömmu síðar.



Kristján Friðbertsson.

Erfitt er að segja hvaðan eða hvenær hún kom og þarf fólk mér mun fróðara að leggja til atlögu við þá spurningu. Hún finnst þó víða í nágrannalöndum, svo ástæðulaust er að leita langt yfir skammt. Eins er ljóst að amk á SV-horninu hefur hún verið í þó nokkru magni síðustu árin, þó mismikið hafi verið eftir henni tekið. Sterkar líkur er því á að hún hafi verið hér um eitthvert skeið.

Erlendis byrjar hún fyrri umferð strax um miðjan júní og nær þá seinni umferð að hausti. Göngin eru þó einnota og því takmörkuð umferð um hver göng. Hér á landi er ekki ástæða til að óttast meira en eina kynslóð hvert sumar, að svo stöddu. Mikilvægt er að taka fram að ekki er komin staðfest greining á þessa tegund sem umræddan orsakavald. Flestir sem kannað hafa málið horfa þó til hennar sem líklegasta kandídat á þessari stundu og reynist önnur bakvið göngin, er það vafalítið einhver náskyld henni. Það sem hér kemur fram er því óhætt að fullyrða um fluguna og hegðun þess.



Hið minnsta 3 lirfur birkikembu sjást hér dunda sér við að éta sama laufið að innan. Glöggir taka skjótt eftir því að birkikemban étur blaðið að innan hringinn í kring um sig. Ólíkt gullregnsgrefilnum sem innbyrðir jafnóðum og hann hreyfir sig áfram og myndar sínar hlykkjóttu línur sem við köllum göng. Allur sá hluti birkilaufsins sem enn er grænn, er í fullu starfi við að skaffa birkinu sykur hvenær sem færi gefst.

Þarf eina umferð eða tvær?

Það kemur sér vel að lirfurnar hefja líf sitt svona seint að sumri, svo ljóstillífun ársins minnkar ekki endilega of mikið. Lirfur hér á landi sem éta lauf að innan, valda nefnilega oftast ekki eins miklum skaða og margir halda. Allt sem er grænt af laufinu á meðan lirfan athafnar sig, er allajafna fullt af grænukornum og ljóstillífar jafn mikið og áður. Smám saman minnkar það auðvitað eftir því sem meira er étið, en til einföldunar má segja að það stoppar þó ekki meðan grænn litur er til staðar. Liturinn þarf þó að vera af náttúrunnar hendi og ekki gildir það sama sé laufið málað.



Hér má skýrt sjá ummerkin sem um ræðir, göngin sem lirfan hefur grafið í laufinu. Litlu punktarnir sem sjást stundum á laufinu ofanverðu, eru staðir þar sem fullvaxin fluga hefur ýmist fengið sér smá bita, eða verpt eggi inn í laufið. Hvoru tveggja kemur til greina.



Hér sést að eldri göng, eða eldri hlutar af göngum þorna með tímanum og verða brún. Þau nýrri eru enn hálfgagnsæ. Svört strik og punktar eru úrgangur lirfunnar, sem sýnir okkur að hún er svo almennileg að bera lífrænan áburð á tréð í gegnum laufið innanvert, svo það skolist ekki í burtu. Aldeilis hjálpleg lirfa, sem sýnir samfélagsábyrgð í verki.

Magnið skiptir auðvitað einnig máli, líkt og með t.d. birkikembuna. Hver og ein lirfa skiptir engu, en þegar annað hvert lauf er umsetið strax snemma sumars, breytist myndin að sjálfsögðu. Enn verra er þegar heilu blöðin eru rifin af, ýmist af okkur mannfólkinu eða öðrum dýrum.

Hentar kannski haglabyssan best?

Við notum sjaldnast veiðistöng til að veiða mýs, eða haglabyssuna á hlýrann. Hver bráð kallar á sína eigin aðferð og úrvinnslu. Mikilvægt er t.d. hvaða aðferð er notuð á hlýrann ef tilgangurinn er svo að nýta hann til að búa til hlýrabol.

Stundum er skynsamlegt að fjarlægja laufið samhliða lirfunni sem er á því. Annað gildir þó um birkiþélu, birkikembu og þennan gullregnsgrefil, svo dæmi séu tekin. Lirfurnar halda sig við það lauf sem þeim var verpt á eða í og alls ekki sjálfgefið að þær muni klára allt laufið innanvert. Jafnvel ef svo er, þá tekur það nokkurn tíma og á meðan nýtir plantan öll þau grænukorn sem enn eru til staðar. Þegar tré eru úðuð með eitri, er oftast verið að nota eitur með snertivirkni. Meindýrið þarf því að snerta eða innbyrða eitrið. Slíkt eitur hefur sjaldan nokkur áhrif innan veggja laufblaðs og eru þessar lirfur því vel varðar. Erfitt er að finna hinn hárrétta tímapunkt til að úða gegn flugunum sem verpa, auk þess sem sú aðgerð væri það mikið „út í bláinn“ að efast mætti um skynsemi hennar. Fæstir myndu skjóta á auðan himin í von um að hæfa gæs sem þeir sáu ekki.

Veldur vandamálum í mannsaugum

Vandamálið er því oft að mestu útlitslegt og bundið við mennsk augu. Það er helst þegar plantan er veik fyrir, eða að berjast við aðra óværu sem stór hópur þessara flugna (gullregnsgrefil og birkiþélu) og fiðrilda (birkikembu) myndi hafa teljanleg áhrif. Eins skiptir plöntustærðin máli. Hlutfallslega er skaðinn af hverri flugu mestur á laufminnstu trjánum. Það gefur auga leið að ungt tré með 30 lauf, sem missir 15 lauf til hálfs undir göng hefur misst allt að 25% af sínum ljóstillífunar möguleikum, jafnvel það sem eftir lifir fram að lauffalli. Sami lauffjöldi á stóru tré með 3000 laufum skerðir ljóstillífun einungis um 0,25% sem telur seint mikið í stóra samhenginu. Því til viðbótar er missirinn mismikilvægur, því stór hluti laufþykknis er hið minnsta að hluta í skugga og því ekki jafn mikla orku að hafa úr hverju einasta laufi. Til einföldunar er hér ekki tekið tillit til nývaxtar laufs eftir að skaðinn er að fullu kominn í ljós.

Samhengi er oftast milli skertrar ljóstillífunar og versnandi útlits, því hver einustu göng sem myndast eru árás á okkar innbyggða fegurðarskyn. Sjálfsmynd okkar hríðversnar eftir því sem göngunum fjölgar og skömmin vegna þess að bjóða fólki upp á þessa hræðilegu sýn verður óbærileg. Fjárhagslegt högg getur líka verið ansi stórt, eftir því hversu marga tíma þarf hjá sálfræðingi til að jafna sig og hvort nauðsyn er hreinlega að flytja í annað hverfi.

Svo bregðast skrauttré sem önnur

Sjálfur geri ég akkurat ekkert við þessu. Lít á þetta sem hvimleitt, en hluta af náttúrunni og ekki nógu alvarlegt til mótvægisaðgerða. Ýmis rándýr í skordýrafánunni njóta lirfumáltíðar og smáfuglar borða svo bæði rándýr og lirfur.

Átta mig þó fyllilega á því að fyrir mörgum er að sjálfsögðu vont að skrauttré sé ekki garðaprýði allt sumarið, en kannski er það líka spurning um væntingastjórnun. Við ætlumst oft til of mikils af okkur sjálfum og eflaust eru væntingarnar síst minni gagnvart plöntulífi garðsins. En það gildir einu hvert viðfangið er, of háar væntingar skilja ekkert svigrúm eftir fyrir eðlilegar sveiflur lífsins. Slíkt eru bara fyrirfram ákveðin vonbrigði sem bíða þess að raungerast.

Undanfarin sumur virðast margir óvissir hvað sé að koma fyrir gullregnið þeirra og vonandi get ég með þessum fáu orðum uppfrætt forvitna og róað einhverjar taugar. Tímasetningin kann að virðast óvenjuleg, en á sumrin hefur maður engan tíma til að lesa sér til. Til þess er veturinn. Vel má vera að næsta ársrit Garðyrkjufélags Íslands innihaldi nánari upplýsingar um þessa óværu og fleiri til, en ekki vil ég byggja upp væntingar til vonbrigðis, svo best að segja ekkert meir um það. Dr. Brynju Hrafnkelsdóttur er sérstaklega þakkaður yfirlesturinn.

Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

BÆKUR & MENNING

Jón Hjaltason sagnfræðingur skrifaði ævisögu Káins:

Beindi sjónum landa sinna að því skoplega sem varð þeim að sundurþykkju

„Vísur og ljóð Káins eiga ekki síður erindi við okkur núna en þegar kveðskapurinn varð til á sínum tíma. Gáskinn í ljóðunum var aðferð skáldsins til að hemja skuggabaldur í sál hans. Og er það ekki einmitt húmor sem við þörfnumst í baráttu okkar við COVID sem hótar ekki aðeins líkamlegri heilsu okkar heldur einnig hinni andlegu? Og þá er gott að eiga Káin,“ segir Jón Hjaltason sagnfræðingur sem skrifað hefur ævisögu skáldsins Kristjáns Níelsar Jónssonar, sem betur er þekktur sem Káinn.

Bókin er mikil að umfangi, 370 blaðsíður og prýdd ljósmyndum en höfundur leitaði víða fanga við efnisöflun við bókaskrifin.





Höfundurinn Jón Hjaltason við lágmynd sem er afsteypa af lágmynd Káins á minnisvarða hans í Þingvallakirkjugarði í Norður-Dakóta. Vinir og ættingar Káins vestanhafs með Sunnu Furstenau í fararbroddi gáfu afsteypuna. Akureyrarbær sá um að reisa minnisvarðann um Káin árið 2017 og stendur hann í Fjörunni, fram undan lóðinni þar sem áður stóð húsið sem Kristján Níels fæddist í við Aðalstræti 74.



Hérna eru þeir Káinn og Stephan G. Stephansson standandi, á milli þeirra situr Jónas Hall, mikill vinur beggja.

Verkamaður alla ævi

Kristján Níels var Akureyringur, Eyfirðingur, skáld og verkamaður, segir Jón um viðfangsefni sitt en hann hefur sinnt þessu verkefni undanfarin þrjú ár.

„Ég held að þetta sé fyrsta ævisagan á íslensku um einstakling sem var verkamaður alla sína ævi. Káinn fæddist á Akureyri og ólst þar upp og í sveitinni handan Eyjafjarðarár, meðal annars í Garðsárdal. Nítján ára gamall fluttist hann vestur um haf og bjó fyrst í Winnipeg en lengst af í Norður-Dakóta og þar andaðist hann haustið 1936,“ segir Jón.

Hann bætir við að áhugi fyrir þessu eyfirska skáldi hafi lengi verið til staðar hjá sér. „Mig langaði til að kynnast betur manninum sem var svo laginn við að lauma skilaboðum inn í ljóðin sín,“ segir hann og bendir á þessa vísu:

Hugfast sveinar hafi það,
helst á leynifundum,
ýmsa greinir á um, hvað
orðin meina stundum.

Enginn sérstakur bardagamaður

Jón kveðst einnig hafa um langt skeið haft áhuga fyrir sögu Vestur-Íslendinga; „og það fór eins og mig grunaði, Káinn gaf mér skemmtilegt sjónarhorn á líf Íslendinga fyrir vestan.“

Jón segir hann ekki hafa verið neinn sérstakan bardagamann en hann hafi fylgst vel með og lagði til málanna þegar þrefgjarnir landar hans fóru í hár saman. En það voru tvíræðar vísur sem frá skáldinu komu og menn lengi á báðum áttum um hvernig ætti að taka þeim.

Óviljandi aldrei laug,
oft við Bakkus riðinn;
af flestum, sem að fælast spaug,
fremur illa liðinn.

Svo fór að lokum að kveðskapur Káins sló í gegn, bæði vestra og heima á Íslandi og einkum þá og sér í lagi fyrir kímnina sem í vísum hans mátti finna.

Stundum var ég seinn til svara
og seinn á fæti,
en það voru engin látalæti
að láta fólkið gráta af kæti.

Fremur þungur á bárunni – í það minnsta allsgáður

Þó svo að vísur Káins hafi þótt skemmtilegar og tvíræðar segir Jón undarlegt nokk að sjálfur hafi hann verið fremur þungur á bárunni, í það minnsta allsgáður. Það sé enda ekki tilviljun að hann orti: Að sjá mig aðeins ófullan / enginn maður sér mig.

„Káinn varð annar maður um leið og hann var búinn að fá sér í aðra tána. Það hefur þó flögrað að mér hvort hann hafi ef til vill gert meira úr drykkjuskap sínum en efni stóðu til. Það vekur að minnsta kosti athygli að hann bjó helming ævinnar í ríki þar sem var algert áfengisbann – sem auðvitað leiddi til lögbrota sem Káinn var ekki alveg saklaus af en grínaðist með þegar hann var leiddur fyrir dómara út af áfengislagabroti,“ segir Jón.

Káin var alla tíð ókvæntur og aldrei kennt barna, en Jón segir hann lengi hafa verið vinnumann hjá ekkjunni Önnu Geir, ættaðri úr Hrútafirði, og á milli þeirra hafi verið sterkur þráður og velti hann honum töluvert fyrir sér í bókinni.

„Þau lifðu mikla sorg saman en líka gleði og um Önnu sagði Káinn i minningarljóði sem fannst eftir andlát hans:

Og þegar að veturinn víkur
á braut
og vorfuglar kveða sín ljóð
og blómin sig vefja um brekkur
og laut,
ég bý um þig, elskan mín góð.

Fyrst og fremst kímniskáld

Jón segist fúslega viðurkenna að hann geri ekki minnstu tilraun til að greina ljóð Káins eftir bragarháttum í bók sinni né öðru því sem lýtur að reglum kveðskapar.

„Í mínum augum eru þau heimild um ævi skáldsins og þannig nota ég þau til að varpa ljósi á Káin og samfélagið sem hann þreifst í. Hann var fyrst og fremst kímniskáld og orti ekki til að reita menn til reiði heldur frekar til að beina sjónum landa sinna að því skoplega sem varð þeim að sundurþykkju. Þó kom fyrir að hann gerðist grimmur. Til dæmis þegar séra Magnús Jónsson, seinna alþingismaður og ráðherra, gaf út smáritið Vestan um haf og fór ófögrum orðum um Vestur-Íslendinga. Þá sagði Káinn:

„Þeir halda að fjandinn hafi sent þig hingað vestur.“

Káinn hafi þó oftar verið á nótum sem þessum:

Man ég tvennt sem mér var kennt
á Fróni
og minnkun ekki þótti þá:
það var að drekka og fljúgast á.

„Það var svo eftir skáldinu,“ segir Jón,

„Að rugla í okkur með fæðingarár sitt og er ekki óalgengt að menn villist á réttu ártali. Árið 1935 fagnaði Káinn 75 ára afmæli sínu sem hefur orðið til þess að jafnvel á opinberum stöðum er hann sagður fæddur 1860 en rétt fæðingarár er 1859. En er þetta ekki í anda skáldsins sem orti:

Af því get ég enn mig stært
að engu breytt er hér;
ekkert hefi ég af öðrum lært
og enginn neitt af mér.

/MÞÞ



Þrjátíu og ein hryssa hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 2020:

Aldrei fyrr hafa jafn margar hryssur hlotið heiðursverðlaun á einu ári

Elsa Albertsdóttir
ræktunarleiðtogi íslenska hestsins
elsa@rml.is



Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslenska hestinn var reiknað eftir alla kynbótadóma ársins í byrjun október og birt í WorldFeng. Þar kom í ljós að 31 hryssa á Íslandi hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár. Aldrei fyrr hafa jafn margar hryssur hlotið slík verðlaun á einu ári en skýringuna er helst að finna í breyttum útreikningi á kynbótamati.

Til að hljóta verðlaunin þarf hryssa að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati ýmist fyrir aðaleinkunn eða fyrir aðaleinkunn án skeiðs.

Af heiðursverðlaunahryssum í ár eru 6 sem ná viðmiðinu fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Röðun hryssnanna fer eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn, ekki eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Séu hryssur jafnar að stigum ræðst röðun þeirra af aukastöfum kynbótamatsins.

Kynbótamatið byggir sem fyrr á dómum frá kynbótasýningum. Magn upplýsinga (dóma) og gæði þeirra hefur áhrif á endanlega niðurstöðu og má segja að kynbótamatið byggi á 3 upplýsingabrunnum: frá ætterni, eigin frammistöðu og svo frammistöðu afkvæma. Eftir því sem meiri upplýsingar liggja að baki eykst öryggi matsins.

Í raun má segja að kynbótamat sem byggir aðeins á upplýsingum frá ætterni sé kynbótaspá um líklegt kynbótagildi einstaklings. Þegar eigin dómur bætist við endurspeglar kynbótamatið kynbótagildi einstaklingsins af meira öryggi. Dómur er þó alltaf samspil erfða og umhverfis og mjög jákvæð umhverfisáhrif geta vegið upp takmarkaða erfðagetu og svo öfugt.

Dómar afkvæma gefa verðmætar upplýsingar. Fjöldi dóma afkvæma vega endurtekið inn í matið og auka ekki aðeins öryggi þess heldur fara að vega meira en ætternisdómar og eigin dómur þegar vissum fjölda er náð, viðmiðið er 5 eða fleiri. Dómar afkvæmanna endurspegla enn frekar kynbótagildi einstaklinga til framræktunar, þar sem gæði erfðanna sem hross gefa til afkvæma sinna skýrast. Það er gríðarlega mikilvægt að sem flest afkvæmi, sér í lagi hlutfallslega, skili sér í dóm og það er ástæða þess að nýr eiginleiki var tekinn inn í útreikninga kynbótamatsins, mæting til dóms. Það var þó ekki eina breytingin sem gerð var á útreikningunum í byrjun árs en þær voru eftirfarandi:

- Nýtt kynbótamat er byggt á nýjum vægisstuðlum eiginleikanna
- Nýtt kynbótamat er byggt á endurmetnum erfðastuðlum
- Kynbótamat fyrir hægt stökk
- Mæting til dóms – hlutfall sýndra dætra
- Endurbót á kynbótamati fyrir skeið
- Kynbótamat á aðaleinkunn án skeiðs
- Afkvæmaverðlaun – afkvæmahross eru einnig verðlaunuð á grundvelli aðaleinkunnar án skeiðs.

Eins og áður segir hljóta sex hryssur viðurkenningu fyrir afkvæmi í ár byggt á kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs og má segja að það auki á fjölbreytileika dýrmætra hestgerða sem hljóta afkvæmaverðlaun.



Efsta í hópi heiðursverðlaunahryssna árið 2020 og þar með Glettubikarhafinn í ár er Þóra frá Prestsbæ undan Orra frá Þúfu í Landeyjum og Þoku frá Hólum. Hún er með 136 stig í kynbótamatinu og á nú fimm dæmd afkvæmi.

Útreikningar á kynbótamati fyrir skeið voru endurbættir og þar með leiðréttir á þann hátt að nú er tekið tillit til arfgerðagreiningar fyrir gangráðinum, en mögulegt er að hross beri arfgerðirnar AA, CA og CC. Nokkrar hryssur í heiðursverðlaunahópnum eru arfgerðagreindar CA og hafa því ekki forsendu til að skeiða sjálfar en geta samt sem áður erft frá sér skeiðgetu. Almennt er talið að CA arfgerðin hafi jákvæð áhrif á gæði grunngangtegunda og má sjá það glöggt á niðurstöðum kynbótamatsins. En auk þess má greina jákvæð og réttmæt áhrif frá þessum endurbótum á kynbótamat fyrir skeið og heildarniðurstöðuna t.d. hjá Happadís frá Stangarholti sem er örgerfagreind CA. Hún hefur jafnhátt kynbótamat fyrir aðaleinkunn og fyrir aðaleinkunn án skeiðs eða 127 stig, enda gefur hún bæði úrvalsalhliðahross og klárhross með tölti.



Happadís frá Stangarholti með einu afkvæma sinna. Hún er með 127 stig í aðaleinkunn kynbótamats.

Nýr útreikningur með mætinagreiginleika skýrir að mestu leyti aukinn fjölda

Tilkoma nýs mætingareiginleika í útreikninga kynbótamatsins skýrir þó einna helst aukinn fjölda hryssna sem hljóta nú viðurkenningu, en nær allar afkvæmahryssurnar í ár hafa hátt hlutfall sýndra dætra og þar af leiðandi hátt kynbótamat fyrir mætingu. Mætingareiginleikinn er tengdur öðrum eiginleikum kynbótamatsins og hefur því jákvæð áhrif á kynbótamat aðaleinkunnanna sé kynbótamat mætingar til dóms hátt. Fjöldi og hlutfall hesta sem hlutu afkvæmaverðlaun úr hverjum árgangi breytist ekki á sama hátt. Í raun má segja að þetta sé mjög jákvæð áhrif á kynbótamat hryssna en líklegt verður þó að telja að þessi mikla aukning í ár endurtaki sig ekki árlega, heldur svar við ákveðinni leiðréttingu á kynbótamati hryssna sem hingað til hefur ekki jafn mikið ráðist af dómum afkvæma líkt og nú er með tilkomu mætingareiginleikans.

Þóra frá Prestsbæ er efst heiðursverðlaunahryssna og hlýtur Glettubikarinn

Efsta í hópi heiðursverðlaunahryssna árið 2020 og þar með Glettubikarhafinn í ár er **Þóra frá Prestsbæ** undan Orra frá Þúfu í Landeyjum og Þoku frá Hólum, Vafadóttur frá Kýrholti. Báðir foreldar Þóru eru því með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi en Þoka hlaut þau verðlaun árið 2012. Ekki síður áhugavert er að Þóra er 3 ættliður hryssna í röð sem hlýtur Glettubikarinn en amma hennar Þrá frá Hólum hlaut þá viðurkenningu árið 2000.

Inga og Ingar Jenssen eru ræktendur og eigendur Þóru. Þóra er með 136 stig í kynbótamatinu og á nú fimm dæmd afkvæmi. 136 stig í kynbótamati er annað hæsta kynbótamat íslenskra hrossa en aðeins 2 aðrar hryssur hafa 137 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og eru þær afkvæmi Þóru líkt hryssan jöfn henni að stigum. Þóra var sjálf mjög vel skapaður gæðingur, var fyrst sýnd fimm vetra og hlaut hæst 8.77 í aðaleinkunn, 9.08 fyrir hæfileika og m.a. 10 fyrir skeið, 9.5 fyrir brokk og vilja og geðslag. Hún stóð hæst hryssna í flokki 7 vetra og eldri á Landsmóti á Vindheimamelum árið 2011. Öll afkvæma hennar hafa hlotið fyrstu verðlaun og er Þrá frá Prestsbæ hæst dæmda afkvæmi hennar en hún er undan Arion frá Eystra-Fróðholti. Systur hennar, Skipting og Álfamær hafa líkt og Þrá allar hlotið yfir 8.60 fyrir hæfileika og yfir 8.50 í aðaleinkunn og eru því jafnt fagurskapaðar sem gæddar góðum kostum líkt og móðir þeirra. Öll afkvæmi Þóru hafa verið sýnd fjögurra eða fimm vetra og erfa því eiginleika móður sinna að að koma fljótt til sem er gríðarlega verðmætur eiginleiki. Kynbótamat Þóru fyrir mætingu til dóms er 130 en allar dætur hennar sem hafa ná sýningaraldri hafa verið sýndar eða 100%.

Umsögn um afkvæmi:

Afkvæmi Þóru frá Prestsbæ eru í meðallagi að stærð. Höfuðið er þokkalega frítt en eyrun eru stundum fremur löng. Hálsinn er hátt settur og fínlegur við skásetta bóga. Bakið er breitt og sterklegt og lendin er öflug en mætti vera betur gerð. Afkvæmin eru sérstaklega framhá og léttbyggð og með góða fótahæð. Fætur eru traustlega skapaðir með góðum sinaskilum og réttleiki fóta er fremur góður. Hófarnir eru efnistraustir og þau eru prúð á fax og tagl. Afkvæmi Þóru eru skrefmikil, mjúk og lyftingargóð á tölti en brokkið getur verið lint. Vekurðin er úrvalsgóð og stökkið er rúmt og skrefmikið. Fetið er skrefmikið en stundum ójafnt. Þóra gefur framhá og léttbyggð alhliðahross, flugviljug og rúm. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 1 sætið.

Happadís frá Stangarholti:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 127 stig
Ræktandi og eigandi: Mette Mannseth
Faðir: Hróður frá Refsstöðum
Móðir: Þórdís-Stöng frá Stangarholti

Umsögn um afkvæmi:

Happadís frá Stangarholti gefur meðalstór hross. Höfuðið er skarpt og fínlegt, hálsinn er reistur, langur og fínlegur við háar herðar. Yfirlína í baki er mjög góð og bakið breitt og vöðvafyllt. Samræmið er hlutfallagott með sívölum bol en fótahæð í meðallagi. Fætur eru réttir og prúðir með öflugar sinar. Hófar og prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin er ýmist alhliðageng eða klárhross með tölti. Töltið er takthreint og mjúkt, brokkið rúmt og skrefmikið og skeiðið takthreint og skrefmikið. Stökkið ferðmikið og teygjugott og fetið taktgott. Happadís frá Stangarholti gefur þjál og viljug hross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði og fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 2 sætið.

Þjóð frá Skagaströnd:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 127 stig
Ræktendur: Þorlákur S Sveinsson og Sveinn I Grímsson
Eigandi: Þorlákur S Sveinsson
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Sunna frá Akranesi

Umsögn um afkvæmi:

Þjóð frá Skagaströnd gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð mætti vera fínlegra en eyrun eru vel borin. Hálsinn er mjúkur, bakið er breitt og lendin afar öflug. Fætur hafa öflugar sinar en lítil sinaskil og eru nágengir að aftan. Hófar eru efnisgóðir og vel lagaðir, prúðleiki er í rúmu meðallagi. Þjóð gefur fremur fjölhæf alhliða hross, töltið er takthreint með góðum hreyfingum, brokkið er skrefgott og svifmikið og skeiðið er öruggt. Stökkið mætti vera svifmeira og fetið er taktgott og skrefmikið. Þjóð gefur er þjál, yfirveguð og vel viljug hross sem fara prýðilega í reið. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 3 sætið.

Vordís frá Hvolsvelli:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 126 stig
Ræktendur og eigendur: Ásmundur Þór Þórisson og Helga Friðgeirsdóttir
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Orka frá Hvolsvelli

Umsögn um afkvæmi:

Afkvæmi Vordísar eru um meðallag að stærð. Höfuðið er skarpt og þurrt með vel borin og fínleg eyru. Hálsinn er hátt settur, reistur og hvelfdur við háar herðar en mætti vera fínlegri

í kverkina. Bakið er breitt og lendin öflug, og samræmið er hlutfallarétt og langvaxið. Fætur eru þurrir en stundum með granna liði og afturfætur eru nágengir. Hófarnir eru efnisþykkir með hvelfdan botn og prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin eru alhliða geng og fljót til. Töltið er taktgott og mjúkt, brokkið rúmt en vekurðin misjöfn. Stökkið er ferðmikið og fetið takthreint en stundum ójafnt. Afkvæmi Vordísar eru reist og reiðhestleg í sköpulagi, viljug, samstarfsfús og fasmikil undir manni. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 4 sætið.

Myrkva frá Torfunesi:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 122 stig
Ræktandi: Baldvin Kr. Baldvinsson
Eigendur: Ástþór Jóhannesson og Torfunes ehf.
Faðir: Markús frá Langholtsparti
Móðir: Mánadís frá Torfunesi

Umsögn um afkvæmi:
Myrkva frá Torfunesi gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuðið er frítt með vel opin augu. Hálsinn er hátt settur og mjúkur. Afkvæmin eru hlutfallarétt og jafnbola. Fætur hafa öflugar sinar, eru þurrir og prúðir, en geta verið nágengir að aftan. Hófar hafa hvelfdan botn og prúðleiki er yfir meðallag. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross með tölti. Töltið er taktgott með góðu skrefi. Brokkið er taktgott og skrefmikið, stökkið er ferðmikið og teygjugott og fetið taktgott. Myrkva frá Torfunesi gefur viljug og þjál hross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði og fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 5 sætið.

Karitas frá Kommu:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 122 stig
Ræktandi: Vilberg Jónsson
Eigandi: Takthestar ehf
Faðir: Nagli frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Kjarnorka frá Kommu

Umsögn um afkvæmi:
Afkvæmi Karitasar eru stór hross. Höfuðið er með vel borin eyru en fremur gróft. Hálsinn er reistur, mjúkur og hátt settur við háar herðar. Bak og lend er úrvalsgott; bakið breitt og vöðvafyllt með góðri baklínu og lendin öflug. Þau eru hlutfallarétt og fótahá með öflugar sinar á fótum sem eru útskeifir að framan. Hófar eru efnisþykkir og vel lagaðir með hvelfdum hófbotn, prúðleikinn er misjafn. Öll afkvæmi Karitasar eru klárhross með tölti. Töltið er takthreint og skrefmikið með miklum fótaburði og brokkið er takthreint, skrefmikið og svifmikið með miklum fótaburði. Stökkið er takthreint og lyftingargott og hægt stökkið er afar gott. Fetið er takthreint en fremur skrefstutt. Afkvæmi Karitasar eru stór og verkleg með úrvals yfirlínu. Þau eru skrefmikil og hágeng með þjálan vilja, reist og fasmikil undir manni. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 6 sætið.

Storð frá Stuðlum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 122 stig
Ræktendur: Páll Stefánsson og Edda Björk Ólafsdóttir
Eigendur: Karl Áki Sigurðsson og Ingólfur Jónsson
Faðir: Víðir frá Prestsbakka -
Móðir: Þerna frá Arnarhóli

Umsögn um afkvæmi:
Storð frá Stuðlum gefur stór hross. Höfuðið er skarpt og þurrt með vel opin augu og hálsinn er vel lagaður við háar herðar og



Þjóð frá Skagaströnd er með 127 stig í aðaleinkunn kynbótamats.

Hryssur - heiðursverðlaun 2020

Röð	Númer	Nafn	Uppruni	Kynbótamat Stig
1	IS2003201166	**Þóra**	Prestsbær	**136**
2	IS2000236511	**Happadís**	Stangarholt	**127**
3	IS2002256955	**Þjóð**	Skagaströnd	**127**
4	IS2005284976	**Vordís**	Hvolsvelli	**126**
5	IS2001266211	**Myrkva**	Torfunesi	**122**
6	IS2003265892	**Karitas**	Kommu	**122**
7	IS2006287105	**Storð**	Stuðlar	**122**
8	IS2001286003	**Örk**	Stóra-Hof	**122**
9	IS1999287759	**Þruma**	Hólshús	**121**
10	IS1997258874	**Hending**	Úlfsstaðir	**120**
11	IS2000235940	**Vaka**	Hellubær	**120**
12	IS1995284600	**Gerða**	Gerðar	**120**
13	IS1998284011	**Gná**	Ytri-Skógar	**119**
14	IS2000266019	**Dúsa**	Húsavík	**119**
15	IS1999286988	**Lady**	Neðra-Sel	**119**
16	IS2003237209	**Hilda**	Bjarnarhöfn	**119**
17	IS2000237637	**Alda**	Brautarholt	**118**
18	IS1999286133	**Nótt**	Ármót	**118**
19	IS2000236512	**Kyrrð**	Stangarholt	**118**
20	IS1995287138	**Urður**	Sunnuhvoll	**117**
21	IS2001287660	**Gráhildur**	Selfoss	**116**
22	IS1996286916	**Surtsey**	Fet	**116**
23	IS1997266640	**Hrauna**	Húsavík	**116**
24	IS2001287702	**Spóla**	Syðri-Gegnishólar	**116**
25	IS2002265005	**Esja Sól**	Litla-Brekka	**116**
26	IS1995286808	**Tara**	Lækjarbotar	**114**
27	IS2000284556	**Sveina**	Þúfa í Landeyjum	**112**
28	IS1994257379	**Elding**	Hóll	**112**
29	IS2002287811	**Jórún**	Blesastaðir	**112**
30	IS1995284672	**Gáska**	Álfhólar	**110**
31	IS1992258442	**Sending**	Enni	**108**

skásetta bóga. Þau eru með góða baklínu og afar samræmisgóð; fótahá, léttbyggð og framhá. Fætur eru fremur grannir en þokkalega réttir, hófarnir vel lagaðir með hvelfdan botn og prúðleiki á fax og tagl er lítill. Afkvæmi Storðar eru öll alhliða hross. Töltið er takthreint, rúmt og skrefmikið, brokkið taktreint og skrefmikið og skeiðið er skrefmikið. Stökkið er jafnvægisgott og skrefmikið en mætti vera svifmeira á ferðinni og fetið er skrefmikið. Storð gefur afar stór, fótahá og léttbyggð hross sem eru vakandi, þjál og léttstíg í reið og hlýtur hún heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 7 sætið.

Örk frá Stóra-Hofi:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 122 stig
Ræktandi og eigandi: Bæring Sigurbjörnsson
Faðir: Hrímbakur frá Hólshúsum
Móðir: Hnota frá Stóra-Hofi

Umsögn um afkvæmi:
Örk frá Stóra-Hofi gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er yfir meðallagi, hálsinn er reistur og hátt settur. Yfirlína í baki er alla jafna góð og bak og lend vöðvafyllt. Afkvæmin eru fótahá og hlutfallagóð. Fætur hafa öflugar sinar og góð sinaskil. Hófar eru efnisþykkir og prúðleiki í meðallagi. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross með tölti. Töltið er taktgott með góðu skrefi og lyftu og hæga töltið mjög gott. Brokkið er taktgott og skrefmikið. Stökkið er svifmikið, takthreint og teygjugott og fetið er skrefmikið. Örk frá Stóra-Hofi gefur þjál og viljug hross sem fara mjög vel í reið með góðum höfuðburði og reisingu. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 8 sætið.

Þruma frá Hólshúsum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 121 stig
Ræktendur: Þórður Elíasson - Eigendur: Helgi Jón Harðarson, Erlingur Erlingsson, Hannes Sigurjónsson og Inga Christina Campos
Faðir: Þorri frá Þúfu í Landeyjum - Móðir: Blika frá Hólshúsum

Umsögn um afkvæmi:
Þruma frá Hólshúsum gefur stór hross. Höfuð er fínlegt og frítt með vel opin augu, hálsinn er hátt settur við háar herðar og bakið er vöðvafyllt en yfirlínan er misgóð. Samræmið er hlutfallagott og framhátt. Fætur eru réttir, þurrir en nokkuð grannir. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn og prúðleiki er jafnan góður. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross með mjúku, skrefmiklu og hágengu úrvalstölti og afar góðu hægu tölti, brokkið er lyftingargott og stökkið er hátt. Fetið getur verið ójafnt og skrefstutt. Þruma frá Hólshúsum gefur fagursköpuð framhá hross sem eru viljug og þjál og fara afar vel í reið með miklum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 9 sætið.

Hending frá Úlfsstöðum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 120 stig
Ræktandi og eigandi: Helgi Jón Harðarson
Faðir: Jarl frá Búðardal -
Móðir: Harka frá Úlfsstöðum

Umsögn um afkvæmi:
Hending frá Úlfsstöðum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuðið er vel gert, hálsinn er reistur, og vel settur við háar herðar. Bakið er breitt og samræmið einkennist af fótahæð og léttleika. Fætur eru þurrir með öflugar sinar og nokkuð réttir að framan en nágengir bæði að framan og aftan. Hófar eru efnisþykkir með hvelfdan botn en prúðleika er ábótavant. Afkvæmin eru flest klárhross en ef vekurð er til staðar er hún góð. Töltið er úrvalsgott með miklum fótaburði, brokkið er takthreint og lyftingargott. Stökkið er takthreint og hátt en fetgæðin fremur slök. Hending frá Úlfsstöðum gefur ásækin og fremur þjál hross sem fara afar vel í reið með miklum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 10 sætið.

Vaka frá Hellubæ:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 120 stig
Ræktandi og eigandi: Gíslína Jensdóttir
Faðir: Feykir frá Hafsteinsstöðum
Móðir: Gola frá Hellubæ

Umsögn um afkvæmi:
Vaka frá Hellubæ gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er undir meðallagi, hálsinn er reistur við háar herðar. Bakið er breitt en yfirlína í baki er misjöfn. Samræmið einkennist af fótahæð en miðlengdar gætir. Fætur hafa öflugar sinar, eru útskeifir að framan og aftan og nágengir að aftan. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn en prúðleiki er fremur slakur. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross með tölti. Þau eru hágeng og skrefmikil, með úrvalsgott hægt og greitt stökk. Vaka frá Hellubæ gefur þjál og ásækin hross sem fara vel í reið með miklum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 11 sætið.

Gerða frá Gerðum
Kynbótamat aðaleinkunnar, 120 stig
Ræktandi: Sigrún Daníelsdóttir - Eigendur: Mara Daniella Staubli og Lisa Staubli
Faðir: Baldur frá Bakka -
Móðir: Litbrá frá Hömluholti

Umsögn um afkvæmi:
Gerða frá Gerðum gefur smá hross. Fríðleiki á höfuð er misjafn, hálsinn er reistur og frekar hátt settur en getur verið djúpur. Bakið er breitt og lendin öflug. Afkvæmin eru léttbyggð, fætur eru þurrir, ekki öflugir en nokkuð réttir. Hófar eru undir meðallagi en þó með hvelfdan botn, prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin eru jafnvíg alhliðahross. Töltið er takthreint og lyftingargott og brokkið skrefmikið. Afkvæmin eru vel vökur með góða skrefalengd. Greiða stökkið er teygjugott og fetið er taktgott. Gerða frá Gerðum gefur þjál og viljug hross með góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 12 sætið.

Gná frá Ytri-Skógum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 119 stig
Ræktandi og eigandi: Ingimundur Vilhjálmsson
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Hrefna frá Ytri-Skógum

Umsögn um afkvæmi:
Gná frá Ytri-Skógum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er mjúkur með klipna kverk við háar herðar en vantar stundum fínleika. Yfirlína í baki er nokkuð góð en bakið getur verið mjótt og lendin gróf. Samræmið er hlutfallsrétt, fætur eru með öflugar sinar en nágengir að framan og aftan og útskeifir að framan. Hófar eru efnisþykkir með hvelfdan botn og prúðleiki er meðalgóður. Afkvæmin eru að uppistöðu jafnvíg alhliðahross. Töltið er rúmt, taktgott og skrefmikið og brokkið er rúmt og taktgott. Stökkið er ferðmikið en vantar stundum betri líkamsbeitingu og fetið taktgott en getur verið skrefstutt. Gná frá Ytri-Skógum gefur þjál og viljug hross sem fara vel í reið með góðri reisingu og fasi. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 13 sætið.

Dúsa frá Húsavík:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 119 stig
Ræktandi og eigandi: Vignir Sigurólason
Faðir: Ypsilon frá Holtsmúla 1
Móðir: Birna frá Húsavík

Umsögn um afkvæmi:
Dúsa frá Húsavík gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er mjúkur með háar herðar. Yfirlína í baki er góð og bak breitt og vöðvafyllt. Samræmið einkennist af fótahæð og sívölum bol. Fætur eru þurrir, prúðir með góð sinaskil, útskeifir að framan en réttir að aftan. Hófar eru efnismiklir og vel formaðir og prúðleiki úrvalsgóður. Afkvæmin eru að uppistöðu jafnvíg alhliðahross. Töltið er takthreint með góðri lyftu, brokkið skrefmikið og taktgott og skeiðgæðin góð. Stökkið er hátt og svifmikið og fetið er taktgott, skrefmikið og rösklegt. Dúsa frá Húsavík gefur hross sem fara vel í reið með góðum fótaburði og hafa þjálan vilja. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 14 sætið.

Lady frá Neðra-Seli :
Kynbótamat aðaleinkunnar, 119 stig
Ræktandi: Hilmar Sæmundsson
Eigandi: Hilmar Sæmundsson og Jóhanna Einarsdóttir
Faðir: Ófeigur frá Flugumýri
Móðir: Lukka frá Kvistum

Umsögn um afkvæmi:
Lady frá Neðra-Seli gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er yfir meðallagi, hálsinn er hátt settur við háar herðar með klipna kverk. Yfirlína í baki er nokkuð góð en lendin getur verið gróf. Fótahæð og léttleiki einkennir samræmið, fætur eru réttir með mikil sinaskil. Hófar hafa hvelfdan botn en prúðleiki er fremur slakur. Afkvæmin eru alhliðageng. Töltið er taktgott, skrefmikið og lyftingargott. Brokkið er skrefmikið en getur skort ferð, skeiðið og stökkið ferðmikið og takthreint en fetið er í meðallagi. Lady frá Neðra-Seli gefur viljug og þjál hross sem fara vel í reið. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 15 sætið.

Hilda frá Bjarnarhöfn:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 119 stig
Ræktandi: Hildibrandur Bjarnason - Eigandi: Anna Dóra Markúsdóttir
Faðir: Forseti frá Vorsabæ -
Móðir: Lukka frá Kvistum

– Framhald á næstu síðu

Ræktunarbú ársins 2020



Heiðursviðurkenninguna ræktunarbú ársins 2020 hlutu Mette Mannseth og Gísli Gíslason á rafrænni ráðstefnu hrossaræktarinnar þann 12. desember síðastliðinn en þau kenna hross sín við Þúfur.

Fagráð í hrossarækt tilnefndi alls 13 ræktunarbú til sérstakrar viðurkenningar fyrir framúrskarandi ræktunarárangur á árinu 2020. Heiðursviðurkenninguna ræktunarbú ársins 2020 hlutu Mette Mannseth og Gísli Gíslason á rafrænni ráðstefnu hrossaræktarinnar þann 12. desember síðastliðinn en þau kenna hross sín við Þúfur.

Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á sýningaárinu 2020. Afmörkun á vali ræktunarbúa miðast þannig við að fyrst eru tilgreind öll hrossaræktarbú sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,00 eða hærra. Þá eru einkunnir leiðréttar eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa. Búin sem komast í pottinn verða að ná fjórum hrossum að lágmarki með 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu sem er þá önnur sía á gögnin. Meðaleinkunn er svo reiknuð miðað við leiðréttar aðaleinkunnir en þar er eingöngu horft til hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn, enn fremur miðast fjöldi sýndra hrossa frá hverju búi við þau hross. Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

Í meðfylgjandi töflu eru öll búin, 50 að tölu, sem uppfylltu fyrrnefndar lágmarkskröfur árið 2020. Dálkarnir sýna meðaltal leiðréttrar aðaleinkunnar og fjölda sýndra hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu (en afkvæmahross bæta við fjöldann). Þá er sérstaklega tilgreint í síðasta dálknum ef afkvæmahross leggja til stiga og auka á fjölda hrossa fyrir búið á árinu. Efst í töflunni eru þau þrettán bú sem tilnefnd voru til viðurkenningarinnar í ár í þeim sætum sem útreiknuð stig raðaði þeim í en þar fyrir neðan eru búin sem komust auk þeirra til greina í ár í stafrófsröð. */EA*

Ræktunarbú	Eigendur	Mt. A.eink	Fjöldi	Sæti	
Þúfur	Mette Mannseth og Gísli Gíslason	8,49	14	1	*afkv.*
Ragnheiðarstaðir	Helgi Jón Harðarson og fjölskylda	8,50	9	2	*afkv.*
Skipaskagi	Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir	8,49	9	3	*afkv.*
Garðshorn, Þelamörk	Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius	8,53	5	4	
Ketilsstaðir / S-Gegnishólar	Bergur Jónsson og Olil Amble	8,39	12	5	*afkv.*
Prestsbær	Inga og Ingar Jensen	8,49	6	6	*afkv.*
Hjarðartún	Óskar Eyjólfsson	8,45	5	7	
Fet	Karl Wernersson, Hrossaræktarbúið FET ehf	8,34	16	8	*afkv.*
Torfunes	Baldvin Kr. Baldvinsson	8,42	6	9	*afkv.*
Flagbjarnarholt	Sveinbjörn Bragason, Þórunn Hannesdóttir, Bragi Guðmundsson	8,43	4	10	
Skagaströnd	Þorlákur Sigurður Sveinsson og Sveinn Ingi Grímsson	8,36	8	11-13	*afkv.*
Efsta-Sel	Daníel Jónsson, Hilmar Sæmundsson og Lóa Dagmar Smáradóttir	8,37	6	11-13	*afkv.*
Efri-Fitjar	Gréta Brimrún Karlsdóttir, Gunnar Þorgeirsson og fjölskylda	8,39	4	11-13	
Akureyri	Gunnlaugur Atli Sigfússon	8,31	5		
Árbæjarhjáleiga II	Kristinn Guðnason, Marjolijn Tiepen og Hekla Katharína Kristinsdóttir	8,33	5		
Árbakki	Árbakki-hestar, Hinrik Bragason, Hulda Gústafsdóttir og fjölsk.	8,14	4		
Ásbrú	Vilberg Skúlason	8,20	4		
Áskot	Jakob S. Þórarinsson, Sigrún Þóroddsdóttir og Arnheiður Rut Auðbergsdóttir	8,07	5		
Auðsholtshjáleiga	Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og fjölskylda	8,23	9		
Austurás	Haukur Baldvinsson, Ragnhildur Loftsdóttir og fjölskylda	8,31	9		
Berg	Jón Bjarni Þorvarðarson og Anna Dóra Markúsdóttir	8,17	5		
Brautarholt	Björn, Snorri og Þrándur Kristjánssynir	8,20	5		*afkv.*
Dalsholt	Sigurður Jensson og Sjöfn Sóley Kolbeins	8,12	4		
Eyland	Davíð Matthíasson, Rut Skúladóttir og Elmar Sigurðsson	8,31	5		
Eystra-Fróðholt	Ársæll Jónsson, Anna Fía Finnsdóttir og fjölsk.	8,26	8		
Eystri-Hóll	Ævar Örn Guðjósson, Sigurður Halldórsson og Halldór Sigurðsson	8,31	5		
Fellskot	Líney Sigurlaug Kristinsdóttir, Fellskotshestar ehf	8,20	6		*afkv.*
Hafsteinsstaðir	Hildur Claessen, Skapti Steinbjörnsson og fjölskylda	8,23	5		
Heimahagi	Jóhann Magnús Ólafsson og Þorbjörg Stefánsdóttir	8,12	4		
Hof á Höfðaströnd	Lilja Sigurlína Pálmadóttir	8,27	4		
Hólaborg	Ingimar Baldvinsson, Hólaborg ehf	8,32	6		
Hólateigur	Herborg Svava Jensdóttir og Kristófer Helgi Pálsson	8,14	4		
Horn I	Ómar Antonsson, Kristín Gísladóttir og fjölsk.	8,26	5		
Íbishóll	Magnús Bragi Magnússon og Íbishóll ehf	8,20	11		*afkv.*
Koltursey	Elías Þórhallsson og fjölskylda	8,03	4		
Litla-Brekka	Vignir Sigurðsson og Jónína Garðarsdóttir	8,28	6		*afkv.*
Miðfossar	Ármann Ármannsson og Lára Friðbertsdóttir	8,38	4		
Rauðalækur	Eva Dyröy, Guðmundur Fr. Björgvinsson, Kristján Ríkharðsson	8,26	6		
Reykjavík	Leó Geir Arnarson	8,17	4		
Sauðanes	Ágúst Marinó Ágústsson og fjölskylda	8,30	4		
Skálakot	Guðmundur Jón Viðarsson	8,27	8		*afkv.*
Skrúður	Sigfús Kristinn Jónsson og Ragnhildur Guðnadóttir	8,26	6		
Stóra-Hof	Bæring Sigurbjörnsson og Kolbrún Jónsdóttir	8,34	6		*afkv.*
Strandarhöfuð	Auður M. Möller, Guðmundur M. Stefánsson, Strandarhöfuð ehf	8,17	5		
Stuðlar	Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson	8,35	8		*afkv.*
Tvenna	Tvenna ehf	8,11	4		
Varmaland	Birna M Sigurbjörnsdóttir, Sigurgeir F Þorsteinsson og fjölskylda	8,30	4		
Vatnsleysa	Björn Friðrik Jónsson, Vatnsleysubúið ehf	8,12	6		*afkv.*
Ytra-Vallholt	Vallholt ehf	8,26	4		
Þjórsárbakki	Haraldur Þorgeirsson, Þjórsárbakki ehf	8,14	4		

Umsögn um afkvæmi:

Afkvæmi Hildu eru í meðallagi að stærð. Þau eru fríð á höfuð með fínleg og vel borin eyru. Hálsinn er reistur og mjúkur en ekki fínlegur, baklínan er góð en lendin mætti stundum vera betur löguð. Þau eru fótahá og léttbyggð hross, fótagerðin er þurr en sinaskil mættu vera meiri og fætur eru nágengir að aftan. Hófarnir eru afar efnismiklir og prúðleiki á fax og tagl er mikill. Afkvæmin eru flest alhliðahross. Töltið er taktgott, rúmt og jafnvægisgott og brokkið er taktgott, skrefmikið og öruggt. Skeiðið er rúmt en stundum fjórtaktað og þau eru skrefmikil á stökki og feti. Afkvæmi Hildu eru reiðhestlega byggð mýktar- og rýmishross með ásækinn og þjálan vilja, reist og lyftingargóð. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 16 sætið.

Alda frá Brautarholti:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 118 stig
Ræktandi: Snorri Kristjánsson Eigendur: Snorri, Björn og Þrándur Kristjánssynir
Faðir: Dynur frá Hvammi
Móðir: Askja frá Miðsitju

Umsögn um afkvæmi:

Alda frá Brautarholti gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er mjúkur en gætir undirháls. Yfirlína í baki er alla jafna góð og bak og lend vöðvafyllt. Afkvæmin eru fótahá og hlutfallagóð. Fætur eru meðalgóðir, útskeifir að framan og nágengir að aftan. Hófar eru efnismiklir með þykka hæla og prúðleiki er góður. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross með tölti. Töltið er taktgott með góðu skrefi og lyftu. Brokkið er skrefmikið og sé skeiðið fyrir hendi er gæði þess í meðallagi. Stökkið er ferðmikið og fetið er taktgott en vantar framtak. Alda frá Brautarholti gefur þjál hross sem fara vel í reið með góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 17 sætið.



Vordís frá Hvolsvelli með 126 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Nótt frá Ármóti:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 118 stig
Ræktendur og eigendur: Hafliði Þ. Halldórsson, og Dan og Josefine Ewert.
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Nös frá Þverá í Skíðadal

Umsögn um afkvæmi:

Nótt frá Ármóti gefur frekar stór hross. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er mjúkur við háar herðar og skásetta bóga. Yfirlína í baki er yfirleitt góð og samræmið er nokkuð hlutfallagott. Fótagerð er góð, en fætur eru útskeifir að framan og nágengir að aftan. Hófar eru í meðallagi en prúðleiki er ekki góður. Afkvæmin eru að uppistöðu alhliðageng með góðu tölti, brokkið er takthreint og skrefmikið og skeiðgæði í meðallagi. Stökkið er fremur teygjugott og hátt en fetið er skrefstutt. Nótt frá Ármóti gefur þjál hross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 18 sætið.

Kyrrð frá Stangarholti:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 118 stig
Ræktandi og eigandi: Mette Camilla Moe Mannseth.
Faðir: Suðri frá Holtsmúla -
Móðir: Lygna frá Stangarholti

Umsögn um afkvæmi:

Kyrrð frá Stangarholti gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuðið er fínlegt og skarpt, hálsinn er grannur, reistur og hátt settur við háar herðar. Lendin öflug og jöfn. Samræmið er hlutfallarétt. Fætur eru þurrir og nokkuð réttir. Hófar nokkuð góðir og prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross með tölti. Töltið er takthreint, hágengt og skrefmikið. Brokkið er skrefmikið svifmikið og lyftingargott. Stökkið er hátt og teygjugott og hæga stökkið úrvalsgott. Fetið taktgott og skrefmikið. Kyrrð frá Stangarholti gefur viljug og þjál hross sem fara afar vel í reið með miklum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 19 sætið.

Urður frá Sunnuhvoli:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 117 stig
Ræktandi:
Anna Björg Níelsdóttir
Eigandi: Sunnuhvoll ehf.
Faðir: Þorri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Saga frá Litlu-Sandvík

Umsögn um afkvæmi:

Urður frá Sunnuhvoli gefur meðalstór hross. Fríðleiki á höfuð er vel yfir meðallagi, hálsinn er mjög vel gerður með háar herðar. Yfirlína í baki er góð og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallagóð og léttbyggð. Fætur eru ekki öflugir og eru nágengir að framan og aftan. Hófar hafa þykka hæla og hvelfdan botn og prúðleiki er góður. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross með rúmu, skrefmiklu tölti og hæga töltið er gott. Brokkið er rúmt og taktgott, stökkið teygjugott og fetið alla jafna taktgott. Urður frá Sunnuhvoli gefur fasmikil hross sem fara afar vel í reið og eru með ásækin og þjálan vilja. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 20 sætið.

Gráhildur frá Selfossi:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 116 stig
Ræktandi og eigandi: Olil Amble
Faðir: Randver frá Nýjabæ
Móðir: Muska frá Stangarholti

Umsögn um afkvæmi:

Gráhildur frá Selfossi gefur stór hross. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er grannur en mætti vera reistari. Bak og lend eru í meðallagi. Afkvæmin eru jafnan fótahá. Fætur hafa öflugar sinar, nágengir að framan en réttir að aftan. Hófar eru efnismiklir og prúðleiki er í rúmu meðallagi. Afkvæmin eru alhliðageng. Tölt og brokk er taktgott og skrefmikið. Skeiðið er skrefmikið en getur verið fjórtakta. Stökkið er gott en gæði hæga stökksins í meðallagi, fetið er taktgott. Gráhildur frá Selfossi gefur viljug og þjál hross sem fara vel í reið. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 21 sætið.

Surtsey frá Feti:

Kynbótamat aðaleinkunnar, 116 stig
Ræktandi:
Brynjar Vilmundarson
Eigandi: Sveinbjörn Bragason
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Smáey frá Feti

Umsögn um afkvæmi:

Surtsey frá Feti gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð er fremur skarpt, hálsinn er vel settur við nokkuð háar herðar. Lendin er öflug en breidd baks er misjöfn, afkvæmin eru fótahá, fótagerð er jafnan traust en þó getur vantað upp á sverleika sina

og skinaskil. Fætur eru útskeifir að framan og nágengir að aftan. Hófar eru efnisþykkir og prúðleiki er í meðallagi. Afkvæmin eru flest alhliðageng. Töltið er takthreint, rúmt með góðum fótaburði, brokkið öruggt og skrefmikið, og skeiðið öruggt. Stökkið er hátt og taktgott, fetið er taktgott en skortir stundum skrefastærð. Surtsey frá Feti gefur viljug og þjál hross sem fara vel í reið með góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 22 sætið.

Hrauna frá Húsavík:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 116 stig
Ræktandi og eigandi: Gísli Haraldsson
Faðir: Orri frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Urð frá Hvassafelli

Umsögn um afkvæmi:
Hrauna frá Húsavík gefur stór hross. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi. Hálsinn er reistur við háar herðar en gætir hjartarháls. Baklínan er nokkuð góð en bakið getur verið mjótt. Afkvæmin eru fótahá og léttbyggð, fætur hafa öflugar sinar og svera liði en geta verið nástæðir og réttleiki er í meðallagi. Hófar eru efnisgóðir og prúðleiki er góður. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross. Töltið og brokkið er taktgott með góðum fótaburði, stökkið er teygjugott. Hrauna frá Húsavík þjál hross sem fara vel í reið með góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 23 sætið.

Spóla frá Syðri-Gegnishólum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 116 stig
Ræktandi: Ólafur Jósefsson
Eigandi: Ólafur Jósefsson og Austurás hestar ehf.
Faðir: Sjóli frá Dalbæ
Móðir: Drottning frá Sæfelli

Umsögn um afkvæmi:
Spóla frá Syðri-Gegnishólum gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott og skarpleitt með vel borin eyru. Hálsinn er reistur og mjúkur við háar herðar, bakið er breitt og vöðvafyllt og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og fótahá, fætur er þurrir með góð sinaskil, réttir en stundum nágengir. Hófar eru sterkir með hvelfdan botn en prúðleiki er slakur. Spóla gefur virkjamikil ganghross, töltið er takthreint, skrefmikið með hárri fótlyftu og jafnvægisgott á hægri ferð, brokkið er skrefmikið en ferðlítið og stundum ójafnt og skeiðið er skrefmikið en ekki snarpt. Stökkið er teygjugott og hátt og hæga stökkið takthreint. Spóla gefur svipgóð, framfalleg og myndarleg hross með mikla skreflengd, þau eru samstarfsfús og búa yfir háum hreyfingum. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 24 sætið.

Esja Sól frá Litlu-Brekku:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 116 stig
Ræktendur og eigendur: Vignir Sigurðsson og Jónína Garðarsdóttir
Faðir: Númi frá Þóroddsstöðum - Móðir: Elja frá Ytri-Hofdölum

Umsögn um afkvæmi:
Esja Sól gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð hefur beina neflínu en er ekki svipmikið. Hálsinn er langur og grannur, fremur hátt settur en mætti vera hvelfdari. Yfirlína í baki er sterk og lendin öflug. Afkvæmin eru jafnvægisgóð og langvaxin. Fætur er þurrir og sterkir og geta verið nágengir að framan. Hófar eru efnisgóðir með hvelfdan botn. Prúðleiki afkvæmanna er misjafn. Esja Sól gefur afbragðs alhliða hross. Töltið er taktgott, rúmt og skrefmikið, brokkið er taktgott og öruggt. Skeiðið liggur vel fyrir þeim; jafnvægisgott, sniðfast og ferðmikið. Stökkið er rúmt en sviflítið og fetið taktgott. Afkvæmin eru mjúk og fara vel í reið, viljinn er góður og þjáll. Esja Sól gefur reiðhestlega gerð, takthrein og aðgengileg alhliða hross. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 25 sætið.


Myrkva frá Torfunesi er með 122 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.


Karitas frá Kommu er með 122 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Tara frá Lækjarbotnum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 114 stig
Ræktandi: Jónína Hrönn Þórðardóttir
Eigendur: Jónína Hrönn Þórðardóttir og Torfunes ehf.
Faðir: Hrannar frá Kýrholti
Móðir: Emma frá Skarði

Umsögn um afkvæmi:
Tara frá Lækjarbotnum gefur fremur stór hross. Fríðleiki á höfuð er yfir meðallagi, hálsinn er reistur við háar herðar. Yfirlína í baki er nokkuð góð og lendin jöfn og öflug. Samræmið er fremur sívalt, fætur eru þurrir, nágengir að aftan og gætir fléttings að framan. Hófar hafa þykka hæla og afkvæmin eru misprúð. Afkvæmi Töru eru að stærstum hluta klárhross með taktgóðu skrefmiklu og lyftingargóðu tölti, brokkið er rúmt og skrefmikið, stökkið hátt og teygjugott og hæga stökkið mjög gott en fetið í meðallagi. Tara frá Lækjarbotnum gefur viljug og reist hross með mjög góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 26 sætið.

Sveina frá Þúfu í Landeyjum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 112 stig
Ræktandi: Guðni Guðmundsson
Eigendur: Guðni Þ Guðmundsson og Anna B. Indriðadóttir
Faðir: Sveinn-Hervar frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Dröfn frá Þúfu í Landeyjum

Umsögn um afkvæmi:
Sveina frá Þúfu gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuðið er skarpt, hálsinn er grannur og langur. Bak og lend eru alla jafna nokkuð vel vöðvafyllt og samræmið hlutfallarétt. Fætur eru í tæpu meðallagi og nágengir að aftan. Hófar eru í góðu meðallagi en prúðleiki góður. Afkvæmin eru alhliðageng en skeiðgæðin í tæpu meðallagi. Tölt og brokk er taktgott með góðu skrefi. Stökk og fet er takthreint. Sveina frá Þúfu gefur þjál hross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 27 sætið.

Elding frá Hóli:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 112 stig
Ræktandi: Bjarni H Jónsson
Eigandi: Þjórsárbakki
Faðir: Hrynjandi frá Hrepphólum
Móðir: Glódís frá Skarðsá

Umsögn um afkvæmi:
Elding frá Hóli gefur stór hross. Fríðleiki á höfuð er yfir meðallagi með beina neflínu og stór augu, hálsinn er reistur og langur við háar herðar en getur verið djúpur. Yfirlína í baki er góð, bakið er breitt og lendin öflug. Afkvæmin eru fótahá og alla jafna léttbyggð með sívalan bol, fótagerð er misjöfn, framfætur útskeifir og afturfætur nágengir. Hófar eru nokkuð efnisþykkir en prúðleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru yfirleitt klárhross með tölti. Töltið er takthreint, skrefmikið og með góðri fótlyftu, brokkið er skrefmið og greiða stökkið hátt en fetgæðin misjöfn. Elding frá Hóli gefur ásækin og vakandi hross sem fara vel í reið, reist með góðum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 28 sætið.

Jórún frá Blesastöðum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 112 stig
Ræktandi: Sigurður R Andrésson og Jóhanna Haraldsdóttir
Eigandi: Magnús T Svavarsson
Faðir: Sveinn-Hervar frá Þúfu í Landeyjum
Móðir: Fjóla frá Haga

Umsögn um afkvæmi:
Jórún frá Blesastöðum gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð er skarpt og þurrt, hálsinn er mjúkur við háar herðar, lendin er afar öflug en yfirlína í baki mætti vera sterkari. Afkvæmin eru hlutfallarétt en mættu vera fótahærri. Fætur eru þurrir en ekki veigamiklir og nágengir að framan og aftan. Hófar hafa þykka hæla og prúðleiki er í rúmu meðallagi. Jórún gefur alla jafna klárhross með tölti. Töltið er takthreint og lyftingargott og brokkið skrefmikið. Afkvæmin stökkva af krafti, hafa þjálan og góðan reiðvilja og góðan fótaburð. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 29 sætið.


Storð frá Stuðlum er með 122 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Gáska frá Álfhólum:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 110 stig
Ræktandi og eigandi: Sigríður S Valdimarsdóttir
Faðir: Gáski frá Hofsstöðum+
Móðir: Blíða frá Álfhólum

Umsögn um afkvæmi:
Gáska frá Álfhólum gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er hátt settur við háar herðar en ekki fínlegur. Bakið er breitt og lendin öflug en spjaldið getur verið stíft. Afkvæmin er sívalvaxin. Fætur eru þurrir með öflugar sinar og mikil sinaskil; útskeifir að framan og nágengir að aftan. Hófar hafa hvelfdan botn en prúðleiki er slakur. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross með mjög góðu og hágengu tölti, brokkið er takthreint, skrefmikið og lyftingargott. Stökkið er hátt og fetið taktgott en getur verið skrefstutt. Gáska frá Álfhólum gefur viljug og þjál hross sem fara vel í reið með góðum höfuðburði og miklum fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 30 sætið.

Sending frá Enni:
Kynbótamat aðaleinkunnar, 108 stig
Ræktandi: Eindís Kristjánsdóttir
Eigendur: Eindís Kristjánsdóttir og Haraldur Þ Jóhannsson
Faðir: Vörður frá Enni
Móðir: Ljóska frá Enni

Umsögn um afkvæmi:
Sending frá Enni gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Fríðleiki á höfuð er í meðallagi, hálsinn er reistur og langur við háar herðar en getur verið djúpur. Bakið er breitt og vöðvafyllt og lendin öflug en línan í bakinu getur verið svög. Samræmið einkennist af góðri fótahæð og sívölum bol, fætur eru þurrir með öflugar sinar en eru útskeifir að framan og eru nágengir að framan og aftan. Hófar er djúpir og efnisgóðir og prúðleiki er góður. Afkvæmin eru yfirleitt klárhross með tölti, töltið og brokkið er takthreint, skrefmikið og lyftingargott. Greiða stökkið er teygjugott og hátt en fetið er misjafnt. Sending frá Enni gefur framfalleg, viljug og þjál hross sem fara einkar vel í reið með góðum höfuðburði og fótaburði. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og 31 sætið.

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM · STOFNAÐ 1106

Háskólinn á Hólum auglýsir eftirfarandi reiðhesta til sölu:

1. Uni frá Hólum IS2013158300
2. Mar frá Hólum IS2009158306

Skrifleg tilboð þurfa að berast skrifstofu skólans í síðasta lagi 29. desember nk. Merkt: Háskólinn á Hólum, Guðmundur Eyþórsson – tilboð í hross. Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum. Frekari upplýsingar hjá sveinn@holar.is

Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Ár öfganna

– Af niðurstöðum lambadóma 2020

Eyþór Einarsson
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



Kórónuveirufaraldur, stórviðri og riðuveiki hafa sett svip sinn á árið sem er að líða. Lömbin hafa þó aldrei verið betri og vænleiki lamba sá mesti frá upphafi skýrsluhalds. Það ætti því að verða sauðfjárbændum auðvelt að muna árið 2020 þegar fram líða stundir. Í þessum pistli verður farið yfir helstu niðurstöður úr lambaskoðunum haustsins og ræktunarstarfið hugleitt.

Í haust voru skoðaðir 11.795 lambhrútar og að meðtöldum gimbrum voru alls stigað 61.874 lömb samkvæmt dómaskráningum í Fjárvís.is þann 8. desember. Þetta eru aðeins færri lömb en í fyrra en þá voru skoðuð alls 63.632 lömb. Þetta er því samdráttur á milli ára um 2,8%, en aðeins gæti þó átt eftir að bætast við af óskráðum dómum. Takmarkanir vegna heimsfaraldursins hafa þarna einhver áhrif á þátttöku bænda en helsta skýringin er sú staðreynd að fé hefur fækkað. Innlögðum dilkum í haust fækkar á milli ára um 21.345 lömb eða 4,2%. Þátttakan í lambaskoðunum í haust var þó meiri en haustin 2017 og 2018 en þá var talsverður samdráttur í kjölfar hruns á afurðaverði.

Vænleiki lamba sló öll met

Vænleiki lamba í haust var með fádæmum góður. Hrútahópurinn sem kom til skoðunar er sá þyngsti hingað til en meðal lífþungi hrútanna var 48,5 kg. Fallþungi lamba samkvæmt niðurstöðum afurðastöðvanna var jafnframt sá mesti sem verið hefur, eða 16,91 kg. Þar með féll metið frá árinu 2016 þegar fallþungi lamba var 16,70 kg. Á síðustu árum hefur fallþungi verið að aukast. Skýrist það að hluta til af því að menn eru að ná árangri í ræktun á sínu fé og síðan af bættu atlæti. Uppsveiflan í ár er væntanlega aðallega afleiðing af hagstæðu árferði þó fleira geti spilað inn í s.s. fækkun sauðfjár. Þó veturinn hafi verið erfiður, þá borga snjóaveturnir gjarnan fyrir sig með góðum vænleika að hausti að því gefnu að gott lag sé á fénu þegar því er sleppt að vori.

Lömbin voru ekki bara þung, þau voru einnig vel holdfyllt. Samkvæmt niðurstöðum mælinga var mikið af mjög þéttvöxnum lambhrútum. Samhliða því að vera þyngri en áður voru þeir heldur lágfættari með þykkari bakvöðva en fitan mælist jafn mikil og árið áður. Flokkun í sláturhúsi var einnig betri en áður og var gerðareinkunn sláturlamba 9,26 sem er nokkuð stökk upp á við. Fitueinkunnin hækkaði jafnframt aðeins og var nú 6,51. Í töflu 1 er yfirlit yfir meðaltöl mælinga á hrútlömbum og samanburður við síðasta ár.

Þó bakvöðvinn mælist að jafnaði þykkari en nokkru sinni áður þá er það fremur vegna þess að hópurinn er jafnari en verið hefur frekar en að met séu slegin í vöðvaþykkt á einstökum gripum. Bæði nú í haust og síðasta haust var þykkasti bakvöðvinn 45 mm og ef horft er til bæði gimbra og hrúta þá eru þetta um 115 lömb sem eru að mælast með yfir 40 mm bakvöðva. Besti bakvöðvinn þetta árið mældist í lambhrút frá Litlu-Reykjum í Suður-Þingeyjarsýslu. Sá hefur hlotið nafnið Kerfill og stendur efstur hrúta í sýslunni samkvæmt stigun. Kerfill mældist með 45 mm þykkan vöðva. Þessi hrútur er sonarsonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2 og dóttursonur Gríms 14-955 frá Ytri-Skógum. Þá voru 28 lömb, þar af fjórir lambhrútar, sem hlutu 20 í einkunn fyrir læri. Þyngsti lambhrúturinn í haust vó 73 kg. Sá hefur hlotið nafnið Grettir og er frá Sölvabakka og raðast sem fjórða hæststigaða lambið í Austur-Húnavatnssýslu. Þessi hrútur er sonarsonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum.

Af hæstu hrútum

Það lamb sem stigaðist hæst allra lamba í haust er hrúturinn Þórshamar frá Mýrum 2 í Hrútafirði en hann hlaut 91,5 stig. Faðir hans er Mjölnir 16-828 frá Efri-Fitjum og móðurfaðir hans er Víðir 15-303 frá Bergsstöðum en Víðir er jafnframt faðir Viðars 17-844 frá Bergsstöðum. Þórshamar hlaut m.a. 10 í einkunn fyrri bak og malir. Annar í röðinni og jafnframt efsti lambhrúturinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu er frá Miðdal í Kjós og hefur hlotið nafnið Þyrnir. Hann hlaut 91 stig og þar af einkunnina 20 fyrir læri. Þyrnir tengist einnig Mýrum en föðurfaðir hans er Fáfnir 16-995 frá Mýrum 2. Það voru síðan 16 lambhrútar sem hlutu 90,5 stig. Sá sem raðast efstur af þeim og því þriðji í röðinni yfir hæst stiguðu hrúta landsins er hrútur frá Bergsstöðum í Miðfirði sem nefnist Rex. Faðir hans er Rammi 18-834 frá Hesti og móðurfaðir er Unaðsbolti 14-144 frá Urriðaá.

Í töflu 2 má sjá 5 efstu hrúta í hverri sýslu. Hrútunum er raðað eftir heildarstigum. Séu hrútar jafnir þá er fyrst horft til samanlagðra stiga fyrir frampart, bak, malir og læri. Næst er horft til bakvöðvaþykktar, þá fituþykktar og séu hrútar enn jafnir sker lögun bakvöðvans um röðunina.

Sæðingastöðvahrútarnir eiga heldur stærri hlutdeild í bekrunum á topplistanum í ár en á síðasta ári. Nú er 41% hrútanna tilkomnir í gegnum sæðingar en þetta hlutfall var 31% á síðasta ári. Atkvæðamestir eru þeir Amor 17-831 frá Snartarstöðum og Glæpon 17-809 frá Hesti en þeir eiga fimm syni hvor á listanum. Þá kemur Fálki 17-821 frá Bassastöðum með fjóra syni og Rammi 18-834 frá Hesti með þrjá.

Að lokum

Gerðin í fénu batnar jafnt og þétt. Hana getum við haldið áfram að bæta en vissulega þurfum við ávallt að horfa á fleira en bara vel lagaðan lærvöðva og þykkan bakvöðva. Þannig þarf áfram að leggja áherslu á að rækta heilbrigt, frjósamt og hraust fé. Fé sem getur lifað í villtri náttúru Íslands, náttúru sem sauðkindin er jú partur af. Jafnframt er mikilvægt að fylgjast vel með bragðgæðunum, en á síðustu árum hefur verið unnið að rannsóknum á því sviði sem hjálpa okkur við að passa upp á þann þátt. Síðan má ætla að við þurfum að horfa enn frekar til þess að beita kynbótum við að efla mótstöðu gegn sjúkdómum. Þar er nærtækasta dæmið riðan og eru bændur hvattir til að nýta sér arfgerðagreiningar í því sambandi. Ætla má, að ef við fetum áfram veginn af varfærni að þá farnist okkur áfram vel með þessa mögnuðu íslensku sauðkind. ***Gleðileg jól***

1. Tafla - **Meðaltöl lambhrúta**

Ár	Fjöldi	Þungi (kg)	Bakvöðvi (mm)	Fituþykkt (mm)	Fótleggur	Lærastig	Stig alls
2020	11.795	48,5	31	3,2	108,5	17,8	84,9
2019	12.183	48,1	30,6	3,2	108,9	17,8	84,7

2. tafla – **Hæst stiguðu lambahrútar ársins 2020 eftir sýslum**

	Uppruni	Lambsnr.	Nafn	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla																			
1	Miðdalur	111	Þyrnir	19-044 Varmi	53	34	4,2	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	20,0	9,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Kiðafell	24		19-005 Brákar	62	33	6,2	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	8,5	**88,5**
3	Kiðafell	407		19-002 Botnar	51	31	3,6	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Kiðafell	17		*13-982 Móri*	57	31	7,4	4,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,0**
5	Miðdalur	127	Þistill	18-002 Skálmar	56	34	3,3	4,0	109	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,0**
Borgarfjarðarsýsla																			
1	Hrafnabjörg	21	Hamar	*17-831 Amor*	60	38	3,2	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
2	Múlakot	309	Rosti	*17-842 Börkur*	51	37	4,1	4,5	104	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
3	Oddsstaðir 1	32	Klasi	*18-834 Rammi*	46	34	3,2	4,5	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Vestri Leirárgarða	23	Andi	*17-831 Amor*	54	38	5,1	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,0**
5	Beitistaðir	237		18-518 Straumur	57	39	3,1	5,0	110	8,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
Mýrasýsla																			
1	Gilsbakki	7		*17-821 Fálki*	58	37	4,0	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Lækjarbugur	207	Gosi	*14-988 Tvistur*	52	30	1,5	4,5	104	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
3	Háhóll	69	Staur	18-045 Gráni	53	39	2,8	5,0	108	8,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
4	Brúarland	22	Blær	*17-821 Fálki*	46	32	2,6	4,0	104	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	9,0	8,0	8,5	**88,5**
5	Leirulækur	36		*16-827 Mínus*	69	37	7,4	4,0	108	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla																			
1	Máfahlíð	208	Óðinn	19-001 Vaskur	50	39	2,1	5,0	104	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Haukatunga 2 Syð	57	Plús	*16-827 Mínus*	56	37	3,1	5,0	108	8,0	8,5	9,0	10,0	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Vallholt 24	139	Kristall	19-001 Vaskur	54	33	2,8	4,0	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Gaul	85		18-507 Skolli	59	33	2,9	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Gaul	81	Skellur	17-504 Gammur	60	38	3,7	4,5	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
Dalasýsla																			
1	Vatn	9297	Svarti Smári	19-082 Fannar	54	35	3,2	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Hlíð	39	Bessi	*17-831 Amor*	53	37	2,4	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Gillastaðir	214	Smyrill	*17-821 Fálki*	57	33	3,1	4,5	107	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,0**
4	Háafell	1021	Klettur	*16-826 Heimaklettu*	54	37	2,4	4,5	104	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Sauðafell	78		18-374	59	37	3,6	4,5	115	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
Barðastrandarsýslur																			
1	Kambur	295		19-290 Blær	45	37	2,0	5,0	103	8,0	9,0	9,0	10,0	10,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Árbær	133		18-028	61	33	3,3	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	10,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Árbær	85	Dindill	19-031	59	36	2,9	5,0	113	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Kambur	97		17-280 Heydalur	51	35	3,1	5,0	97	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**89,5**
5	Árbær	102	BláPúntur	18-026 Klettur	51	33	2,9	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
Ísafjarðarsýslur																			
1	Birkihlíð	347		15-202 Batman	55	35	4,5	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
2	Kirkjuból Valþjófs	381		18-406 Þykkur	44	32	4,8	4,0	106	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,5**
3	Kirkjuból	1049		19-130	50	33	5,4	4,0	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	**87,5**
4	Staður	285	Glókollur	19-671 Bjartur	46	31	4,2	4,0	106	8,0	9,0	9,0	8,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,5**
5	Ketilseyri	272	Lalli	19-056 Völlur	57	34	2,8	5,0	109	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**87,0**
Strandasýsla																			
1	Broddanes 1	185		16-081 Glæsir	53	42	2,5	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Broddanes 1	67	Tvistur	18-052 Svanur	54	41	2,8	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Laxárdalur 3	16		*13-982 Móri*	54	40	3,1	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,5**
4	Laxárdalur 3	423		*16-820 Viddi*	58	37	3,8	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
5	Heydalsá 1 og 3	165	Glamor	*17-831 Amor*	55	39	4,0	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
Vestur-Húnavatnssýsla																			
1	Mýrar 2	483	Þórshamar	*16-828 Mjölnir*	47	41	2,0	5,0	111	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,5	8,0	8,0	9,5	**91,5**
2	Bergsstaðir	18	Rex	*18-834 Rammi*	50	41	5,3	5,0	106	8,0	9,5	10,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**90,5**
3	Kolugil	17		17-529	63	41	5,1	5,0	110	7,5	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,5**
4	Bergsstaðir	110		*17-831 Amor*	50	40	3,0	5,0	111	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
5	Syðri-Urriðaá	480	Bikar	15-018 Baukur	55	38	2,7	5,0	111	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**90,0**
Austur-Húnavatnssýsla																			
1	Hof	248	Áfangi	15-159 Árangur	51	34	3,5	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
2	Hæll	69	Kasper	*17-809 Glæpon*	57	38	4,0	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Sölvabakki	339	Gunnar	16-070 Fiddi	60	32	3,3	5,0	104	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,5	7,5	8,0	9,0	**89,5**
4	Sölvabakki	335	Grettir	18-083 Lykill	73	40	5,5	5,0	115	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	7,5	9,0	**89,0**
5	Kambakot	625A		15-391 Gullkálfur	55	33	5,3	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,0**
Skagafjarðarsýsla																			
1	Ytri-Hofdalir	40	Brellir	*17-832 Bruni*	58	37	3,5	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,0**
2	Höskuldsstaðir	77	Toppur	17-658 Girnir	55	36	3,2	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Ytri-Hofdalir	38	Teitur	17-523 Teddi	55	36	3,2	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Ríp 1	161		19-243 Forsetinn	47	39	2,7	5,0	110	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**89,5**
5	Akrar	599		17-125	54	37	2,7	5,0	111	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
Eyjafjarðarsýsla																			
1	Gullbrekka	66	Varmi	18-104 Hvinur	54	40	2,7	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
2	Göngustaðir	334		*14-801 Spakur*	60	38	4,9	4,5	110	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Möðruvellir	110	Bósi	18-775 Bangsi	54	37	2,7	4,5	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Möðruvellir	154	Hallur	18-775 Bangsi	55	36	2,0	4,5	111	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Kjarni	323B	Örvar	17-156 Partur	49	37	3,0	5,0	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,0**
Suður-Þingeyjarsýsla																			
1	Litlu-Reykir	191	Kerfill	19-068 Öxull	50	45	3,9	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Ingjaldsstaðir	28	Roði	*16-826 Heimaklettu*	51	40	2,5	5,0	107	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Ingjaldsstaðir	9	Ási	*15-822 Búi*	59	37	3,7	4,5	110	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**90,5**
4	Litlu-Reykir	66	Barki	19-068 Öxull	50	40	3,3	5,0	97	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,0	**90,0**
5	Litlu-Reykir	175	Flótti	18-058 Klassi	50	39	3,0	5,0	105	8,0	10,0	9,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**90,0**
Norður-Þingeyjarsýsla																			
1	Leifsstaðir	5	Rjómi	*18-846 Snar*	55	33	3,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	19,5	9,5	8,0	8,5	**90,0**
2	Snartarstaðir II	40	kjammi	*18-834 Rammi*	52	34	3,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
3	Bjarnastaðir	197		16-152 Bakki	55	31	3,0	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Sveinungsvík 1	139	Gyros	19-209 Kebab	52	35	4,2	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,0**
5	Sveinungsvík 1	610	Kurdo	19-209 Kebab	52	37	3,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,5**
Norður-Múlasýsla																			
1	Melar	720A	Plútó	*14-973 Plútó*	55	37	4,9	5,0	101	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Melar	645A	Bliki	*16-819 Bliki*	59	36	2,8	5,0	101	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Melar	827A	Bokki	*16-819 Bliki*	49	35	4,2	4,5	103	8,0	9,5	9,5	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Melar	825A	Viddi	*16-820 Viddi*	56	36	3,0	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
5	Melar	526A	Sigur	16-110 Sigurbogi	55	35	3,9	5,0	104	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
Suður-Múlasýsla																			
1	Gilsárteigur 2	282A	Fönix	*18-835 Völlur*	54	38	2,1	5,0	105	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Þernunes	13		*17-821 Fálki*	53	39	1,9	5,0	105	7,5	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Víkingsstaðir	163		19-794 Snæfinnur	58	40	5,5	5,0	105	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Eiríksstaðir	774	Salomon	*17-809 Glæpon*	51	38	2,3	5,0	102	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Lundur	136	Hólkur	*15-823 Hólkur*	66	36	3,5	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
Austur-Skaftafellssýsla																			
1	Nýpugarðar	553		*17-809 Glæpon*	56	36	4,5	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
2	Litla-Hof	126	Glæsir	*17-809 Glæpon*	50	30	2,9	4,0	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3	Setberg 1	1582		18-506 Landi	56	33	5,3	4,0	113	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Fornustekkar I	2074	Blómi	18-108 Skygnir	52	39	4,4	5,0	115	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,5**
5	Setberg 1	6142	Ómur	14-504 Lómur	46	37	3,1	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**87,5**
Vestur-Skaftafellssýsla																			
1	Mýrar	1366		*17-814 Guðni*	52	37	4,2	5,0	115	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**88,5**
2	Kerlingardalur 1	266		16-709 Hreinn	63	39	2,2	5,0	113	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	**88,0**
3	Kerlingardalur 1	603		*17-809 Glæpon*	63	40	4,9	4,5	115	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**87,5**
4	Úthlíð	251		18-509 Bambi	59	38	2,2	5,0	112	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	8,5	**87,5**
5	Herjólfsstaðir 1	2361	Már	*16-830 Svavar*	54	35	4,3	4,5	112	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**87,5**
Rangárvallasýsla																			
1	Djúpidalur	49	Fótur	18-332 Boði	54	35	3,6	5,0	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
2	Teigur 1	574	Barón	19-397 Greifi	58	35	4,6	4,5	107	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
3	Djúpidalur	8		19-330 Bossi	50	33	2,8	4,5	108	8,0	9,5	9,0	9,0	9,0	19,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
4	Árbær	6	Gummi	17-007 Logi	51	31	4,3	4,0	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Meiri-Tunga 2	96		17-502 Hrollur	48	35	2,5	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,0**
Árnessýsla																			
1	Hófgerði	040A	Fannar	19-074 Kóngur	56	33	3,6	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Gýgjarhólskot 1	594	Laugahnappu	18-247 Hverfugl	58	37	3,1	4,5	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**90,0**
3	Holt	166		19-510 Megas	53	40	4,9	5,0	106	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Dísarstaðir	166		*16-829 Stapi*	63	40	5,2	4,5	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Brúnastaðir 1	103	Kambur	*16-829 Stap

LESENDABÁS

Riðuveiki blossar upp að nýju

Nú á haustmánuðum var staðfest riðuveiki á nokkrum sauðfjárbúum í Skagafirði. Við finnum öll til með þeim bændum sem lenda í áfalli sem þessu, áfallið er bæði tilfinningalegt sem og fjárhagslegt. Samkvæmt reglugerð þarf að skera niður allt búfé þar sem riða hefur komið upp og má því segja að fótunum sé kippt undan ævistarfi þeirra bænda sem lenda í þessum hremmingum. Fyrir utan að missa allt sitt fé þurfa bændur einnig að rífa allt innan úr fjárhúsum, sótthreinsa og skipa um jarðveg, það er mikil og erfið vinna fram undan.



Halla Signý Kristjánsdóttir.

Tilfinningalegt tjón bænda verður seint bætt en ríkið hefur og þarf að stíga inn í og koma til móts við þá aðila sem hafa misst allt sitt fé vegna riðu. Nú stendur yfir vinna við að reikna bætur sem bændur í Skagafirði fá greiddar úr ríkissjóði en frummat hefur farið fram vegna áætlaðs kostnaðar bóta. Áætlað er að heildarbætur muni nema um 200 millj. kr. sem fyrirhugað er að verði mætt með sérstöku viðbótarframlagi úr ríkissjóði.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir

Þegar þessi alvarlega staða kom upp í Skagafirði innti ég landbúnaðarráðherra eftir svörum hvort búið væri að móta stefnu varðandi rannsóknir á fyrirbyggjandi ráðstöfunum vegna riðuveiki í sauðfé hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá ráðherra er hafin vinna í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samvinnu við Matvælastofnun við að meta og endurskoða reglur og stjórnsýslu hvað varðar málefni riðuveiki, varnalínu búfjár, bótafyrirkomulags vegna búfjársjúkdóma og niðurskurðar auk endurskoðunar á regluverki dýraheilbrigðis. Ég fagna því að rannsóknir á fyrirbyggjandi ráðstöfunum gegn riðuveiki sé hluti af þeim þáttum sem eru til skoðunar og þá sérstaklega að tekið verði til skoðunar hvort til staðar séu aðrar aðgerðir sem feli í sér minna inngrip, röskun og kostnað en þær aðgerðir sem gripið hefur verið til undanfarna áratugi ef riðuveiki hefur greinst í fé.

Smit getur borist úr jarðvegi þar sem fé hefur verið urðað

Riða er bráðsmitandi og því þarf að huga vel að því hvernig smitað fé er urðað, dæmi er um að smit hafi borist úr jarðvegi þar sem riðuveikt fé hefur verið urðað. Samkvæmt reglugerð á að farga riðusmituðum úrgangi með brennslu. Riðusmitið sem greindist í Skagafirði nú í haust var gríðarlega umfangsmikið og magn úrgangs sem til féll við niðurskurð var meira en tiltækur brennsluofn réð við. Vegna þessara sérstöku aðstæðna var í samráði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar tekin ákvörðun um að urða það magn sem ekki var unnt að brenna. Úrgangur var urðaður á aflögðum urðunarstað í nágrenni við þau sauðfjárbú þar sem framkvæma þurfti niðurskurð vegna riðuveiki. Þessi staða sem þarna kom upp kalla á skoðun á því hvort nauðsynlegt sé að tryggja að fyrir hendi séu innviðir sem gera þar til bærum yfirvöldum kleift að fara að reglum við eyðingu á úrgangi sem þessum. Auk þess verður að tryggja eftirlit með urðunarstöðum lengur en nú ert gert ráð fyrir því þessi óboðni gestur getur legið í leyni í marga áratugi.

Viðbragðsáætlanir alvarlegra búfjársjúkdóma

Nauðsynlegt er að hafa viðbragðsáætlanir á hreinu vegna alvarlegra búfjársjúkdóma. Við vitum aldrei hvar eða hvenær þeir banka upp á. Matvælastofnun heldur utan um viðbragðsáætlun við helstu dýrasjúkdómum. Í áætluninni er að finna það ferli sem unnið er eftir við uppkomu þeirra sjúkdóma sem áætlunin tekur til. Ákvarðanir um aðgerðir byggjast á fjölmörgum þáttum sem geta verið ólíkir í hverju tilfelli, leiðbeiningar um viðbrögð eru sem betur fer í stöðugri endurskoðun og miðað er að því að þeim fjölgi jafnt og þétt. Matvælastofnun heldur reglulega viðbragðsæfingar til þess að kanna og aðlaga viðbragðsáætlanir. Það er mikilvægt að byggja upp þekkingu og viðhalda henni til að takast á við margslungnar hættur sem geta læðst upp að okkur.

Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður
Framsóknarflokksins

Jöfnunarsjóður á ekki að greiða kröfu Reykjavíkurborgar

Sveitarstjórnarfólk sinnir verkefnum sínum að jafnaði af kostgæfni og gætir þess að verja hagsmuni síns sveitarfélags. Ef upp kemst að sveitarstjórnarfólk hafi látið hjá líða að sinna þessu hlutverki sínu þarf að athuga af hvaða hvötum slíkt áhugaleysi er runnið og hvaða skaða það hefur valdið íbúum sveitarfélagsins. Eins og öðru sveitarstjórnarfólki ber borgarfulltrúum að gæta hagsmuna Reykvíkinga, stofnana borgarinnar og hagsmuna allra barna í Reykjavík.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Má útloka eitt sveitarfélag?

Það er á þessum grunni sem Reykjavíkurborg íhugar nú að höfða mál á hendur ríkinu vegna reglna um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkvæmt þeim reglum sem ríkið setur er Reykjavíkurborg útilokuð frá því að vera metin eftir sömu úthlutunarreglum og önnur sveitarfélög, án lagastoðar. Málið snýst því um sanngirni, hvort það megi útiloka eitt sveitarfélag á þeirri forsendu einni að sveitarfélagið sé Reykjavík.

Öll sveitarfélög á Íslandi, nema Reykjavík fá t.a.m. greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna barna af erlendum uppruna til að styðja við mikilvæga íslenskukennslu í grunnskólum. Meðal þeirra sveitarfélaga sem fá þaðan greiðslur eru stór og stöndug sveitarfélög sem fullnýta ekki tekjustofna sína. Önnur sveitarfélög geta því lækkað útsvar í krafti þess að fá hlutdeild af útsvarsgreiðslum Reykvíkinga.

Reykjavík sér ekki eftir greiðslum í Jöfnunarsjóð

Reykjavík greiðir meira í Jöfnunarsjóð en sveitarfélagið fær til baka og sér ekki eftir þeim greiðslum, enda skiljum við mikilvægi þess að styðja við þau sveitarfélög sem þess þurfa, til að halda uppi nauðsynlegri grunnþjónustu um allt land. Þegar reglurnar hins vegar snúast ekkert um hver þarf og hver ekki, heldur bara um hvort sveitarfélagið heitir Reykjavík eða ekki, þá teljum við þær hvorki réttlátar né sanngjarnar.

Er hægt að leysa málið á annan hátt?

Við, borgarfulltrúar Reykjavíkur, höfum að undanförnu fengið áskoranir nokkurra sveitarfélaga um að leysa ágreining sinn við ríkið með öðrum hætti en með málshöfðun. Það hefur borgin reynt, án árangurs. Eftir bréfaskriftir við ríkið í rúmt ár, þar sem ekki hefur orðið við óskum borgarinnar um viðræður, virðast aðrar leiðir ekki færar.

Ekki krafa á Jöfnunarsjóð

Það er engum blöðum um það að fletta að krafan beinist ekki gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heldur ríkissjóði. Það er ekki krafa Reykjavíkurborgar að önnur sveitarfélög eigi að greiða þá kröfu með lægri framlögum úr sjóðnum eða endurgreiðslum.

Það er skiljanlegt að sveitarfélög um land allt óttist, fari svo að Reykjavíkurborg vinni dómsmálið, að ríkið muni ganga á sjóði Jöfnunarsjóðs til að greiða skuldir sínar. Það hefur ríkið gert áður, gegn mótmælum sveitarfélaga. En ríkið á ekki að geta komist upp með að kúga sveitarfélög til hlýðni, til að þau þori ekki að leita réttlætis gegn ríkinu fyrir dómstólum. Ef ríkið ætlar að nota vald sitt til að sækja fjármuni í Jöfnunarsjóð, kallar það á sérstaka ákvörðun ríkisins sem sveitarfélögin þurfa að standa saman gegn. Jöfnunarsjóður er lögvarin framlög til sveitarfélaga en ekki sjóður sem ríkið getur gengið í að vild.

Best hefði verið að leysa málið í viðræðum við ríkið. En ríkið hefur ekki gefið okkur annan kost. Það er því rétt að fjarlæga pólitíkina í málinu og láta dómstóla úrskurða. Það mun tryggja réttlæti og sanngjarna niðurstöðu.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,
formaður borgarráðs



Það var ánægjulegt að vígja nýja reiðbrú á Akureyri í júní síðastliðnum á einstaklega fallegum degi.

Jólakveðja frá Framsókn

Það eru að koma jól. Og eins og alltaf fyrir jólin síðustu ár, í ati þingsins, verður mér hugsað til þess þegar dýralæknirinn Sigurður Ingi fékk símtal seint að kvöldi aðfangadags um að lítil tík ætti í erfiðleikum með fæðingu. Á þessum tíma var ég ekki með fullkomna aðstöðu fyrir skurðaðgerðir þannig að ég bað fólkið um að koma með hundinn heim til mín. Síðar um nóttina framkvæmdi ég keisaraskurð á tíkinni sem fæddi heilbrigða hvolpa. Þessi minning frá jólanótt er mér alltaf kær.



Sigurður Ingi Jóhannsson

Það líður að lokum þessa árs, sem betur fer, myndi einhver segja. Það er ljóst að það verður lengi í minnum haft. Ekki hefur aðeins geisað heimsfaraldur heldur hafa náttúruöflin verið okkur erfið; síðasti vetur með sín vályndu veður og jarðskjálftar sunnanlands og norðan. Maður finnur fyrir þreytu í kringum sig og sér á samfélaginu að fólk er komið með nóg af þessu ástandi. Það er skiljanlegt. Maður finnur til með þeim sem hafa misst ástvini og strítt við erfið veikindi og þeim sem hafa misst vinnuna vegna faraldursins. Við í ríkisstjórninni höfum lagt mikla áherslu á að milda höggið með fjölbreyttum aðgerðum eins og hlutabótaleiðinni, lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta, viðspyrnustyrkja og svo mætti lengi telja. Og áfram munum við leita leiða til að brúa bilið þangað til bóluefni tryggir hjarðónæmi þjóðarinnar. Þegar því verður náð hef ég trú á því að efnahagslífið nái hröðum bata. Verkefnið er, eins og ég hef áður sagt, að standa vörð um störf og skapa störf. Atvinna, atvinna, atvinna.

Þótt ég sé kannski ekki mjög aldraður maður, hef ég lifað þá tíð að horfa upp á íslenskt efnahagslíf rísa og hníga til skiptis. Það mun halda áfram. En ég er búinn að átta mig á því að það er beinlínis óskynsamlegt að treysta of mikið á eitthvað eitt. Við þurfum fjölbreytt atvinnulíf. Við þurfum að styðja við nýjar greinar en hlúa áfram að rótgrónari atvinnuvegum. Eitt á ekki að útiloka annað. Við verðum að byggja á samvinnu, málamiðlunum og árangri. Við finnum leiðir.

Mér þykir það augljóst að styðja verður dyggilega við íslenska matvælaframleiðslu, hvort heldur hún felst í því að yrkja jörðina, rækta búpening eða veiða eða ala fisk. Það er mikilvægt að standa vörð um matvælaöryggi og þá framleiðslu sem er hér á landi. Það er ekki síður mikilvægt að við breikkum þann grundvöll sem verðmætasköpun á Íslandi stendur á.

Við þekkjum öll mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnu um allt land. Hún er augljóslega lykillinn að hraðri viðspyrnu. Við sáum það í ferðum okkar um landið í sumar hversu metnaðarfull uppbygging ferðaþjónustunnar hefur verið. Nú standa flest hótel tóm og tækifæri þeirra sem störfuðu í ferðaþjónustu fá og jafnvel engin. En, og þetta er mikilvægt en, allir þeir glæstu innviðir sem byggðir hafa verið upp, hvort heldur í samgöngum eða gistingu, öll sú þekking sem ferðaþjónustufólk hefur öðlast og síðast en ekki síst náttúran, landið sjálft, er enn til og bíður þess að ferðalangar leggi leið sína að nýju til okkar. Því hingað mun fólk vilja koma. Þá mun aftur lifna yfir landinu.

Við eigum eftir að minnast þessara jóla lengi vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem við búum við. Veturinn verður erfiður fyrir marga en með krafti samfélagsins, með krafti samvinnunnar þá mun hann verða auðveldari. Og eftir vetur kemur vor og þá verðum við vonandi aftur farin að faðma fólkið okkar og getum horft grímulaus fram á veginn.

Ég óska þér, lesandi góður, gleðilegra jóla.

Sigurður Ingi Jóhannsson,
formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



LESENDABÁS



Félagasamtök á borð við 4x4, Skotvís, LÍV og fleiri hafa gert góða hluti fyrir hálendið samanber umhverfisáróður við utanvegaakstri, stikumerkingar slóða og endurbyggingar á vegum og brúm í sjálfboðavinnu. Að leggja fram frumvarp í svona mikilli andstöðu við þessi félög væri óráð og missa hugsanlega þetta vinnuafl og þeirra áróður sem hefur gefið góða raun.

#örlítillgrenjandiminnihluti

Eflaust hefur ekki farið fram hjá neinum orð háttvirts forseta Alþingis í ræðu þegar frumvarp um hálendisþjóðgarð var lagt fram. Sú andstaða við þjóðgarðinn frá „örlitlumgrenjandiminnihluta“ er fyrir mörgum; andstæða sem á sér langa forsögu.



Hjörtur L. Jónsson.

Þjóðlendur ríkisins af mörgum talinn þjófnaður

Forsagan er löng og frekar neikvæð fyrir ríkið. Við stofnun þjóðgarða hefur ýmsu verið lofað til heimamanna og nágrennis, en fljótlega hafa komið svik af hálfu ríkisins á undirskrifuðum samningum samanber samningur við sveitarstjórnir um að þjóðgarður verði ekki girtur af, ref haldið í skefjum og umferð ekki skert um þjóðgarð á þeim vegslóðum sem um þjóðgarðinn lágu (þarna er verið að vísa til þjóðgarðsins í Hljóðaklettum). Ofverndun á ref (samanber á friðlandi á Hornströndum og í Snæfellsnesþjóðgarði) er að ganga frá öllu fuglalífi á þessum stöðum, hefði haldið að hluti af náttúrufegurð væri fuglasöngur og fuglalíf. Þegar Vatnajökulsþjóðgarður var settur á stóð til að hann yrði stærri, en þar sem að landeigendur töldu ríkið hafa tekið af sér land sem þeir áttu vildu landeigendur sunnan jökuls ekki semja. Það kom ekki til greina að semja við þjófa. Það er ósköp eðlilegt að andstæða sé mikil og grátlegt að þjóðgarðar byggist upp á „stolnu“ landi.

Frumvarpinu „breytt“ fyrir sveitarfélögin

Þegar fyrsta umræða um þennan hálendisþjóðgarð kom fram myndaðist strax andstaða sveitarfélaga um að skipulagsvald þeirra væri afnumið innan þjóðgarðsins. Síðar í ferlinu var sagt að búið væri að breyta þessu og að skipulagið væri áfram á þeirra hendi, en þetta er lygi: Samkvæmt lögum sem sett voru um þjóðlendur 1998 um nýtingu þeirra og í stefnu ríkisins frá 2016 og lagabreytingu frá 2019. Samkvæmt þessum lögum er verið að ljúga að sveitarstjórnum því að lögin eru þeim í óhag, þjóðlendum er stjórnað af ríkinu og virðist við lestur laga að þar stjórni ríkið eitt en ekki sveitarfélög. Þegar frumvarpið er lesið yfir er þar að finna margar setningar sem gefur umhverfisráðherra „alræðisvald í anda einræðisherra“, ekki vænlegt fyrir þjóð sem telur sig vera þjóð lýðræðis.

Hugsanlega verður góðu samstarfi fórnað

Félagasamtök á borð við 4x4, Skotvís, LÍV og fleiri hafa gert góða hluti fyrir hálendið samanber umhverfisáróður við utanvegaakstri, stikumerkingar slóða og endurbyggingar á vegum og brúm í sjálfboðavinnu. Að leggja fram frumvarp í svona mikilli andstöðu við þessi félög væri óráð og missa hugsanlega þetta vinnuafl og þeirra áróður sem hefur gefið góða raun. Þess vegna mótmæli ég stofnun hálendisþjóðgarðs. Hann virðist stefna í að færa gríðarleg völd yfir stórum hluta landsins í fárra hendur í nafni náttúruverndar. Við höfum í dag lög og reglur um náttúruvernd og akstur um landið sem virka ágætlega.

Væri ekki nær að reka þá þjóðgarða sem fyrir eru vel áður en bætt er við?

Í mörg ár hefur gagnrýni á rekstri þjóðgarða verið áberandi, slæmt aðgengi, léleg þjónusta, boð og bönn af ýmsu tagi. Skrifaðar hafa verið ófáar greinar um málefni eins og salernismál, göngustíga, merkingar á vegum og lokanir vega og stíga. Sjálfur hef ég verið pistlahöfundur hér í Bændablaðinu þar sem ég hef skrifað um ásýnd og öryggismál. Oftar en einu sinni hef ég lastað þjóðgarða út af öryggi og ásýnd og mun gera áfram sjái ég ástæðu til. Samkvæmt opinberum fundargerðum og ársskýrslum hafa þjóðgarðar verið reknir með halla og óhagstæður rekstur þeirra kallar á niðurskurð. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, mikils halla á fjárlögum og andstæðu við frumvarpið væri það vænlegast fyrir þjóðina að fresta þessu frumvarpi í að minnsta kosti um nokkur ár og byrja á að reka þá þjóðgarða sem fyrir eru með reisn áður en við stofnum fleiri þjóðgarða og hlusta einu sinni á ***#örlítinngrenjandiminnihluta***.

Hjörtur L. Jónsson



Skógrækt sparar gjaldeyri, bæði hvað varðar loftslagssektir og innflutning á timbri í framtíðinni og minnkar útblástur í flutningum, eykur búsæld í sveitum og styður við hefðbundinn landbúnað.

Skógrækt í þágu betra loftslags

Ýmiss konar mengun af mannavöldum hefur margvísleg skaðleg áhrif á náttúruna svo stórsér á umhverfi okkar og lífríki. Að sumu leyti er þar um langvinn áhrif að ræða. Þar á meðal eru óæskileg áhrif á loftslag. Margir vísindamenn telja að þessi áhrif valdi hlýnun jarðar, sem síðan hafi óæskileg áhrif á allt lífríkið, þar á meðal lífsskilyrði mannsins sjálfs. Með auknum umsvifum mannsins um alla jarðarkringluna hefur mengun stóraukist síðustu áratugi.

Samstaða um aðgerðir

Til að stemma stigu við óæskilegum áhrifum mengunar hafa þjóðir heims leitast við að ná samstöðu um aðgerðir. Með Parísarsamkomulaginu gangast samningsaðilar undir þá skyldu að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að því leyti er við sjálfan hagvöxtinn að etja og erfitt um vik með skjótvirkar aðgerðir. Einnig má binda þessar lofttegundir í jarðvegi eða skógi til þess að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á loftslag.

Kaup á losunarheimildum

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og aukning hennar leiðir til þess að við uppfyllum ekki alþjóðlegar skuldbindingar okkar samkvæmt Kýótó bókuninni, á því tímabili sem lýkur nú um næstu áramót. Þar kennir umhverfisráðherra fyrri stjórnum um, en hefst ekki að sjálfur. Útlit er fyrir að við þurfum að kaupa losunarheimildir og kostnaður við það talinn hlaupa á milljörðum króna. Mikil óvissa virðist vera um hver sá kostnaður verði og afhjúpar sú staðreynd hversu ógagnsætt stjórnkerfið er þegar kemur að loftslagsmálum. Sú spurning er til að mynda áleitin hvert allt þetta fé, sem greiða á fyrir losunarheimildir, muni renna.

Aðgerðir ekki sama og árangur

Fjárframlög til loftslagsmála hér á landi hafa að sögn áttfaldast í tíð núverandi ríkisstjórnar og einnig stæra þau sig af aukningu til umhverfismála almennt. En hvert rennur þetta aukna fjármagn? Það dylst engum að stjórnkerfið í þessum málaflokki hefur bólgnað út. Aðgerðir snúast um hugsjónir og sleipihugtök eins og vistheimt, sem virðist vera annað orð yfir að



Karl Gauti Hjaltason.

gera helst ekki neitt. Það nýjasta er að hver fleyta er dregin á flot til að friða miðhálendið, þrátt fyrir að ekki hafi enn tekist að draga lærdóm af þeim ágöllum sem hafa verið á framkvæmd í hinum víðfeðma Vatnajökulsþjóðgarði.

Skaðlegur kolefnisskattur

Þá hyggst ríkisstjórnin leysa loftslagsmálin mestmegnis með skattlagningu. Neyðarlendingin er oft skattar þegar menn sjá ekki lausnir eða þora ekki að taka ákvarðanir. Kolefnisgjaldið er þar gott dæmi Gjaldið leggst á eldsneyti og hefur verið hækkað reglulega í tíð núverandi ríkisstjórnar og hækkar enn eftir áramótin. Stjórnvöld viðurkenna að ekkert sé vitað hvort skatturinn hafi yfir höfuð nokkur áhrif til minnkunar á útblæstri óæskilegra gróðurhúsalofttegunda. Tekjur renna að mestu í óskyld verkefni. Þar ofan á hefur Hagfræðistofnun HÍ staðfest að gjaldið kemur harðast niður á þeim lægst launuðu og hefur neikvæð áhrif á atvinnusköpun. En græna útlitið skiptir auðvitað öllu, árangur litlu.

Lítil aukning í skógrækt

Vinstri menn hafa staðið við stjórnvölinn í umhverfismálum hér í þrjú ár. Ætla mætti að kolefnisbinding, sem ein af lausnunum í loftslagsmálum væri komin vel á veg. En hver er raunin? Hvað varðar skógrækt þá hefur hún nánast staðið í stað síðasta áratug, eftir mikinn samdrátt eftir hrun. Hin litla aukning í skógrækt í tíð Vinstri grænna hefur aðallega verið í birki, sem bindur einungis brot af því sem afkastamestu trjátegundirnar gera. Þær tegundir hafa sannað sig og hafa getu til að vaxa bæði hratt og vel við íslenskar aðstæður.

Skógrækt árangursríkasta aðferðin

Skógrækt er vísindalega viðurkennd sem ein allra áhrifaríkasta leiðin til kolefnisbindingar. Þjóðir heims horfa mjög til þess að með ræktun nýrra skóga náist að hamla með umtalsverðum hætti á móti áhrifum af kolefnislosun, sem víða er enn í vexti. Ekki síður er nýskógrækt hugsuð til að vinna á móti vaxandi skógareyðingu víða um heim. Þær þjóðir sem gengið hafa hvað lengst í þessum efnum horfa einnig til þess að í framtíðinni munu íbúar njóta afurða þessara skóga.

Fjórföldun skógræktar

Í haust mælti ég á Alþingi fyrir tillögu til þingsályktunar um fjórföldun skógræktar með kolefnisbindingu fyrir augum. Stóraukin skógrækt hefur fjölmarga kosti. Hún rennir styrkari stoðum undir atvinnu til lengri og skemmri tíma og eflir landsbyggðina. Skógrækt sparar gjaldeyri, bæði hvað varðar loftslagssektir og innflutning á timbri í framtíðinni og minnkar útblástur í flutningum, eykur búsæld í sveitum og styður við hefðbundinn landbúnað. Tími er kominn til að hætta að fjölga störfum í stofnunum og ráðuneytum en láta þess í stað hendur standa fram úr ermum og græða upp skóga í þágu komandi kynslóða.

Hagstæð skilyrði

Við búum svo vel að eiga nægt land og þar að auki mikil landflæmi sem ekki eru nýtt, bæði auðnir og eyðisanda. Fyrir hundrað árum trúðu fáir því að hér gætu þrifist gróskumiklir skógar. Það hefur nú verið afsannað rækilega. Ágæt skilyrði eru til þess að við getum verið sjálfum okkur nóg um flest allt sem viðkemur skógarafurðum. Að auki getum við lagt heilmikið af mörkum til að bæta fyrir umgengni okkar við náttúruna með því að eftirláta nýjum skógum að binda meira af óæskilegum gróðurhúsalofttegundum.

Karl Gauti Hjaltason
Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi
kgauti@althingi.is

BÆKUR & MENNING

Hér er kominn gestur

Þórður Tómasson, fyrrum safnstjóri Byggðasafnsins í Skógum undir Eyjafjöllum, segir í nýrri bók, sem heitir Hér er kominn gestur, á sinn einstæða hátt frá ferðalögum og gestakomum í íslensku samfélagi allt frá þjóðveldistíma fram á öndverða 20. öld.



Höfundur fjallar um ferðabúnað, ferðahætti, þjóðtrú og þjóðhætti er snertu ferðir fólks. Gestrisni var mikils metin fyrrum enda oft um líf eða dauða að tefla fyrir ferðamanninn. Aðstæður voru þó eðlilega misjafnar þar sem knúið var dyra.

„Börn send á aðra bæi fögnuðu því að jafnaði, áttu von að fá eitthvað gott í munninn, flatköku, kandísmola eða eitthvað annað góðgæti. Þetta var af öllum vel séð og gleymdist að þakka fyrir sig. Um þetta má segja að lengi man til lítilla stunda. Það var ekki klipið við nögl.

Geir Gíslason, bóndi í Gerðum í Landeyjum, sagði mér frá sendiferð sinni á annan bæ er hann var barn að aldri. Vanaspurning beið hans er heim kom. Hann svaraði: „Ég fékk ekki hland í skel og klæjaði mig þó svo mikið í hökuna að ég hélt að ég fengi eitthvað gott.“

Útgefandi er Sæmundur. Bókin er ríkulega myndskreytt og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritar formálsorð. */VH*

Kæru bændur, viðskiptavinir og samstarfsfólk.

Gleðileg jól



og farsælt komandi ár

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

Siggi, Eygló og bílstjórar hjá Mælivöllum ehf.

ÖXIN AGNES OG FRIÐRIK

Innilegar jólakveðjur sendi ég vinum mínum og þeim, sem komu á sýninguna í Borgarnesi, eða fylgdu mér um söguslóðir, akandi eða ríðandi.
Fögnum nýju, vonandi veirulausu ári.

Magnús á Sveinsstöðum
S. 898-5695 - mao@centrum.is

Framúrskarandi fyrirtæki



Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN Schäffer FENDT CLAAS Kverneland JCB

Óseyri 2 • 600 Akureyri • Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Búminjasafnið Lindabæ Skagafirði óskar gestum, velunnurum og styrktaraðilum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þakkar heimsóknir og gjafir á árinu.

BÚMINJASAFNIÐ Lindabæ

Kveðja,
Sigmar og Helga

Kæru bændur, vinir og ættingjar !
Guð gefi ykkur,
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Bestu þakkir til viðskiptavina minna á árinu sem er að líða.
Og til ykkar sem ég ekki gat sinnt,
hjartans þakkir fyrir umburðarlyndi og skilning.
Megi árið 2021 færa ykkur öllum gæfu og frið.
Jólakveðja,
Ásta Veðramóti.



Miðflokkurinn sendir landsmönnum
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og
farsæld á nýju ári

midflokkurinn.is

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi

Óskum bændum, búaliði og landsmönnum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Þökkum kærlega fyrir viðskiptin á liðnu ári
og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Stjórn og starfsfólk
Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

LESENDABÁS

Skynsamleg hagræðing

Afkoma bænda hefur heilt yfir verið óviðunandi um árabil. Staða sauðfjárbænda er sérstaklega alvarleg. Afurðaverð til bænda hefur lækkað á sama tíma og kjötafurðastöðvar standa höllum fæti í samkeppni við innfluttar kjötvörur. Afnám frystiskyldu og breytingar á tollaumhverfi með nýjum samningum við ESB hafa á skömmum tíma gjörbreytt samkeppnisumhverfi framleiðslu og úrvinnslu kjötafurða á Íslandi.


Teitur Björn Einarsson.

Viðskiptafrelsi og heilbrigð samkeppni eru af hinu góða og á endanum eru það neytendur sem velja hvaða matvæli þeir kaupa. Þá snúast tollasamningar aðallega um gagnkvæmni og ekki er hægt að líta fram hjá þeim gríðarlega ávinningi sem Íslendingar njóta af tollfrjálsum viðskiptum með sjávarafurðir og fleira. Það er því brýnt að leitað verði skynsamlegra leiða til að jafna samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu og ná fram hagræðingu í þágu bænda og neytenda.

Samstarf og verkaskipting afurðastöðva

Árið 2004 var veitt heimild til samstarfs, sérhæfingar og verkaskiptingar við mjólkurvinnslu. Um er að ræða sérstakt ákvæði í búvörulögum um undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga. Ávinningurinn af þeirri breytingu hefur verið umtalsverður og skilað sér bæði til neytenda og bænda. Töluverður framleiðnivöxtur á ári hverju hefur náðst fram og hefur vöxturinn verið vel umfram meðaltal annarra atvinnuvega á sama tímabili. Auk hærra afurðaverðs til bænda og lægra raunverðs til neytenda hefur hagræðingin skilað auknum fjárfestingum í greininni og betri nýtingu aukaafurða.

Tímabært er að afurðastöðvar í kjötiðnaði geti með sambærilegum hætti hagrætt í sinni starfsemi með það fyrir augum að draga úr kostnaði við framleiðslu. Það opnar enn fremur á möguleikann á frekari fjárfestingum til að auka framleiðni og virði afurða. Með hagkvæmari afurðastöðvum og svigrúmi til fjárfestinga skapast frekari grundvöllur fyrir nýsköpun, vöruþróun og aðrar markaðsnýjungar. Ávinningurinn mun skila sér bæði til neytenda og bænda.

Samstarf og verkaskipting á þessu sviði getur jafnframt stutt við frekari framþróun í heimaslátrun og markaðslausnum eins og Beint frá býli þar sem minni einingar stækka markaðinn og eru sveigjanlegri í innleiðingu tækni- og markaðsnýjunga.

Íslenskrar kjötafurðastöðvar munu seint ná sambærilegri stærðarhagkvæmni og stór sláturhús í Evrópu. Framleiðslumagnið er of lítið hér á landi. En það dregur fram nauðsyn þess að nýta þau tækifæri til hagræðingar sem eru til staðar þannig að innlend framleiðsla og úrvinnsla kjötafurða eigi betri möguleika á að standast samkeppni erlendis frá.

Ójöfn samkeppnisskilyrði

Í flóknu landbúnaðarkerfi ESB er finna margs konar undanþágur frá samkeppnisreglum. Ein þeirra er að afurðastöðvar geta samstillt aðgerðir í framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða og þannig hagrætt til að bæta kjör bænda og neytenda. Að auki hefur ESB gripið til víðtækra stuðningsaðgerða við landbúnað í aðildarlöndunum vegna þess ástands sem ríkir vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Er bæði um að ræða almennar aðgerðir en einnig sértækar sem fela meðal annars í sér frekari undanþágur frá samkeppnisreglum ESB tímabundið í 6 mánuði vegna framleiðslu mjólkurvara, blóma og kartaflna. Það er gert til að vernda þær greinar sem hafa orðið fyrir mestu áhrifum af faraldrinum.

Sama er upp á teningnum í Noregi þar sem landbúnaðurinn býr við mun hagstæðari samkeppnisskilyrði en sá íslenski. Þar í landi er til að mynda að finna almenna undanþágu í samkeppnislöggjöfinni fyrir afurðastöðvar en hér er undanþágan eingöngu fyrir mjólkuriðnaðinn.

Áhersla á nýsköpun og matvælaframleiðslu

Íslenskur landbúnaður er mikilvægur og sérstaða hans ótvíræð. Heilnæmi framleiðslunnar og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði. Þrátt fyrir erfið umhverfisskilyrði á norðlægri breiddargráðu eru tækifæri íslenskrar matvælaframleiðslu til aukinnar verðmætasköpunar fjölmörg. Stefna Sjálfstæðisflokksins er að styðja við þá sérstöðu og nýta sóknarfærin til fulls á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna. Það rímar vel við þá stefnu að draga úr tilkostnaði í framleiðslunni og gæta að því að regluverkið hamli ekki nýsköpun og framþróun innan greinarinnar.

Ríkisstjórnin samþykkti í haust aðgerðir til að stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í tengslum við forsendur Lífskjarasamningsins. Eitt af því er að kanna sérstaklega hagkvæmni og skilvirkni í matvælaframleiðslu. Vel færi á því að landbúnaðarráðherra fylgdi þeim áherslum eftir svo bæði bændur og neytendur fái notið góðs af. Það gæfi líka nýrri matvælastefnu ríkisstjórnarinnar fljúgandi start.

Teitur Björn Einarsson
1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Fjölgum smávirkjunum

Myndin sem fylgir er úr nýlegri ársskýrslu Orkustofnunar fyrir árið 2019. Myndin sýnir kosti smávirkjana fyrir nærumhverfið. Þessi grein er skrifuð til að upplýsa með hvaða hætti fjölgun smávirkjana getur bætt lífskjör á landsbyggðinni.

Stærsti galli við að flytja orku langar leiðir, er vaxandi flutningstöp. Því lengri leið, meiri flutningstöp sem svo aftur rýrir samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Landsnet hefur upplýst að raforkutöp þeirra árið 2019 hafi numið 2,2 milljörðum árið 2019 og Landsnet þarf að kaupa orku fyrir þessum töpum árlega eins og aðrir dreifingaraðilar raforku.

Ég tel að raforkutöp á Íslandi kunni að vera allt að 5 milljarðar árlega og ég tek það fram að þetta er ekki nefnt hér sem gagnrýni á flutningsaðilaraforku. Þetta er nefnt til að við getum fjallað opinberlega um þessa heildarmynd og hvort við eigum að minnka þessi raforkutöp um t.d. 60% (3 milljarðar á ári) 3 milljarðar á ári í 30 ár er = 90 milljarðar. Það er ekkert lítið í húfi! Kostnaður af raforkutöpum lendir á neytendum sem „hækkun á flutningskostnaði raforku“. Það er því mikilvæg græn stefna að minnka þessi raforkutöp

Besta leiðin til að minnka raforkutöp hratt, er að fjölga smávirkjunum hratt. Þegar smávirkjunum fjölgar þá „detta raforkutöp dauð“ og flutningskostnaður raforku getur þá lækkað.


Kristinn Pétursson.

Stjórnvöld geta stutt betur við fjölgun smávirkjana á landsbyggðinni t.d. með lagabreytingu:

1. Aðili sem áformar smávirkjun geti óskað eftir úttekt ráðgjafarfyrirtækis um hver séu raforkutöp í því tengivirki raforku sem hann áformar að tengjast.

2. Sami ráðgjafi geri jafnframt áætlun um lækkuð raforkutöp þegar framleiðsla hefst.

3. Ávinningur af orkusparnaði gæti skipst milli virkjunar og flutningsaðila (t.d. 50/50).

4. Þegar ný virkjun tekur til starfa er strax hægt að lækka flutningskostnað raforku á svæðinu.

5. Frekari styrkir til smávirkjana gætu t.d. verið eins og gert er í kvikmyndaiðnaði um endurgreiðslu skatta o.fl. Smávirkjanir eru græn verkefni.

Það kostar mikið að senda raforku langar leiðir. Sex þrep í spennulækkun kosta 3% tap í hverjum spennubreyti; 220 kV / 132 kV / 66 kV / 33 kV / 11 kV / og 380/220 volt til neytenda. 3%x 6 gera samtals =18% raforkutöp. Smávirkjanir sem tengjast beint 33 kV spennu eyða strax raforkutapi.

Þessir eru helstu kostir smávirkjana:

- Minni flutningstöp
- Aukið raforkuöryggi í viðkomandi dreifikerfi.
- Smávirkjanir eru græn verkefni (spara orku)
- Um 80% kostnaðar við byggingu nýrra smávirkjana fer til verktaka/þjónustuaðila/starfsmanna, á viðkomandi landsvæði og eflir atvinnulíf á svæðinu.

Svo er rétt að upplýsa að erlendir staðlar gera ráð fyrir því að orkuöryggi sé mikilvægasta atriði við mat á þjóðaröryggi.

Kristinn Pétursson

BÆKUR & MENNING

Kóngsríkið

Bræðurnir Roy og Carl Opdal alast upp við erfiðar aðstæður í afskekktu norsku þorpi, þar sem hnefarétturinn ræður. Carl verður fyrir skelfilegu ofbeldi og flýr á endanum fortíð sína. Roy verður eftir, býr einn í húsi foreldranna og gerir við bíla. Tuttugu árum seinna birtist Carl aftur með glæsilega eiginkonu og háfleygar áætlanir um hótelrekstur.

Koma hans hristir rækilega upp í kyrrlátu lífi þorpsbúa og gamlar væringar og fólskuverk leita upp á yfirborðið. Voveifleg dauðsföll kallast á við löngu liðna atburði og spennan verður óbærileg fyrir Roy; hann þarf að velja á milli bróður síns og framtíðarinnar sem hann dreymir um.

Enginn stenst Jo Nesbø snúning þegar kemur að þéttum, snúnum og óvæntum fléttum enda hafa bækur hans farið sigurför um heiminn. Hér er enginn Harry Hole – en allt annað er til staðar og lesendur verða ekki sviknir.

Útgefandi er JPV og þýðandi er Bjarni Gunnarsson.



LESENDABÁS

Vörumst villuljós

Fyrir nokkru skrifaði formaður Miðflokksins grein í Bændablaðið sem snerist um greiningu og lausnir á stöðu landbúnaðarins. Hann greinir réttilega að á Íslandi séu blikur á lofti og hafi verið um nokkra hríð í landbúnaðarmálum. Á hinn bóginn er greiningin í meginþáttum röng. Honum yfirsjást atriði sem skipta sköpum þegar um það er að tefla að koma á framfæri tillögum um raunverulegar úrbætur og lausnir sem duga.

Spurningin sem svara þarf fyrst er þessi: Hvað skiptir höfuðmáli þegar reynt er að skilja þróun landbúnaðarins hér á landi síðustu ár? Sá sem veit ekki hvar hann er veit heldur ekki hvert hann á að halda. Þegar við höfum skilgreint hvar við erum stödd á raunsannan hátt getum við hafist handa við að marka stefnuna á framtíðarbraut. Síðan er ekki úr vegi að nefna nokkur villuljós sem formaður Miðflokksins hefur veifað í landbúnaðarmálum og hafa leitt bændur af leið.

Linnulausar tækniframfarir

Fyrir rúmum sextíu árum birti Bandaríkjamaðurinn Willard Cochrane grein sem lýsti þróun landbúnaðar á þeim tíma. Þar er því ferli lýst sem við sjáum greinilega að hefur átt sér stað hér á landi ef við horfum til lengri tíma en eins kjörtímabils:

Tækniþróun veldur því að framleiðslukostnaður lækkar. Hugvitssamir bændur taka þessa tækni upp og í kjölfarið hagnast þeir. Eftir því sem fleiri bændur fylgja í kjölfarið lækkar verð á afurðum þeirra. Þeir bændur sem ekki geta fylgt á eftir eiga þann kost að hætta búskap eða vinna utan búsins til þess að viðhalda tekjum sínum. Svona gengur þessi hringur ár eftir ár. Dráttarvélar, súgþurrkun, rúlluvélar, stæðuverkun, mjaltagryfjur, mjaltaþjónar, nákvæmnisbúskapur. Tækniframfarirnar eru linnulausar.

Á síðustu þrjátíu árum hefur framleiðni í mjólkurframleiðslu aukist þannig að þriðjungur bænda framleiðir helmingi meiri mjólk, með fimmtungi færri kúm. Í sauðfjárrækt hafa ekki verið sömu tækifæri til afkastaaukningar. Samkeppnisstaða hennar hefur þar af leiðandi versnað sífellt gagnvart þeim tegundum kjöts sem hún keppir við. Þetta höfum við fyrir augum meðal annars í miklu framboði af verksmiðjuframleiddu svína- og kjúklingakjöti. Auðvitað er hægt að ná árangri með því að rækta sérstöðu og einstök gæði lamba sem beitt er úti í guðsgrænni náttúru Íslands. En það dugir skammt vegna takmarkaðs markaðar innanlands og samkeppni við aðra sauðfjárræktendur á alþjóðamarkaði. Því hafa fjölmargir sauðfjárbændur tekið til við hliðarbúgreinar til þess að viðhalda heimilistekjum sínum.

Þetta er staðan og henni verður ekki haggað svo glatt. Þetta eru hjól tímans sem snúast hratt og munu ekki stöðvast. Við hljótum því að



Kári Gautason.

spyrja okkur hvað við ætlum að gera til þess að verja það sem máli skiptir, samfélögin í dreifbýlinu, menninguna og tækifærin?

Innlent fúsk til vandræða

En áður en ég hef þá sálma, þá langar mig til þess að eyða örfáum orðum í þá mynd sem formaður Miðflokksins bregður upp af orsökunum fyrir núverandi stöðu. Fyrst nefnir hann eftirlitsiðnaðinn og þar hefur hann nokkuð til síns máls. Sjálfur man ég vel eftir því að fá alls kyns eftirlit í heimsókn á árunum sem ég var bóndi. En fyrrverandi forsætisráðherra gleymir því að það var í hans tíð sem einhverjar mest íþyngjandi reglugerðirnar á þessu sviði voru settar. Reglugerðirnar um aðbúnað voru ekki sendar frá Brussel. Samantekið fyrir alla búfjárstofna hafa þessar reglugerðir í för með sér kostnað sem nemur sennilega eitthvað á þriðja tug milljarða. Það var ekki Evrópusambandið sem fyrirskipaði þennan kostnaðarauka, heldur Alþingi Íslendinga og stjórnvöld þessa tíma. Ráðuneyti Sigmundar Davíðs.

Þá nefnir hann einnig tollasamninginn hinn vonda. Sem einnig er alíslenskt fúsk, þar sem menn sömdu um geysilega miklar heimildir til þess að flytja út lítið unnar vörur, heila lambaskrokka og skyr (ásamt svínakjöti sem hlýtur að hafa verið einhvers konar grín). Gegn því að gefa eftir stærðarinnar hluta af innlenda markaðinum, því mikilvægasta sem íslenskur landbúnaður hefur. Þetta var gert án nokkurra greininga á því hvaða áhrif samningurinn gæti haft. Raunin er sú að í dag nýtum við brot af þessum heimildum meðan innflutningurinn er verulegur og hefur haft mikil áhrif á innlenda framleiðendur. Það er ekki nóg með að samningurinn sem ráðuneyti Sigmundar Davíðs gerði sé afleitur, nokkurn veginn sama hvernig litið er á hann, heldur er endurskoðunarákvæði hans jafnvel verra. Þar er það orðað á þann veg að samningurinn skuli stækkaður!

Fleiri atriði væri hægt að tína til. Þannig var hvatning ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs til að auka framleiðslu á lambakjöti á árunum 2013-2015, með því að hækka ásetningshlutfall og fleira. Þetta leiddi til þess að afkoma sláturleyfishafa varð háðari erlendum mörkuðum og gengi krónunnar. Í kjölfarið hrundi svo verð á lambakjöti til bænda og hægt gengur að ná því upp á nýjan leik.

Fleiri stoðir undir búsetu

En aftur að raunverulegum lausnum. Þær hljóta að vera þær að reyna ekki að vinna gegn hjóli tímans, heldur með því. Áskorunin núna snýst ekki um stærðarhagkvæmni, heldur breiddarhagkvæmni. Skjóta þarf fleiri stoðum undir búsetu í dreifbýli. Tækifæri eru til framleiðslu á fleiri tegundum matvæla en til þess þarf markvissan stuðning á rétta staði. Skynsamleg landbúnaðarstefna einblínir ekki eingöngu á þær stoðir sem fyrir eru heldur leitast við að fjölga þeim. Stóll á tveimur fótum er valtur.

Til þess að hægt sé að snúa við blaðinu þarf nýja sýn. Það þarf örugga forystu meðal bænda og á vettvangi stjórnmálanna. Í bændaforystunni hefur orðið mikil endurnýjun á síðustu árum. En slík endurnýjun hefur verið í minna mæli á vettvangi stjórnmálanna. Þar er boðið upp á sömu gylliboðin og vanalega. Það er varpað upp óraunsærri mynd af glanskenndri fortíð sem aldrei var og lofað að koma gamla tímanum á að nýju eftir næstu kosningar. Á stjórnmálasviðinu þarf einfaldlega að krefjast meiri þekkingar á málefnum landbúnaðarins en verið hefur í seinni tíð. Einnig þarf að snúa af þeirri braut í gerð viðskiptasamninga sem mörkuð var í tíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fyrir hrun og sem var svo fram haldið með endurnýjuðu samstarfi þessara flokka eftir hrun. Nóg er tjónið orðið af þeirri vegferð.

Kári Gautason
Höfundur er búfjárerfðafræðingur

matís

Iðnaðarhampur – ein planta sem uppfyllir allar þarfir mannkyns?

Iðnaðarhampur er afar margslungin planta sem hefur oft verið á milli tannanna á fólki. Algengt er að fólk hafi illan bifur á henni vegna þess að henni er oft ruglað saman við hamp sem ræktaður er í þeim tilgangi að framleiða vímuefni. Báðar þessar hampplöntur tilheyra sömu fjölskyldu en iðnaðarhampinn er ekki hægt að nota til vímuefnaframleiðslu af neinu tagi.

Iðnaðarhampur var hagnýttur um aldaraðir í ýmsum tilgangi en féll í ónáð sökum þessarar tengingar. Nú er fólk að enduruppgötva þessa fjölhæfu plöntu og fyrstu skref gefa væntingar um spennandi framhald.

Í verkefninu FutureKitchen sem leitt er af Matís með styrk frá evrópska samkeppnissjóðnum EIT Food eru notkunarmöguleikar iðnaðarhampsins skoðaðir og þeim miðlað áfram á myndbandsformi. Gömul kínversk goðsögn ku segja af því að í árdaga hafi Guðirnir gefið mannkyni eina plöntu sem uppfyllt gæti allar þeirra þarfir, þá plöntu sem nú er kölluð iðnaðarhampur. Plantan er líka merkileg fyrir margra hluta sakir. Mögulegt er að nýta svo til alla hluta plöntunnar svo ekkert fer til spillis. Hún vex hratt, hefur góð áhrif á umhverfi sitt og hægt er að nýta hana til að búa til fjölbreytta hluti á borð við plast, pappír, rafhlöður, byggingarefni, snyrtivörur og fatnað.

Einnig má nýta hana í margvíslega matvælaframleiðslu þar sem hún er bæði bragðgóð og næringarrík. Stilkinn og ræturnar má nota sem hráefni í iðnaði, en fræin, blómin og laufin eru æt. Hamplauf eru rík af járni, sinki, kalíum, magnesíum og fosfór, en hampfræ eru frábær uppspretta af fjölómettaðri fitu, próteini, E-vítamíni og ýmsum nauðsynlegum steinefnum.

Mögulegt er að rækta iðnaðarhamp á Íslandi og hefur það færst töluvert í aukana á undanförnum árum. Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir í Gautavík í Berufirði eru meðal þeirra bænda sem telja mætti til frumkvöðla í hamprækt og sjá mikla möguleika í ræktun plöntunnar. Þau hafa prófað sig áfram með alls kyns framleiðslu úr flestum hlutum plöntunnar og telja að í þessu felist miklir möguleikar til aukinnar sjálfbærni hér á landi.

Í Hallormsstaðaskóla stunda nemendur nám í sjálfbærni, ýmist með áherslu á sköpun og matarfræði eða textílvinnslu. Þar hafa möguleikar hampsins verið kannaðir en nemendur hafa til dæmis galdrað fram nýstárlega rétti á borð við hamp pasta, hamp tahini (hampini) og hamp latté. Einnig hafa nemendurnir þróað alls kyns snyrtivörur, smyrsl, fataliti og efni til textílhönnunar sem unnið er frá grunni úr plöntunni svo eitthvað sé nefnt.

Myndböndin úr FutureKitchen myndbandaröðinni má nálgast hér: https://www.youtube.com/playlist?list=PLZGs8XSSa2cL_rQKVzGfnGr0euQn34i5Y

/Matís

Bændablaðið
kemur næst út 14. janúar 2021
Smáauglýsingar 56-30-300

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Gott framboð af áhugaverðum jörðum
jardir.is
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

SETTU TÆKIN ÞÍN
Á NEGLD DEKK
Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.
Þú færð Best Grip naglana hjá okkur
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Jólastemning í desember. Mynd / Björgvin Eggertsson

Íslensku jólatrén sækja í sig veðrið

Skógarbændur og skógræktarfélög um allt land hafa lengi boðið upp á íslensk, nýhöggvin jólatré á aðventunni. Ræktun jólatrjáa hefur gengið einna best í bland við hefðbundna skógrækt og bætir afkomu skógarbænda talsvert. Líklegt er að fyrir þessi jól verði hlutdeild íslenskra trjáa um 20% af heildarsölunni.

Langmest er flutt inn af dönskum trjám en stafafuran íslenska sækir á með hverju ári sem líður. Aðrar tegundir úr íslenskri ræktun eru blágreni, rauðgreni, sitkagreni, fjallaþinur og jafnvel síberíuþinur.

Upplifun á aðventunni að sækja eigið tré í skóginn

Skógarbændur víða um land bjóða jólatré til sölu heima eða á völdum sölustöðum. Sama gildir um skógræktarfélögin. Á sífellt fleiri stöðum geta fjölskyldur farið í skóg í heimabyggð, valið eigið tré, fellt það og notið alls þess sem skógurinn býður upp á. Þegar keypt er jólatré í heimabyggð er um leið verið að styrkja íslenska framleiðslu og auka hag skógræktar til framtíðar. Margar fjölskyldur velja að hafa þann háttinn á þegar líður nær jólum og finnst það jafnvel hluti af ófrávíkjanlegri jólahefð.

Íslensku trén hafa marga kosti

Af íslensku jólatrjánum er stafafuran langalgengust. Hún hefur þann kost umfram aðrar tegundir að vera óvenju barrheldin, hún ilmar dásamlega og er auðveld í umhirðu. Íslensku fururnar koma beint í sölu frá nærliggjandi skógum. Einnig bjóða sumir íslenskt rauðgreni, sitkagreni og jafnvel fjallaþin úr eigin ræktun. Framleiðsla jólatrjáa á sérstökum ökrum hefur verið reynd en hefur ekki slegið í gegn; trén eru úrvalstré sem bændur höggva úr uppvaxandi ungskógum og færa strax á markað.

Aldur trjánna er misjafn, oft eru stofutré 10 til 15 ára gömul. Eitt stærsta jólatré sem fellt hefur verið á Íslandi er ríflega 17 metra hátt sitkagreni, 70 ára gamalt. Slík torgtré voru lengi vel innflutt en nú eiga okkar framleiðendur ekki í nokkrum vandræðum með að útvega tré af öllum stærðum.

Innflutt tré, plasttré og kolefnisspor

Innflutt jólatré sem aðallega koma frá Danmörku hafa verið eftirsótt og sama er að segja um plasteftirlíkingar af jólatrjám. Aðallega er um að ræða nordmannsþin en eitthvað hefur verið flutt inn af eðalþini líka. Flutningur ferskra jólatráa með skipum er óhagkvæmur og ekki sérlega umhverfisvænn. Erlendu trén eiga það líka til að bera með sér framandi lífverur sem í verstu tilvikum geta valdið alvarlegum skaða í íslenskri ræktun, eins og dæmin sanna. Plasttrén eru vitaskuld ekki varasöm að því leyti en óneitanlega eru þau dauflegri en fersk íslensk tré, sem fjölskyldan hefur jafnvel sjálf valið í dagsferð í skóginum. Kolefnisspor íslenskra jólatrjáa er mjög lítið miðað við erlendu trén og einnig þegar það er borið saman við kolefnisspor plasttrjánna. Fyrir hvert íslenskt jólatré sem selt er getur skógræktarfólk gróðursett tugi nýrra trjáa í íslenska skóga.

Jólatré í pottum

Dálítið er um að grenitré séu sett í potta með rót og þau færð inn í stofu yfir jólin. Sú aðferð reynir talsvert á tréð, hitasveiflur á rót, greinum og barri eru trénu erfiðar. Með því að aðlaga tréð hitasveiflunum þegar það er fært inn og sömleiðis að búa vel um það eftir jólin hefur sumum tekist að nota sama tréð jafnvel árum saman.

Meðhöndlun lifandi jólatrjáa


Almennt er mælt með því að taka þunna sneið neðan af stofni trésins rétt áður en því er komið fyrir í vatni. Það hefur reynst vel að dýfa sári jólatrjáa í sjóðandi vatn í nokkrar mínútur til að auðvelda vatnsupptökuna. Síðan er tréð vökvað vel og þess gætt að það nái aldrei að þorna. Valinn er staður fjarri ofnum, því svalara sem er þeim mun betur endist tréð.

Eftir að notkunartíma jólatrésins lýkur er sjálfsagt að reyna að nýta það áfram á einn eða annan hátt, án þess beinlínis að farga því. Klippa má greinarnar og nota þær til að skýla gróðri í garðinum, kurla tréð og nota sem þekjuefni, ellegar koma kurlinu eða smátt klipptum greinum í safnhauginn. Að öðrum kosti ætti að skila trénu til jarðgerðarstöðvar þar sem það verður að næringarríkri moltu fyrir ræktun næsta árs.

Starfsfólk Garðyrkjuskólans á Reykjum sendir öllum lesendum Bændablaðsins bestu jóla- og nýárskveðjur.

Ingólfur Guðnason
námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu
Garðyrkjuskóla LbhÍ
Reykjum, Ölfusi.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Þróun á snjallgleraugum og hugbúnaði tengdum notkun þeirra fleygir fram um mun á komandi árum vafalítið efla alla bústjórn, létta kúabændum vinnuna og auka afköstin enn frekar.

Fjós framtíðarinnar



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Snjallsímar eru líklega til á hverju heimili í dag og fleiri og fleiri smáforrit eru nú í boði fyrir kúabændur til að auðvelda reglubundin störf.

Í kringum síðustu aldamót fór Landbúnaðarháskólinn af stað með námskeið sem fjallaði um fjósbyggingar og hvernig mætti byggja nýja gerð af fjósum hér á landi líkt og þá var þekkt erlendis. Á þessum tíma voru í kringum 95% fjósanna á Íslandi hefðbundin básafjós og snerist þetta námskeið, sem varð afar vinsælt og var haldið um allt land, um það að til væru aðrar og betri lausnir en að hafa kýr bundnar á bása. Nú, rúmum 20 árum síðar, er staðan á Íslandi orðin gjörbreytt og algengasta fjósgerðin er einmitt sú lausagöngufjósgerð sem verið var að hampa á námskeiðunum á sínum tíma.

En ef farið væri af stað með sambærilegt námskeið í dag og það fengi sama titil hver yrði þá boðskapur fyrirlesaranna? Líklegt er að megin áherslan væri lögð á annars vegar dýravelferðarþætti og hins vegar að kynna fyrir þátttakendum það úrval af sjálfvirkni og tæknínýjungum sem þegar eru til í dag en hafa e.t.v. ekki náð fótfestu á Íslandi enn sem komið er. Öll þessi tækni sem er til í dag gera kúabændum dagsins í dag og framtíðarinnar mögulegt að auka afköst búa sinna til muna miðað við það sem áður var. Í raun er í dag hægt að tala um starfræn kúabú, þ.e. kúabændur sem byggja bú með allri nútíma tækni dagsins í dag geta mikið til stýrt búum sínum byggt á stafrænum upplýsingum.

Sjálfvirk mjaltatækni

Í dag er notkun á mjaltaþjónum á Íslandi orðin afar algeng og hentar vel fyrir þá bústærð sem er hér á landi en þessi tækni hefur ekki náð sömu útbreiðslu þar sem kúabú eru stærri. Skýringin felst í takmarkaðri afkastagetu kerfanna og enn í dag er ekki komin hagkvæm mjaltaþjónalausn fyrir stór kúabú, þ.e. bú með þúsundir kúa. Þrátt fyrir að bústærð muni vafalaust halda áfram að vaxa hér á landi á komandi árum og áratugum þá má telja nokkuð öruggt að sú mjaltaþjónatækni sem er notuð í dag, og hefur verið meira eða minna svipuð síðustu 20 árin, muni áfram henta vel fyrir íslenskar aðstæður.

Mjólkurgreiningar

Undanfarin ár hefur orðið hreint bylting í greiningartækni fyrir mjólk og er í dag hægt að fá tækjabúnað sem greinir mjólkurgæði í rauntíma við mjaltir, þ.e. búnað sem bæði gefur bændunum upp frumutölu kúnna en einnig efnainnihald mjólkurinnar. Þá er þegar til í dag tæknibúnaður sem flokkar mjólkina á staðnum í rauntíma og getur því skilið frá mjólk sem t.d. er lág í efnainnihaldi eða af slökum mjólkurgæðum. Þessari tækni fleygir fram og á hverju ári bætist við í flóruna og í dag finnst búnaður sem greinir einnig mismunandi vaka í mjólkinni sem auðveldar alla bústjórn t.d. varðandi heilsufar og frjósemi. Þá hefur verið unnið þrekvirki við að þróa hugbúnaðinn sem tölvukerfin nota í dag og geta bændur því fengið mun nákvæmari greiningar tölvukerfanna nú en áður auk þess sem flest betri tölvukerfin gefa bændunum í raun ráðleggingar um það sem rétt sé að gera t.d. hvað varðar meðhöndlun gripa o.þ.h.

Þjarkanotkun

Í dag eru ekki einungis notaðir þjarkar við mjaltir heldur einnig bæði við að skafa skít og gefa fóður og þessi tækni hefur verið í notkun í mörgum fjósum hér á landi alllengi. Þá hefur sjálfvirk fóðurblöndun einnig rutt sér til rúms undanfarin ár og hlutverk bóndans fer þá frá því að sinna fóðruninni sjálfur yfir í að tryggja að nægt magn af réttum fóðurefnum sé til í forðabúrum sjálfvirku kerfanna.

En þróun á þjörkum heldur stöðugt áfram og í dag eru þegar til á markaði margskonar sjálfkeyrandi vélar sem sjálfsagt er að horfa til þegar fjós eru hönnuð. Þetta á t.d. við um sjálfvirkar vélar sem bera undirburð í bása, sjálfkeyrandi dráttarvélar og þ.h. Þjarkar eru í eðli sínu afar nákvæmir og því er oft hægt að spara töluvert pláss þar sem þeir eru notaðir en á móti kemur að taka þarf inn í myndina öryggisatriði til að gera vinnusvæðið hættulaust.

Nýjasta tæknin í þessa veru er notkun á flygildum (drónum) sem hægt er að forrita til að fljúga um fjósin og fylgjast með gripunum, veita eftirlit og jafnvel sinna greiningum á heilbrigði s.s. með notkun á hitamyndavélum.

Aðbúnaður

Þegar kýr eru fóðraðar til hámarksafurða þarf að gera skýra og nákvæma fóðuráætlun. Kýr dagsins í dag mjólka 20-30 kg að jafnaði á Íslandi en sumar mun meira. Erlendis eru þessar tölur allt að tvöfalt hærri og ótal rannsóknir benda einmitt til þess að afurðamiklar kýr séu einkar hagkvæmar í rekstri, auk þess sem þær hafa að jafnaði lægra sótspor en hinar afurðaminni, og því stefna flestir bændur að því að auka afurðasemi kúnna sinna. Til þess að svo megi vera þarf margt að vinna saman og þyngst vega þar annars vegar góður aðbúnaður og hins vegar góð bústjórn. Í dag er þekking á aðbúnaðarkröfum nautgripa afar góð og þær lausnir sem þegar eru til og bæta aðbúnað gripanna eru bæði þrautreyndar og endingargóðar. Með öðrum orðum þá eru lausagöngufjós þar sem kýr eru á hálm-, sand- eða taðundirlagi eða á mjúkum legubásum þær lausnir sem eru taldar best henta. Mjúkt undirlag og mjúkt umhverfi, þ.e. innréttingar sem taka sérstakt tillit til þess að kýr eru ekki sérlega liprar eða léttar á sér, er eitthvað sem haft er í huga þegar ný fjós eru hönnuð nú orðið. Þá eru flest ný fjós í dag með sjálfvirka stýringu á helstu umhverfisþáttum eins og loftgæðum og lýsingu svo hámarka megi velferð gripanna og um leið afurðasemi þeirra.

Nákvæmnisfóðrun

Hér að framan var minnst á bústjórnina og eitt veigamesta atriði hvers kúabús er fóðrunin. Fóðurkostnaður er stærsti kostnaðarliður á hverju búi og skiptir höfuðmáli að nýta fóðrið eins vel



Skynjarar og sjálfvirk vöktunarkerfi eru orðin afar fullkomin og í dag er m.a. hægt að láta tölvukerfi fylgjast með bæði atferli og fóðrun smákálfa svo hægt sé að bregðast við tímanlega ef þörf krefur.

og hægt er. Þegar kýr eru fóðraðar segi ég oft við bændur að þeir séu í raun ekki að fóðra kýr heldur að fóðra milljarða af örverum í vömb kúnna. Örverur eru í eðli sínu ofur viðkvæmar og því jafnara og stöðugra starfsumhverfi sem við sköpum þeim, því meira mjólka kýrnar. Nákvæmnisfóðrun leikur því lykilhlutverk á kúabúum sem stefna að því að hámarka nýtingu kúnna og í dag er til mikið úrval af tæknibúnaði sem auðveldar bændum þennan þátt í bústörfunum. Sjálfvirk holdastigun með notkun þrívíðra og innrauðra myndavéla er tækni sem stóreflir bústjórnina og notkun tölvuskynjara sem geta mælt og metið fóðurgæðin í rauntíma er ekki síður áhugaverð tækni sem fleiri og fleiri kúabændur um allan heim hafa verið að taka í notkun. Bóndinn fær því afar nákvæmar upplýsingar um fóðrið sem fer til kúnna og getur tryggt einkar vel að það sé alltaf eins og jafnt að gæðum frá degi til dags. Örverurnar þakka svo fyrir þessa þjónustu og kýrnar í kjölfarið með auknum og jöfnum afurðum.

Snjallsímar og -gleraugu

Í dag eiga líklega flestir snjallsíma og í dag geta þeir létt verulega störf kúabænda. Fleiri og fleiri forrit eru í boði sem eru sérhæfð fyrir kúabúskap auk þess sem ýmis önnur forrit, sem hugsuð eru fyrir almenna notkun, henta einnig til að bæta bústjórnina. Þannig eru t.d. til forrit sem geta greint kýrnar út frá mynd, komið með tillögu að holdastigun, aðstoðað við heilsufarsgreiningar og margt fleira mætti tína til. Þá færist í vöxt að þróa búnað fyrir snjallgleraugu þannig að bændur geta fengið fram á lítinn skjá á gleraugunum allskonar mikilvægar upplýsingar í rauntíma, sem auðvelda vinnuna í fjósinu. Á komandi árum mun notkun á þessari tækni stóraukast og tengist s.s. ekki fjóshönnuninni beint en mun klárlega breyta starfi bændanna í framtíðinni.

Sjálfvirk vöktun

Notkun á hverskonar skynjurum hefur aukist hreint ótrúlega á undanförnum örfáum árum. Fyrsta notkun á skynjurum við kúabúskap var líklega þegar bændur fengu hálsólar með einstaklingsmerkingu og hreyfiskynjara á kýrnar sínar á sínum tíma. Þegar kýrnar gengu svo til mjalta og fóru um þar til gert hlið eða greiningarbúnað var lesið af skynjaranum og fengust þannig mikilvægar upplýsingar um atferli gripsins. Síðan þessi tækni kom á markað hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Í dag eru skynjararnir bæði minni og endingarbetri, en einnig miklu fjölhæfari og einfaldari í notkun. Í dag geta bændur t.d. sett rafræn merki í eyru kúnna og þurfa ekki hálsólarnar lengur. Þá geta tölvukerfi vaktað smákálfana og látið vita ef þeir missa heilsuna t.d. ef þeir drekka lítið eða fara sjaldan og fá sér að éta nú eða einfaldlega liggja of mikið. Beiðslisgreiningarbúnaður, þ.e. búnaður sem byggir á hreyfiskynjaratækni, er mikið til fullþróaður fyrir alllöngu en hugbúnaðurinn sem vinnur úr upplýsingum um hreyfingar kúa er alltaf að verða betri og betri. Í dag getur t.d. tölvubúnaður fylgst með atferli kúnna, hvar þær eru í fjósinu og t.d. hve lengi þær standa við fóðurgang, brynningarstamp eða í legubás. Þá er hægt að fá sjálfvirka skynjara sem láta vita ef kýr er að fara að bera, hve mikið hún jórtrar, hvort hún sé með hita eða hve hratt hún andar svo dæmi sé tekið. Á hverju ári bætist í þessa flóru sem öll er gerð til að bæta bústjórn, létta vinnu bændanna og um leið auðvitað að auka afköst þeirra.

Önnur atriði

Af öðrum þáttum sem t.d. bændur erlendis horfa til við hönnunar á kúabúum í dag er t.d. kynjahlutfall kálfa, en með notkun á kyngreindu sæði gjörbreytast allar forsendur við hönnun fjósanna. Þá er með notkun á erfðaefnisgreiningum hægt að haga uppeldi á gripum með öðrum hætti en áður þar sem snemma verður ljóst hvort ástæða sé til að ala t.d. kvígu sem framtíðar mjólkurkú eða til kjötframleiðslu. Ennfremur hafa orðið stökkbreytingar í tæknilegum möguleikum í tengslum við kynbætur s.s. stóraukin notkun á glasafrjóvgun, skolun á eggjum úr ungum kvígum og þess háttar möguleikar sem breyta bæði forsendum við kúabúskapinn en einnig vinnunni á búunum sjálfum. Þá má að síðustu nefna að nákvæmnisgreiningar á mjólk eru alltaf að verða betri og einfaldari og færist víða í vöxt örverugreiningar heima á búum, sem styttir alla ferla og eykur nákvæmni við lyfjameðhöndlun sjúkra kúa.

Hér að framan hefur verið farið í stuttu máli yfir helstu atriði sem hægt er að nýta á kúabúum dagsins í dag. Upptalningin er hvorki tæmandi né endanleg enda koma á markað nýjar lausnir nánast í hverjum mánuði. Vegna smæðar markaðarins á Íslandi er hins vegar ekki allt í boði sem fæst erlendis en þar sem afar auðvelt er í dag að bæði komast í samband við erlenda aðila sem og að panta erlendis frá ætti það að vera hægur vandi fyrir hvaða kúabónda sem er að útbúa bú sitt með nákvæmlega þeirri tækni og þeim búnaði sem hann eða hún vill.



RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Áburðaráætlanir í jólabókaflóðinu

Ýmislegt skemmtilegt lesefni stendur mönnum til boða um þetta leyti árs nú sem endranær þó ekki komist allt á topplistana. Áburðarsalar eru að gefa út sínar bækur um þessar mundir þar sem hægt er að fræðast um framboð áburðar næsta vors.

Að mörgu er að hyggja þar sem úrvalið er fjölbreytt og útfærslur allnokkrar, auk þess sem áburður er stór kostnaðarliður fyrir bændur.

Þegar úrvalið er mikið er ekki síður þörf á að leggja niður fyrir sig hver afraksturinn á að vera, hvaða þættir eiga að vera ráðandi hverju sinni og þannig verði jafnvægi milli kostnaðar og væntinga. Því er mikilvægt að vanda val áburðartegunda, skipuleggja áburðarnotkun vel og taka tillit til ólíkra eiginleika, ræktunarsögu og fyrirhuguð not túna. Mikilvægt er að ná sem bestri nýtingu búfjáráburðar svo notkun á tilbúnum áburði verði markvissari og sú auðlind sem finnst í búfjáráburði nýtist vel.

Meira er betra í upplýsingum

Hægt er að meta hvað mikið þarf af hverju áburðarefni á tiltekið tún og er það gert í áburðaráætlunum. Nákvæmni slíks mats fer eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir og eftir því sem þær eru meiri, því betri eru forsendurnar til að ákvarða áburðarþarfirnar og þar með fæst markvissari áætlun. Best er að fyrir liggi áburðargjöf og uppskera fyrri ára sem og niðurstöður hey- og jarðvegsefnagreininga auk grunn jarðvegsgerðar. Auk þess skiptir máli að vita ræktunarsöguna, það er aldur og ástand ræktunarinnar og hvaða tegundir eru ríkjandi. Góð áburðaráætlun tekur mið af öllum fyrirliggjandi upplýsingum með það að markmiði að tryggja góðan heyfeng án þess að gengið sé á næringarefni í jarðvegi. Ef eitthvað af ofantöldum upplýsingum eru ekki til staðar er unnið út frá því sem er þekkt og hugað að því að auka söfnun upplýsinga jafnt og þétt.

Vert er að benda á að fleira þarf til en áburð ef vonir um mikla og góða uppskeru eiga að rætast. Ef við sleppum þáttum sem við ráðum ekki við eins og veðurfari þá sitja eftir mikilvæg atriði sem verða að vera í lagi eins og t.d. sýrustig og framræsla ef ræktun á að gefa af sér eins og kostur er.

Mikilvægt er að hafa í huga þá áhrifaþætti sem spila inn í góðan árangur og áburður gegni þar mikilvægu hlutverki. Markmið með áburðaráætlun eru að hámarka magn og gæði uppskerunnar, út frá kostnaði eða öðrum forsendum sem hver og einn bóndi leggur upp með.

Bændur eru hvattir til að nýta sér áburðarráðgjöf RML og aðra þá ráðgjöf sem þörf er á. Við leggjum okkur fram að vinna af fagmennsku og framsækni fyrir þig.

Jarðræktarráðunautar RML
Þórey Gylfadóttir
ráðunautur, rekstrar- og umhverfissvið

BÆKUR & MENNING

Samvinna á Suðurlandi

– Fjórar nýjar bækur eftir Guðjón Friðriksson

„Samvinna á Suðurlandi“ er nafn á fjögurra binda bókum eftir Guðjón Friðriksson, sem voru að koma út m.a. í tilefni af 90 ára afmæli Kaupfélags Árnesinga 1. nóvember síðastliðinn.

Í bókunum er rakin saga samvinnufélaga í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og í Vestmannaeyjum, ekki bara kaupfélaga með ólíkum pólitískum lit heldur einnig annarra samvinnufélaga, svo sem rjóma- og mjólkurbúa, áveitufélaga og útgerðarfélaga.



Guðmundur Búason, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Árnesinga, við bækurnar fjórar en félagið stóð a' útgáfunni í tilefni af 90 ára afmæli kaupfélagsins.
Mynd / MHH

„Í raun er þetta að mörgu leyti héraðssaga þessa svæðis frá um 1880 fram yfir árið 2000 en samvinnufélögin voru einn helsti áhrifavaldurinn í nútímavæðingu Suðurlands, hvort sem var í verslun, iðnaði, matvælavinnslu, landbúnaði, útgerð eða fiskvinnslu. Mikil áhersla er lögð á samgöngusögu svæðisins sem skipti ekki litlu mál í þróun þess. Auk þess að vera saga samtaka og samvinnu er þetta saga hatrammra átaka og litríkra einstaklinga,“ segir Guðjón. Bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi gefur verkið út í smekklegri öskju. Mikill fjöldi mynda er í bókunum. Hægt er að versla bækurnar í helstu bókaverslunum landsins, auk þess sem hægt er að kaupa þær á skrifstofu Kaupfélags Árnesinga með því að hafa samband við Guðmund Búason í síma 899-9413 eða senda tölvupóst á hagbok@hagbok.is /MHH

Allar stærðir af AJ Power rafstöðvum:

Opnar stöðvar
Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.





KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is



HÁTÍÐARMATURINN Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Jólalegir smáréttir og gljáður kalkúnn

Jól og áramót eru á næsta leiti. Hér eru nokkrar girnilegar hátíðaruppskriftir úr smiðju matreiðslumeistara Bændablaðsins og heilræði sem gott getur verið að grípa til á lokametrunum í undirbúningnum.



Jólaplatti með köldum réttum

Búið til smárétt til dæmis með sinneps-, hunangs- og dillsósu, sýrðri agúrku og soðnu eggi.

Til að gera smárétti með roastbeef, gröfnum eða reyktum laxi – bætið síðan við heimalöguðu meðlæti þótt þið kaupir próteinið tilbúið.

Bætið dilli við súrar gúrkur, laxakavíar, gráðosti, rækjum, kapers – leyfið gestum ykkar að setja saman sína köldu smárétti.

Notið hugmyndaflugið eða það meðlæti sem er til.

Mögulegt hráefni

- 500 g roastbeef nautakjöt og skorinn lax
- Nóg af hrökkbrauði, dökku rúgbrauði eða súrdeigsbrauði
- 4 harðsoðin egg, skrælð og skorin
- 4 radísur, smátt skornar
- Piparrótarkrem
- 200 g sýrður rjómi eða kotasæla
- 2 msk. piparrótarmauk eða rifin piparrót
- 2 msk. saxað dill
- Sinneps-, hunangs- og dillsósa
- 2 msk. hunang
- 1 msk. dijon sinnep
- 1 msk. rauðvínsedik
- 1 msk. fínt skorið dill
- 3 msk. extra virgin ólífuolía
- Sýrðar gúrkur
- 1 agúrka, smátt skorin
- 100 ml hrísgrjónaedik
- 2 msk. hrásykur
- 1 tsk. sjávarsalt

Aðferð

1. Þeytið allt saman fyrir piparrótarjómann. Þeytið innihaldsefnin saman fyrir sinnepið, hunangið og dillsósuna. Fyrir sýrðu gúrkurnar eru gúrkurnar settar í hrísgrjónaedikið, sykurinn og sjávarsaltið og sett í kæli í 30 mínútur. Síðan er þetta sigtað.
2. Til að bera fram skaltu setja á disk skorið kjöt og fisk, brauð, álegg og meðlæti og láta fólk gera sinn kalda rétt. Gott í ljósi þess að sóttvarnir eru í aðalhlutverki þannig að gott er að skammta allt á kaldan disk, hver fyrir sig.

Gljáður kalkúnn með fersku rósmaríni og apríkósum

Einföld, falleg og girnileg uppskrift. Bragðmikið, ferskt rósmarín og sætur apríkósugljái skapa fullkomna áferð fyrir kalkún.

Fyrir marga er uppáhaldstími ársins þegar líður að jólunum. Allt andrúmsloftið á þessum árstíma er svo yndislegt. Gaman að finna uppskriftir fyrir hátíðarmatinn, hvort heldur fyrir jól eða áramót.

Ferskt rósmarín er hin fullkomna jurt til að krydda sætan gljáann.

Þessi uppskrift er mjög auðveld og þarf aðeins tvö innihaldsefni fyrir gljáann.

Samsetningin af apríkósum og rósmaríni gefur kalkúninum ljúffengan og sætan.

Það er fallegur aðalréttur til að bera fram á hátíðum og fjölskyldusamkomum.

Fyrir þessa uppskrift þarftu aðeins:

- 1 stk. kalkúnn eða bringur
- 500 g smjör
- salt
- pipar
- 1 krukka apríkósusulta
- og 5 greinar ferskt rósmarín

Ábending: Ferskt rósmarín virkar best í þessari uppskrift en notið þurrkað ef ekki fæst ferskt.

Aðferð

Hitið ofninn í 175 gráður.

Settu kalkúninn á steikarpönnu eða á grind yfir pönnu og þurrkaðu með eldhúspappír.



Penslið bræddu smjöri yfir allan kalkúninn og kryddið með salti og pipar.

Færið kalkúninn í ofninn. Steikið fram að síðasta hálftíma eða þar um bil. Eða þar til kjarnhiti nær 55 gráðum í kjarna því við viljum enda í 70 gráðum, svo ekki verði kalkúnninn þurr. Því skiptir máli hvort notaður er heill kalkúnn eða bringur upp á eldunartímann, stærri fugla er betra að leyfa að eldast lengur við lægri hita og svo brúna í endann með gljáanum.

Venjulega myndirðu steikja í 15 mínútur á hver 500 g ef kalkúnninn þinn er ófylltur. Ef kalkúnninn þinn er fylltur skaltu steikja í 20 mínútur á hver 500 g, en kjötmælir er góð fjárfesting því kjötið er töluvert dýrara en ódýr kjötmælir.

Á meðan kalkúnninn er að steikjast, blandið saman aprikósusultu og gróft söxuðu rósmaríni.

Gljáinn er síðan penslaður á kalkúnabringuna.

Þegar um það bil hálftími er eftir af eldunartímanum skuluð þið afhjúpa kalkúninn og pensla á gljáann. Haldið áfram að steikja þar til kalkúnninn er tilbúinn. Ef kalkúnninn byrjar að brúnast áður en eldunartíminn er búinn setjið þið álpappír yfir hann.

Kalkúnninn er tilbúinn þegar hitastigið nær 70 gráðum í miðju kalkúnsins – og mælirinn snertir ekki bein.

Látið kalkúninn hvíla í að minnsta kosti 20 mínútur áður en hann er skorinn niður.

Berið fram til dæmis með spergilkáli og sætum kartöflum.

Skreytið með auka fersku rósmaríni, sneiðið og berið fram.

Algengar spurningar

Hvernig heldurðu kalkún safaríkum?

Þú getur gert saltpækil einni nóttu áður en þú steikir hann til að hjálpa til við að loka inni raka. Sumir kjósa að bæta vatni í botn steikarpönnunnar og ausa yfir reglulega.

Af hverju setur þú smjör á kalkún?

Að nudda kalkún með smjöri eða olíu áður en hann er steiktur mun gefa þér fallegan gullinn lit og stökkt skinn.

Eldar þú kalkún með lokið á eða af?

Þú ættir að hylja kalkún meðan þú steikir hann meirihluta tímans. Taktu lokið af kalkúninum í lok steiktímans til að hjálpa við að brúna skinnið.

Hasselback sætar kartöflur með hvítlauks-jurtasmjöri

Þessar Hasselback sætu kartöflur eru mjúkar, bráðna í munni og fullar af hvítlauks smjörbragði! Þær líta frábærlega út fyrir sælkera yfir hátíðir

- 4 miðlungs sætar kartöflur
- Jurtasmjör
- 2 msk. ólífuolía
- 6 msk. ósaltað smjör brætt
- 4 hvítlauksgeirar hakkaðir
- 1 msk. smátt skorin fersk steinselja, ferskur graslaukur (hægt er að nota þurrkaðar jurtir sem eru til við höndina)
- 1 tsk. fínt saxað ferskt rósmarín
- ½ tsk. paprika og salt
- ¼ tsk. pipar
- klípa múskat

Valfrjálst

- ostur, þunnskorinn
- sýrður rjómi
- geitaostur
- vorlaukur

Hitið ofninn í 210 gráður, takið bökunarplötu með álpappír og penslið með fitu.

Þvoið og þurrkið kartöflur. Skerið þunnar raufar í toppinn á hverri kartöflu en ekki alla leið niður í gegnum kartöflurnar. Haldið hálfum sentimetra eftir.

Hrærið saman öllu hráefninu í jurtasmjörið. Penslið kartöflurnar út um allt (að botninum meðtöldum) og á milli sneiðanna með hálfum skammti af smjörinu. Ekki þarf að vanda sig of mikið á þessum tímapunkti.

Bakið sætar kartöflur á bökunarplötu í 40 mínútur og takið þær síðan úr ofninum. Hitið aftur smjör ef nauðsyn krefur og penslið svo restinni af smjörinu yfir sætu kartöflurnar, þar á meðal inn í raufarnar.

Setjið aftur í ofninn og bakið í aðrar 10–20 mínútur eða þar til miðju kartöflusneiðarnar eru mjög mjúkar. Penslið sætar kartöflur með einhverju af smjörinu sem safnast hefur fyrir neðst á pönnunni. Kryddið með viðbótarsalti og pipar eftir smekk. Berið fram með sýrðum rjóma eða geitaosti.

Valfrjálst: Þegar kartöflur eru fulleldaðar, fjarlægðu þá úr ofni og dreifðu ostinum jafnt á milli nokkurra kartöflusneiða. Setjið kartöflur aftur í ofninn og eldið rétt þar til ostur er bráðnaður, 3–5 mín. í viðbót.

Ábendingar fyrir sætar kartöflur:

Það eru komnar margar tegundir af sætum kartöflum og eru blóar flokkaðar sem ofurfæða, kartöflurnar þínar gætu verið hvítar að innan!

Kaupið sætar kartöflur sem eru svipaðar að stærð svo þær eldist jafnt.

Skrúbbið hýðið á kartöflunum vegna þess að gestir eru meira en líklegir til að borða hýðið – við viljum ekki hafa sand í tönnunum.

Þurrkið kartöflurnar vel eftir þvott, annars verður hýðið ekki eins stökkt.

Ekki sneiða kartöflurnar alla leið í gegnum kartöfluna. Sumum finnst gott að leggja kartöfluna sína á milli pinna sem koma í veg fyrir að þið ristið alla leið í gegnum kartöfluna.

Eftir að kartöflurnar eru eldaðar getið þið bætt sneiðum af osti eða áleggi á þær og hitað þar til osturinn bráðnar.

ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI



LímtréVírnet

LÍFLAND
Stofnað 1917

LANDSTÓLPI 20 ára 2000–2020

Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

STREYMI heildverslun

ÍSFUGL

VÍKURVAGNAR EHF.

VÉLAVAL
www.velaval.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

REYKJABÚIÐ
- SÍÐAN 1947-

HVAMMSHÓLAR

VAGNAR & ÞJÓNUSTA

AUÐHUMLA

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

dji | REYKJAVÍK
DJIREYKJAVIK.IS SÍMI 519 4747

matís

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

N1

BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS 1908

DRONEFLY
VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

GANDUR

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Barnaþrautir



Jólin 2020 verða án efa lengi í minnum höfð sökum óvenjulegra aðstæðna út af heimfaraldri COVID-19. Því hefur trúlega sjaldan verið mikilvægara að finna upp á einhverju skemmtilegu að gera.

Eins og áður býður Bændablaðið því upp á þrautir til að glíma við fyrir jólin eftir snillinginn Braga Halldórsson.


Fyrsta barnaþrautin sem fullorðnum er að sjálfsögðu líka heimilt að glíma við er tiltölulega einfalt púsluspil. Önnur þrautin er kannnski ekki alveg jafn auðveld og hún sýnist og reynir þar á rökhugsun. Þriðja þrautin er stafarugl sem reynir dálítið á heilastarfsemina.

Lausnirnar er að finna á bls. 82, en það er auðvitað harðbannað að kíkja áður en reynt er við þrautirnar.

Jólakrossgáta Bændablaðsins er svo vegleg að vanda. Lausnin á henni verður birt í fyrsta blaði ársins 2021 sem væntanlegt er 14. janúar.


1

Getur þú raðað saman þessum grænu formum svo úr verði form eins og rauði krossinn?



2

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi táknin þrjú standa?



3

Getur þú fundið 10 mannanöfn í þessu stafarugli?

L	V	E	O	U	J	M	R	Í	P	S	X	R	Ý	S	V	É	D	Í	S
T	T	Ó	D	U	B	I	F	J	M	É	E	N	S	I	A	Ý	Á	M	H
U	V	H	M	Đ	K	H	É	J	U	É	T	R	N	Ó	L	A	N	V	I
X	D	L	Đ	Ó	N	M	J	O	K	T	R	U	É	Đ	A	B	Ú	B	T
S	B	L	Đ	G	N	Ó	S	K	A	R	M	T	R	Y	R	Y	U	V	M
K	G	U	B	Á	Á	I	Đ	R	S	Í	R	M	V	T	P	O	R	V	J
X	Ó	U	A	Í	P	N	K	K	Ý	J	H	H	Ý	R	A	R	R	Í	L
R	S	K	N	X	Ú	É	F	A	D	Á	R	A	X	G	Ó	Ý	B	Đ	Đ
I	U	O	S	N	V	Ý	L	A	B	X	S	V	Đ	A	R	N	A	I	X
Ó	Y	P	V	R	A	Ú	P	O	J	F	É	T	L	A	X	A	E	R	U
E	M	Ú	U	Í	L	R	U	É	V	É	Í	U	E	J	B	F	Y	T	Đ
Y	L	N	Ó	Ý	T	A	D	V	Ý	N	M	D	H	F	Đ	Ý	O	H	Ú
H	N	H	U	D	A	O	Đ	S	V	V	F	Y	Ó	Y	Á	I	M	R	F
U	F	P	F	Y	Y	B	Á	G	P	A	Ó	N	Ó	A	Ú	N	R	Ú	X
F	I	J	Á	Y	T	M	S	P	N	E	P	G	N	E	K	D	R	I	E

Þjóðsögur og þjóðtrú:

Jól í gamla daga

Jól og áramót eru í huga flestra skemmtilegur tími þegar fjölskyldan kemur saman og gerir sér glaðan dag. Vinir og vandamenn gefa hver öðrum gjafir og gleyma gömlum deilumálum, að minnsta kosti um stundarsakir.

Sumir tengja jólin fæðingu Krists, aðrir halda upp á þau til að fagna því að sólin fer að hækka á lofti og börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn og gjafir á aðfangadagskvöld.



Börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn og gjafir á aðfangadagskvöld.

Veðurspá tengd jólunum

Í íslenskum þjóðháttum eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili segir að ef sólskin og heiðviðri er á jóladaginn, verður gott ár, en sama veður annan í jólum boðar harðindi. Ef hreinviðri er og úrkomulaust á aðfangadag og jólanótt, boðar það frostasamt ár, en ef öðruvísi viðrar, veit á betra.

Sé jólanótt kyrr og klár,
koma mun gott og frjósamt ár;
en sé þá vindur og úrfelli
ei mun gras mikið á velli.

Ef gott er um jólin, verður illt um páskana, en gott um páskana, verður illt um næstu jól. Þetta er dregið saman í talsháttinn: Rauð jól hvítir páskar; hvít jól rauðir páskar.

Jónas segir að menn hafi haft mikla trú á þessum dögum en að í sinni tíð hafi trúin verið farin að dofna mjög.

Þetta er líka sá árstími þegar alls konar kynjaverur fara á stjá, jólasveinarnir koma til byggða, álfar flytja búferlum og tröll halda veislur. Það er því ekki hættulaust að vera einn á ferli á þessum tíma ef mark er tekið á þjóðsögum sem tengjast jólunum.

Tröllajól

Í Bárðar sögu Snæfellsáss segir frá allsvakalegu jólaboði sem Hít tröllkona stóð fyrir í Hundahelli í Hítardal. Til veislunnar bauð hún meðal annarra Bárði Snæfellsás sem var af risakyni í föðurætt, Gesti syni hans og mörgum tröllum. Þar var Surtur af Hellisfitjum og Jóra úr Jórukleif, Kolbjörn í Breiðdalsbotnum, Glámur og Ámur úr Miðfjarðarnesbjörgum og Guðlaugur úr Guðlaugshöfða.

„Voru þá borð upp tekin og matur á borinn, heldur stórkostlegur. Drykkja var þar mjög óstjórnleg, svo að allir urðu þar ginntir. En er máltíð var úti, spurðu þursar og Hít, hvað Bárður vildi til gamans hafa [. . .]. Bárður bað þá fara til skinnleiks. Stóðu þeir þá upp Bárður og Surtur, Kolbjörn, Guðlaugur og Gljúfra-Geir, og höfðu hornskinnaleik; var þá ekki svo lítið um þá, -- þó var auðséð að Bárður var sterkastur, þó hann væri gamall. Bjarnfeld einn stóran höfðu þeir fyrir skinn, og vöfðu hann saman og köstuðu honum á milli sín fjórir, en einn var úti og skildi sá ná. Ekki var gott að vera fyrir hrundningum þeirra. Flestir stóðu uppi á bekkjum nema Gestur, hann sat kyrr á rúmi sínu. En þá er Kolbjörn var úti, ætlar hann að ná skinni fyrir Bárði og hljóp heldur snarlega. En er Gestur sá það, skaut hann fætinum fyrir Kolbjörn, svo þursinn hraut þegar út á bergið svo hart, að brotnaði í honum nefið, – féll þá blóð um hann allan. Varð þá upphlaup og hrundningar heldur sterklegar; vildi Kolbjörn hefna sín á Gesti.“

Gandreiðin

Jólin eru magnaður tími og svo virðist sem öll náttúrulögmál snúist á hvolf. Eftirfarandi lýsing er höfð eftir Jóni Sigurðssyni á Gautlöndum og segir frá ungum vinnumanni sem hafði ráðið sig til starfa á kirkjujörð.

„.... á aðfarakveldi jóla er drengur úti í hesthúsi að kemba og hirða eldishesta prestsins. Hann veit ekki fyrr til en konu prestsins vindur þar inn og gefur hún sig á tal við dreng um ýmsa hluti. Og er minnst varði bregður hún beisli undan svuntu sinni og leggur við dreng; fylgir því svo mikið töfraafl að drengur líður prestkonunni að fara á bak sér, og hleypur hann þegar á stað sem fugl fljúgi. Fer hann yfir fjöll og dali, kletta og klungur og hvað, sem fyrir er, – er því líkast sem hann vaði reyk mikinn.“



Krampus er þýsk þjóðsagnavera sem er ekki ólík Grýlu í eðli sínu og er á ferð um jól og áramót.

Dansferðir í mannahíbýlum

Samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar er mikið um að álfar séu á ferð um jólin.

„Bæði er skemmtanatími þeirra mestur um það leyti ársins [. . .] en um jólin hafa þeir samsæti og veizlur, hljóðfæraslátt og dansferð ýmist í mannahíbýlum eða í álfabyggðum, og þar að auki halda þeir fardaga sína um nýjárið.“ Stundum kom fyrir að mennskir menn rötuðu í álfaveislur á jólanótt eins og segir í sögunni Álfar hjá Víðivöllum. „Í klöppum hjá Víðivöllum sá maður nokkur á jólanóttina stórt hús allt ljósum prýtt. Hann gekk þar inn og fékk góðar viðtökur og ágætan beina; morguninn eftir er hann vaknaði lá hann á berum klettunum og sá hvorki veður né reyk eftir af stóra húsinu.“

Sögur um jólagleði álfa hefjast oft á því að heimilisfólkið er á leið til kirkju og að einhver einn, maður eða kona, verður eftir til að gæta bæjarins. Þegar líður fram á kvöld koma álfarnir inn í bæinn og halda skemmtun og sá sem heima situr missir vitið eða deyr. Þeir sem halda glórunni og lifa álfageimið af gera það yfirleitt eftir að djammið hefur endurtekið sig í tvö eða þrjú ár með fyrrgreindum afleiðingum.

„Einn hring enn, móðir mín“

Það eru þó fleiri en álfar og tröll sem hafa gaman af því að skemmta sér um jólin. Einu sinni var prestur í Hruna í Árnessýslu sem mjög var gefinn fyrir skemmtanir og gleðskap. Presturinn messaði ekki fyrri part nætur eftir að fólk var komið til kirkju, „heldur hafði dansferð mikla í kirkjunni með sóknarfólkinu, drykkju og spil og aðra ósæmilegar skemmtanir langt fram á nótt“.

Presturinn átti aldraða móður sem hét Una og var mjög á móti háttalagi sonar síns og bað hann oft um að huga frekar að guði en skemmtanahaldi en hann hirti ekkert um það og hélt uppteknum hætti.

Eina jólanótt var presturinn lengur að en venja var og bað móðir hans hann í þrígang að hætta en hann sagði ávallt: „Einn hring enn, móðir mín“. Þegar Una gamla gengur frá syni sínum í þriðja sinn heyrir hún kveðið utan við kirkjuna:

Hátt lætur í Hruna
hirðir þangað bruna;
svo skal dansinn duna
að drengir megi það muna.
En er hún Una
og enn er hún Una.

Þegar kerlingin kom út sá hún mann sem hún taldi vera djöfulinn sjálfan. Una söðlaði því hest og reið allt hvað af tók til næsta prests. Þegar hún kom aftur að Hruna ásamt prestinum og fleiri mönnum – „var kirkjan og kirkjugarðurinn sokkinn með fólkinu í, en þeir heyrðu ýlfur og gaul niðri í jörðinni“. /VH


Bændablaðið Jólakrossgáta 2020



		MISTUR ÚRHELLI	SAMSTÆÐA KÚLU		SANDEYRI		NUDD SÆTI		LJÓMI ÞYRPING			SPRUNGA GAN		BRIGSLA	EINING SKAF	
ÖRLÁTUR						ÓREGLA					BIRTAST					
EGGJÁRN GLÖGGUR						EIGIND MJÖG					HÁTÍÐ MÆLI-EINING					
				ÍLÁT SPRIKL				SÁLAR FUGL					RÓL YFIR-BRAGÐ			
VEIÐI					SVEI ÆÐA					TUNGU-MÁL SKEMMDIR						SEYTLAR
KJÖKUR	EFLA OFNEYSLA						TILTEKINN KUSK					GLATA HRAKA				
			GARGA	KVK. NAFN PLAN					ÁVÖXTUR SKYNJAÐ					FORM	EYJA	
HER RABBA						UPPNÁM EYÐA					UNNA KRINGUM					

	SAMTÖK	EGNA KOLL-SPYRNA			VINGSA	ÞESSI TVEIR EINS			SÉRDEILIS				ÁBATI SKYLDIR					FERSKUR STAFUR				
TÓNLIST				BÆTUR					VINNUVÉL VIÐMÓT					FARKOSTUR GOGG							NÁLÆGÐ
VILJA				GÆTIR TVEIR EINS				GREIN SLÓR				KK NAFN BEYGÐU				SPÖNN	EFTIRGJÖF SLÉTTUR				
FILTER			DRYKKUR HNOÐAÐ			UPP-HRÓPUN				LYFSALA	HÆTTA MEN			ÚTJARÐA SAMTÖK					TVEIR EINS	SLÁ IÐJA		
	FJÖR-LEYSI MÁLMUR					FUGL HLJÓÐFÆRI							TÁLMA BAR					ÁTT SVARI			VÉL	
EKKERT				FLJÓTRÆÐI ÓSK					POTA SKRIFA						LITUR	VAFI GUFU-HREINSA						
BLÝANTUR SIÐA							DYLGJUR							BUGÐU-LAUS Í RÖÐ					HOL-SKRÚFA GINNA			ÞVER-NEITA
		SÖKKVA	HRÆÐIST ERGJA				STELL AUKREITIS						ÚTDRÁTTUR HLIÐ					VÍTA FRÁNN				
FYRIR					TVÍHLJÓÐI SAKLAUS			SEGUL-BAND KK NAFN					RÖKKUR KLEIF			OFANFERÐ TALA				ÓGRYNNI GEGNA		
	MARGS-KONAR SPYRJA					SKIL TÆKIFÆRI					EINNIG VEITTU			HEITI ÖTULL				KROPP FÁLM				
ENDAST ÞESSA				SPANGÓLA PENINGAR						KVÍSL BLANDAR						RÍKI Í ASÍU SKJÓÐA					PÍLA	
			ALDIN BÖGGLA						SETT KÚFFYLLA						SKRIMTA HLJÓTA				AFBROT			
TVEIR EINS		PYNGJUR ÖÐLAST						BIL DRYKKUR				KIRTILL MASAR						BIK				
VERKFÆRI					BLÆÐI	ÓFÁUM SAFNGLER							KOMST ÁFENGI									
	BÆN ERFÐAVÍSA						FUGL SKIP				BEITA BÚSTAÐUR				TVEIR EINS EINÓMUR							
TVEIR EINS		RÓL ÓGREITT						BARN ÁTT						SKÓLI ASFALT			SAMKOMA					
LÆRA MÁLMUR				FAÐMA PAKKHÚS						HLJÓÐFÆRI HAF						SALLI						
			SKRÁ SVÖRÐUR						FÝLDUR LIPURÐ				SÁL ÓSK									
TULDRA					ÓLÆTI STÆLA			ÓVILD UMDÆMI				FRAM-VINDA										
	LIFA ÍÞRÓTTA-FÉLAG					ÓVISSA				ÞANGAÐ TIL	MÁL-EINING RÖÐ				Í RÖÐ BELTI			EITURLYF	STEFNA	VERKFÆRI ÞVÍLÍKT		LOFT-TEGUND	
SKJÓL						GNÝR LEIKTÆKI						BÓNUS RADAR					SÆLINDÝR TÓN-TEGUND						
	KORN						MJÚKUR LÚRI						RÓMVERSK TALA ÞRAUT			AND-STREYMI TVEIR EINS							

BEIÐNI ELDHÚS-ÁHALD				NASL FREMSTI							NIÐURLAG HRESS				RÍKI Í ARABÍU					
					SÓÐA GEIL				ANNARS OFMAT						SAUÐUR PILLA					
FRÁ			KLIÐUR ARÐA			FAR						LÍTIÐ SPYR					VELTINGUR	TUNNUR		
DROLLA	MJAKA	BLAÐ HOLU-FISKUR				JAFNOKI							ÁTT GÆTINN			RANGL GYÐJA				
						SUND TVEIR EINS				ÁTT TVEIR EINS				SELLU						
TÓNLIST							FISKUR							STUTTUR						
														PIRRA						





MYND: RÖGNVALDUR JÓNSSON (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

VÉLABÁSINN

Suzuki A-Cross 2,5 l Plug-in Hybrid



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Bílaumboðin hafa seinni hluta árs ekki verið að auglýsa frumsýningar á nýjum bílum og ef maður fylgist ekki með þá verða fréttir af nýjum bílum bara gamlar fréttir.

Fyrir nokkru kom í sýningarsal Suzukibíla nýr Suzuki A-Cross sem er hannaður í samstarfi með Toyota. Þennan bíl fékk ég til reynslu um síðustu helgi.

Ógnarkraftur og fín snerpa

Þegar ég fjalla um tengitvinnbíla þá nefni ég alltaf í pistlum mínum samanlagðan hestaflafjölda (ekki allir sáttir við það, en svona eru þessir bílar auglýstir og stundum erfitt að fá uppgefin hestöfl hvort í sínu lagi).

Suzuki A-Cross er kraftmikill og er uppgefinn með 306 hestöfl, sjálfskiptur með sex þrepa skiptingu. Hann er ekki nema um 6 sek. að fara úr kyrrstöðu og upp í 100 km hraða.

Uppgefin drægni á rafmagninu einu er 75 km við bestu aðstæður, en mér tókst ekki að fara nema um 50 km+ áður en bensínmótorinn tók við.

Samt var ég sáttur því ég var með miðstöðina á, sætishitarann um tíma og hita á stýrinu og ekki í neinum sérlegum sparakstri.

Alls ók ég bílnum tæpa 150 km og var því á bensínmótornum megnið af akstrinum. Samkvæmt aksturstölvunni var ég ekki að eyða nema 8,2 lítrum á hundraðið þrátt fyrir að hafa verið með bílinn á sportstillingunni megnið af þeim tíma og svolítið mikið og oft að reyna á snerpuna í uppgefnum 306 hestafla bílnum.

Prufuaksturinn

Fyrst keyrði ég innanbæjar og utanbæjar malbiksakstur á rafhlöðunni einni. Eins og alltaf byrjaði ég á að hljóðmæla bílinn á 90 km hraða með mælinn á lærinu og útkoman var mjög góð, 67db. Margir rafmagnsbílar hafa komið mun verr út úr þessari mælingu.

Bíllinn er greinilega hannaður fyrir malbiksakstur, hann svarar vel í beygjum, bremsar vel og er skemmtilegur í innanbæjarakstri. Á möl kemur hann ekki eins vel út, þó vissulega sé fjöðrunarkerfið gott þá eru felgurnar of stórar og gúmmí í dekkjum gefur nánast enga fjöðrun (heggur of mikið á smáójöfnum og holum). Steinahljóð er samt mjög lítið undir bílnum. Greinilegt er að bíllinn er vel einangraður í botninn því ég fann og vissi vel þegar smásteinar voru að spýtast undir bílnum. Sennilega er rafhlaðan að taka eitthvað af þessu smásteinahljóði því hún er neðst undir bílnum á milli fram- og afturhjóla.

Pláss gott og sæti þægileg

Það er mikið lagt upp úr öryggi með ýmsum búnaði samanber akreinalesari, blindhornsvari, sjálfvirk neyðarhemlun, svigakstursvari, umferðarskynjari, 7 öryggisloftpúðar, styrktarbitar í hurðum og fleira.

Í bílnum er varadekk (ég kalla svona dekk aumingja), en fæstir rafmagnsbílar eru með varadekk (man bara eftir tveim áður, Mini og Jeep).



Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.635 mm
Hæð	1.690 mm
Breidd	1.8505 mm

Suzuki A-Cross GLX. Mynd / HLJ



Suzuki og Toyota eru í samstarfi með smíði og hönnun á þessum bíl og næstum bara merking bílanna sem skilur þá að. Mynd / HLJ



Þarf ekki að hafa áhyggjur af ljósabúnaði, kveikir ljós allan hringinn. Mynd / HLJ



Mynd 10. Ekki margir rafmagnsbílar sem ná svona lágri mælingu í db.




Suzuki Across fylgja bæði hleðslukapall fyrir hraðhleðslu og venjulega 220V kló. Mynd / HLJ




Varadekkið er það sem ég kalla aumingi, en í fæstum rafmagnsbílum er varadekk. Mynd / HLJ




Hliðarspeglar óvenju stórir og góðir. Mynd / HLJ



Undirliturinn í mælaborðinu breytist eftir því hvort ekið er í sport eða ecostillingu eins og hér er.



Sætin eru afar þægileg og rými gott. Mynd / Suzuki



Hér má sjá hvernig vélbúnaðurinn er samsettur. Mynd / Suzuki

Speglar á hliðum eru mjög stórir og sýna vel aftur fyrir bílinn. Allt innrými virkar stórt og öll sæti þægileg. Farangursrými er mjög stórt (rétt innan við 500 lítrar með sætin uppi og 1.168 lítrar með sætin niðri).

Stærð hjólbarða er 235/55/19 sem er fulllítið af gúmmí fyrir „ónýtt“ vegakerfi Íslands (hefði viljað sjá og prófa 245/65/18 dekk og felgur undir þessum bíl sérstaklega á malarvegum).

Ágætis verð miðað við hvað mikið er í bílinn lagt

Suzuki A-Cross kostar 8.589.000 (sambærilegur eða nánast sami bíll með Toyota merkingum kostar um 8.950.000). Ágætis verð fyrir umhverfisvænan kraftmikinn bíl sem virkilega gott er að keyra.

Hægt er að fá Suzuki A-Cross í sex mismunandi litum og eitthvað af bílum er hægt að fá afhenta strax.

Aðeins tvennt gat ég fundið að bílnum, en það var varadekksauminginn og lítil fjöðrun úr dekkjunum sem eru of hörð og fjöðrunarlítil á malarvegum.

Fyrir þá sem vilja fræðast meira um bílinn er hægt að lesa greinargóðar upplýsingar um Suzuki A-Cross á vefsíðunni www.suzuki.is .

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hugað að eldvörnum fyrir jól

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Samfara skammdeginu, ekki síst á aðventu er ekki óalgengt að fólk kveiki á kertaljósum sér og öðrum til ánægju. Samfara því koma þó stundum leiðindafréttir af bruna sem orsakast út af kertaljósum.

Í mörgum tilfellum hefur tjón orðið mikið og nokkur dæmi þess að fólk hafi misst allt sitt í bruna. Aðrir hafa verið svo lánsamir að reykskynjari lét vita af eldi áður en tjón varð stórt og enn aðrir þakka slökkvitæki að hægt var að slökkva eldinn áður en hann var orðinn óviðráðanlegur.

Óvenju margir brunar það sem af er ári

Sex hafa látist í eldsvoðum hér á landi það sem af er ári, og hafa ekki verið fleiri dauðsföll vegna bruna í yfir fjörutíu ár, en undanfarin tíu ár hafa að meðaltali einn til tveir einstaklingar látist í brunum hér á landi. Í október höfðu slökkvilið farið í yfir tvö hundruð brunaútköll á árinu og enn eftir tveir þeir mánuðir sem oftast kviknar í út frá kertum. Margir hugsa vel um brunavarnir og jafnvel halda brunaæfingar á heimilinu samanber að ef kviknar í þá á hver heimilismaður sitt slökkvitæki og fer strax að sínu tæki við æfingu. Það eru hins vegar og



Hér er eitthvað komið fram yfir skoðun.



Ekki þarf að hafa áhyggjur af að lenda í Grýlupottinum ef eldvarnirnar eru í lagi.



Nálin verður að vera á grænu, ef ekki, fara með tækið í skoðun strax.

margir sem hugsa „það kemur aldrei neitt fyrir hjá mér“.

Verður að láta fara yfir slökkvitæki árlega?

Já og aftur já. Slökkvitæki geta lekið þrýstingi og þegar á að grípa til þeirra er enginn þrýstingur til að sprauta léttvatninu eða duftinu á eldinn, en á öllum slökkvitækjum er mælir efst á tækinu sem sýnir þrýstinginn. Ef þrýstingurinn er ekki á græna bilinu þarf að láta slökkvitækjaverkstæði yfirfara tækið eða að gera það samkvæmt límmiða sem er utan á tækinu sem segir hvenær næst skuli yfirfara tækið. Reykskynjarar ganga flestir fyrir rafhlöðu sem þarf að skipta um árlega (margir hafa ákveðinn dag á ári sem þeir skipta um rafhlöður í reykskynjurum, veit til þess að það er Þorláksmessukvöld hjá nokkrum sem ég þekki).

Slökkvitæki hafa margsinnis sannað gildi sitt og bjargað frá stórtjóni

Á öllum bensínstöðvum eru slökkvitæki og það kom sér vel fyrir vörubílstjóra sem átti leið framhjá N1 Lækjargötu og það kviknaði í bílnum við bensínstöðina. Það vildi til að ég var staddur þar og sá í hvað stefndi. Án hugsunar tók ég þriggja kílóa dufttæki sem



Þetta litla tveggja kílóa tæki bjargaði heyrúlluvélinni í Laxárdal.

var við bensíndælurnar og náði að slökkva eldinn áður en slökkviliðið kom nokkrum mínútum seinna og kældi bílinn niður. Þessi bíll ók sjálfur í burtu nánast óskemmdur. Björgunargildi slökkvitækja kynntist Jóhann Ragnarsson, bóndi í Laxárdal í Hrútafirði, sem er með lítið tveggja kílóa slökkvitæki utan á dráttarvélinni sinni. Hann var að rúlla hey þegar hann fann brunalykt, neisti hafði farið í þurrt heyið og kveikt í rúlluvélinni hjá honum. Þótt slökkvitækið sé ekki stórt þá bjargaði það bæði rúlluvélinni og dráttarvélinni að hans mati. Að vera með slökkvitæki á góðum stað utan á dráttarvél er alveg spurning um hvort ekki sé ástæða hjá tryggingafélagi viðkomandi að gefa auka afslátt á tryggingum fyrir hugulsemi og forvarnarvinnu. Að hugsa í forvörnum á þann hátt að hugsanlega gæti kviknað í hjá mér þá segi ég sem er búinn að slökkva eld áður en stórtjón varð með litlu slökkvitæki. Það sem kom fyrir mig getur líka komið fyrir þig, en endilega vertu viðbúinn þegar það gerist.

EYJALIND Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland
KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

KROSSGÁTA Bændablaðsins – Gleðileg jól

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



Bændablaðið
Kemur næst út
14. janúar 2021

ELDVARNIR BORGA SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

PORT hönnun

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR





Ásgeir tekur við búinu af foreldrum sínum 2013. Karen flytur á Auðkúlu 2018.

Býli: Auðkúla 1.

Staðsett í sveit: Við Svínavatn í Húnavatnshreppi, 541 Blönduós.

Ábúendur: Ásgeir Ósmann Valdemarsson og Karen Ósk Guðmundsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum tvö börn. Emil Jóhann, tæplega 2 ára og Dagbjörtu Ósk, 9 mánaða. Gæludýr eru heimiliskötturinn Tumi, tíkurnar Tara og Kristal og fjósakötturinn Birgitta.

Stærð jarðar? 250 hektarar.

Gerð bús? Nautakjötsframleiðsla.

Fjöldi búfjár og tegundir? Höldum rúmlega 100 holdakúm undir naut þetta haustið. Heildarfjöldi nautgripa 200–250 eftir árstíma.

Eigum 8 hross okkur til gagns og gamans.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Er til eitthvað sem heitir hefðbundinn vinnudagur í sveitinni? Gjafir kvölds og morgna allt árið en þess á milli er það mjög árstíðabundið og fjölbreytt.



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegasta starfið er að taka á móti sprækum kálfum þegar allt gengur vel. Annars eru allflest störfin skemmtileg ef vel gengur.

Leiðinlegast eru heilsufarstengd vandamál hjá gripunum og að elta óþekkar kvígur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Meiri og betri húsakostur fyrir kýrnar. Meiri túnrækt heima við og vonandi verður Angus-blóðið orðið ríkjandi í hjörðinni.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Sjáum tækifæri í sölu á vöru beint frá býli. Styttri leið frá bónda til neytanda. Þurfum að halda áfram á sömu braut varðandi hreinleika afurða okkar. Minnkum innflutning og einblínum frekar á að framleiða úrvals vöru innanlands.

Þurfum einnig að huga að aukinni framleiðslu korns til manneldis svo íslenskur landbúnaður standist samkeppni vegna breytinga á neysluvenjum fólks.



Hvað er alltaf til í ísskápnum? AB mjólk og nýmjólk.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað folaldakjöt og tilheyrandi með því.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Mörg skemmtileg atvik en efst í minni okkar er þegar við slepptum Mætti (hreinræktuðum Angus bola) í kýr síðastliðið haust.



JÓLAMATURINN – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Andabringur og reykt svínakjöt, karamellað grænmeti og soðgljái

Það getur verið erfitt að gera öllum til hæfis og það eru gamlar fjölskylduhefðir um hamborgarhrygg á jólaborðum Íslendinga. Stundum þarf að gera málamiðlanir og því getur verið gott ráð að bjóða upp á tvennu af kjöti; andabringur eða andalæri og svo reykt svínakjöt – sem getur verðið bragðgóð blanda.



Önd

- Önd
- 4 andabringur, skorið í fituna
- 20 g af hunangi
- salt
- pipar
- ólífuolía
- 20 g af smjöri, brætt
- 2 kvistir af timjan
- pipar
- salt

Aðferð

Hitið ofninn í 220 gráður. Í smá ólífuolíu, eldið andabringurnar með skinnið niður þar til þær eru orðnar gullnar og stökkar, snúið síðan við.

Snúið þeim aftur við og eldið í ofninum með skinnið niður í fimm mínútur í viðbót, fjarlægið síðan og penslið allt með hunangi. Hvílið og notið allan safann fyrir sósuna, með ögn af víni eða appelsínusafa eftir smekk og krafti.

Svínakjöt

- 800 g af soðnu reyktu svínakjöti að eigin vali, til dæmis læri eða hryggur

Reykt svínakjöt eftir smekk og soðið eftir leiðbeiningum framleiðenda.

Karamelliserað grænmeti

- 400 g blandað rótargrænmeti og soðnar kartöflur
- 80 g af púðursykri
- 250 ml af appelsínusafa

Meðlæti:

- 200 g af spínati, þvegið
- sveppir
- 50 g af smjöri

Aðferð

Til að undirbúa grænmetið, bræðið sykurinn á pönnu við vægan hita og leyfið karamellunni að myndast.

Bætið grænmetinu saman við og hrærið í leginum. Þegar grænmetið hefur blandast vel saman við er appelsínusafanum bætt við, síðan lok sett á og látið sjóða í þrjár mínútur. Takið lokið af og eldið niður þar til þetta er orðið glansandi og minnir á síróp. Takið af hitanum og kælið.

Bakið síðan í ofninum þangað til grænmetið er mjúkt undir tönn, bætið smjörsteiktum sveppum og spínati saman við.



Andakonfít

Andakonfít er frönsk klassík.

Fyrir þennan rétt eru andalæri lögð í saltlög nóttina áður, svo eru þau elduð í andafitu eða olíu í ofni við vægan hita varlega þar til andalærin verða silkimjúk undir tönn.

Á kafi í fitu getur andaconfit verið í kæli í að minnsta kosti einn mánuð. Hitið aftur og berið fram með salati eða notið það í rétti eins og franskan pottrétt.

- 4 andalæri (um það bil 1 kg)
- 1 matskeið auk 1 tsk. (16 g) salt borðsalt
- 6 stórir skalottlaukur (340 g)
- 1 lítill laukur (110 g), skorinn í bita
- 6 miðlungs hvítlauksrif (30 g)
- 1/2 búnt (55 g) flatblaða steinseljublöð, gróft hökkuð
- 10 kvistar ferskt timjan
- 2 teskeiðar (6 g) heil svört piparkorn
- 2 til 4 bollar (475 til 950 ml) andafita (eða olía)

Daginn áður en þið eldið confit: Kryddið andalæri jafnt á allar hliðar með salti; setja til hliðar. Blandið skarlottlauk, lauk, hvítlauk og steinselju í matvinnsluvél og vinnið saman eða saxið í höndunum með beittum hníf.

Setjið í form, dreifið helmingnum af timjan-kvistunum og piparkornunum yfir grænmetisblönduna og raðið síðan andalærum með húðinni upp í slétt lag að ofan og þrýstið þeim í grænmetisblönduna. Dreifið restinni af timjan-kvistum og piparkornum yfir og hyljið vel með plastfilmu og geymið í kæli í að minnsta kosti 24 klukkustundir og allt að 48 klukkustundir.

Einnig er hægt að blanda andalærum, grænmetisblöndunni, timjan og piparkornum saman í 1 lítra rennilásapoka. Þéttið pokann, þrýstið eins miklu lofti út og mögulegt er. Nuddið innihaldi pokans vel saman. Setjið í kæli.

Þegar þið eruð tilbúin til að elda lærin, hitið ofninn í 105 gráður. Bræðið andafitu, annaðhvort í 3 lítra skál við vægan hita eða í örbylgjuofni og skolaðu andalærin varlega undir köldu vatni til að fjarlægja allt kryddið. Verið viss um að þau séu alveg á kafi í fitu.

Setjið lok eða álpappír yfir bökunarfatið og setjið í ofninn. Eldið þar til öndin er fullkomlega mjúk og kjöt sýnir nánast ekkert viðnám þegar í það er stungið með hníf og húðin er farin að skreppa saman, 3 til 4 klukkustundir.

Takið úr ofni og kælið öndina að stofuhita í eldunarílátinu. Takið lokið af en hafið fitu áfram á því. Þegar þetta er orðið kalt skal smyrja ílátið vel og flytja í kæli, þar sem geyma má confit í allt að mánuð.

HANNYRÐAHORNIÐ

Falleg stroffhúfa

Fljótprjónuð húfa / hipsterhúfa í stroffprjóni úr DROPS Air. Þétt og góð í kuldanum.



DROPS Design: Mynstur ai-335

Stærðir: S/M (L/XL)

Höfuðmál ca: 54/56 (56/58) cm.

Garn: DROPS AIR (fæst í Handverkskúnst): 100 (100) g

Prjónfesta: 20 lykkjur x 27 umferðir í sléttu prjóni = 10x10 cm

Prjónar: Sokka – og hringprjónn 40 cm,nr 3,5 eða sú stærð sem þarf til að prjónfesta passi.

HÚFA – STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Stykkið er prjónað í hring á hringprjóna, neðan frá og upp. Skiptið yfir á sokkaprjóna eftir þörfum.

HÚFA:

Fitjið upp 108 (120) lykkjur á hringprjón 3,5 með Air. Prjónið 1 umferð brugðið.

Prjónið stroffprjón hringinn með 1 lykkju slétt og 1 lykkju brugðið. Prjónið þar til stykkið mælist 27 (29) cm, nú eru eftir ca 7 cm til loka máls.

Prjónið nú A.1 (= 12 lykkjur) alls 9 (10) sinnum í umferð. Þegar A.1 hefur verið prjónað til loka á hæðina eru 18 (20) lykkjur í umferð. Prjónið 2 og 2 lykkjur slétt saman út umferðina = 9 (10) lykkjur.

Klippið þráðinn frá, þræðið í gegnum síðustu lykkjurnar. Herðið að og festið vel.

Húfan mælist ca 34 (36) cm alls. Brjótið uppá kantinn 10 cm að réttu.

Prjónakveðja og gleðilega hátíð!


Mæðgurnar í Handverkskúnst

Mynstur

□ = slétt lykkja

⊠ = brugðin lykkja

▨ = prjónið 2 lykkjur slétt saman











Létt

3		6		2			9	
	9		1			7	6	8
5				9	7	4		2
	8		2	4	6			
	3	4		8		9	5	
			5	3	9		8	
1		9	8	7				3
6	4	7			5		2	
	2			6		1		5

Miðlungs

	6		9	5			4	7
2	7				3	1		
		4			2			
5	2		7				9	3
		6		9			8	
1	9				4		2	6
			5			7		
		5	8				3	4
7	8			6	1		5	

Þung

9	6			4	8	7		
4	2						5	8
				2				
3		9			5			
		5				9		
			3			6		5
				5				
2	5						9	1
		6	2	1			3	4

Þyngst

3		2	5					4
	8	7	6					
				8		3	7	
	4					5		6
6		3					8	
	5	4		3				
					9	1	5	
7					1	4		2

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Á geit og gæs

Hildigunnur Sigrún er í 7. bekk Reykhólaskóla. Hún á 3 systkini, Sólveigu Rúnu, 17 ára, Borghildi Birnu (Borgu), 14 ára og Ingólf Birki (Bigga), 9 ára.

Hún er virk í íþrótta- og félagsstarfi og finnst gaman að fara í sveitina. Hún á eina geit og eina gæs.



Nafn: Hildigunnur Sigrún.

Aldur: 11 ára og verð 12 ára á gamlársdag.

Stjörnumerki: Steingeit.

Búseta: Reykhólar.

Skóli: Reykhólaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Smíði og heimilisfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Hamborgari.

Uppáhaldshljómsveit: Á enga.

Uppáhaldskvikmynd: Wild Child.

Uppáhaldsbókin: Siggi sítróna.

Fyrsta minning þín? Veit ekki.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég tek alltat þátt þegar einhverjar æfingar eru í boði á Reykhólum, t.d. fótbolti, fimleikar og frjálsar og ég spila á ukulele.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ljósmyndari.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég hoppaði í sjóinn í fyrsta sinn.

Gerir þú eitthvað skemmtilegt í vetur? Fer á skíði.

Næst » Hildigunnur Sigrún skorar á Ingólf Birki Eiríksson að svara næst.

BÆKUR & MENNING

Hraungerðishreppi gerð ítarleg skil í Flóamannabók I og II

– Viðamikið ritverk upp á 1.046 blaðsíður eftir Jón M. Ívarsson sagnfræðing og með ógrynni upplýsinga um sveitabæi og ábúendur

Jón M. Ívarsson sagnfræðingur gefur út fyrir þessi jól tveggja binda verk í stóru broti sem nefnist Flóamannabók I og II. Fjalla bækurnar um Hraungerðishrepp sem er efstur hreppa í Flóanum á Suðurlandi, alla bæi og ábúendur frá 1801 til 2020. Sjálfur er hann útgefandi bókanna og sér um sölu þeirra líka.

Þetta er mjög viðamikið verk og samtals eru bækurnar upp á 1.046 blaðsíður. Segir Jón að þetta hafi aðallega vera gert af metnaði sínum fyrir hönd Flóamanna þar sem honum hefur fundist of lítið fjallað um þeirra hluti í gegnum tíðina. Formaður ritnefndar er Guðni Ágústsson, sem bjó einmitt á Brúnastöðum sem er einn af bæjunum sem fjallað er um í bókunum. Á forsíðum beggja bókanna eru þeir tveir kirkjustaðir sem eru í Hraungerðishreppi, en myndirnar tók Mats Wibe Lund. Í formála segir Jón m.a.:

„Flóinn er þeim kostum búinn að hafa engin fjöll til trafala innan sinna vébanda en hinsvegar þá mestu yfirsýn yfir landið sem hægt er að njóta frá ströndinni. Svo ekki sé minnst á fegursta fjallahring á Íslandi sem nær frá hafi til hafs og nýtur sín best þegar maður er í Flóanum. Fátt eitt hefur verið skráð og skrifað um það fólk sem þar hefur alið aldur sinn en hér verður gerð tilraun til nokkurra úrbóta.

Upphaf Flóamannabókar má rekja til þess þegar Brynjólfur Ámundason frá Kambi fór að taka saman ábúendatal Villingaholtshrepps á áttunda áratug síðustu aldar. Þá í fullu starfi sem múrari og fékkst við þetta í tómstundum sínum um árabil. Árangurinn varð tveggja binda ritverk sem fékk nafnið Ábúendatal Villingaholtshrepps



Jón M. Ívarsson sagnfræðingur og höfundur Flóamannabókar. Mynd / HKr.

1801-1981. Fyrra bindið kom út á kostnað höfundar árið 1983 en seinna bindið á vegum Ormstungu níu árum síðar.“

Fimm ára vinna

„Þar sem ég lærði sagnfræði á efri árum og var hættur störfum, þá fannst mér þetta alveg tilvalið verkefni,“ sagði höfundurinn í samtali við Bændablaðið.

„Ég er búinn að vera fimm ár að undirbúa þetta og vinna þessa bók um Hraungerðishrepp. Síðan ætla ég að halda áfram með hina hreppana tvo sem mynda Flóahrepp og gera þeim sömu skil, en það er Villingaholtshreppur og Gaulverjabæjarhreppur.

Þarna er hver einasta jörð tekin fyrir og ég segi frá öllum ábúendum frá 1801 til 2020. Þarna eru taldar upp allar fjölskyldur með myndum af eins mörgum og hægt var að finna og myndir af bæjum. Sjálfur tók ég myndir af öllum bæjum eins og þeir eru í dag. Þá segi ég sögu jarðanna og þeim fylgir örnefnaskrá



og eigendasaga.

Ég hef leitað heimilda hvarvetna, fyrst í kirkjubókum og alls staðar þar sem þær voru að finna. Ég er búinn að grafa mikið í Þjóðskjalasafni og héraðskjalasafninu.“

Jón segist einnig hafa tekið sögu allra helstu félaga sem starfað hafi í þessum hreppi líkt og í öðrum hreppum á landinu, þ.e. ungmennafélag, búnaðarfélag og kvenfélag þar sem menn hafa verið mér mjög hjálplegir.

„Þá eru þarna einnig kirkjur, skóli og hreppsfélagið. Svo segir sig sjálft að ég fjallaði um Flóaveituna, enda þekkti ég hana af eigin raun. Ætli ég og bróðir minn höfum ekki verið með þeim síðustu sem notuðum Flóaveituna, eða alveg fram yfir 1970. Ég blæs alveg á það að hún hafi verið gagnslítil, því ég sá vel hversu grasið spratt vel þar sem hún kom inn á engjarnar og við notuðum hana mikið.“

Ekki gert fyrir peninga, bara ánægjuna

Jón segir að þetta verkefni sé sitt áhugamál og geri hann þetta fyrst og fremst ánægjunnar vegna, en ekki vegna peninga. Þar sem verkið sé stórt og dýrt í útgáfu þá hafi honum þó þótt hagstæðast að ráðast sjálfur í útgáfu verksins fremur en að fá til þess reyndan bókaútgefanda. Það hafi reynst happaráð.

„Svo er þetta ekki selt í búðum heldur bara manna á milli,“ segir Jón M. Ívarsson.

Mikið heimildarit

Guðni Ágústsson, formaður ritnefndar, segir m.a. í ávarpi í fyrri bókinni:

„Rit það sem hér er komið er mikið heimildarit um líf og sögu í þeim hluta Flóahrepps sem tilheyrði gamla Hraungerðishreppi. Hér er byggt ofan á þau skrif og heimildir sem til eru í eldri ritum um Flóann, þar sem hæst ber Sunnlenskar byggðir sem voru tímamótaverk fyrir fjörutíu árum síðan. En auk þess ber hér að geta fjölmargra rita Guðna Jónssonar prófessors, bóka Guðmundar Kristinssonar um Selfoss og rita Brynjólfs Ámundasonar um Villingaholtshrepp.

Jón M. Ívarsson, sagnfræðingur frá Vorsabæjarhóli, bað mig að gerast formaður ritnefndar þessa mikla verks sem hann og Brynjólfur Ámundason frá Kambi höfðu unnið að. Ég varð við beiðninni enda verkefnið áhugavert og úrvalsfólk í nefndinni með mér. Ég geri mér grein fyrir að þeir Jón og Brynjólfur hafa vakið mikla bylgju áhuga fyrir sögu Flóamanna. Lítið brot af öllum þeim fróðleik kemst í þessar bækur, svo ekki séu nefndar allar þær dýrmætu myndir af fólkinu, bæjunum og mannlífinu sem elsta kynslóð Flóamanna lét Jóni í té og prýða nú bækurnar. Á þriðja þúsund myndir eru í þessum tveimur bókum um Hraungerðishreppinn.

Jón heldur úti á fasbókarsíðunni „Flóamannabók, ætluð áhugafólki.“ Þar hefur hann átt samskipti við fleiri hundruð manns um myndir af körlum og konum, bæjarhúsum og um upprifjanir á atburðum liðins tíma.“ */HKr.*

Martröð í Mykinesi – Íslenska flugslysið í Færeyjum 1970

Bókin Martröð í Mykinesi – Íslenska flugslysið í Færeyjum 1970 er komin út. Höfundar eru Grækaris Djurhuus Magnussen og Magnús Þór Hafsteinsson. Í þessari bók er sögð ótrúleg saga af flugslysi sem hefur legið í þagnargildi í hálfa öld. Bókin geymir vitnisburði fjölda fólks sem komst lífs af úr slysinu eða tók þátt í björgunarafrðgerðum, bæði Íslendinga, Færeyinga og Dana. Auk þess er mikill fjöldi ljósmynda í bókinni sem hafa aldrei sést áður.

Laust fyrir hádegi 26. september 1970 brotlenti Fokker Friendship-vél Flugfélags Íslands í roki, þoku og rigningu undir tindinum Knúki á Mykinesi í Færeyjum.



Alls voru 34 um borð í fullsetinni vélinni. Fjögurra manna áhöfn var skipuð Íslendingum og tveir úr farþegahópnum voru frá Íslandi.

Flak vélarinnar fannst ekki fyrr en nokkrum klukkustundum síðar. Þá voru átta látnir en 26 á lífi. Björgunaraðgerðir hófust við afar erfiðar aðstæður. Mykines var einangruð klettaeyja með fáum íbúum sem lifðu af búskap, fuglatekju og fiskveiðum. Fólkið þar stóð frammi fyrir hópslysi sem enginn hafði ímyndað sér að gæti orðið í Færeyjum.

Björgunarlið, sem var sent til Mykiness, varð að glíma við illviðri og miklar torfærur á leið sinni á slysstaðinn. Áhöfn flugvélarinnar og þau úr farþegahópnum sem gátu staðið á fótum urðu sjálf að ganga ofan af fjallinu til byggða.

Martröð í Mykinesi lýsir einstakri og ógleymanlegri sögu sem hefur ekki nema að örlitlu leyti komið fyrir sjónir íslenskra lesenda fyrr. Hér má lesa um hetjudáðir, hugprýði, fórnir og æðruleysi, en líka um þjáningar, sorg og eftirsjá. Enginn sem lætur sig varða mannleg örlög getur látið þessa bók fram hjá sér fara.

Færeyska sjónvarpið var nýverið við upptökur í Fokker Friendship-vélinni á Flugsafni Íslands á Akureyri en það hyggst nú í vetur sýna heimildakvikmynd um slysið. Hér er brot úr 8. kafla bókarinnar:

Nauðstatt fólk á ókunnugum stað

Dánjal J. Bærensen, yfirdýralæknir Færeyja, er búinn að liggja í nokkrar mínútur á jörðinni fyrir neðan flugvélarflakið. Hann kennir til ægilegs sársauka í kviðarholi og brjóstkassa. Smám saman reynir Bærentsen að gera sér ljóst líkamlegt ástand sitt með því að framkvæma læknisrannsókn á sjálfum sér. Hann finnur að handleggirnir eru heilir. Fótleggirnir eru líka í lagi.



Flak vélarinnar var illa farið.



Dánjal J. Bærentsen var yfirdýralæknir Færeyja og eini læknismenntaði maðurinn í flugvélinni.

Síðan leggur hann hönd á kvið sér en sannfærist þá um að lifrin hafi skaddast.

Sem dýralæknir veit hann að hætt er við að fólk deyi af innvortis blæðingum ef lifrin hefur orðið tjóni. Hann tekur púlsinn á sjálfum sér og skoðar hörund sitt. Ef honum blæðir innvortis þá ætti hann að fölna og púlsinn að veikjast. Eftir nokkra skoðun sér Bærentsen sér til léttis að hann er hvorki að fölna upp né dregur úr púlsi. Á sama tíma heyrir hann hræðileg neyðaróp, miklar stunur og þung andvörp innan úr flakinu.

„Almáttugur, hér liggur þú í heilu lagi og verkjar í skrokkinn, en það eru bara smámunir,“ hugsar Bærentsen. Hann stendur á fætur og gengur aftur að flakinu.

Þegar hann kemur að því, hafa þau sem hafa sloppið best úr slysinu þegar hafist handa við að hjálpa hinum meira slösuðu úr braki vélarinnar. Meðal þeirra sem hafa verið lögð á jörðina við flugvélarskrokkinn er Eyðbjørg Mikkelsen sem hafði dvalið á Mæjorku meðan maður hennar skrapp til Madrídar á Spáni í handboltaerindum. Torbjørn, eiginmaður hennar, hefur orðið fyrir miklu áfalli og er ekki með sjálfum sér. Hann stendur bara upp við brakið, kallar á Eyðbjørgu og segir henni að koma aftur inn í flakið.

LAUSNIR Á GÁTUM

1 Svona lítur krossinn út





2 Táknin eru þessar tölur

@ er 2
¥ er 5
§ er 8

3 Nöfnin 10 eru

Arna, Gunnar, Mónika, Unnur, Óskar, Pétur, Stefán, Vala, Védís, og Víðir.





Veiðibændur

Góð silunganet í jólagjöfina

Sími 892-8655

Reynsla - Þekking - Gæði
www.heimavik.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Smáauglýsinga-síminn er:

563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Drifskaft af snjóblásara tapaðist á ferð af vörubílspalli frá Akureyri til Borgarness, laugardaginn 12. des. Finnandi vinsamlegast hafið samband í síma 896-0438.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Vagnasmiðjan auglýsir: Eigum til flotta Hardoxskúffu á trailervagn. Botnplata sem nær upp á miðjar hliðar (50 cm), upp í gegn um allar beygjurnar er úr 8 mm. Hardox 450 stáli. Fram, afturgafl og hliðar, 5 mm. Hardox 450 stál. Fæst á gamla verðinu, aðeins kr. 2,5 millj. auk vsk. Til afgreiðslu strax. Einnig sterkar og ódýrar krókgrindur. Án gámalása: 280.000 kr. +vsk. Með gámalásum: 380.000 kr. +vsk. Styðjum íslenskan iðnað. Veljum íslenska framleiðslu. Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 Rvk. S. 894-6000 og 650-7373.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is




Sanddreifari sjálfmokandi með tjakk. 106 cm vinnslubreidd: 470.000 kr. án vsk. 126 cm vinnslubreidd: 490.000 kr. án vsk. 146 cm vinnslubreidd: 510.000 kr. án vsk. 186 cm vinnslubreidd: 575.000 kr. án vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.




Taðklær. Breidd 120 cm - verð kr. 195.000 m.vsk. Breidd 170 cm - verð kr. 245.000 m. vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Ný 110 kW rafstöð Cummins sem er sérhönnuð sem varaafl. Erum tilbúnir að taka þátt í flutningskostnaði til kaupanda. Helstu upplýsingar um stöðina veitir Máni í Rafey ehf. í s. 895-1916.



Rafdrifnir salt- og sanddreifarar aftan á pallbíla. Tvær stærðir, 900 og 1.200 lítra. Innbyggður pækiltankur. Dreifibúnaður úr ryðfríu stáli. Dreifimagni stýrt með GPS tengdum búnaði. Til afgreiðslu með stuttum fyrirvara. Allar nánari upplýsingar í síma 568-1504.



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Epoke SH4900 sand- og saltdreifari með pækiltanka, með skammtastýringu. Árg. 2014. Allar nánari upplýsingar í s. 892-1157.



Fjögur negld Michelin sóluð vetrardekk á felgum til sölu á vörubíl 285-70-19,5. Nánari upplýsingar í s. 892-1157.



Brettagafflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 155.000 m/vsk (kr. 125.000 án vsk.) Hauksson ehf. S. 588-1130.



Flaghefill, breidd 3,0 m. Verð kr. 587.000 með vsk. (kr. 474.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Jólagjöfin í ár - gefðu gjöf sem gefur! Glæný stór steypuhrærivél sem tekur allt að 300 lítra til blöndunar. Grænjan er framleidd í Evrópu og með Honda bensínvél í frábærum gæðum. Aðrar týpur mögulegar í sérpöntun, sjá á: www.partis.is. Uppl. í s. 858-4755 eða partis@partis.is



Hleðslusnúrur fyrir rafmagns- og tengilhybrid bíla. Hleðslustöðvar fyrir rafmagns- og tengilhybrid bíla. Mælitæki fyrir bíla. hledslustodvar.is - gunnthor@gunnthor.com



Glussadrifinn afrúllari. Festingar og slöngur fylgja. Vandaður og öflugur búnaður. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festiplötu
Verð: 865.000 kr.*



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Án festiplötu
2,6m Verð: 983.000 kr.*
2,8m Verð: 995.000 kr.*
3,3m Verð: 1.130.000 kr.*



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Án festiplötu
3,6m Verð: 1.390.000 kr.*
4,0m Verð: 1.490.000 kr.*

Festiplötur m.a. í boði:

Slétt plata	Verð: 55.000 kr.*
3-punkta stór	Verð: 55.000 kr.*
EURU/SMS	Verð: 55.000 kr.*
EURO stór	Verð: 55.000 kr.*
JCB 3CX hrað	Verð: 120.000 kr.*
CASE 580SR	Verð: 120.000 kr.*

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr.*



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.480.000 kr.*



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 129.000 kr.*



Fjölplógur, 3p festing
VB-3200A, 3,2m, 1.155 kg
Verð: 1.290.000 kr.*


*Verð án virðisaukaskatts

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Tokvam®

Styrkur og gæði frá Noregi



Fjölplógur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm

Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- & sanddreifari, TSA2100
Vinnslubreidd: 1-10 metra.
Þyngd 1.070 kg / 4.220 kg
Mesta magn 2,1 m3. Glussadrif.

Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.

Snjóblásari F150 THS
Fyrir 25-45 hp vél.
Vinnslubreidd 150 cm.
Þyngd 260 kg.



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.

260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR


Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Flaghefill, breidd 2,7 m. Verð kr. 267.000 með vsk. (kr. 216.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Jólasokkar til sölu. Fallegir handsaumaðir jólasokkar (Bucilla) til sölu. Tilvalin jólagjöf fyrir unga sem aldna. Uppl. í síma 861-7075, Stella.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Tegund: Volkswagen - Caddy Life (Rauður). Fyrst skráð: 11.07.2008. Eiginþyngd: 1.432 kg. Leyfð heildarþyngd: 2.000 kg. Næsta skoðun: 01.10.2021. Verð: 390.000 kr. Allar upplýsingar í s. 893-9911.



Til Sölu Samasz Alps 401 snóplógur. Verð kr. 900.000 +vsk. Uppl. gefur Leó í s. 897-5300.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Burstabæir í garða með ljósi og vitar með ljósi til sölu. Upplýsingar í síma 694-4429.



Scania 113H 1990 árg HMF krani 860 K2. Upplýsingar í síma 892-1921, Vilbergur.



Framdrifs MAN 19414, árg. 2001 og fjórhjólavagn til sölu. Bíll og vagn eru nýskoðuð. Nánari upplýsingar gefur Bjarni í s. 840-6354.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Girðingaefni. 5 str. túnnet kr. 10.850 rl. 6 str. túnnet kr. 12.800 rl. Iowa gaddavír kr. 6.600 rl. Motto gaddavír kr. 3.980 rl. Þanvír kr. 8.450 rl. Öll verð með vsk. Tilboð: Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.550 stk. m/vsk. (kr. 7.770 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Afkastamiklir kurlarar frá kr. 165.000 +vsk. Átta sortir í boði, með bensínvél eða fyrir traktorinn. Úrval tækja fyrir skógarbóndann á www.hardskafi.is – s. 896-5486.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 79.000 með vsk (kr. 64.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1“ , 2“, 3“, 4“. Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Liebherr 922- Gömul og góð Lítið notuð síðustu árin, góð til síns brúks! Fæst á góðu verði. Verðhugmynd kr. 2,2 mill. +vsk. Uppl. í síma 694-7455, halfdankristjans@yahoo.com



Chevrolet Captiva, árg. 2013. Keyrður 85.000 km. Fjórhjóladrifinn, sjö manna, dráttarbeisli. Í topp ástandi. Nánari uppl. í s. 691-9603.



Notaðir nýlegir 20 og 40 feta gámar til sölu. Uppl. í síma 820-1071, kaldasel@islandia.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Skarðsstrandarrolla og Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal. Skemmtiefni. Menningarefni. Sölusími 861-8993 og finnbh@gmail.com - Finnbogi Hermannsson.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterk og vönduð smíð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Lítið notuð 215/65 R 16 C Michelin nagladekk á 6 gata M. Benz Sprinter felgum til sölu. Uppl. í síma 820-1071 og kaldasel@islandia.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Álkassinn er svalur jólapakki sem hægt er að læsa. Hentar vel á fjórhjólið, sleðann eða bara á vinnuvélina. Kr 24.800. www.hardskafi.is



Armur á traktora fyrir greinaklippur, greinasög, sláttuvél og orf, einnig gröfuarmar fyrir litla og miðlungsstóra traktora. www.hardskafi.is



Ford Ka, 7/2016, bensín, ekinn 43.000 km, einn eigandi og gott eintak, sumar- og vetrardekk. Verð 730.000 kr. Engin skipti. Uppl. í síma 854-2980.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu Krone Comprima V 150 XC x-treme fastkjarna stök rúlluvél. Árgerð 2016. Notkun 24.200 rúllur. Delta snertiskjár, 17 hnífar, netbindibúnaður. Nýtt aftarabelti 2019. Vélin alltaf geymd inni. Uppl. í síma 894-1106.



Til sölu Göweil rúllupökkunarvél. Árgerð 2005. Notkun 53.000 rúllur. Alsjálfvirk. Pakkar með tveimur plastkeflum. Getur verið aftan í rúlluvél ef vill. Vélin alltaf geymd inni yfir veturinn. Getur pakkað 160 cm rúllum. Uppl. í síma 894-1106.



Nýlegur notendavænn hljóðbókaspilari keyptur í Örtækni, verð 40.000 kr. Nýlegur sturtustóll, verð 10.000 kr. Grilzner saumavél (Haraldur Árnason), tilboð óskast. Uppl. í s. 693-6632 gegnum netfangið helgarunag@gmail.com



7 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.270.000 m/vsk. Mínus kr. 60.000 afsláttur = 1.210.000 kr. m/vsk (976.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.490.000 með vsk (kr. 1.202.000 án vsk). 11 tonna: verð kr. 1.690.000 með vsk (kr. 1.363.000 án vsk). 13 tonna: verð kr. 1.970.000 með vsk (kr. 1.589.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Til sölu Krone Comprima CV 150 XC x-treme fastkjarna sambyggð rúlluvél. Árgerð 2016. Notkun 15.700 rúllur. CCI 200 isobus snertiskjár, 26 hnífar, netbindibúnaður. Nýtt aftarabelti 2019. Vélin alltaf geymd inni. Uppl. í síma 894-1106.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. S. 820-8096 og netfang: jh@johannhelgi.is

Til sölu í SAAB 95, 1973 módel, 2 vélar, 15m og 17m með gírkassa, geymdar í hitaðri geymslu 20 ár. Óska eftir tilboði í s. 820-0505 eða á ingthor@bremsan.is

Weckman þak- og veggjastál. 0,5 mm galv. kr. 1.550 fm. 0,45 mm litað kr. 1.590 fm. 0,6 mm galv. kr. 1.890 fm. 0,5 mm litað. kr. 1.990 fm. Öll verð með vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Lengdir 4,8/5,1/5,4 m. Verð kr. 265 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Timbur 25x150 mm. 182 stk. 4,5 m og 139 stk. 5,4 m. Verð kr. 240 lm m/vsk. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhaukssonehf@simnet.is

Erum með til sölu notaðan hálkuvarnarbúnað s.s. snjótennur og kassa aftan á bíla sem notaðir eru til dreifingar á salti og sandi. Áhugasamir hafi samband við Björgvin í síma 775-5021 eða bjorgvin@gardlist.is

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl. Skoða allar tegundir, helst eitthvað sem þarfnast lagfæringar að einhverju leyti. Skoða einnig bíla í lagi á góðu verði. Sími 774-4441.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Atvinna

Er í alvöru enginn sem nennir að vinna í sveit?! Kúabú á Vesturlandi óskar eftir starfskrafti í 100% starf. Allar upplýsingar í síma 894-9549, Brynjar.

Átján ára stelpa frá Austurríki, sem nemur við landbúnaðarskóla, óskar eftir að komast í starfsnám á hrossa og/eða sauðfjárbúi frá 31. maí til 6. september 2021. Nánari uppl. í gegnum florentine.wallergraber@hotmail.com

Húsnæði

Norskt/íslenskt par með tvær eldri kisur og Bischon Frise hund óskar eftir íbúð eða húsi í góðu standi og á sanngjörnu verði til leigu frá maí 2021 í a.m.k. 2 ár. Við erum með fastar tekjur og reglusöm. Svör sendist á aethelstanola72@gmail.com

Herbergi til leigu á svæði 201, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi með þvottavél og þurrkara. Uppl. í s. 893-3475.

Til leigu 2 herbergja íbúð með öllu innbúi á svæði 105. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Laus 1. janúar. Uppl. í s. 893-3475.

Jarðir

Sumarhúsalóð í Bláskógabyggð við Gullna þríhyrninginn og einnig um 6 hektara land til sölu. Skipti bíl, ath. Upplýsingar í síma 866-3114 eða sigmar48@gmail.com

BÖRN OG VÉL-
KNÚIN ÖKUTÆKI

Bílar, dráttarvélar, vöruflutninga- eða mjólkurbílar ættu aldrei að nálgast leiksvæði barna.

Það er góð hugmynd að girða leikvelli tryggilega af og sjá til þess að vélknúin ökutæki þurfi ekki að snúa eða bakka í námunda við þá.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



Bændablaðið
Næsta blað kemur út 14. janúar 2021





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



YAMAHA

ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI



Yamaha Mountain Max 154 2021
Kraftmikill vélsleði fyrir þá kröfuhörðu!
2.701.612 kr. ÁN VSK. | 3.350.000 kr. Lykill fjármögnun



Yamaha VK540 V2020
Traustur vinnuþjarkur með góð meðmæli!
1.927.419 kr. ÁN VSK. | 2.390.000 kr. Lykill fjármögnun



Yamaha Kodial 450 IRS
Harðduglegt vinnudýr & hörkutól!
1.362.900 kr. ÁN VSK. | 1.690.000 kr. Lykill fjármögnun



Yamaha EF2000iS Ferðarafstöð
189.516 kr. ÁN VSK. | 235.000 kr.



Yamaha EF2200iS Ferðarafstöð
225.000 kr. ÁN VSK. | 279.000 kr.

ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 · 110 Reykjavík
Sími: 540 4900 · yamaha.is

ARIENS
SNJÓBLÁSARAR



Classic 24E
Vélarstærð: 208cc
Vinnslubreidd: 61 cm
Vinnsluhæð: 53,3 cm
Blásturslengd: 12,2 m
Afkastageta: Allt að 52,3t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539920328
Verð: 269.000 kr. m/vsk



Deluxe 24 DLE
Vélarstærð: 254cc
Vinnslubreidd: 61 cm
Vinnsluhæð: 53,3 cm
Blásturslengd: 15,2 m
Afkastageta: Allt að 56,2t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539921323
Verð: 410.000 kr. m/vsk



Pro 28 DLE
Vélarstærð: 420cc
Vinnslubreidd: 71,1 cm
Vinnsluhæð: 59,7 cm
Blásturslengd: 18,3 m
Afkastageta: Allt að 71,6t á klst
Startari: Rafstart/handstrektur
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX, fjórgengis
Vnr.: 539926339
Verð: 595.000 kr. m/vsk

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Næsta Bændablað kemur út 14. janúar 2021

Bændablaðið

62 verkefni fengu styrk úr Matvælasjóði

Fyrsta úthlutun úr Matvælasjóði var kynnt í beinni útsendingu á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins miðvikudaginn 16. desember. Alls bárust 266 umsóknir um styrki en 62 verkefni hljóta styrk. Sjóðurinn hafði 500 milljónir til úthlutunar að þessu sinni.

Styrkjaflokkarnir eru fjórir. Flest verkefni eru styrkt í flokknum Bára, sem styrkir verkefni á hugmyndastigi, eða 36. Í flokknum Afurð, sem styrkir verkefni sem eru komin af hugmyndastigi, eru átta verkefni styrkt. Í Keldu eru níu verkefni styrkt, en þar eru verkefni sem miða að því að afla nýrrar þekkingar. Loks hlutu níu verkefni í flokknum Fjársjóði styrki, en þau hafa það að markmiðið að styrkja markaðsinnviði og stuðla að markaðssókn afurða tengdum íslenskri matvælaframleiðslu.

Flestar umsóknir á hugmyndastigi

Alls bárust 126 umsóknir í Báru, 50 umsóknir í Afurð, 48 umsóknir í Keldu og 37 umsóknir í Fjársjóð.

Sjóðurinn var stofnaður í apríl, en hlutverk hans er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Hann verður til með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi.

Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt.

Hluti af öðrum aðgerðarpakka vegna COVID-19

Unnið var að stofnun sjóðsins á síðasta ári en þeirri vinnu flýtt til að bregðast við áhrifum COVID-19. Var frumvarp um sjóðinn lagt fram á Alþingi í apríl síðastliðnum sem hluti af öðrum áfanga aðgerða til að skapa efnahagslega viðspyrnu við ástandinu.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila.

Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna. Ráðstöfunarfé Matvælasjóðs samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni og öðrum tekjum eftir því sem þeim er til að dreifa. Áætlað er að Matvælasjóður muni hafa 628 milljónir til umráða á árinu 2021 og er stefnt á að opnað verði fyrir umsóknir í mars og að önnur úthlutun sjóðsins verði í maí 2021.

Haft er eftir Grétu Maríu Grétarsdóttur, formanni stjórnar Matvælasjóðs, í tilefni fyrstu úthlutunar: „Við erum mjög ánægð með viðtökurnar sem sjóðurinn fékk og við getum verið bjartsýn hvað framtíð matvælavinnslu á Íslandi varðar þar sem einstök framtakssemi og hugmyndaauðgi einkenndi umsækjendur. Við fyrstu úthlutun og yfirferð umsókna kom ýmislegt í ljós sem við sjáum að hægt er að bæta úr sem gert verður fyrir næstu úthlutun. Við hvetjum alla sem fengu ekki styrk að þessu sinni til að vinna áfram í sínum hugmyndum enda stutt í næstu úthlutun sem fer fram í vor og stefnum við á að opna fyrir umsóknir í mars. Samhliða ætlum við að bjóða upp á rafrænt námskeið fyrir umsækjendur sem auglýst verður síðar. Einnig mun styrkþegum standa til boða að sækja rafræn námskeið sem munu vonandi auka líkur á að verkefnin náin tilsettum markmiðum.“ */smh*

Í flokknum Báru eru 36 verkefni styrkt fyrir 97 milljónir króna:

FLAK ehf	SJOSA - Fiski og þörungasósur
Freysteinn Nonni Mánason	Fullvinnsla laxafurða á Íslandi: Hvar liggja tækifæri flökunar og hliðarafurða Odda á Patreksfirði
Alejandra Gabriela Soto Hernandez	No-dig Market Gardening
Responsible Foods ehf.	Upcycling Food Waste
Hans Emil Atlason	Sannprófanir á tauganetsaðferð sem greinir fiskamyndir
Eydís Mary Jónsdóttir, Karl Petersson, Hinrik Carl Ellertsson	Sjávarmál
Urta Islandica ehf	Kerfilmjólk
GreenBytes	GreenBytes
Icecal	Kalkvinnsla úr kúfskel
Jamie Lai Boon Lee	Kraftur úr Hafinu / Seaweed and seafood Provisions
ALGÓ ehf	SÆMETI
Telma Rut Bjargardóttir	Bio-bones
Fiskvinnslan Hrefna ehf	Laxgæti verður til
Sýslið verkstöð ehf	Skógarkerfill - Illgresi eða vannýtt matarauðlind
Steinn Arnar Kjartansson	Leifur Arnar - Smáforrit gegn matarsóun
Emma Charlotta Aermaenen	Könglar
Ólína Gunnlaugsdóttir	Jöklarinn: Orkustykki og snakk úr fjallagrösum, söli og harðfiski
Bragi Arnarson	Upprunarakning á bálkakeðju
GMATT ehf	COD WINGS_ÞORSKVÆNGIR - Verðmætaaukning á vannýttri afurð, kviðugga á þorski
Finnrós ehf	Marea
Nordic Kelp	Afurðir úr Beltisþara
Atli Stefán Yngvason	Vegangerðin
Eimverk ehf	Íslenskt Malt Edik
Embla Dóra Björnsdóttir	Fíflarót - allra meina bót
Hárækt ehf	VAXA Reykjanesi
R&F ehf	Hampur og jarðhiti
Björn A. Hauksson	Kaffi Kóla
Jake Maruli Thompson	Salmon on Seaweed
Víkurskel	Tilraunaræktun á ostrum í landi
Helga Haraldsdóttir	Kandís
Aska Spa ehf	Icewine framleiðsla á Íslandi
Einar Örn Aðalsteinsson	Kjötvinnslu breytt í atvinnueldhús
Brjálaða gimbrin	Ærkjöt - betri nýting
Aldingróður ehf.	Ræktun ætra blóma árið um kring
Syðra Holt ehf	Sauðaostar og sauðaostagerð
Sæverk ehf	Viðskiptaáætlun f. tilraunaveiðar og markaðssetnigu á grjótkrabba

Í flokknum Kelda eru níu verkefni styrkt fyrir 157 milljónir króna:

Punktur ehf.	Kæling Lýstra Gróðurhúsa
Matís	Greining á hringormum í flökum
Matís	Hákarlsverkun
Matís	Bætt gæði, geymsluþol og minni söun í virðiskeðju íslensks grænmetis
LBHÍ	Mannakorn hafrar
Matís	Streita Laxfiska
Matís	Verðmæt efni úr hliðarstraumum þörungavinnslu
RML	Fundið fé - þróun á framleiðslukerfi í sauðfjárrækt
Síldarvinnslan	Ný þráavarnarefni og stöðuleiki makrílmjöls

Í flokknum Afurð eru átta verkefni styrkt fyrir 100 milljónir:

Marpet ehf.	Heilsumolinn - framleiðsla á heilsusnarli úr síld fyrir gæludýr
ABC lights ehf.	BIRTA - Gróðurhúsalausn
Sandhóll bú ehf.	Þróun íslenskrar haframjólkur
Responsible foods	Umbylting skyrs
Síldarvinnslan	Prótein úr hliðastraumum makríls
Júlía Katrín Björke	Mývatns Spirulina
Norðlenska	Þróun framleiðsluvara byggðum á íslenskum jurtagrunni
BioBú	Heilandi máttur lífrænnar mysu í krukku

Í flokknum Fjársjóður eru níu verkefni styrkt fyrir 127 milljónir:

Jurt ehf.	Markaðssókn Nordic Wasabi á Evrópumarkað
Niceland seafood ehf.	Markaðssetning á frosnum fisk - Framtíð Íslensks sjávarútvegs
Saltverk ehf.	Markaðssókn á sjálfbæru sjávarsalti frá SALTVERK í B andaríkjunum
Pure Natura	Markaðssókn á fæðubótar efnum unnum úr hliðarafurð um í sauðfjárrækt
SFS	Markaðssókn þorsks á Bretlandsmarkað
Feed the viking ehf.	Þurrkaðar kjöt- og fisk afurðir úr íslenskum hráefn um á Bandaríkjamarkað
Bone & Marrow ehf.	Markaðsetning á heilsumat vælum Bone and Marrow á Íslandi
Verandi	Verandi
Íslandsstofa	Kynning á söltuðum þorski í Suður Evrópu – Kokkaskólar

Matvælasjóður

Augnteprur og vinna fyrir jól

Ef marka má þjóðháttalýsingu Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili var aldrei keppst eins mikið við vinnu eins og fyrir jólin. Einkum var lagt kapp á að ljúka við ullarvinnu og prjónaskap á jólaföstunni.

Síðasta vikan fyrir jól var kölluð staurvika vegna þess að þá notaði fólk vökustaura til að halda sér vakandi. Staurarnir eða augnteprurnar voru gerðar úr smáspýtum, ámóta stórum og eldspýtur en stundum var notað svokallað baulubein úr þorskhöfði eða eyruggabein úr fiski. Skorið var inn í beinið til hálfs en það haft heilt hinum megin og á það lítil brotalöm og skinninu á augnlokinu smeygt inn í lömina. Stóðu þá endarnir í skinnið og mjög sárt að loka augunum.

Jónas segir að húsbændur hafi stundum sett vökustaura á þá sem áttu erfitt með að halda sér vakandi við vinnu síðustu vikuna fyrir jól.

Fátækraþerri

Víða var til siðs að þrífa allt hátt og lágt fyrir jólin. Menn skiptu um nærföt og stundum var jafnvel skipt á rúmunum og jafnvel mestu sóðar brutu venjur sínar og voru hreinir og vel til hafðir um jólin.

Samkvæmt gamalli þjóðtrú lét guð alltaf vera þíðviðri rétt fyrir jólin, til þess að fólk gæti þurrkað plöggin sín fyrir hátíðina og var þessi þurrkur kallaður fátækrar þerri.

Einnig var það víða til siðs að fara í kaupstað fyrir jólin. Sumir fóru eingöngu til að sækja jólakútinn til að eiga til hressingar. Stundum var lagt út í mikla óvissu til að ná í jólaölið og stundum urðu menn úti í slíkum ferðum.

Jólaærin

Á flestum bæjum var til siðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt á jólunum og mun kindin hafa verið kölluð jólaærin. Jónas segir að siðurinn hafi að mestu verið aflagður á Norðurlandi í sinni tíð en í fullu gildi á Vestfjörðum langt fram á okkar tíma.

Tröll á ferð

Jónas segir að jólin hafi verið helgust og mest allra hátíða enda megi rekja þau fram til hinnar elstu og römmustu heiðni á Norðurlöndum og meðal germanskra þjóða. Um það leyti eru allar ófreskjur og illþýði á ferð og geri allt illt af sér sem hægt er. Tröll og óvættir gengu þá um og var Grýla gamla og jólasveinarnir þar fremstir í flokki.

Ekki mátti leika sér á jólanóttina, hvorki spila né dansa. Til er gömul saga sem segir að einu sinni hafi tvö börn farið að spila á spil á jólanótt. Kom þá til þeirra ókunnugur maður og fór að spila við þau, hann hvatti þau til að spila við sig fram eftir nóttu eða þar til eitt barnið fór að raula sálmavers en þá hvarf maðurinn. Maðurinn mun hafa verið kölski sjálfur.





Úr Árbæjarsafni. Myndir / HKr.



Á flestum bæjum var til siðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt á jólunum og mun kindin hafa verið kölluð jólaærin.

Komi þeir sem koma vilja


Víða mun hafa verið til siðs að kveikja ljós um allan bæinn á jólanótt svo að hvergi bæri á skugga.

Þegar búið var að sópa húsið gekk húsfreyjan í kringum og bauð álfunum heim með orðunum: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem veri vilja, fari þeir sem fara vilja mér og mínum að meinalausu.“

Hátíð barnanna

Jólin hafa alltaf verið hátíð barnanna og var til siðs að þau fengju að borða fylli sína um hátíðina. Einnig þótti sjálfsagt að gefa þeim nýja flík svo þau færu ekki í jólaköttinn. Margir fengu kerti um jólin og þótti það dýrðarstund þegar kveikt var á kertunum og horft á logann brenna út.

/VH



Um jólin eru allar ófreskjur og illþýði á ferð og gera allt illt af sér sem hægt er. Mynd / fandom.com













Auglýsinga- og áskriftarsími er 563-0300
Bændablaðið









































20 ára
—2000—2020—

Ágætu landsmenn,

Í lok afmælisárs er við hæfi að þakka viðskiptavinum okkar tryggð og traust í samskiptum í tvo áratugi.

Við hlökkum til að hefja nýjan áratug í sögu fyrirtækisins, treysta sambönd sem fyrir eru og stofna til nýrra.

Í kínverskri speki er 2021 ár uxans. Í okkar speki fer landið að rísa í öllum skilningi á árinu 2021 og við horfum bjartsýn fram á veg.

Við sendum landsmönnum óskir um gleðileg jól, farsæld og frið á nýju ári með þökk fyrir hið liðna.

Starfsfólk Landstólpa

LANDSTÓLPI 20 ára —2000—2020—